# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **1. desember 2012** | 283. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**3 SÉRBLÖÐ**

Fjölskylduskemmtun
Fólk | Atvinna


















# Hefðbundinn vinnudagur

Jón Björgvinsson hefur heimsótt stríðsátakasvæði um allan heim til að flytja þaðan fréttir og myndir fyrir ýmsar sjónvarpsstöðvar og hjálparsamtök. Reglulega sjáum við hann á skjánum í fréttum RÚV, flytjandi fréttir af stríði. Hann segist ekki vera stríðsfíkill, þótt slík átök tilheyri vinnunni. Hann er ekki einu sinni viss um að þetta starf henti honum sérlega vel. ▶ 40












„Kynferðisbrot gegn börnum eru almennt þögguð niður, en ég held að brot gegn drengjum séu það enn frekar,“ 10

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR

PALESTÍNUMENN ERU PAKKLÁTIR FYRIR STUÐNINGINN 16

GUÐBJARTUR OG ÁRNI PÁLL Í FORMANNSSLAG 6

KÍNVERJAR PRENTUÐU 104 ÍSLENSKAR BÆKUR 8

## SKOÐUN 18→30



ER OFBELDI LÆRÐ HEGÐUN? 20
Una María Óskarsdóttir um kynbundið ofbeldi.

NÝ BYGGINGARREGLUGERÐ – ÍBÚÐIR FYRIR ALLA? 26
Jóhann Sigurðsson um nýja byggingarreglugerð.

MANNFYRIRLITNING Á EKKI AÐ LÍÐAST 30
Steinunn Gestsdóttir o.fl. um niðurlægingu.

## HELGIN 34→82



SÆTT ÞARF EKKI AÐ VERA DÍSÆTT 34
Ebba Guðný Guðmundsdóttir ræðir hinn ljúffenga meðalveg á aðventu.

HLAKKA TIL AÐ DEILA ÚT PÖKKUM 36
Steinunn Björgvinsdóttir starfar sem barnaverndarfulltrúi hjá Unicef.

GETUSKIPTING EÐA EKKI? 38
Skiptar skoðanir eru um getuskiptingu íþróttaþjálfunar barna og ungmenna.

JÓLAFÖTIN Í ÁR 44
Skyggnst um á tískupöllunum eftir heppilegum spariklæðnaði.

KRAKKAR 80

KROSSGÁTA 82

ALLT Í RUSLI 46
Gríðarlegt magn af rafhlöðum og plastpokum er urðað með hefðbundnu heimilissorpi á ári hverju.

## MENNING 92→122




ÓÐUR TIL ROKKSINS 92
Jennifer Egan vildi skrifa bók sem væri byggð upp eins og konseptplata frá 8. áratugnum.

BÆVERSK VEISLA 106
Pylsur með súrkáli og þýskt eðalöl.

BÖLVUN Á MAKBEÐ? 122
Tilfinningarnar ólga á æfingum í Þjóðleikhúsinu.

LIFI STUÐIÐ 96
Stuð vors lands fær hvalreki fyrir tónlistarunnendur að mati gagnrýnanda.

## SPORT 112→116



LEBRON JAMES 114
LeBron James er vinsælasti körfuboltamaðurinn í NBA-deildinni í Bandaríkjunum.

JÓN DAÐI BÖÐVARSSON HELDUR TIL NOREGS 112

HOMMAR ERU VELKOMNIR 112

MADRÍDARSLAGUR Í FÓTBOLTA 116

AÐEINS Í DAG!

50% afsláttur af öllum aðventuljósum í dag.

SPARAÐU 50%

MARIA AÐVENTULJÓS

VERÐ ÁÐUR 10.900,- NÚ 5.450,-

Margar gerðir!

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF



## FIMM Í FRÉTTUM STÓRSIGUR OG ORÐ Í ÓTÍMA TÖLUÐ



**Birgitta Jónsdóttir**, alþingismaður Hreyfingarinnar, tók við embætti formanns framkvæmdaráðs Pírata sem hyggjast bjóða fram lista til Alþingis í vor.



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**, alþingismaður Samfylkingar, olli titringi með ummælum um fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs. Kauphöll Íslands lokaði á viðskipti með bréfin í nokkra klukkutíma. Sigríður segir viðbrögðin hafa verið yfirdrifin.



**Guðríður Arnardóttir**, oddviti Samfylkingar, sakaði Gunnar I. Birgisson um að hafa farið út yfir velsæmismörk í bæjarstjórn Kópavogs. Gunnar sagði ásakanir Guðríðar hlægilegar.



**Bjarni Bjarnason**, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, kynnti afkomu fyrirtækisins sem sögð er vera betri en gert er ráð fyrir í „Planinu“, áætlun um að vinda ofan af skuldastöðu OR.



➜ **Hanna Birna Kristjánsdóttir**, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur, vann yfirburðasigur í prófkjöri þar sem Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík skipaði á framboðslista fyrir kosningar til Alþingis í vor.




# Bætur og vín hækka

Gjöld á tóbak og áfengi hækka á næsta ári og kolefnisgjald skellur á. Ríkisstjórnin hyggst afla 8,3 milljarða með aðgerðum. Hækkun barnabóta kostar 2,5 milljarða.

**EFNAHAGSMÁL** Bandormurinn svokallaði var á dagskrá Alþingis í gær. Um er að ræða þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst fara í til að afla ríkissjóði tekna. Frumvarpið er í raun tekjuöflunarhlið fjárlagafrumvarpsins, en umræða um það stóð langt fram á kvöld í gær.

Bandorminum má skipta í fjóra meginflokka. Í fyrsta lagi eru það tekjuöflunaraðgerðirnar sem eiga að skila 8,3 milljörðum. Að auki mun fjármálaráðherra leggja til sérfrumvarp um endurskoðun á vörugjöldum sem skila á 800 milljónum króna.

Þá má nefna breytingar sem viðhalda tekjum ríkissjóðs eða lækka. Þar ber hæst umhverfis- og auðlindaskatta sem skila eiga 5,9 milljörðum á næsta ári. Á móti kemur að 100 prósenta endurgreiðsla virðisaukaskatts af viðhaldi verður framlengd um eitt ár og við það tapar ríkissjóður 1,5 milljörðum króna.

Barnabætur verða hækkaðar og kostar það ríkissjóð 2,5 milljarða króna á ári. Þá verður sérstök 30 prósenta hækkun á vaxtabótum framlengd um eitt ár, en það kostar 2 milljarða króna.

Í þriðja lagi má nefna breytingar í tengslum við kjarasamninga, en þar ber hæst lækkun atvinnuleysistryggingagjalds um 0,4 prósent, en það rýrir tekjur ríkissjóðs um 3,9 milljarða.

Í fjórða lagi eru það svo hækkanir á krónutölusköttum og gjaldskrám, svo sem bensíngjaldi, olíugjaldi, bifreiðagjaldi, gjaldi á áfengi, gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjaldi.

kolbeinn@frettabladid.is

Koma á upp miðlægu eftirliti en elda áfram í skólamötuneytunum sjálfum:

# Sérfræðingar vakta skólafæðið

**REYKJAVÍKURBORG** Leggja á aukna áherslu á gæði skólamáltíða í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.

Áfram verður eldað í hverjum skóla en að því er segir í frétt frá Reykjavíkurborg verða ráðnir sérfræðingar á sviði næringar, matreiðslu og reksturs mötuneyta til nýrrar mötuneytisþjónustu á skóla- og frístundasviði. Einnig verður innleiddur þjónustustaðall mötuneyta fyrir öll eldhús leik- og grunnskóla.

Ofangreint samþykkti borgarráð að fengnum niðurstöðum starfshóps sem skoðaði rekstur allra mötuneyta borgarinnar með það fyrir augum að einfalda rekstur, auka gæði og lækka framleiðslukostnað.

Aðstaða til framleiðslu matar og mönnun reyndist mjög mismunandi í mötuneytunum. Þau eru rekin sem sjálfstæð rekstrareining með ólíkum áherslum og verklagi. „Slíkt skapar mismunandi þjónustugæði og flækjustig við eftirlit og innköllun rekstrarupplýsinga,“ segir í tilkynningu borgarinnar. Þess vegna hafi starfshópurinn lagt til að stofnuð yrði mötuneytisþjónusta Reykjavíkurborgar sem hefði umsjón með mötuneytismálum á skóla- og frístundasviði. Maturinn yrði eftir sem áður framreiddur á hverjum stað fyrir sig.



**Í HÁTEIGSSKÓLA** Borgin vill tryggja betur gæði skólamáltíða.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í mötuneytum er í boði þjónusta fyrir 19.152 börn og unglinga og 4.405 starfsmenn.

- gar


TÖFRANDI JÓLASTEMNING
SKOPPA OG SKRÍTLA TENDRA JÓLATRÉ KRINGLUNNAR KL. 14 Í DAG
Pakkasöfnun Kringlunnar hefst við það tækifæri
Aðventukaffi um helgina
Ilmandi kaffi frá Kaffitár og smákökur milli kl. 14-17
Laugardagur
13.00 - 17.00 Jólasveinar ganga um gólf
15.00 - 16.00 Láttu taka mynd af þér með jólasveininum
14.00 Tendrun jólatrés Kringlunnar
Þórunn Lárusdóttir
Kór Kársnesskóla
Skoppa og Skrítla
Sunnudagur
14.00 - 16.00 Láttu taka mynd af þér með jólasveininum
14.00 Klarínetthópur S.K. flytur hátíðartóna
15.00 Jóladúettinn Vigga og Sjonni
16.00 Gói og hinn eini sanni Jólaandi
OPIÐ 10 – 18 Í DAG
GEFÐU EINA AUKAGJÖF ÞESSI JÓL
Pakkasöfnun Kringlunnar hefst í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpina
PÓSTURINN
Pósturinn aðstoðar við pakkasöfnun og kemur jólagjöfum utan höfuðborgarsvæðisins endurgjaldslaust til skila undir jólatréð
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

## 24.11.2012 → 30.11.2012



**800** Geitastofninn á Íslandi telur 800 dýr

**TÍU** listamenn frá Íslandi tilnefndir til Norrænu tónlistarverðlaunanna.



**22 MÖRK Í 29 LEIKJUM** Alfreð Finnbogason hefur skorað yfir tíu mörk í tveimur deildum á árinu. Hann hefur verið í baráttu um markakóngstitil í bæði norsku og hollensku deildinni. Hann er í þriðja sæti í baráttunni um gullskó Evrópu þar sem hann keppir m.a. við Lionel Messi.



**1.000.000** Farþegar með Strætó bs. voru yfir milljón í október.



Tvær risavindmyllur verða settar upp við Búrfellsvirkjun á vegum Landsvirkjunar.

**40%** íslenskra unglinga hafa aldrei prófað vímugjafa, hvorki löglega né ólöglega, samkvæmt evrópskri rannsókn.



**Línubáturinn Jónína Brynja ÍS 22 er ónýtur eftir strand við Straumnes. Báturinn hafði aðeins farið 15 róðra.**



**95** börn fæddust fyrstu 10 mánuði ársins á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Að minnsta kosti þrír BORGARÍSJAKAR eru nú við norðvestanverðar Íslandsstrendur.**



**LÆKJARSKÓLI** Hækka á matinn í grunnskólum Hafnarfjarðar um 4%. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafnfirskar barnafjölskyldur:

# Dýrari máltíðir þungar í skauti

**SKÓLAMÁL** Foreldraráð grunnskólabarna í Hafnarfirði segir fyrirhugaða hækkun á gjaldskrá hádegismatar nemenda vera áhyggjuefni. Áætlað er að hækkunin verði 4 prósent frá 1. ágúst á næsta ári. Máltíðin mun þá kosta 416 krónur í stað 400 króna.

„Máltíðirnar hækkuðu líka í ágúst á þessu ári og hafa hækkað um 60 prósent á þremur eða fjórum árum,“ segir Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir, áheyrnarfulltrúi foreldranna í fræðsluráði bæjarins. Jóhanna segir þessar hækkanir, auk hækkana á leikskólagjöldum og fargjöldum strætisvagna, koma illa niður á efnaminni barnafjölskyldum. - gar

### LÖGREGLUMÁL

### Ökumenn til fyrirmyndar

Næstum allir ökumenn voru til fyrirmyndar þegar lögreglan var við hraðamælingar á Selásbraut í Reykjavík í vikunni, að því er fram kemur á vef lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Af 60 ökutækjum sem hraði var mældur hjá voru bara tvö yfir 30 kílómetra hámarkshraða í götunni.

### LEIÐRÉTT

Fram kom í blaði gærdagsins að danssýning færi fram við Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey á sunnudag. Hið rétta er að sýningin er í dag og hefst klukkan tvö.

Nagdýrapest í Danmörku:

# Hérasótt skýtur upp á Sjálandi

**DANMÖRK** Hérasótt, sem eins og nafnið gefur til kynna, leggst helst á héra en hefur líka smitast í fólk, hefur skotið upp á Sjálandi. Þetta er í fyrsta sinn í níu ár sem sóttin hefur komið upp í Danmörku.

Í frétt Berlingske segir að þó sóttin geti dregið einstök dýr til dauða sé ekki um að ræða mikla hættu fyrir stofninn.



Smitist pestin í fólk, við samneyti við dýr eða við át þeirra, er ekki um lífshættulegan sjúkdóm að ræða, en þó er viðbúið að sjúklingar finni fyrir flensueinkennum og eitlabólgu. - þj

Dæmdar bætur frá ríkinu:

# Varðhaldsvistin kostaði 400.000

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða rúmlega þrítugum manni 400 þúsund krónur í bætur fyrir einnar viku gæsluvarðhald sem hann sat í vegna fíkniefnamáls í janúar 2010.

Þýskur maður hafði verið handtekinn með 3,7 kíló af flúoramfetamíni í förum sínum og bent á Íslendinginn. Báðir sátu í varðhaldi og voru ákærðir fyrir innflutninginn. Þeir voru hins vegar sýknaðir þar sem flúoramfetamín var ekki á lista yfir bönnuð fíkniefni.

Maðurinn fór fram á eina milljón en dómari taldi 400 þúsund krónur hæfilegar bætur. - sh

# Hækka gjaldskrána vegna framkvæmda

**Landsnet vísar því á bug að gjaldskrárhækkun brjóti í bága við lög. Hækkunin haldi ekki í við verðlagsþróun. Eigið fé fyrirtækisins er 18 prósent og þarf að styrkja það til að hægt sé að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir sem séu fyrirhugaðar.**

**ORKUMÁL** Aðstoðarforstjóri Landsnets segir að fyrirhuguð hækkun á flutningsgjaldskrá félagsins, sem tekur gildi um áramótin, sé í fullu samræmi við lög. Hún miðist við að arðsemi félagsins verði innan leyfðra marka og leiði til þess að fyrirtækið geti rækt hlutverk sitt, í samræmi við þarfir samfélagsins. Ákvörðunin verði fyrst kærð að lokinni umfjöllun Orkustofnunar sem hefur málið til umfjöllunar.

Samál, Samtök álframleiðenda, hafa kært hækkunina til úrskurðarnefndar um raforkumál. Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri sagði hana vera brot á því ákvæði raforkulaga að tekjur verði að vera í samræmi við þann kostnað sem felst í þjónustunni, að teknu tilliti til arðsemi.

„Samkvæmt breytingunum á gjaldskránni er hækkunin til dreifiveitnanna níu prósent en þegar tekið hefur verið tillit til hlutfalls flutnings í rafmagnsverði til almennings leiðir þetta til um eins prósents hækkunar á rafmagnsverði til neytenda. Gjaldskrá Landsnets til dreifiveitna hefur verið óbreytt frá 2009 og þrátt fyrir umrædda hækkun gjaldskrárinnar er hún sjö prósentum undir hækkun almennrar verðlagsþróunar frá þeim tíma,“ segir Guðmundur.

Hvað stórnotendur varðar segir hann að gjaldskrá til þeirra hafi verið lækkuð í tvígang; 1. janúar 2010 um 7 prósent og 1. júní 2011 um 5 prósent. Það hafi verið gert vegna áhrifa frá gengishruni krónunnar. Þær lækkanir hafi verið afar óheppilegar og ekki endurspeglað stöðu fyrirtækisins á þeim tíma. Meðalflutningskostnaður stórnotenda sem var 5,4 USD/MWh í febrúar 2008 verður 5,7 USD/MWh frá 1. janúar 2013 gangi gjaldskrárhækkunin eftir.

„Lagt er til að flutningsgjaldskrá til stórnotenda hækki um 20 prósent frá gjaldskránni eins og hún var eftir framangreindar lækkanir. Hækkun á gjaldskránni í Bandaríkjadölum frá 2008 er því tæpt prósentustig sem er um 4 prósentustigum undir þróun verðlags í Bandaríkjunum á sama tíma.“

kolbeinn@frettabladid.is



**RAFMAGN** Talsmenn Landsnets segja að hækkunin haldi ekki í við verðlagsþróun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eykur eigið fé fyrirtækisins

Eigið fé Landsnets er 18 prósent og Guðmundur segir að ef það styrkist ekki á næstunni geti fyrirtækið ekki fjármagnað nauðsynlegar framkvæmdir á eigin forsendum. „Ljóst er að á næstu árum er nauðsynlegt að ráðast í verulegar fjárfestingar í flutningskerfi raforku, meðal annars til að bæta úr þeim veikleikum sem komið hafa í ljós á undanförnum misserum á flutningskerfinu og til að mæta kröfum um uppbyggingu atvinnulífs á landinu öllu.

Má í því sambandi benda á brýna þörf fyrir aukna flutningsgetu til Suðurnesja, Eyjafjarðar, Norðaustur- og Austurlands til að geta fullnýtt afkastagetu fyrirtækis á Akureyri og hugsanlegri stækkun þess, uppbyggingu á Norðausturlandi og óskum um að nýta raforku í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi.“


# Óvenjuleg bók — og ógleymanleg!

*Óbundið, laust mál Litlatrés, ljóðrænt að tjáningu, myndnotkun og orðavali, er einn samfelldur óður til lífsins, óður til ástarinnar, óður til náttúrunnar, óður til Borgarfjarðar — en jafnframt slóttug lýsing á sárri einsemd og þeim vanda mannsins að finna sér merkingu á ævikvöldinu.*




„Þetta er mannbætandi texti.“
~Ísak Harðarson

Tindur www.tindur.is www.facebook.com/litlatre


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELGARVEÐRIÐ** Vaxandi suðaustanátt og slydda eða snjókoma um landið sunnan- og vestanvert er líður á daginn og verður víða hvasst síðdegis og í kvöld. Hægari vindur og úrkomulaust norðaustanlands.




**Á morgun**
8-13 m/s, hvassara syðst.




**Mánudagur**
5-10 m/s en 8-13 NA-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 13° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 5° | Orlando | 24° | San Francisco | 17° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 2° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 15° | Ósló | -7° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 21° | New York | 10° | París | 5° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


TAX
FREE
JÓLALJÓS OG JÓLASERÍUR
TAX FREE AÐVENTUHELGINA!
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI
STÓR
JÓLASTJARNA
799 kr.
verð áður
1.490 kr
FERSKUR
AÐVENTUKRANS
1.999 kr.
RAUTT/GULL/SILFUR
HÝASINTA
199 kr/stk.
AÐVENTULJÓS
MIKIÐ ÚRVAL
Verð frá:
799kr
LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR
SKOPPA
OG SKRÍTLA
skemmta börnunum
í Jólalandinu Skútuvogi
laugardag kl. 13:30
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR
*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## LANDIÐ




### Óvissustigi aflýst

**1** Mælingar Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar HÍ benda til þess að jökulhlaupi úr **Grímsvötnum** sé lokið. Um minniháttar atburð var að ræða og vatnsrennsli ekki meira en að sumarlagi. Ekkert bendir til frekari jarðhræringa og því hefur ríkislögreglustjóri ákveðið í samráði við lögreglustjórana á Eskifirði og Hvolsvelli að aflýsa óvissustigi vegna jökulhlaups úr Grímsvötnum.

### Frysting hafin

**2** Loðnufrysting hófst í uppsjávarfrystihúsi HB Granda á **Vopnafirði** í vikunni og er þetta fyrsta loðnan sem fer til landvinnslu á vertíðinni, eins og segir í frétt frá fyrirtækinu. Verið er að vinna úr tæplega 600 tonna loðnuafla sem Ingunn AK kom með til hafnar. Megnið af aflanum fer í frystingu til manneldis, enda er loðnan stór og góð. Um 65 manns vinna við frystinguna á vöktum.



### 60% meiri afköst

**3** Promens á **Dalvík** tók í notkun stækkaða verksmiðju í október. Með tilkomu 840 fermetra viðbyggingar og þriðja hverfisteypuofnsins eykst framleiðslugeta verksmiðjunnar um 60%. Fyrirtækið er því vel í stakk búið að mæta aukinni eftirspurn á komandi árum. Nýi hverfisteypuofninn, sem ræstur var í október, er einnig einstakur á heimsvísu því þetta er í fyrsta sinn sem ofn af þessari stærð er knúinn rafmagni í stað olíu- eða gasbrennara.














# Guðbjartur og Árni Páll í formannsslag

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra tilkynnti í gær að hann gæfi kost á sér sem formaður Samfylkingarinnar. Árni Páll Árnason hefur þegar tilkynnt um framboð sitt. Nýr formaður Samfylkingarinnar verður kjörinn í janúar.

**FRÉTTASKÝRING**
Hver verður formaður Samfylkingarinnar?

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra beið ekki boðanna heldur tilkynnti um framboð sitt til formanns Samfylkingarinnar daginn eftir að hann hafði sigur í forvali flokksins í Norðvesturkjördæmi. Guðbjartur hlaut góða kosningu í fyrsta sætið, 76 prósent, en Ólína Þorvarðardóttir bauð sig fram í fyrsta til annað sæti.

Framboð Guðbjarts kemur ekki á óvart. Hann hefur lengi verið í spilunum sem einn af arftökum Jóhönnu, þó að þær raddir hafi lækkað um skeið eftir fíaskóið með launahækkun forstjóra Landspítalans. Ferill hans þykir hins vegar að mestu óflekkaður að öðru leyti.

Guðbjarts bíður að heyja snarpa kosningabaráttu gegn Árna Páli Árnasyni. Árni Páll nýtur þess að hafa verið í opinberri kosningabaráttu í á þriðja mánuð og í raun má segja að undirbúningur formannsframboðs hans hafi hafist í janúar, eftir brotthvarf hans úr ríkisstjórn.

Árni Páll hefur verið gríðarlega duglegur, skrifað greinar í blöð og sótt fundi víða um land. Hann hafði betur en Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra í prófkjöri í Suðvesturkjördæmi og ljóst er að sigling er á Árna. Hann mun njóta þess að hafa byrjað sitt framboð mun fyrr en Guðbjartur.

Guðbjartur er hins vegar ráðherra og mun njóta ýmissa aðgerða ríkisstjórnarinnar; hækkunar barnabóta og lengingar fæðingarorlofs, svo eitthvað sé tínt til.

Árni Páll hefur yfir sér það yfirbragð að vera meira til hægri í flokknum. Á hverju það byggist er óskilgreint, báðir eiga frambjóðendur uppruna sinn í Alþýðubandalaginu. Áran yfir Árna er hins vegar meira til hægri og til vinstri hjá Guðbjarti.

Það gæti haft áhrif á hluta kjósenda; í hvaða átt þeir vilji að flokkurinn fari. Þegar tveir menn takast á um sama embættið skiptir hins vegar meira máli hvernig kjósendum líst á hvorn um sig sem formann.

Greinendum hættir til að ofmeta strategíska hugsun kjósenda. Í grunninn mun niðurstaðan velta á því hvort félagar í Samfylkingunni treysti Árna Páli eða Guðbjarti betur til að leiða flokkinn til sigurs í kosningum. Ekkert annað.

kolbeinn@frettabladid.is

### Allsherjaratkvæðagreiðsla

Öruggt er að krafa komi fram um að formaður verði kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu skráðra félaga í flokknum. Krafa að minnsta kosti 150 flokksmanna þarf að koma fram þar um 45 dögum fyrir landsfund. Fundurinn verður haldinn 1. til 3. febrúar og kosningin fer því fram í janúar.

Ljóst er að aðventan mun einkennast af formannsslag hjá Samfylkingarfólki og ekki síst frambjóðendunum tveimur.

Barnaníðingur sem hlaut sjö ára dóm í vikunni var rannsakaður áður:

# Tilkynnt um níðinginn 2003

**DÓMSMÁL** Lögreglu barst tilkynning árið 2003 um brot manns sem á fimmtudag var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir barnaníð. Hann var ekki handtekinn fyrr en sjö árum síðar.

Þetta kemur fram í dómnum yfir manninum, sem var fundinn sekur um að hafa níðst með grófum hætti á dreng og stúlku um árabil. Brotin gegn drengnum stóðu meðal annars frá árinu 2006 til 2010.

Í dómnum segir að stúlkan hafi greint vinkonu sinni frá ofbeldinu árið 2003 og hún í kjölfarið tilkynnt manninn til lögreglu. „Eftir að hún tilkynnti þetta til lögreglu kvað hún brotaþola hafa verið mjög hræddan og ekki haft við sig samskipti í eitt og hálft ár,“ segir enn fremur í dómnum.

Önnur vinkona stúlkunnar gaf skýrslu í dómsmálinu og staðfesti að leitað hefði verið til lögreglu á þessum tíma. Lögreglumenn hefðu tekið ítarlegar skýrslur af báðum vinkonunum.

Stúlkan sem brotið var á var spurð um þetta fyrir dómi. Hún kom af fjöllum og hafði ekki hugmynd um að vinkonur hennar hefðu tilkynnt manninn til lögreglu á sínum tíma. - sh




**7** ár liðu frá því að fyrst var tilkynnt um manninn og þar til hann var handtekinn.


Aðventan er gleðileg
í Garðheimum
Fjölskyldufyrirtæki í 21 ár!
3
2
1
TERTUTILBOÐ OG
LJÚFFENGAR SMÁKÖKUR
spíran.
BISTRO · GARÐHEIMUM
20% afsl.
LJÓSASERÍUR
AÐVENTULJÓS
KERTI
120 LJÓSA ÚTISERÍA GLÆR
1.490
TILBÚNIR AÐVENTUKRANSAR
FRÁ 3.480
OPIÐ TIL KL. 21 ÖLL KVÖLD
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • www.gardheimar.is
FLEIRI TILBOÐ Á GARÐHEIMAR.IS +
GARÐHEIMAR

## HEIMURINN




### Borgar milljónir

**1 NEW YORK** Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, greiðir hótelþernunni Nafissatou Diallo sex milljónir dala, ríflega 750 milljónir króna, fallist hún á sættir í dómsmáli þeirra. Hún kærði hann fyrir tilraun til að nauðga sér á hótelherbergi í New York á síðasta ári. Þetta fullyrðir fréttastofan AP, og segir að hann ætli að fjármagna greiðsluna til helminga með bankaláni og með láni frá fyrrverandi eiginkonu sinni.



### Egyptar mótmæla

**2 EGYPTALAND** Meira en hundrað þúsund manns tóku þátt í mótmælum í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, í gær gegn Mohammed Morsi forseta og stjórnarskrárfrumvarpinu, sem stjórnlagaþing landsins samþykkti í skyndingu á fimmtudag.

Frumvarpið verður væntanlega borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu, líklega á næstu vikum. „Byltingin er komin aftur,“ sagði Hamdeen Sabbahi, einn af helstu leiðtogum mótmælendahreyfingarinnar. „Við stöndum sameinuð gegn kúgunarstjórninni.“

### Foreldralaust þorp

**3 KENÍA** Í þorpinu Nyumbani í Kenía er ekkert fólk á miðjum aldri, aðeins börn og öldungar. Foreldrar allra barnanna í þorpinu létu lífið fyrir nokkrum árum af völdum alnæmis, en í dag er alþjóðlegi alnæmisdagurinn. Í þorpinu búa nú 938 börn og 97 öldungar, sem eru afar og ömmur barnanna, og hafa tekið að sér að sjá um þau. Að sögn UNAIDS, alnæmisáætlunar Sameinuðu þjóðanna, er talið að um 23,5 milljónir manna séu HIV-smitaðar í löndum Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar.




### PRENTSTAÐUR ÍSLENSKRA BÓKA ÁRIN 2011 OG 2012




**Árið 2011**

| | Fjöldi titla | % |
|---|---|---|
| Ísland | 470 | 68,1 |
| Kína | 115 | 16,7 |
| Finnland | 37 | 5,4 |
| PóllanD | 15 | 2,2 |
| Danmörk | 12 | 1,7 |

# Kínverjar prentuðu 104 íslenskar bækur

Nokkru fleiri bækur voru prentaðar erlendis þetta árið en í fyrra. Munar þar um fimm prósentustigum. Kínverjar prentuðu 104 bækur en Íslendingar 426 titla.

**IÐNAÐUR** Hlutfallslega fleiri bækur eru prentaðar utan landsteinanna þetta árið en í fyrra. Af 675 titlum sem getið er í Bókatíðindum voru 426 prentaðir á Íslandi, eða ríflega 63%. Kína ber höfuð og herðar yfir önnur lönd hvað varðar prentstað íslenskra bóka erlendis en 104 titlar voru prentaðir þar í landi eða 15,4%.

Það er Bókasamband Íslands sem gerði könnun á prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2012. Kemur fram að fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands dregst saman um rúmlega fimm prósentustig milli ára, en árið 2011 voru 68% bókatitla prentuð innanlands. Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 675 í Bókatíðindum í ár en var 690 árið 2011.

Skoðað er hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis sé eftir bókaflokkum. Þar kemur fram að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis en það er ekki síst vegna þess að samprent er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd. Af 210 barnabókum, íslenskum og þýddum, voru 78 prentaðar hérlendis og 132 erlendis.



**63%** íslenskra bóka eru prentuð á Íslandi

Þegar kemur að skáldverkum, íslenskum og þýddum, snúast hlutföllin við. Af 193 titlum er 171 prentaður á Íslandi, eða 89%. Aðeins 22 titlar eru prentaðir erlendis, eða 11%.

Bækur prentaðar í Evrópu eru 134 en þær voru 115 í Asíulöndum, og að langstærstum hluta í Kína.

svavar@frettabladid.is



## HEIMURINN




### Borgar milljónir

**1 NEW YORK** Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, greiðir hótelþernunni Nafissatou Diallo sex milljónir dala, ríflega 750 milljónir króna, fallist hún á sættir í dómsmáli þeirra. Hún kærði hann fyrir tilraun til að nauðga sér á hótelherbergi í New York á síðasta ári. Þetta fullyrðir fréttastofan AP, og segir að hann ætli að fjármagna greiðsluna til helminga með bankaláni og með láni frá fyrrverandi eiginkonu sinni.



### Egyptar mótmæla

**2 EGYPTALAND** Meira en hundrað þúsund manns tóku þátt í mótmælum í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, í gær gegn Mohammed Morsi forseta og stjórnarskrárfrumvarpinu, sem stjórnlagaþing landsins samþykkti í skyndingu á fimmtudag. Frumvarpið verður væntanlega borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu, líklega á næstu vikum. „Byltingin er komin aftur,“ sagði Hamdeen Sabbahi, einn af helstu leiðtogum mótmælendahreyfingarinnar. „Við stöndum sameinuð gegn kúgunarstjórninni.“

### Foreldralaust þorp

**3 KENÍA** Í þorpinu Nyumbani í Kenía er ekkert fólk á miðjum aldri, aðeins börn og öldungar. Foreldrar allra barnanna í þorpinu létu lífið fyrir nokkrum árum af völdum alnæmis, en í dag er alþjóðlegi alnæmisdagurinn. Í þorpinu búa nú 938 börn og 97 öldungar, sem eru afar og ömmur barnanna, og hafa tekið að sér að sjá um þau. Að sögn UNAIDS, alnæmisáætlunar Sameinuðu þjóðanna, er talið að um 23,5 milljónir manna séu HIV-smitaðar í löndum Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar.




### PRENTSTAÐUR ÍSLENSKRA BÓKA ÁRIN 2011 OG 2012




**Árið 2011**

| | Fjöldi titla | % |
|---|---|---|
| Ísland | 470 | 68,1 |
| Kína | 115 | 16,7 |
| Finnland | 37 | 5,4 |
| PóllanD | 15 | 2,2 |
| Danmörk | 12 | 1,7 |

# Kínverjar prentuðu 104 íslenskar bækur

Nokkru fleiri bækur voru prentaðar erlendis þetta árið en í fyrra. Munar þar um fimm prósentustigum. Kínverjar prentuðu 104 bækur en Íslendingar 426 titla.

**IÐNAÐUR** Hlutfallslega fleiri bækur eru prentaðar utan landsteinanna þetta árið en í fyrra. Af 675 titlum sem getið er í Bókatíðindum voru 426 prentaðir á Íslandi, eða ríflega 63%. Kína ber höfuð og herðar yfir önnur lönd hvað varðar prentstað íslenskra bóka erlendis en 104 titlar voru prentaðir þar í landi eða 15,4%.

Það er Bókasamband Íslands sem gerði könnun á prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2012. Kemur fram að fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands dregst saman um rúmlega fimm prósentustig milli ára, en árið 2011 voru 68% bókatitla prentuð innanlands. Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 675 í Bókatíðindum í ár en var 690 árið 2011.

Skoðað er hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis sé eftir bókaflokkum. Þar kemur fram að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis en það er ekki síst vegna þess að samprent er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd. Af 210 barnabókum, íslenskum og þýddum, voru 78 prentaðar hérlendis og 132 erlendis.



**63%** íslenskra bóka eru prentuð á Íslandi

Þegar kemur að skáldverkum, íslenskum og þýddum, snúast hlutföllin við. Af 193 titlum er 171 prentaður á Íslandi, eða 89%. Aðeins 22 titlar eru prentaðir erlendis, eða 11%.

Bækur prentaðar í Evrópu eru 134 en þær voru 115 í Asíulöndum, og að langstærstum hluta í Kína.

svavar@frettabladid.is



# NOKIA LUMIA 920 MEÐ WINDOWS 8

# EINI SNJALLSÍMINN MEÐ FLJÓTANDI LINSU.

Lumia 920 er með PureView myndavél með OIS-tækni. Linsan er fljótandi inni í símanum og fylgir því ekki titringi handahreyfinga. Fyrir vikið er hægt að hafa ljósopið opið lengur sem skilar sér í mun skýrari og betri myndum, líka við léleg birtuskilyrði.

Windows 8 snjallsími
Þráðlaus hleðsla
Myndavél með OIS hristivörn (fljótandi linsa)
Einstaklega bjartar myndir við slæm birtuskilyrði
Nokia Drive
3G og 4G stuðningur
32GB minni auk 7GB Skydrive






PIPAR\TBWA • SÍA • 123113

**Frí uppfærsla á Windows 8 Pro fyrir heimilistölvuna fylgir með fyrstu 150 snjallsímunum***




NOKIA

Windows Phone

Hátækni

Hátækni er umboðsaðili Nokia á Íslandi.

*Á meðan birgðir endast hjá hverjum söluaðila.

# Drengir eru þögull hópur þolenda

Drengir sem verða fyrir kynferðisofbeldi af hendi karla kljást við alvarlegar og oft flóknari afleiðingar þess en stúlkur. Dómar Hæstaréttar síðustu 90 ár endurspegla á engan hátt veruleikann, að mati dósents við Háskólann í Reykjavík, sem hefur rannsakað dóma frá 1920.

**SAMFÉLAGSMÁL** Hæstaréttardómar sem snúa að kynferðisofbeldi gegn drengjum sýna án efa einungis lítið brot af þeim sem raunverulega eiga sér stað í samfélaginu, að mati Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Svala hefur rannsakað alla dóma Hæstaréttar frá árinu 1920 sem snúa að kynferðisbrotum gegn drengjum.

„Mín tilfinning er sú að dómarnir gefi ekki raunhæfa mynd af málaflokknum. Til dæmis er fjöldi þolenda á þessu langa tímabili óraunhæfur. Veruleikinn er án efa allt annar,“ segir hún. „Stúlkur eru hljóður hópur þolenda, en drengir eru þögull hópur. Staðreyndin er sú að drengir verða líka fyrir kynferðisofbeldi, það vill oft gleymast.“

Í rannsókn Svölu, sem Fréttablaðið birti á þriðjudag, kemur fram að stærstur hluti gerenda er ókunnugir karlmenn. Svala telur það ekki endurspegla veruleikann þegar kynferðisbrot gegn drengjum eiga í hlut.

„Ég tel að skýringin sé sú að brot séu frekar þögguð niður þegar drengir eiga í hlut og það sé brotið á þeim af karlmanni sem er í nærumhverfi þeirra eða tengdur þeim á einhvern hátt. Kynferðisbrot gegn börnum eru almennt þögguð niður, en ég held að brot gegn drengjum séu það enn frekar.“

Hún telur þó að málin fái ekki aðra meðferð innan kerfisins en þegar stúlkur eiga í hlut, heldur gefi færri strákar sig fram.

„Þeim er líka síður trúað og það er síður gert ráð fyrir því að einhver hegðunarmynstur hjá strák geti verið afleiðing kynferðisofbeldis. Staðalmyndin er sú að stúlka er þolandi.“

Svölu hafa borist símtöl eftir umfjöllun Fréttablaðsins um málið í vikunni, þar sem fólk þakkaði henni fyrir að rannsaka málaflokkinn.

„Fólk sagði mér sögur úr sínu lífi og frá harmleikum innan fjölskyldunnar. Fólk sagðist almennt ekkert hafa vitað hvað það átti að gera,“ segir hún.

Nauðsynlegt sé að hlúa betur að málaflokknum og opna umræðuna á annan hátt, til að aflétta þögguninni sem hefur ríkt alla tíð. Það hjálpi drengjum að stíga fram og greina frá ofbeldinu.

„Ef þolendafjöldi í dómum Hæstaréttar í þessi 90 ár endurspeglar veruleikann, þyrftum við í raun ekki að hafa miklar áhyggjur af kynferðisbrotum gegn drengjum. En við vitum öll að það er ekki satt.“

sunna@frettabladid.is

## Hættuleg umræða um gerendavæðingu

Svala nefnir þrennt sem huga þarf að í umræðunni um kynferðisbrot gegn drengjum og það sem einkenni brot gegn þeim. Þetta geti stuðlað að því að þeir loki vandamálin af og segi ekki frá ofbeldinu.

**1.** Þegar piltar eru misnotaðir getur komið upp angist og kvíði varðandi það hvort þeir gefi frá sér skilaboð eða líti út fyrir að vera samkynhneigðir þar sem karlmaður leitaði á þá.

**2.** Strákar geta fengið þá mynd í hugann að þeir séu orðnir hommar vegna þess að þeir voru neyddir til þess að taka þátt í kynlífsathöfnum með karlmanni.

**3.** Umræður rísa reglulega upp um að gerendur séu upp til hópa sjálfir þolendur kynferðisofbeldis í æsku. Svala segir þó engar rannsóknir styðja það. „Hvaða veruleika þurfa karlmenn og strákar sem eru þolendur kynferðisofbeldis í dag að glíma við?,“ spyr hún. „Þeir þurfa að segja frá því að þeir hafi verið misnotaðir af öðrum karlmanni, sjálfsmynd þeirra bíður skaða og kynvitund þeirra getur brenglast. Svo er því stundum haldið fram að drengir sem hafa verið þolendur kynferðisbrota séu mögulegir framtíðargerendur. Þetta er hættuleg umræða sem á ekki við rök að styðjast og getur unnið gegn því að karlmenn og drengir stígi fram og segi frá ofbeldi.“

> **Kynferðisbrot gegn börnum eru almennt þögguð niður, en ég held að brot gegn drengjum séu það enn frekar.**
>
> *Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR*



**EINUNGIS TOPPURINN Á ÍSJAKANUM** Svala segir þolendafjölda í dómum hæstaréttar er varða kynferðisbrot gegn drengjum ekki endurspegla veruleikann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA ÁBYRGÐ VEGAAÐSTOÐ GÆÐASKOÐUN

ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

HYUNDAI i10

NETTA SKUTLAN

**Rúmgóður og sparneytinn smábíll**

Hyundai i10 – 1,1 bensín, beinskiptur

Einn ódýrasti bíllinn á markaðinum

Eyðsla: 4,4 l / 100 km*

Frítt í stæði

5 ára ábyrgð, ótakmarkaður akstur

**VERÐ: 1.950.000 kr.**




www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM55501

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Opið í dag frá 10–16

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1**

Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla. Í neyðartilfellum er hægt að nýta sér 24ra tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.

*Miðað við blandaðan akstur

HYUNDAI

Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Húrrrrrrra, 5 ára í dag!

**Nova er 5 ára í dag 1. desember og ætlar að halda rækilega upp á daginn með stútfullar búðir af afmælistilboðum og skemmtilegheitum. Komdu og fagnaðu með okkur!**



**1.000 kr.** notkun á mán. í 12 mánuði fylgir þessum síma!

**-5.000 kr.** staðgreiðsluafsláttur af öllum farsímum á afmælisdaginn!

**-10.000 kr.** staðgreiðsluafsláttur af Samsung SII og SIII á afmælisdaginn!

**500 kr.** notkun á mán. í 12 mánuði fylgir þessum síma!

**-15%** afsláttur af öllum heyrnartólum!

**-15%** afsláttur af öllum aukahlutum!

**-15%** afsláttur af bíókorti Nova 5 X bíó!

**Snjallsímar í miklu úrvali af öllum stærðum og gerðum!**







**Afmælisplata Nova**

Nova gefur öllum viðskiptavinum afmælispakka í tilefni dagsins. Þú nærð í hann á nova.is!

| | |
|---|---|
| 1. XQisit | 5.990 kr. |
| 2. Urbanears Plattan | 11.990 kr. |
| 3. Urbanears Bagis | 5.990 kr. |

**Bíókort Nova** 5 X í bíó!

**3.790 kr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Nánari upplýsingar um afmælistilboðin á www.nova.is

Nýtt frumvarp fyrir Alþingi:

# Fæðingarorlof lengt í heilt ár

**SAMFÉLAGSMÁL** Fæðingarorlof verður lengt í tólf mánuði í áföngum á næstu árum. Þá munu hámarksgreiðslur vegna fæðingarorlofs hækka í 350 þúsund krónur.

Þetta er innihald frumvarps sem velferðarráðherra hefur lagt fram og ríkisstjórnin samþykkti í gær. Foreldrar munu eiga rétt á tólf mánaða fæðingarorlofi árið 2016. Hvort foreldri um sig mun þá fá fjögurra mánaða orlof en fjórir mánuðir geta skipst á milli þeirra. - þeb

Björg Thorarensen óttast að ekki standi til að hnika neinu í frumvarpi til nýrra stjórnskipunarlaga:

# Uppgefnum tímafresti verður ekki breytt

**STJÓRNMÁL** Í tölvupósti til nefndasviðs Alþingis kvartar Björg Thorarensen lagaprófessor yfir skömmum fresti til þess að gefa álit á nýjum stjórnskipunarlögum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis skipti köflum frumvarpsins á fastanefndir þingsins fyrir viku síðan með umsagnarfresti til 10. þessa mánaðar. Í pósti sínum brást Björg við beiðni efnahags- og viðskiptanefndar um ráðgjöf.

„Þetta frumvarp um grundvallarreglur stjórnskipunarinnar verðskuldar af óskiljanlegum ástæðum ekki sömu meðferð og önnur frumvörp, smá og stór, sem eru send út um víðan völl til umsagnar með rýmri frestum,“ segir Björg í bréfinu, en kveðst þó munu gera sitt besta til að láta uppi rökstutt álit. „Það er orðið eins konar samviskuspursmál fyrir mig og örugglega fleiri að láta ekkert færi ónotað til að koma að athugasemdum, að minnsta kosti við brýnustu atriði við þessar erfiðu aðstæður í þeirri von að það kunni að hafa einhver áhrif.“ Undir niðri kveðst hún hins vegar uggandi um að í raun standi ekki til að hnika neinu í frumvarpinu.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



BJÖRG THORARENSEN

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar og eftirlitsnefndar Alþingis, segir að uppgefinn tímafrestur standi. Hún bendir á að við vinnu nefndarinnar verði einnig lagðar til grundvallar umsagnir frá því á síðasta þingi. „Frumvarpið liggur frammi og er í málsmeðferð þingsins. Eins og með önnur frumvörp þá leitum við til þeirra sem best þekkja til. En ef menn vantreysta okkur þá verða þeir bara að gera það.“ - óká



SÉRVERÐ

LIEBHERR

Quality, Design and Innovation

Nú eru þeir kaldir hjá Eirvík

Bjóðum takmarkað magn af kæli- og frystiskápum frá Liebherr. Þeir eru búnir nýjustu tækni, hannaðir af alúð og framleiddir af þýskri nákvæmni. **Einstök framtíðareign.**

| Nr. | litur | Hæð | Stærð í ltr. | Orkufl. | Sérverð |
|---|---|---|---|---|---|
| CUsl 3503 | grár | 181,7 cm | K 232 F 91 | A+ | 174.700,- |
| CPesf 3523 | stál | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 199.995,- |
| CP 3523 | hvítur | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 180.995,- |
| Ces 4023 | stál | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 194.995,- |
| C 4023 | hvítur | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 156.995,- |

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**SKÓGAFOSS** Í rannsókninni var meðal annars spurt um upplifun ferðamanna af Skógafossi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjölmenni gæti verið að draga úr upplifun túrista:

# Ferðamannastaðir vinsælli í september

**FERÐAPJÓNUSTA** Erlendum ferðamönnum þótti meira til íslenskra ferðamannastaða koma í september en í ágúst. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar á upplifun erlendra ferðamanna.

„Maður ímyndar sér að það skipti suma ferðamenn máli að það eru færri á svæðinu í september, það skýrir sennilega hluta af þessu,“ segir Rögnvaldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Rannsóknar og ráðgjafar ferðaþjónustunnar sem framkvæmdi rannsóknina, en bætir við að það þurfi þó frekari rannsóknir til að geta skorið endanlega úr um orsakirnar.



RÖGNVALDUR GUÐMUNDSSON

Þá segir Rögnvaldur að staðirnir í könnuninni hafi komið betur út en búist var við. Könnunin var framkvæmd fyrir Ferðamálastofu í sumar eftir að umræða um of mikinn ágang á sumum ferðamannastöðum fór af stað. - mþl

## UPPLIFUN ERLENDRA FERÐAMANNA




Könnunin var framkvæmd meðal brottfarargesta í Leifsstöð í ágúst og september. Alls fengust 648 gild svör við henni en þar af fengust 403 í ágúst og 245 í september.



Gjöf á heimsmælikvarða

Hvað kemur þú mörgum stórborgum undir tréð í ár?

WOW gjafakortið er einstök jólagjöf og gildir sem flugmiði fram og til baka með möguleika á tengiflugi um allan heim.

**Þú færð WOW gjafakortið á wow.is.**

Verð frá

22.900 kr.

Flug fram og til baka ásamt sköttum og gjöldum

Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | www.wow.is | wow@wow.is

WOW air




Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**



**Jólakaupauki!**

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan birgðir endast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM55591

# Ljósin á jólatrénu




**Færð þú jólainnkaupin endurgreidd? Taktu þátt í jólaleik Smáralindar**

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11–19 Fimmtudaga 11–21 Laugardaga 11–18 Sunnudaga 13–18 Finndu okkur á Facebook

# tendruð

## Gleði og sannur jólaandi
### verða ríkjandi í Smáralind í dag

Ljósin á jólatrénu verða tendruð og um leið hefjast Pakkajól Smáralindar og Bylgjunnar. Með Pakkajólum er fólk hvatt til að láta gott af sér leiða, kaupa aukagjöf og setja undir jólatréð í Smáralind. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma svo pökkunum til barna sem á að gleðja.

Pósturinn leggur sitt af mörkum, fellir niður sendingarkostnað pakka frá gefendum á landsbyggðinni og kemur þeim í Smáralind.

Komdu og upplifðu sannkallaða hátíðarstemmningu í Smáralind!

## Ljósin tendruð á jólatrénu kl. 14

Flautuhópur frá Skólahljómsveit Kópavogs

Stúlknakórinn Graduale Nobilis flytur jólalög

Helgi Björns og Jólastjörnurnar 2012 flytja jólalög og kveikja ljósin á jólatrénu




Jólagjafa-
handbók
Smáralindar
er komin út



Skannaðu QR-kóðann eða farðu á smaralind.is og fáðu nánari upplýsingar um jólaleikinn.

Smáralind



# Ætla að draga Ísraela til ábyrgðar

„Þetta er miklu meira en formsatriði,“ segir Mustafa Barghouti um áheyrnaraðild Palestínuríkis að allsherjarþingi SÞ. Nú munu Palestínumenn sækja um aðild að stofnunum SÞ, þar á meðal stríðsglæpadómstólnum í Hollandi til að draga Ísrael til ábyrgðar fyrir glæpi.



**MUSTAFA BARGHOUTI** „Betra seint en aldrei,“ segir hann um það að Palestínumenn hafi loks fengið alþjóðlega viðurkenningu á ríki sínu, 65 árum eftir að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að skipta landinu milli Ísraela og Palestínumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

| | | |
|---|---|---|
| Áætlun SÞ um skiptingu Palestínu í tvö ríki | 1947 | |
| | 1948 | Ísraelsríki stofnað |
| Sjálfstæðisyfirlýsing Palestínu | 1967 | |
| | 1988 | Óslóarsamningarnir |
| Palestínuríki viðurkennt af SÞ | 1993 | |
| | 2012 | Hernám Vesturbakkans og Gasa |

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



**PALESTÍNA** „Við metum það mikils að Ísland hafi ekki aðeins viðurkennt Palestínuríki, og verið fyrsta Vestur-Evrópuríkið sem hafði hugrekki til þess, heldur hafi Ísland einnig verið meðflutningsríki að ályktuninni hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta hefur verið dásamlegt að upplifa,“ segir palestínski stjórnmálamaðurinn Mustafa Barghouti, sem varði nokkrum dögum hér á landi meðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta að veita Palestínuríki áheyrnaraðild.

Á fimmtudaginn greiddi Ísland ályktuninni atkvæði sitt ásamt flestum ríkjum Vestur-Evrópu, þar á meðal Norðurlöndunum öllum. Alls greiddu 138 ríki ályktuninni atkvæði sitt, en aðeins níu voru á móti, þar á meðal Kanada og Tékkland auk Ísraels og Bandaríkjanna. 41 ríki sat hjá.

Barghouti segir það sérlega ánægjulegt að sum ríki, sem voru á móti ályktuninni, ákváðu samt að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

„Þetta gerðu til dæmis mikilvæg ríki eins og Þýskaland og Bretland. En þetta sannar að andstaða þeirra gegn tillögu okkar átti ekki við rök að styðjast. Sérstaklega ekki hjá ríkjum sem segjast styðja tveggja ríkja lausnina, en greiða svo atkvæði gegn því að við fáum aðild að Sameinuðu þjóðunum. Eitt ríki vekur sérstaka athygli í þessu samhengi, en það er Tékkland, sem var eina Evrópuríkið sem greiddi atkvæði á móti. Ég reikna með að við þurfum nú að endurskoða rækilega tengsl okkar við þetta land, því þetta sannar að stefna þess er stefna Ísraels, en ekki evrópsk.“

### Hefur mikla þýðingu

Palestínumenn hafa haft áheyrnaraðild að SÞ síðan 1974, en ekki sem sjálfstætt ríki fyrr en nú. Barghouti, sem bauð sig fram til forseta Palestínustjórnar árið 2005, segir þessa breytingu hafa mikla þýðingu fyrir Palestínumenn.

„Þetta er miklu meira en bara formsatriði. Þetta þýðir að hið raunverulega ástand í Palestínu, eins og Ísrael hefur mótað það, er ekki viðurkennt eða samþykkt af alþjóðasamfélaginu, og það á ekki síst við um athafnir landtökumanna.

Þetta þýðir einnig að loksins, eftir 65 ára tafir, hefur alþjóðasamfélagið útvegað okkur fæðingarvottorð Palestínuríkis. Með þessu er loks verið að efna landskiptingaráætlunina frá 1947, þar sem Ísraelar fengu sitt ríki án þess þó að Palestínuríki fylgdi með. 65 ár er langur tími, en betra er seint en aldrei.

Enn fremur þýðir þetta að við erum núna með staðfestingu þess að herteknu svæðin eru hertekin – þetta er hernumið ríki – og að innlimunaraðgerðir Ísraels í Austur-Jerúsalem og öðrum hlutum landsvæðis okkar eru ólöglegar með öllu.“

### Stríðsglæpadómstóll

„Við munum nú fara fram á aðild að fjórða Genfarsáttmálanum, sem Ísrael hefur neitað og hunsað síðan 1967. Við gætum krafist þess að kallað yrði saman ráð fjórða Genfarsáttmálans, sem sér um framkvæmd hans, til að þvinga Ísraelsmenn til að taka hann upp.

Við munum einnig vonandi kalla saman nefnd SÞ um afnám kynþáttamisréttis til að ræða aðskilnaðarkerfið sem Ísrael hefur búið til.

Við munum örugglega sækja um aðild að öllum stofnunum SÞ, átján talsins, þar á meðal Alþjóðlega sakadómstólnum, því við teljum að Ísrael hafi framið marga stríðsglæpi og að við eigum rétt á því að leita til Alþjóðlega sakadómstólsins til að draga Ísrael til ábyrgðar.“

### Einkennileg afstaða

„Það einkennilegasta sem við höfum nokkru sinni heyrt er að sum lönd, eins og Bretland, kröfðust þess að við gæfum tryggingu fyrir því að við myndum ekki leita til Alþjóðasakadómstólsins. Þetta þýðir tvennt. Fyrst og fremst staðfestir þetta að Ísrael hefur í reynd framið glæpi sem teljast til stríðsglæpa og glæpa gegn mannkyni. Sú staðreynd að þeir leggja svona mikla áherslu á að koma í veg fyrir að við leitum til dómstólsins er í sjálfu sér sönnun þess að þessir glæpir hafa verið framdir.

Hitt atriðið, sem er einkennilegt, er að lönd eins og Bretland og sum önnur lönd, sem telja sig vera með besta réttarfar í heimi, og hlaupa á milli heimshorna til að elta uppi hvern glæpamanninn á fætur öðrum til að draga þá fyrir Alþjóðasakadómstólinn, þessi sömu ríki vilja ógilda virkni Alþjóðasakadómstólsins þegar um Ísrael er að ræða og vilja láta Ísrael standa fyrir ofan lög og rétt.“

### Lokatilraun

Er þá hægt að líta svo á að tveggja ríkja lausnin sé orðin að veruleika, þrátt fyrir að ástandið á herteknu svæðunum sé eins og það er?

„Ef Ísrael heldur ótrautt áfram að stunda sín ólöglegu verk, eins og til dæmis athafnir landtökumanna, og heimsbyggðin grípur ekki tafarlaust til refsiaðgerða gegn þeim, þá geta þeir gert tveggja ríkja lausnina að engu, jafnvel þótt þessi ályktun hafi verið samþykkt. En það myndi ekki þýða að baráttu okkar væri lokið. Við viljum frelsi og við munum aldrei sætta okkur við að vera þrælar hernáms eða aðskilnaðarstefnu, og við munum öðlast frelsi, annaðhvort með tveggja ríkja lausninni eða í einu ríki með Ísraelsmönnum.“

### Ríkishugmynd Netanjahús

Barghouti segir að með atkvæðagreiðslunni á fimmtudag hafi Palestínumenn fengið nýja vonarglætu, sem í raun er þó síðasta tækifærið til að verja tveggja ríkja lausnina og gera hana að veruleika. Hann segir þó ekki lofa góðu að Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hafi í gær lýst því yfir að Ísraelar muni hafa þessa ályktun að engu.

„Það þýðir að hann er að lýsa því yfir að ríkisstjórn hans eru á móti því að stofnað verði Palestínuríki. Sem er það sem við höfum alltaf sagt, að menn eigi ekki að láta Netanjahú blekkja sig. Hugmynd hans um Palestínuríki er ekkert annað en hugmynd um stórt fangelsi, eða klasa af fangelsum, gettóhverfum eða bantustan-svæðum. Sjálfstjórnaryfirvöld, sem eru undir hælnum á Ísraelsher, eiga svo að hafa umsjón með þessum svæðum, en allt á það að snúast um að öryggi Ísraels sé tryggt. Engin raunveruleg sjálfsstjórn væri fyrir hendi og enginn möguleiki til að tryggja eigið öryggi eða verjast árásum hernámsliðsins. Þetta væri ekki hægt að kalla ríki.“




**➜ Atkvæðagreiðslan**

**138** ríki með

**9** ríki á móti

**41** ríki sat hjá

Landsvirkjun

Styrkir til náms og rannsókna

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Til úthlutunar 2013 eru 60 milljónir króna.

**Styrkir til efnilegra nemenda** í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.

**Styrkir til rannsókna** á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar eru á www.landsvirkjun.is.

Umsóknum ásamt fylgigögnum má skila rafrænt á orkurannsoknasjodur@lv.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til 7. janúar 2013.**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



DAGUR REYKSKYNJARANS

# VAKA REYKSKYNJARAR

## YFIR ÞÉR OG ÞÍNUM?

*Dagur reykskynjarans er í dag, 1. desember.*

***Notum hann öll til að:***

- Prófa reykskynjarana og skipta um rafhlöður ef þess gerist þörf.
- Kaupa og setja upp reykskynjara ef enginn eða aðeins einn reykskynjari er fyrir. Þeir eiga að vera tveir eða fleiri á hverju heimili.
- Setja upp reykskynjarann sem búið er að kaupa en hefur ekki komist lengra en ofan í skúffu eða inn í skáp.

*Eldvarnabandalagið óskar landsmönnum öllum þess að hátíðin sem fer í hönd verði slysalaus og gleðileg.*

*Förum varlega!*

[ELDVARNA] bandalagið

**Eldvarnabandalagið** er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

**www.mvs.is**

Verður hlustað á gagnrýni á stjórnarskrárdrögin?

# Illla undirbúin óvissuferð

Lítið virðist enn fara fyrir þeim vönduðu vinnubrögðum sem þingheimur var sammála um að yrði að hafa við meðferð stjórnarskrárfrumvarpsins eftir þjóðaratkvæðið á dögunum. Öll skoðun málsins af hálfu þingsins er enn í skötulíki.

Lögfræðingahópur, sem fenginn var til að fara yfir stjórnarskrárdrögin, gerði við þau margvíslegar athugasemdir. Hann ályktaði sömuleiðis að enn hefði ekkert heildstætt og skipulagt mat farið fram á áhrifum stjórnarskrártillagnanna í heild. Slíkt útheimti þverfaglega vinnu, sem hópnum hefði ekki verið falin.

Beiðni meirihluta Alþingis um að Feneyjanefnd Evrópuráðsins skoði málið má telja skref í áttina að frumvarpið fái þá efnislegu rýni sem það á skilið. En það dugir ekki til. Með fullri virðingu fyrir þeim sem í nefndinni sitja, hafa þeir í fyrsta lagi fengið alltof skamman tíma til að bregðast við beiðninni og álit þeirra kemur í öðru lagi ekki í staðinn fyrir rýni fræðimanna sem hafa sérþekkingu á íslenzkri stjórnskipan.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Nú hafa fagnefndir Alþingis óskað eftir umsögnum um einstaka hluta frumvarpsins. Tíminn sem sérfræðingum og hagsmunaaðilum er gefinn til að skila þeim inn er fáránlega stuttur, miklu styttri en oft þegar um mun léttvægari mál er að ræða. Þannig má ekki umgangast veigamiklar breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Fréttablaðið ræddi á fimmtudag við þrjá fræðimenn, sem ekki er hægt að saka um að vera hluti hinna myrku afturhaldsafla eða sérlega andsnúnir núverandi stjórnvöldum. Þetta voru Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur og rektor Háskólans á Bifröst, og Ágúst Þór Árnason, heimspekingur og formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri. Þau eru öll afar gagnrýnin bæði á innihald stjórnarskrárfrumvarpsins og það ferli, sem Alþingi hefur sett það í.

Gunnar Helgi átelur þannig að í frumvarpinu sé lagt upp með einhverja útgáfu af beinu lýðræði, sem hvergi sé til í heiminum. Róttækt fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna eigi sér ekki hliðstæðu í neinu þingræðisríki. „En vilji fólk fara út í þá vegferð að finna og prófa sérviskulegasta stjórnkerfi sem hægt er að finna í heiminum þá væri kannski æskilegt að rannsaka það betur fyrst," segir Gunnar Helgi.

Öll þrjú leggja áherzlu á að vegna þess að úttekt og rannsóknir skorti, sé í raun afar óljóst hvaða afleiðingar stjórnarskrárbreytingarnar muni hafa. Ágúst Þór segir að að svo miklu leyti sem hægt sé að greina hina nýju stjórnskipan sé vandséð að hún verði til góðs. „Hugmyndir stjórnlagaráðs virðast ýta undir lýðhyggju, óskilvirkni og átakastjórnmál," segir hann.

Bryndís bendir á að útilokað sé að frumvarpið fari óbreytt í gegnum þingið. Ótækt sé að afgreiða nýja stjórnarskrá í ágreiningi í stóru sem smáu. Þar stendur hins vegar hnífurinn í kúnni; meirihluti Alþingis virðist hafa tekið mark á órökstuddum yfirlýsingum sumra stjórnlagaráðsmanna um að varla megi hnika til orði í textanum.

Alþingi verður að hlusta á rökstudda gagnrýni á frumvarp stjórnlagaráðs, leita til þeirra sem mesta þekkingu hafa á íslenzkri stjórnskipan og gefa sér til þess góðan tíma. Þegar um grundvallarlög landsins er að tefla leggja menn ekki upp í illa undirbúna óvissuferð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## GUNNAR




## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Breytingar

Stjórnmálamenn og stjórnmálaskýrendur virðast á einu máli um að túlka yfirburða sigur Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrum borgarstjóra, í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem ákall um breytingar. Það er án efa rétt ályktun. Hitt getur verið þyngri þraut að greina til hlítar hvers kyns breytinga megi vænta.

Víst er að sjálfstæðismenn í Reykjavík vildu nýjan fulltrúa í leiðtogahóp flokksins. Stundum er nóg að tefla fram nýjum nöfnum til að endurvekja traust.



Ástæðulaust er að gera lítið úr slíkum breytingum. En úrslitin segja ekkert um hvort þátttakendur í prófkjörinu hafi ætlað sér eitthvað annað eða talið þörf á því. Málefnaleg áhrif eru því á huldu.

Spurningunni hvort Sjálfstæðisflokkurinn þrengist til hægri eða opnast nær miðjunni er ósvarað. Þó að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi ekki talað mikið um pólitísk stefnumál hefur hún sent skilaboð um pólitíska starfshætti. Boðskapur hennar í þeim efnum er: Samstarf og samvinna á breiðum grundvelli.

Þetta fyrirheit er algjör andstæða við vinnulag formanna ríkisstjórnarflokkanna sem frá upphafi hefur byggst á átökum. Þeir hafa hafnað öllum málamiðlunum í átt að miðjunni og því síður yfir hana til borgaralegra viðhorfa. Í reynd yfirgáfu þeir strax norræna málamiðlunarlíkanið sem þeir kenndu sig við.

## Hvar byrjar samstarfspólitíkin?

Ástæðan fyrir átakapólitík síðustu ára er ekki endilega sú að formenn ríkisstjórnarflokkanna elski fremur stríð en frið. Skýringin er miklu fremur hin að þeir eru ekki fúsir til að miðla málum og taka tillit til annarra pólitískra viðhorfa en þeirra sem liggja lengst til vinstri, að Evrópumálinu fráskildu. Þeir líta svo á að þjóðin hafi falið þeim að knýja þau fram með góðu eða illu.

Þegar nýr frambjóðandi í leiðtogahópi Sjálfstæðisflokksins stendur andspænis því mikla verkefni að gera samvinnustjórnmál að veruleika á vettvangi þjóðmálanna snýst það um málamiðlanir sem lúta að grundvallar stefnumálum ólíkra flokka. Ella eru orðin tóm. Þess vegna má vænta þess að á næstunni muni flokkurinn gera grein fyrir því hvernig hann hyggst teikna upp sættir milli stríðandi afla.

Viss hætta er á að samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks framlengi óbreyttar átakalínur með öfugum formerkjum. Samvinnustjórnmál þýða breiðara samstarf sem næði að minnsta kosti annað hvort til VG eða Samfylkingarinnar.

Fyrsta verkefnið gæti verið að sýna samvinnustjórnmál í verki innan Sjálfstæðisflokksins. Eins og sakir standa eru Evrópumálin eina ágreiningsefnið. Að vísu kalla fáir á að ákvörðun þar um verði tekin nú. En margir vilja halda þeim möguleika opnum þegar að því kemur að ákveða framtíðar gjaldmiðil; hugsanlega á miðju næsta kjörtímabili.

Að því leyti er þetta prófraun fyrir nýjan frambjóðanda í leiðtogahópnum að boðskapurinn um samvinnustjórnmál er líklegri til að hafa áhrif út á við hafi hann verið reyndur innanhúss fyrst. Eftir prófkjörið ættu sáttastjórnmál að vera áhrifaríkari en áður. Þverstæðan er sú að fyrstu yfirlýsingar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur benda ekki til að sáttapólitíkin eigi að ná til þessa máls.

Nái hún ekki einu sinni til þess að halda Evrópumálunum opnum er rökrétt að ætla að fyrir liggi útfærð hugmynd um annan kost en evruna sem tryggi stöðugleika, samkeppnishæfni og sátt. Ella væri óráð að loka dyrum.

## Hverju breyta kosningarnar?

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar hafa ekki talið rétt að tefla mörgu nýju fólki fram við næstu kosningar. Á hinn bóginn fer þar fram uppgjör milli þeirra sem vilja viðhalda þröngri stöðu lengst til vinstri og hinna sem telja rétt að opna flokkinn í átt að miðjunni. Þar gætu því orðið pólitískar breytingar án nýrra liðsmanna.

Árni Páll Árnason, reyndur þingmaður og útskúfaður ráðherra vegna frjálslyndra viðhorfa, fer fyrir þeim sem telja rétt að flokkurinn hverfi á ný að hefðbundinni jafnaðarstefnu. Greining hans í Silfri Egils um síðustu helgi á þeim efnahagslegu viðfangsefnum sem glíma þarf við var ábyrgt framlag til stjórnmálaumræðunnar. Óhætt er að draga þá ályktun að hann hafi þar opnað fyrir sáttapólitík. Það er eftirtektarvert nýmæli.

Slái Sjálfstæðisflokkurinn hendinni á móti þeirri opnun gæti Samfylkingin hins vegar einangrast vegna Evrópumálanna; nema hún fórni þeim. Neyðist hún til þess er sennilegra að það gerist gagnvart VG og Framsóknarflokknum en Sjálfstæðisflokknum.

Líkurnar á slíkri stjórn eru talsverðar. Þannig er enn hætta á að kosningarnar breyti málefnalega ekki öðru en að möguleikanum á nýrri mynt verði hafnað áður en hann kemur raunverulega upp.


Toys R Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
30 %
afsláttur af snjóvörum
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST 1/12-2/12
POLARIS
ANGRY BIRDS
Tilboðin gilda 02.12.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

## ORÐ VIKUNNAR
24.11.2012 ➜ 30.11.2012




## UMMÆLI VIKUNNAR

**„Íslendingar eru nýjungagjarnir og forvitnir. Sú tilhneiging að vilja prófa eitthvað nýtt er algeng hér á landi.“**

*Auknar kannabisreykingar fullorðinna útskýrðar af Helga Gunnlaugssyni, prófessor í afbrotafræði.*

**„Sumir viðskiptavinir kauphallarinnar virðast alltaf jafn hissa þegar bent er á augljósa hluti.“**

*Þrátt fyrir að allt hafi farið á hliðina vegna viðtals hennar við Bloomberg sagðist Sigríður Ingibjörg Ingadóttir ekki hafa sagt neitt um stöðu Íbúðalánasjóðs sem ekki allir vissu.*



**„Allsherjarþingið er í dag beðið um að gefa út fæðingarvottorð Palestínu.“**

*Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, áður en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti áheyrnaraðild Palestínu.*

# Framtíð heilbrigðisþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL**



**Helga Bragadóttir**
dósent og varadeildarforseti Hjúkrunarfræðideildar HÍ

Ég vil þakka Teiti Guðmundssyni lækni kærlega fyrir mjög svo tímabæra grein í Fréttablaðinu 6. nóvember sl. Hún lýsir bæði framsýni og hugrekki. Ég tek heils hugar undir það sem þar er sett fram. Hversu mikilvægt er ekki að nýta þekkingu, mannafla og annan auð í heilbrigðisþjónustu í nútíð og framtíð og gæta í því sambandi vel að vinnuumhverfinu. Heilbrigt vinnuumhverfi er forsenda þess að heilbrigðisstarfsmenn geti sinnt störfum sínum af fagmennsku og lágmarkað um leið alla sóun. Gæði heilbrigðisþjónustu og vilji heilbrigðisstarfsmanna til góðra verka þar sem heill og öryggi sjúklinga er í fyrirrúmi ættu ekki að vera bundin árferði. Í því er fagmennskan fólgin. Fagleg og sönn vinnubrögð eru nefnilega yfir pólitík og árferði hafin.

**Betri nýting**

Ég gæti ekki verið meira sammála varðandi aukna nýtingu tækninnar í heilbrigðisþjónustu. Frá því á 10. áratug síðustu aldar, þegar ég stundaði framhaldsnám í hjúkrunarfræði við University of Iowa, hef ég leynt og ljóst leitað leiða til að efla áhuga kollega og ráðamanna á nýtingu tækninnar í heilbrigðisþjónustu. Iowa-fylkið í Bandaríkjunum og þar með talið University of Iowa, voru leiðandi í fjarheilbrigðisþjónustu og upplýsingatækni á þeim tíma og voru meðal frumkvöðla á því sviði í heiminum og kynnti ég mér það sérstaklega í mínu námi. Ég sá strax að þetta væri eitthvað sem við Íslendingar gætum svo vel nýtt okkur. Með hjálp tækninnar sjúkdómsgreindu læknar sjúklinga í öðrum landshlutum, sérfræðingar í hjúkrun á háskólasjúkrahúsinu veittu kollegum á hjúkrunarheimilum ráðgjöf, heimahjúkrun hringdi í langveika sjúklinga þar sem einnig var notuð gagnvirk myndavél og veitti þeim stuðning til að koma í veg fyrir innlagnir á sjúkrahús, sálfræðingar veittu meðferðir með fjarfundabúnaði og þverfaglegt teymi á háskólasjúkrahúsinu funduðu með meðferðaraðilum á strjálbýlli stöðum s.s. læknum, skólahjúkrunarfræðingum og sérkennurum um fjarfundabúnað. Í Iowa var talað um bætta þjónustu og betri nýtingu þekkingar, mannafla og fjármagns, svo ekki sé talað um aukin þægindi fyrir sjúklinga.

**Lítið breyst**

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá tíma mínum í Iowa, en sorglega lítið hefur breyst í heilbrigðisþjónustu á Íslandi hvað nýjungar og nýtingu tækninnar varðar. En vel má vera að nú séu runnir upp nýir tímar – allt hefur jú sinn rétta tíma. Ég vil að minnsta kosti trúa á bjartari framtíð fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Árið 2004 gerði ég mér ferð til þáverandi heilbrigðisráðherra og til þáverandi landlæknis til að kynna fyrir þeim niðurstöður rannsókna af aukinni nýtingu tækninnar í heilbrigðisþjónustu og reynslu annarra s.s. Breta og Bandaríkjamanna. Afhenti ég þeim m.a. gögn sem ég hafði tekið saman um nýtingu tækninnar í heilbrigðisþjónustu og lagði til að hafist yrði handa um að koma á miðlægri símaþjónustu sem ég kýs að kalla fjarhjúkrun um síma. Þar væri eitt símanúmer fyrir alla þar sem veitt væri gagnreynd leiðsögn til landsmanna. Slík þjónusta hefur reynst vel hjá öðrum þjóðum þar sem hún kemur í veg fyrir dýrari þjónustu s.s. heimsóknir á bráðamóttökur, þar er leiðbeint um rétt viðbrögð og fólki beint á rétta staði, sem kemur sér vel fyrir heilbrigðiskerfið ekki síður en sjúklingana (sjá t.d. http://www.nhsdirect.nhs.uk/).

**➜ Ég vil að minnsta kosti trúa á bjartari framtíð fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi.**

**Tími tækifæranna**

Það er skemmst frá því að segja að mér var vel tekið og máli mínu sýndur áhugi en að öðru leyti held ég að ekkert hafi verið aðhafst. En árið 2004 var góðæri en nú árið 2012 er hart í ári, en slíku árferði fylgja alltaf tækifæri. Nú er að okkur þrengt og við þvinguð til að endurskoða og endurskilgreina margt í okkar lífi, þar með talið ferla og verklag í heilbrigðisþjónustu. Ég er sannfærð um að tími tækifæranna í heilbrigðisþjónustu er kominn, ekki síst í heilsugæslu. Tökum höndum saman; heilbrigðisstarfsmenn, ráðamenn og almenningur, og stöndum vörð um það sem vel er gert og bætum það sem styrkja þarf. Fjölgum sérfræðingum í hjúkrun, aukum þverfræðilega samvinnu og nýtum tæknina betur.




# Er ofbeldi lærð hegðun?

**KYNBUNDIÐ OFBELDI**



**Una María Óskarsdóttir**
forseti Kvenfélagasambands Íslands, BA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum og MA-próf í lýðheilsuvísindum

Hvernig ætli standi á því að sumir beita ofbeldi en aðrir ekki? Við þessari spurningu eru líklega mörg svör og sitt sýnist hverjum. Þegar Gummi litli fæddist þá átti hann margt ólært. Hann fæddist með margvíslega eiginleika sem gerðu hann hæfan til að lifa, en umhverfið mótar einnig getu hans og viðhorf og hefur þannig áhrif á hvernig Gummi hegðar sér í framtíðinni.

Hvernig lærir Gummi að hegða sér? Hvernig lærir hann hvað má og hvað má ekki gera? Hvernig lærir Gummi að barsmíðar og svívirðingar eru hegðun sem er eðlileg eða hegðun sem er óeðlileg?

Kenningin um félagslegt nám leggur áherslu á að atferli og hegðun fólks mótist af áreitum í umhverfinu og því hvernig viðbrögð hegðunin fær. Hér eru það fyrirmyndir á heimilum, í vinahópnum, úr sjónvarpinu, bíómyndum, fjölmiðlum og á internetinu sem skipa stóran sess. Þetta þýðir að ef Gummi litli horfir á og upplifir að foreldri hans lemur t.d. hitt foreldrið eða hann sjálfan vegna einhverra orða eða hegðunar þá eru líkur til þess að Gummi læri hegðunina og beiti henni sjálfur síðar. Hann getur sem sé lært að leysa vandamál í samskiptum með ofbeldi, líkamlegu eða andlegu. Hann getur lært að ná sínu fram með ofbeldi.

**Áhyggjuefni**

Það er áhyggjuefni ef fyrirmyndir barna og unglinga eru ofbeldishetjur úr fjölmiðlum, bíómyndum og af internetinu. Enn verra er þó ef fyrirmyndir ofbeldisins eru í nærumhverfi barnanna, á heimilinu eða í vinahópnum. Ef framtíðin leiðir í ljós að Gummi, sem ólst upp við ofbeldi, er sjálfur ofbeldishneigður eru honum þó sem betur fer nokkrir vegir færir.

**➜ Það er áhyggjuefni ef fyrirmyndir barna og unglinga eru ofbeldishetjur úr fjölmiðlum, bíómyndum og af internetinu.**

Hann getur lært að stjórna hegðun sinni, beina neikvæðum tilfinningum og mótlæti í jákvæðan farveg. Tileinka sér jákvæðari skýringarstíl og nota orð – tala – í stað þess að lemja. Það getur verið erfitt að venja sig á nýja hegðun ef það að nota hnefann er vanabundin hegðun við geðshræringu. En það er hægt að venja sig á nýja hugsun og nýja hegðun. Það er hægt að telja upp að hundrað og ákveða svo hvernig bregðast skuli við.

**Ekki gefa röng skilaboð**

Við uppeldi á börnum skiptir miklu máli að ofbeldishegðun njóti ekki jákvæðrar athygli, þannig að barn upplifi að hegðunin sé rétt. T.d. þegar krakkar lenda í slagsmálum þá má uppalandinn ekki segja: Þú ert sko karl í krapinu að ná þér niður á þessu fífli! Það er mikilvægt að gefa ekki röng skilaboð, styrkja ekki ofbeldishegðun eða ofbeldistal og byrja snemma að beita leiðandi uppeldisháttum þar sem hvatning og jákvæð styrking skipta miklu máli.

Gott uppeldi getur stuðlað að bættum samskiptum og fækkun ofbeldisverka. Ofbeldi er lærð hegðun.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

2012



# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ

## Langur laugardagur 1. desember

**Fögnum fullveldisdegi íslenskrar tónlistar sem hljóma mun um alla miðborgina við upphaf aðventu**

**Verslanir opnar til 17:00 sumar mun lengur**

1. des. — 15:00 – 18:00
**Opnir stórtónleikar FTT í Hörpu**
í sal Munnhörpunnar á jarðhæð
Ásgeir Trausti
Agent Fresco
Hafdís Huld
Lára Rúnars
Magni
Svavar Knútur
Thin Jimi
Benóný Ægisson
Magni

Aðgangur ókeypis og öllum heimill
meðan aðgangur leyfir

1. des. — 15:00
**„Hangið á Hlemmi“** er ný tónleikaröð
sem verður á Hlemmi alla laugardaga til jóla
Hljómsveitin **TILBURY** ríður á vaðið

1. des. — frá 14:00
**Ungmeyjakórinn Blómi** kemur fram
víðsvegar um miðborgina

2. des. — 15:30 – 17:00
Ljósin tendruð á Oslóartrénu
Lúðrasveit Reykjavíkur
Dómkórinn
Jón Gnarr
Bragi Valdimar Skúlason

Nánar á **midborgin.is**
Jólaborgin Reykjavík

*Jólagjöfin sem öllum hugnast!*
**Munið Gjafakort Miðborgarinnar okkar.**
Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgar.





**Miðborgin okkar**
— þar sem jólahjartað slær.

Brandenburg



# HELG

## ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR







**Panasonic TXL47E5Y**
47" FHD 1080p IPS LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal LIVE Engine myndtækni, 150 Hz Back Light Scanning, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, VIERA Connect nettenging, Wi-fi ready, Skype möguleiki, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari, iPhone/Android síma App, 2x USB, SD/SDHC/SDXD kortalesara, Scart, 4x HDMI, Component CI rauf, composite, RCA, PC, heyrnatólstengi, Optical út o.fl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 229.995




**Finlux 26FLX905HU**
26" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ**
**56.995**
FULLT VERÐ 69.995



**SLÉTTUJÁRN, HÁRBLÁSARAR, KRULLUJÁRN**

## 20% AFSLÁTTUR

icona VINTAGE
DēLonghi

NÝ GLÆSILEG RETRO LÍNA AF BRAUÐRISTUM OG HRAÐSUÐUKÖTLUM




## 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

## Magnarar, geislaspilarar og hátalarar frá Denon, NAD, Dali og PSB



## 15% AFSLÁTTUR

## ÖRBYLGJUOFNAR
## 15% AFSLÁTTUR






www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ARTILBOÐ

## OPIÐ ALLA HELGINA

### LAUGARDAG 11-18 og SUNNUDAG 13-18




**EINSTÖK MYNDGÆÐI OG GLÆSILEG RAMMALAUS HÖNNUN**

3D SmartTV ambi light

**Philips 42PFL6907T**
42" 3D Smart LED Full HD 1080p TV með Pixel PreciseHD og Dual Core örgjörva. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breytir. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi. Skype möguleiki. 3 x USB, 4x HDMI App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur.

**TILBOÐ 269.995**
FULLT VERÐ 349.995

## KYNNINGARTILBOÐ



Philips Orginal Radio

**PHILIPS**

**Philips Orginal Radio**
Hágæða útvarp hannað í stíl við 50 ára gömul **Philips Philetta** útvörp. Mjög vandaður hljómburður og öflug næmni á útvarpinu sem er með FM og LW langbylgju. Innbyggð klukka. 20 stöðva minni . Audio in - tengja má MP3 spilara við tækið.

**TILBOÐ 29.995**
FULLT VERÐ 39.995



**KAFFIVÉLIN SEM SÝÐUR VATNIÐ**

**PHILIPS**

**Philips HD5405**
Philips kaffikannan sem sýður vatnið loksins komin aftur.

**TILBOÐ 17.995**
FULLT VERÐ 21.995



**Nikon** *Íslenskur leiðarvísir*

**Nikon 1J1**
10,1 milljón punkta myndavél með 1 NIKKOR VR linsu. CMOS flaga. EXPEED 3I. Háhraða myndataka. Snjallmyndaval. 3" LCD skjár. ISO 100-3200. FullHD vídeó upptaka. Tekur RAW. Notar SD/SDHC/SDXC kort. HDMI-C og USB. Hleðslurafhlaða of.l.

**TILBOÐ 79.995**
FULLT VERÐ 109.995

## KAFFIVÉLAKYNNING

UM HELGINA



DēLonghi

NESCAFÉ Dolce Gusto GREAT COFFEE YOUR WAY





**PHILIPS** Blu-ray Disc

**Philips BDP2900**
Full HD Blu-ray spilari með 1080p DVD uppskölun. 24FPS fyrir kvikmyndahúss upplifun. Dolby True HD, Dolby Digital Plus, DTS, Dolby Digital. Audio L/R, Ethernet, Composite, Digital Coaxial, USB og HDMI.

**TILBOÐ 19.995**
FULLT VERÐ 24.995

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

# TÖLVULISTINN

# EIGULEGAR JÓLAGJAFIR




nexus 7

## EIN BESTA 7" SPJALDTÖLVAN

Nexus 7 passar fullkomlega í hendi og er sérstaklega meðfærileg, létt og þunn. Hæsti gæðaflokkur. Einstaklega öflugur fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi og 1GB vinnsluminni sem gerir hana mjög hraðvirka. Stórt og gott 32GB minni. IPS+ tryggir sérstaklega góða skerpu og litadýpt í skjánum auk þess sem hún kemur með Nvidia GeForce Tegra 3 skjákorti. Ótrúlega góður hljómur og allt að 9 tíma rafhlöðuending í HD afspilun.

**59.990**

## SSD LEIKJAVÉL



COOLER MASTER CoolerMaster K350

Alvöru leikjavél í CoolerMaster K350 Elite turnkassa með sex kjarna X6 AMD örgjörva, Asus M5A97 móðurborði, 8GB 1600 MHz Corsair Vengeance minni, 60GB SSD fyrir stýrikerfið og 1TB Seagate disk, AMD 7770 skjákort og 500W Fortron aflgjafi.

**139.990**

## 27" PHILIPS LEIKJASKJÁR




PHILIPS

Philips 273E3LSB

Einstök skerpa og litadýpt með háskerpuupplausn og SmartImage Lite birtustilli. Aðeins 3.5ms svartími.

**42.990**



## ALVÖRU HLJÓMUR

Logitech

Logitech Z323

30 RMS wött og öflugt bassabox tryggja kröftugan hljóm fyrir tölvuna og tónlistina.

**8.990**

## SJÓNVARPSFLAKKARI PlayonHD



A.C.Ryan

AC Ryan Playon!HD

Sérstaklega gott verð fyrir H.264 háskerpuflakkara með stuðningi við ótal tegundir myndbanda.

**19.990**

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

AKG

AKG K912



Njóttu þess að losna við allar snúrurnar og geta hlustað um alla íbúð í góðum hljómgæðum.

**9.990**




Opið á Suðurlandsbraut á laugardag frá 11-18 og 13-18 á sunnudag.

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

# MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA Á SUÐURLANDSBRAUT**



## HAGKVÆM 15,6" INTEL

**79.990**

**TOSHIBA** Toshiba C850-19D

Hagkvæm Windows 8 fartölva sem hentar vel fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. 15,6" skjár, Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320 GB hörðum diski.

## TOSHIBA NÝ ULTRABOOK

Toshiba Satellite U940-104

Örþunn og töff með Intel Core i3 og 14" gæðaskjá. Hybrid diskur með 32GB SSD og 320GB geymsludiski.



**149.990**

## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ



Logitech Logitech K400

Nett og hljóðlátt lyklaborð með snertimús og Unifying. Vinsælt fyrir sjónvarpstölvur og sjónvörp.

**6.990**

## FORRITANLEG LEIKJAMÚS



Logitech

Logitech G400

Optísk leikjamús með 3600 dpi nákvæmni og átta forritanlegir takkar.

**6.990**

## ÞRÁÐLAUS FLAKKARI

**500GB**



BUFFALO Buffalo Ministation Air

Fyrir þá sem eru með snjallsíma eða spjaldtölvur. Öll gögnin aðgengileg þráðlaust. Passar vel í vasa til að taka með.

**29.990**

## DRAUMAGJÖF TÆKNIMANNSINS



MANHATTAN

Manhattan Rep Tool Kit 145

145 hluta viðgerðarsett með lóðbolta fyrir þá sem hafa gaman að viðgerðum og samsetningum tölva.

**17.990**



Skoðun visir.is

686
PRIÐJUDAGUR 27. NÓVEMBER
**Ruglið í rauða hliðinu**
*Ólafur Stephensen ritstjóri*

621
MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER
**Illvirki inni í Þórsmörk**
*Árni Alfreðsson líffræðingur*

273
PRIÐJUDAGUR 27. NÓVEMBER
**Opið bréf til karla**
*Andrés Ragnarsson og Einar Gylfi Jónsson sálfræðingar*

166
MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER
**Héraðsdómur segir bankamenn bjána**
*Ólafur Hauksson almannatengill*

163
MÁNUDAGUR 26. NÓVEMBER
**Þá fóru flestir hvergi**
*Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur*

147
FIMMTUDAGUR 29. NÓVEMBER
**Nýju fötin keisarans**
*Sigríður Ingibjörg Ingadóttir alþingiskona*

105
LAUGARDAGUR 24. NÓVEMBER
**Bölmóður án tilefnis**
*Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra*

# Ný byggingarreglugerð – íbúðir fyrir alla?

BYGGINGARREGLUGERÐ



**Jóhann Sigurðsson**
arkitekt

Um áramótin tekur ný byggingarreglugerð gildi og leysir af hólmi eldri reglugerð frá 1998. Nýja reglugerðin, sem sögð er sú stærsta í Íslandssögunni, mun færa okkar að þeim stöðlum sem tíðkast hjá hinum norrænu ríkjunum.

Nýja reglugerðin mun hafa í för með sér að íbúðarhúsnæði getur í mörgum tilfellum stækkað verulega. Eitt af meginmarkmiðum hinnar nýju reglugerðar er algild hönnun sem merkir að íbúðir beri að hanna þannig að það mismuni ekki einstaklingum eða hópi einstaklinga. Hefur því stigið stórt skref til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra þar sem allt húsnæði skal vera aðgengilegt hjólastólum, með örfáum undantekningum þó. Ný byggingarreglugerð er því jákvætt og mikilvægt skref í átt að jöfnuði og betri tilveru hreyfihamlaðra einstaklinga.

### Bólgnar út í stærð

Sú spurning vaknar þó óhjákvæmilega hvort hin nýja reglugerð gangi of langt í stærðarkröfum og mismuni jafnvel stórum hluta þjóðarinnar sem síst má við því? Það er mikilvægt að átta sig á því að nýja reglugerðin mun óhjákvæmilega hafa í för með sér að íbúðarhúsnæði mun bólgna út í stærð. Ofan á það bætast hertar kröfur til einangrunar, hljóðvistar, eldvarnamála o.fl.

Allt þetta kemur ekki til án kostnaðarauka en áætlað er að byggingarkostnaður hækki verulega með tilheyrandi áhrifum á neysluvísitölu, auknum rekstrarkostnaði, hærri fasteignagjöldum o.s.frv. Áhrifin verða þó mismunandi eftir stærðum íbúða. Ég bar saman mismunandi reglugerðir og afleiðingar þeirra og komst að því að dæmigerð þriggja herbergja íbúð (flatarmál séreignarhluta) stækkar um 20% ef framfylgja á nýju reglugerðinni. Fyrir litla eða meðalstóra þriggja herbergja íbúð getur aukinn byggingarkostnaður numið um 2,5-3 milljónum, einungis vegna stærðaraukningar. Að miklu leyti er þessi gríðarlega stærðaraukning ekki nauðsynleg vegna aðgengismála heldur fyrst og fremst vegna ósveigjanleika í stærðarkröfum rýma. Þess ber þó að geta að þessi prósentutala lækkar eftir því sem byggingarnar stækka en svo virðist sem reglugerðin komi verst niður á þriggja herbergja íbúðum. Þessi útreikningur er auðvitað ekki tæmandi og getur breyst að einhverju leyti eftir aðstæðum.

### Erfiðara að kaupa

Hætt er við að öryrkjar, ungt fólk og láglaunafólk muni í framtíðinni eiga erfiðara með að kaupa nýtt húsnæði vegna þess að það þarf að kaupa mun fleiri fermetra til að ná sömu nýtingu og lenda þannig í nokkurs konar „húsnæðisgildru“. Nýjar íbúðir gætu því í versta falli orðið forréttindi ákveðinna þjóðfélagshópa.

Til samanburðar geta norskar íbúðir uppfyllt kröfur um aðgengi á 10% minna flatarmáli skv. fyrrnefndum samanburði. Íslenska reglugerðin veitir minna svigrúm en í henni eru settar lágmarks flatarmálskröfur á ýmis rými í stað þess að tilgreina hvaða þarfir þau þurfi að uppfylla.

Augljóst er að meira byggingarefni þarf til að búa til stærri íbúðir en minni. Framleiðsla byggingarefnis er orkufrek, mengandi og gengur á auðlindir jarðarinnar. Það þarf eldsneyti til að flytja byggingarefnið og að lokum þarf að farga því. Því stærri sem íbúðir eru, því meiri orku þarf til að lýsa þær upp, kynda, loftræsta og viðhalda. Því stærri sem byggingar verða því stærra verður fótspor þeirra sem leiðir að lokum til orkufrekari samgangna. Til að setja þetta í samhengi þá er 39% af koltvísýringslosun í Bandaríkjunum tilkomin vegna bygginga. Þó ekki sé hægt að heimfæra þetta algjörlega á Ísland gefur þessi tala til kynna hversu stór umhverfisþáttur húsnæði er.

### Fólk á að geta valið

Það er síður en svo hugmynd mín að byggja ekki aðgengilegar íbúðir. Þvert á móti styð ég aðgengismál fatlaðra heils hugar og þar má margt betur fara sem bætt verður úr með nýrri reglugerð. En ég styð líka rétt fólks til að geta lifað sómasamlegu lífi á launum sínum og rétt til að eiga þak yfir höfuð sitt og fjölskyldu sinnar. Fólk á að geta valið sér að búa í litlum og vel nýttum íbúðum sem henta efnahag þeirra. Því þarf að feta einhvern milliveg.

Sem dæmi væri eðlilegt ef byggja mætti ákveðið prósentuhlutfall íbúða í hverju fjölbýlishúsi án þess að kröfur um algilda hönnun ættu við. Einnig að fella megi út flatarmálskröfur sem gerðar eru til svefnherbergja, baðherbergja og þvottahúsa en þetta getur minnkað íbúðirnar um u.þ.b. 10%. Þó svo að lágmarks prósentuhlutfall aðgengilegra íbúða sé tilgreint í byggingarreglugerð má í deiliskipulagi gera strangari kröfur þar sem við á.

**→ Það er mikilvægt að átta sig á því að nýja reglugerðin mun óhjákvæmilega hafa í för með sér að íbúðarhúsnæði mun bólgna út í stærð.**

### Stuttur aðlögunartími

Það sem er hvað mest íþyngjandi við nýja reglugerð er hversu stuttur aðlögunartíminn er. Hvorki þjóðfélagið né byggingariðnaðurinn er tilbúinn að taka í notkun nýja reglugerð í svo stóru skrefi. Það skref tökum við nú á u.þ.b. einu ári á meðan aðlögunarferlið hjá Norðmönnum og Dönum tók fimm til sex ár. Starfsfólk Mannvirkjastofnunar hefur lyft grettistaki á stuttum tíma við gerð hinnar nýju reglugerðar en hefur þó verið skammtaður of naumur tími. Við þurfum að halda áfram þeirri umræðu sem loksins er komin í gang og gefa okkur lengri tíma til að skoða heildarafleiðingar reglugerðarinnar.

Ný byggingarreglugerð er risaskref og afleiðingar þess að vaða af stað geta bitnað á almenningi og dregið tennurnar endanlega úr byggingariðnaðinum. Betri er krókur en kelda.




Íbúðalánasjóður

Átt þú rétt á lækkun skulda?

Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

Sótt er um sértæka skuldaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

www.ils.is

# MICHELSEN ÚRSMIÐIR ÓSKA VILBORGU SUÐURPÓLFARA GÓÐS GENGIS

Vilborg Arna Gissurardóttir er lögð af stað áleiðis á Suðurpólinn. Alein gengur hún 1.140 kílómetra á átta vikum við gríðarlega erfiðar og krefjandi aðstæður þar sem kuldinn getur farið niður í allt að 50 gráðu frost og kröftugir heimskautastormar geta torveldað för hennar. Við slíkar aðstæður þarf Vilborg að geta treyst á góðan búnað.



Vilborg treystir á **Michelsen Watchmakers - Arctic Explorer,**
úrið sem er hannað með ferðalanga og erfiðar aðstæður í huga.

- Tveggja tíma úr, þriðji tíminn notaður til að reikna tímamismun.
- Vatnsþéttur og sterkur hágæða úrkassi úr ryðfríu stáli.
- Sjálftrekkt úrverk frá áreiðanlegum svissneskum framleiðanda.
- Fáanlegt í þremur skífulitum: hvítt, svart og blátt.
- Úrval af ólum: þrælsterkar nylon-, gúmmí- og leðurólar.

**Bjóðum Michelsen úrin á allt að sex mánaða vaxtalausum raðgreiðslum.**
Nánari upplýsingar er að finna á www.michelsen.is/sudurpollinn.

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# Bankasamband bætist við innri markað Evrópu

FJÁRMÁL



**Kristrún Heimisdóttir**
lektor í lögfræði

Bráðum verða liðin fjögur ár frá því að Evrópusambandið og aðildarríki innri markaðarins voru fyrst slegin ofsahræðslu við algjört bankahrun. Á leiðtogafundi stærstu Evrópuríkja í París 4. október 2008 náðist ekki samkomulag um samræmdar aðgerðir. Þann 6. október komst Ísland í eldlínu kreppunnar vegna setningar neyðarlaga sem ríkisstjórnir umhverfis okkur brugðust ókvæða við.

Allir þekkja framhaldið á Íslandi en í Evrópu varð bankakreppa að ríkisskuldakreppu og svo aftur að háskalegri bankakreppu þannig að valdamestu menn hafa viðurkennt að oftar en einu sinni síðustu misseri hafi litlu munað að ekki yrði allsherjarhrun.

Á áðurnefndum leiðtogafundi í París 4. október 2008 vildi Frakkland sameiginlegan bankabjörgunarsjóð Evrópu en Þýskaland svaraði „hvert land fyrir sig“. Daginn eftir, sunnudaginn 5. október, gáfu ríkin yfirlýsingar út og suður um tryggingu innistæðna í bönkum en náðu engri sameiginlegri afstöðu. Hvert ríki bjargaði sér.

Dæmi þar um er Danmörk sem gaf þessa daga út yfirlýsingu um aukna tryggingu innstæðna. Fyrst nú fyrir nokkrum dögum varð opinbert í Danmörku hversu hætt danska bankakerfið í heild sinni stóð haustið 2008. Þá sýndi danska sjónvarpið DR þjóð sinni hvað í raun gerðist þar í landi fyrir fjórum árum þegar danski efnahags- og viðskiptaráðherrann í þverpólitísku en háleynilegu samráði stýrði björgun Danske Bank á þeirri forsendu að félli sá eini banki myndi allt bankakerfi Danmerkur hrynja. Fulltrúi danskra jafnaðarmanna í samráðinu kallaði björgunina í þætti DR umfangsmestu ríkisábyrgðaryfirlýsingu allra tíma en hún reyndist samt ekki vera nóg. Á síðustu fjórum árum hafa Danir bjargað hverjum bankanum á fætur öðrum með endurteknu opinberu inngripi – svonefndum „bankapökkum“ sem bera hver sitt númer.

### Bankakreppan enn óleyst

Bankakreppa Evrópu frá 2008 er enn óleyst. Efnahagsreikningar banka sýna sem bókfærða eign óinnheimtanlegar kröfur sem margítrekuð álagspróf á Evrópuvísu nægja engan veginn til að uppræta. Ríkissjóðirnir hafa bjargað bönkum og reitt sjálfa sig á slig og geta það ekki áfram. Kreppan í heiminum er orðin að „the great recession“ eða „niðursveiflunni miklu.“ Síðasta vor var ástandið frá 2008 komið aftur. Heimsfjölmiðar lýstu viðskiptastríði Evrópuríkja vegna bankastarfsemi yfir landamæri. Hvert ríki varði sjálft sig og samskiptin hrundu vegna fjármagnsflutninga „heim“ úr útibúum erlendis, óskýrra marka á bankaeftirliti milli ríkja og óvissu um innistæðutryggingar. Það ástand þekkir enginn betur en Íslendingar. Gordon Brown þakkaði sjálfum sér að hafa bjargað heiminum 2008. Reynslan hefur sýnt hvað hann hafði rangt fyrir sér.

### Nauðsynlegt samband

Fyrir nokkrum vikum birtist opinberlega tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að reglugerð um svonefnt bankasamband Evrópu. Átökin um efni hennar eru hörð. Hún er lögð fram vegna þess að nauðsyn brýtur lög. Efni hennar hefði eitt sinn verið talið óhugsandi en ekki lengur. Og efni hennar setur stöðu Íslands haustið 2008 í nýtt ljós. Burðarvirkið er sameiginlegt evrópskt innistæðutryggingakerfi og bankaeftirlit, hratt inngrip í banka, skjót gjaldþrotameðferð banka, nákvæm fyrirmæli um samstarf þvert yfir landamæri og víðtækt hlutverk Seðlabanka Evrópu til að stjórna neyðarviðbrögðum.

Bankasamband Evrópu yrði hluti af innri markaði Evrópusambandsins sem Ísland bæði var og er hluti af. Í reglugerðinni segir að núverandi stjórnvöld á innri markaðnum, hvort sem er yfirþjóðleg eða í hverju landi, hafi ekki nægar heimildir til snemmbærs inngrips og skipta á bönkum til að geta tryggt fjármálastöðugleika. Um leið sé ljóst að til þess að ná efnahagsbata verði að viðhalda sameiginlegum innri bankamarkaði og enginn annar kostur í boði en sá að styrkja þennan markað með skýrari leikreglum sem skapa öryggi. Þetta hafi reynst mjög erfitt síðustu ár. Gögn sanni að samruni bankamarkaða í ESB sé að stöðvast. Alþjóðlegar bankasamsteypur ráði stórum hluta markaða ríkja og starfsemi lánastofnana dreifist víða á margslunginn hátt.

Engu að síður sé mat á greiðslufærni lánastofnana enn nátengt því ríki þar sem bankasamsteypur og lánastofnanir voru upphaflega settar á fót. Óvissa um sjálfbærni opinberra skulda, hagvaxtarhorfur og lífvænleika lánastofnana myndi vítahring á mörkuðum sem verði að brjótast út úr. Vandi í einu ríki geti hvenær sem er orðið vandi annarra ríkja. Bankar séu í hættu og fjármálastöðugleiki óviss. Eina lausnin sé bankasamband. Eftirlitið verði að vera yfirþjóðlegt svo gerlegt verði að ná sameiginlegum skilningi á styrk bankakerfa um alla Evrópu. Til þess séu þessar nýju reglur að eftirlitsaðilar læri lexíuna frá fjármálakreppu síðustu ára og geti fylgst með mjög flóknum fyrirtækjum með samtengdan rekstur yfir landamæri.

**➜Segja má að reglugerðin um bankasambandið sprengi hefðbundna hugsun svo upp að aldrei verði aftur snúið. Lýsingin á forsendum og tilgangi reglnanna er eins og atvikalýsing um Íslandskreppuna 2008.**

### Ísland og bankasambandið

Segja má að reglugerðin um bankasambandið sprengi hefðbundna hugsun svo upp að aldrei verði aftur snúið. Lýsingin á forsendum og tilgangi reglnanna er eins og atvikalýsing um Íslandskreppuna 2008. Nýju yfirþjóðlegu valdheimildirnar eru upptalning á því sem vantaði þegar Ísland stóð í sporum ríkis á innri markaðnum með fullt frelsi bankafyrirtækja til starfsemi hvar sem var.

Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir voru bankar sem störfuðu þvert á landamæri og voru hluti af innri bankamarkaði Evrópu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segir í tillögu sinni að reglugerð um Bankasamband Evrópu að valdheimildir skorti til að grípa inn í starfsemi banka á innri markaðnum nógu snemma til að þeir veikleikar þeirra nái aldrei að ógna fjármálastöðugleika. Það sama sögðu þeir embættismenn íslenskra stjórnvalda 2008 sem komu fyrir landsdóm. Ef reglugerðin hefði verið komin til framkvæmda 2008 hefði aldrei orðið Icesave-mál og hinum alþjóðlegu bönkum með uppruna á Íslandi verið sett alþjóðleg mörk miklu fyrr af fullu valdi yfirþjóðlegrar stofnunar. Í þessu ljósi ætti ríkisstjórn Íslands að fagna sérstaklega framkomnum tillögum í ljósi reynslu landsins og leggja áherslu á skilyrðislausan rétt minni ríkja til að verja fjármálastöðugleika sinn eins og Ísland gerði með neyðarlögum. Almenningur beitti sínu afli ítrekað í Icesave-málinu.

# Að verða foreldri

SAMFÉLAGSMÁL



**dr. Sigrún Júlíudóttir**
prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og formaður stjórnar RBF

Áhersla á eflingu foreldrahæfni með fjölbreyttri uppeldisfræðslu og þjálfun foreldra hefur aukist í vestrænum samfélögum undanfarin ár. Þá hefur þekkingu á áhrifum uppeldisaðferða á geðheilsu og þroska barna með mismunandi þarfir og á ólíkum aldri fleygt fram. Með rannsóknum hefur verið lagður grunnur að þróun markvissra aðferða til að styrkja hæfni foreldra og búa þá undir foreldrahlutverk. Ein af þeim er verkefnið Að verða foreldri.

Að eignast barn framkallar gleði og ábyrgðarkennd hjá öllum heilbrigðum manneskjum. Hins vegar er ekki alltaf viðurkennt að því fylgi nýjar skuldbindingar og oftast talsverð röskun á lífsháttum. Nokkrar vísbendingar eru um að fólk sem frestar fjölskyldumyndun og barneignum geti stundum verið verr í stakk búið til að eignast barn eftir að hafa lifað „frjálsu“ lífi fram undir þrítugt eða lengur. Á okkar tímum verður líka algengara að ung pör skipuleggja fjölskyldumyndun og velja að eignast barn á „réttum tíma“. Forgangsröð um menntun, persónuleg markmið, starfsframa og barneignir verður sameiginleg ákvörðun sem báðir aðilar vilja njóta og bera ábyrgð á í félagi. Þrátt fyrir góða skipulagningu og að allt takist vel til, hefur tilkoma barns – þegar tveir verða þrír – samt oftast í för með sér þörf á einhverri endurskoðun og nýrri aðlögun í parsambandinu.

Í okkar íslenska samfélagi fer fæðingartíðni ekki minnkandi eins og í flestum nágrannalöndum, vinnuþátttaka feðra og mæðra er meiri en víðast og hefðbundinn fjölskyldustuðningur er ekki eins áreiðanlegt bjargráð og áður. Ytri aðstæður eru því ekki alltaf hagstæðar ungum foreldrum. Íslenskar skilnaðarrannsóknir hafa sýnt að skilnaðartíðni er hlutfallslega há meðal ungbarnaforeldra.

### Erfiðleikar í parsambandi

Vitað er úr tölfræði og fjölskyldurannsóknum að fæðing fyrsta barns í parsambandi getur verið ávísun á skilnað, ef ekki er staðið nógu vel að undirbúningnum. Þegar í kringum 1960 sýndu rannsóknir aftur í tímann að meirihluti foreldra reyndist takast á við kreppueinkenni í sambandi sínu í kjölfar fæðingar fyrsta barns. Frá níunda áratug síðustu aldar hefur fjöldi langtíma samanburðarannsókna staðfest þetta og sýnt að umbreytingin í parsambandinu við tilkomu barns er alltaf mikil og áhrifin oft óvænt.

Fjöldi rannsókna, allt frá árinu 1957, sýnir að foreldrar upplifa minni ánægju í parsambandinu fyrstu árin eftir fæðingu barns.

**➜ Nokkrar vísbendingar eru um að fólk sem frestar fjölskyldumyndun og barneignum geti stundum verið verr í stakk búið til að eignast barn …**

Niðurstöður nýlegra rannsókna benda til að nú upplifi 60-90% foreldra minni ánægju í parsambandinu fyrstu þrjú árin eftir fæðingu fyrsta barns (Media, 2010).

Mat á gagnsemi námskeiðsins Að verða foreldri sýnir að mun færri foreldrar sem sóttu námskeiðið en samanburðarhópurinn segja að gæði parsambandsins hafi minnkað eftir fæðingu barnsins. Þessir feður og mæður reyndust einnig vera næmari fyrir þörfum barnanna og brugðust betur við þeim. Þá kom einnig fram að börn þeirra gráta minna og brosa meira við þriggja mánaða aldur og upplifa minni streitu við 12 mánaða aldur í samanburði við börn foreldra sem ekki sóttu námskeið (Gottman og Sapirio, 2007). Þannig stuðlar námskeiðið bæði að hamingju foreldra og vellíðan barns.

### Forvarnargildi

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) lætur sig málefni foreldra og barna varða. Námskeiðið Að verða foreldri undirbýr verðandi foreldra fyrir eitt mikilvægasta verkefni lífsins – að eignast og ala upp barn. Því er ætlað að hjálpa væntanlegum foreldrum að viðhalda og efla parsambandið samhliða foreldrahlutverkinu.

Verkefnið Að verða foreldri er ekki aðeins fræðsla fyrir verðandi og nýbakaða foreldra um undirbúning fæðingu fyrsta barns. Það felur líka í sér námskeið fyrir fagfólk og þjálfun leiðbeinenda fyrir foreldranámskeið hér á landi. Fyrir dyrum stendur að halda foreldranámskeið fyrir stúdentapör við Háskóla Íslands sem eiga von á barni og vilja búa sig undir foreldrahlutverkið.

Að verða foreldri er samfélagslegt verkefni með forvarnargildi fyrir heilbrigði í fjölskyldum. Námskeiðinu er ætlað að efla foreldrahæfni, bæta samband parsins og búa þau betur undir foreldrahlutverkið. Miklir hagsmunir eru í húfi að hlúa að fjölskyldunni á þeim umbreytingartíma sem fæðing fyrsta barns er í lífi þeirra. Það getur stuðlað bæði að hamingju foreldra og barns. Með sameiginlegum undirbúningi og með samstöðu parsins má draga úr áhættunni á skilnaði.


NÝTT Á RÚMIÐ FYRIR JÓLIN!



AÐEINS til 5. des.







JOOP!
elegante bed-linen fashion
bruno banani NOT FOR EVERYBODY

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM
30-50% afsláttur af sængurverasettum!
15% afsláttur af nýju jólasendingunni!

Þegar mjúkt á að vera mjúkt getur þú treyst okkar vörumerkjum. Betra bak er einungis með sérvalin sængurverasett, svo ekki sé talað um Aloe Vera bómullar-lökin sem slegið hafa í gegn.

Betra BAK

Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-17 • Sunnud. frá kl. 13-17

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Sími 588 8477 • www.betrabak.is




ENNEMM / SÍA / NM53280

eBækur

Rafbókin
**Reykjavíkurnætur**
og **Netið í símanum**
**í 6 mánuði** fylgir




**Samsung Galaxy S III**
Fangar jólaandann í háskerpu.

6.590 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.

Innifalið:
Rafbók og
Netið í símanum
í 6 mán.
- allt að 1 GB.



**Samsung Galaxy S III Mini**
Stundum eru minnstu pakkarnir stærstu pakkarnir.

4.190 kr.
á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 69.900 kr.

Innifalið:
Rafbók og
Netið í símanum
í 6 mán.
- allt að 1 GB.

**Nýjasta rafbók Arnalds Indriðasonar, Reykjavíkurnætur, fylgir**
með í jólapakkann fyrir GSM viðskiptavini Símans, í samstarfi við eBækur.is.

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán.gjald.

jol.siminn.is

Síminn




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir - oft á dag

# Mannfyrirlitning á ekki að líðast

MENNTAMÁL
Steinunn Gestsdóttir
Ólafur Páll Jónsson
Kristín Jónsdóttir
Jóna Ingólfsdóttir
kennarar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Í nýrri aðalnámskrá eru jafnrétti, lýðræði, heilbrigði og velferð, ásamt læsi og sköpun, skilgreind sem grunnþættir skólastarfs á Íslandi. Grunnþættir. Það sem skiptir meginmáli í menntun barna og ungmenna. Samt sem áður berast ítrekað fréttir af starfi sem tengist framhaldsskólum landsins þar sem hópar fólks eru lítillækkaðir.

Má þar nefna nýleg dæmi um busavígslur, auglýsingar, myndbönd, nemendablöð, ummæli kennara og lýsingu á íþróttaleik líkt og fjallað hefur verið um í fréttum. Yfirleitt beinist fyrirlitningin að konum. Íslenskar rannsóknir gefa einnig til kynna aukin neikvæð viðhorf í garð stúlkna og kvenna.

## Gegn grunnþáttum

Slík kvenfyrirlitning gengur gegn ofangreindum grunnþáttum menntunar. Það er með ólíkindum að það sé liðið á sama tíma og mikil vakning hefur orðið um skaðsemi eineltis.

Einnig má nefna að kynferðisleg áreitni er skilgreind í lögum sem „kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin“. Á heimasíðu Jafnréttisstofu kemur fram að kynferðisleg áreitni sé ekki eingöngu líkamleg áreitni, heldur geti t.d. grófir „brandarar“ á kostnað einstaklings eða hóps, eða klámmyndir á veggjum, talist vera kynferðisleg áreitni.

Okkur þykir leitt að beina athyglinni að þessum hliðum unglingsáranna þegar ljóst er að fáir einstaklingar bera ábyrgð á þeim atvikum sem um ræðir. Það væri ólíkt skemmtilegra að fjalla um allt það hæfileikaríka og ábyrga unga fólk sem er í framhaldsskólum landsins, enda fullt tilefni til. Nýlegar rannsóknir sýna að ungt fólk á Íslandi stendur sig sífellt betur, til dæmis hvað varðar ábyrga neyslu áfengis. Einnig er vert að benda á að fréttir hafa borist af kvenfyrirlitningu á fleiri skólastigum, svo sem innan veggja háskólanna.

En því verður ekki neitað að atburðir síðustu mánaða leiða í ljós að stúlkur verða oft fyrir kynferðislegri áreitni innan framhaldsskólanna. Ekki verður heldur fram hjá því litið að slíkt á sér oft stað í tengslum við starfsemi nemendafélaganna.

## Bregðast þarf hraðar við

Enginn getur fríað sig ábyrgð á því að tekið verði á þessum vanda – síst við sem berum ábyrgð á menntun unglinga. Sums staðar hafa verið stigin skref í þá átt. Sem dæmi má nefna verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli“ þar sem fjallað er um baráttu gegn klámvæðingu. Einnig hafa einstakir framhaldsskólar stigið jákvæð skref til að sporna við klámvæðingu. Þó er ljóst að bregðast þarf mun hraðar og markvissar við – það er óþolandi að stúlkur þurfi að sitja undir niðurlægjandi orðum, gjörðum og myndum í fjölmörgum skólum.

Við skorum á þá sem bera ábyrgð á uppeldi, þjálfun og menntun barna og unglinga að grípa þegar til aðgerða til að sporna við kvenfyrirlitningu, þar með talinn mennta- og menningarmálaráðherra, háskólakennarar sem sinna menntun fagfólks, stjórnendur framhaldsskóla og kennarar og þjálfarar unglinga. Hér eru skref sem hægt er að stíga:

- Stjórnendur framhaldsskólanna marki sér tafarlaust stefnu um hvernig megi sporna við aukinni kvenfyrirlitningu og hvers kyns niðurlægingu í garð einstaklinga eða hópa og hvernig eigi að bregðast við þegar slík tilfelli koma upp.
- Hver framhaldsskóli skili mennta- og menningarmálaráðherra áætlun um hvernig þeir innleiði námskrárákvæði er varðar jafnréttismenntun á skólaárinu 2013-2014.
- Skólastjórnendur kynni árlega fyrir skólaráði viðkomandi skóla allar ábendingar um að komið sé fram við nemendur af vanvirðingu og hvernig hafi verið brugðist við hverju tilfelli.
- Stjórnendur og kennarar framhaldsskóla verði sér út um leiðbeiningar og kennsluefni um hvernig megi stuðla að jafnrétti í skólum. Hér má m.a. benda á Kynungabók frá árinu 2010 og Jafnréttishandbók fyrir starfsfólk skóla frá árinu 2000.
- Samsvarandi fræðsla fari fram fyrir aðra sem starfa með ungmennum, svo sem þjálfara, starfsfólk félagsmiðstöðva og leiðbeinendur í vinnuskólum.
- Allir háskólakennarar sem kenna fagfólki á sviði uppeldis, þjálfunar og menntunar fái leiðbeiningar og kennsluefni um hvernig megi stuðla að jafnrétti í skólum.
- Allir háskólakennarar sem kenna fagfólki á sviði uppeldis, þjálfunar og menntunar fjalli í námskeiðum sínum um rétt nemenda á að líða vel í skólanum, hvernig megi stuðla að því og hvernig eigi að bregðast við ef svo er ekki.
- Kennarar í framhaldsskólum sem vinna með nemendafélögum eða bera ábyrgð á starfi þeirra fái skýrar leiðbeiningar um ábyrgðina sem fylgir því hlutverki.
- Félag framhaldsskólanema láti sig málið varða og stuðli að því að fjallað sé af virðingu um alla nemendur í öllu starfi nemendafélaganna.

**➜ Enginn getur fríað sig ábyrgð á því að tekið verði á þessum vanda – síst við sem berum ábyrgð á menntun unglinga.**

Það eru til margar aðrar leiðir en það eina sem gengur ekki, er að gera ekki neitt.

# Opnað eftir hádegi

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

Ásmundur Ásmundsson
verkfræðingur

Þegar bankarnir hrundu og Kauphöllin einnig afhjúpaðist sannleikurinn um hinar duldu eignir, sem gengið höfðu kaupum og sölum á íslensku markaðstorgi. Þær reyndust lítils virði og jafnvel einskis virði. Kauphöllin lokaði fyrir viðskipti og hinn sári sannleikur um uppblásnar eignir endaði í vösum launamanna. Nú máttu þeir eiga þær, enda stefndi virðið í að verða neikvætt. Það var í umsátri kröfuhafa, sem vissu sem var að heiður íslenskrar alþýðu er mikils virði. Sjálf lífsbjörgin var í húfi og viðskiptakjör á erlendum mörkuðum í uppnámi. Nú yrði að endurreisa traustið. Og kröfuhafarnir höfðu rétt fyrir sér, skattgreiðendur voru knúnir til að setja hundruð milljarða í að endurreisa efnahagslífið til að forða enn meira áfalli. Almenningur, sem hefur síðan þetta gerðist þurft að sætta sig við stórauknar persónulegar skuldir og notað sparnað til að komast af, stóð í þeirri trú að harmleikurinn um hinar uppblásnu eignir skyldi svo taka enda og við tæki opið þjóðfélag með áherslu á raunvirði og sannleika.

Þá gerist það að Sigríður Ingibjörg Ingadóttir lýsir því yfir að eitt helsta vandræðabarn hrunsins, Íbúðalánasjóður, þurfi að undirgangast breytingar, sem komi í veg fyrir núverandi ótakmarkaða ríkisábyrgð á bréfum sjóðsins og rjúfa þannig beinan og óhindraðan aðgang að skattfé landsmanna. Nei takk vinkona, það er búið að opna aftur Kauphöllina, og því má ekki tala opinskátt eða segja sannleikann opinberlega. Ríkisjóður skal bara punga út tugum milljarða þegjandi og hljóðalaust, því ekki má trufla hinn viðkvæma markað verðbréfa. Það kann að vera rétt að slíkar truflanir séu óheppilegar. En þegar svo stórt mál er á ferðinni að jafnast á við hrun á stórum banka, þá verður að gera þá kröfu til forstjóra Kauphallarinnar að hann skilji að Ísland er ekki hluti af Kauphöllinni heldur öfugt. Þess utan getur sá góði maður litið á sig sem kóng í sínu ríki, sama er mér.

**➜ Nei takk vinkona, það er búið að opna aftur Kauphöllina, og því má ekki tala opinskátt …**

Forstjóri Kauphallarinnar gerir sig svo breiðan og lýsir yfir í fjölmiðlum að hann hafi látið loka fyrir viðskipti með bréf Íbúðalánasjóðs vegna ummæla Sigríðar Ingibjargar, en láðist að gera grein fyrir því á hvaða forsendum hann opnaði fyrir þau aftur. Hann þarf þess náttúrulega ekki. Ekki nóg með það, forstjórinn ætlar að kenna þingmönnum það orðfæri sem tilhlýðilegt er í kringum höllina. Datt honum ekki í hug að ef loka þurfti viðskipti einhverra bréfa hjá sjóðnum að gera það bara þegjandi og hljóðalaust, og tilkynna þeim sem hafa áhuga á viðskiptum með bréfin að koma bara eftir hádegi?



# Girnilegar gjafir

Margar gerðir af **sælkeragjafakörfum** til að gleðja viðskiptavini og starfsfólk.
**Körfurnar koma fallega innpakkaðar í sellófani með slaufu**

Hafðu samband í síma **511 4466** eða skoðaðu heimasíðuna **www.kokkarnir.is** og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.



**Karfa nr. 1 - Kr. 4.200**

Camembert, paprikuostur, rjómaostur, Dala Brie, rauðlaukssulta, kex, sulta



**Karfa nr. 2 - Kr. 4.800**

Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, valhnetuhunang, kex



**Karfa nr. 3 - Kr. 5.500**

Camembert, piparostur, Dala Brie, Höfðingi, rauðlaukssulta, Serrano hráskinka, Jarðarberjasulta, rifsberjasulta, kex



**Karfa nr. 4 - Kr. 6.900**

Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, valhnetuhunang, reyktur lax, piparrótarsósa, salami með rósapipar, kex



**Karfa nr. 5 - Kr. 8.390**

Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, Dala Brie, Höfðingi, valhnetuhunang, reyktur lax, piparrótarsósa, salami með rósapipar, kex



**Karfa nr. 6 - Kr. 9.290**

Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, hamborgarhryggur, Serrano hráskinka, sulta



**Karfa nr. 7 - Kr. 9.690**

Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, Dala Brie, Höfðingi, kaffi, piparrótarsósa, reyktur lax, valhnetuhunang, salami með rósapipar, kex



**Karfa nr. 8 - Kr. 14.980**

Villibráðarpaté 2 tegundir, Cumberlandsósa, hamborgarhryggur, Serrano hráskinka, Höfðingi, Camembert, valhnetuhunang, kex, sulta, reyktur lax, Blinis, piparrótarsósa, salami með rósapipar



**Karfa nr. 9 - Kr. 17.950**

Brie sérpakkaður, erlendur ostur 2 tegundir, Höfðingi, Andalifur, Paté 2 tegundir, súkkulaði hazel & currant, Serrano hráskinka, salami með rósapipar, Cumberland sósa, piparrótarsósa, reyktur lax, Blinis, rifsberjasulta, Carrs kex

KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA

**www.kokkarnir.is**

# JÓLATILBOÐIN Í

# Opið alla

## Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-LEGT

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

**Tilboðsverð**

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x 80x200 | 375.800,- |
| 2x 90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 407.800,- |
| 2x100x200 | 429.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.





## Nature's Shape heilsurúm

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!



Aðeins kr. 14.477,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-RÚM

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

**Dorma-verð**

**Shape dýnur**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 58.900,- | 83.900,- |
| 90x200 | 65.900,- | 97.900,- |
| 100x200 | 75.900,- | 109.900,- |
| 120x200 | 85.900,- | 121.900,- |
| 140x200 | 99.900,- | 143.900,- |
| 160x200 | 114.900,- | 163.900,- |
| 180x200 | 129.900,- | 181.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

JÓLA- 20% AFSLÁTTUR



Dorma sængurverasett kr. 5.592,-

## Nature's Rest heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr. 10.250,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

FRÁBÆR KAUP

Nature's Bedding

**Dorma-verð**

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## SKAGEN sjónvarpssófi



ÞÆGILEGT Jóla-KYNNINGAR-VERÐ

Skagen – Áklæði
kr. 149.900,-

Skagen – Svart leður
kr. 179.900,-

Tveggja sæta sjónvarpssófi Br: 217 D: 79 H: 106 cm.

## MILANO hægindastóll

Frábært verð!



Fáanlegur í 2 litum kr. 39.900,-

## MEMORY FOAM heilsuinniskór

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!

Heilsuinniskór sem lagar sig að fætinum – einstök þægindi



1 par kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

BEST BUY




OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-16.00 • Sunnudaga frá kl. 13.00-16.00

# FULLUM GANGI!

## daga til jóla!





Dúnvörur mikið úrval!

### Shape heilsukoddar frábær jólagjöf

Shape Classic kr. 5.900,-



Þéttur

Shape Comfort kr. 5.900,-



Mjúkur

Shape Original kr. 8.900,-



Stuðningslag

### Jóla-tilboð!



TVENNU Sæng+koddi TILBOÐ

| | |
|---|---|
| Dúnsæng + dúnkoddi | kr. 15.900,- |
| Trölla-dúnsæng | kr. 13.900,- |
| Stakur dúnkoddi | kr. 4.900,- |

Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður. Koddi:15% dúnn/85% smáfiður.



### COMFORT SÆNG

kr. 25.900,-

700 gr. 70% andadúnn og 30% smáfiður.
Hlý og góð dúnsæng.
Stærð: 135x205cm.



### CARE-BOX SÆNG

kr. 37.900,-

1000 gr. 90% andadúnn og 10% smáfiður.
Ótrúlega hlý og góð haust- og vetrarsæng.
Stærð: 135x205 cm.

## DAISY svefnsófi

ÁTTU VON Á GESTUM?



**Með rúmfatageymslu**
**Svefnsvæði 120x195 cm**
**Einnig til án arma.**

| | |
|---|---|
| Daisy án arma | kr. 79.900,- |
| Daisy með örmum | kr. 89.900,- |

## COMO tungusófi

ÞÚ SPARAR 50.000.- Á COMO SÓFA MEÐ SKEMLI



**Stærð**
**Br. 267 cm**
**D. 88/159 cm**
**H. 85 cm.**
**Tveir litir**

Tilboð 129.000,-
Verð 169.900,-

Skemill 29.900,-
Verð 39.900,-

DORMA
– býður góða nótt







JÓLA- 25% AFSLÁTTUR

Ilmur mánaðarins

**Holtagörðum • Pöntunarsími 512 6800** **www.dorma.is**



**Birna Berg Haraldsdóttir, landsliðskona í handbolta**

### Æfa, æfa, æfa

„Ég verð að æfa og æfa og æfa, fæ ekkert helgarfrí. Það gefst yfirleitt voða lítill tími í annað.“



**Gísli Ásgeirsson, þýðandi**

### Hleypur hist og her

„Ég ætla að hlaupa hist og her, aðallega her, um Stór-Hafnarfjarðarsvæðið, rækta minn innri mann, kenna kettinum að heilsa og vera góður við smælingja.“



**Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi**

### Föndur, dans og skák

„Við byrjum á jólaföndri í Austurbæjarskóla í dag, ég og ættarlaukarnir mínir tveir, höldum svo þaðan út í Viðey og stígum friðardans.



**Gylfi Freeland Sigurðsson, myndlistarm. og trommari**

### Flug og tónleikar

„Ég ætla að taka flugið heim frá Akureyri í dag. Kíki svo á tónleika Ghostdigital í kvöld. Kannski fær maður sér svo eins og einn kokkteil.

# Mátulega sæt aðventa

Aðventan er tími sem margir hugsa um að gera vel við sig í mat og drykk. Til eru þó þeir sem hrýs hugur við tilhugsuninni um allan sykurinn og aðra óhollustu sem er gjarnan fylgifiskur jólaboðanna. Óttist eigi, segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hollmeti. Það er vel hægt að njóta góðs og holls matar sem leikur við bragðlaukana yfir hátíðarnar.

**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is

Ég er ekki hrifin af boðum og bönnum, ef mann langar svakalega mikið í súkkulaði eða annað gott á maður bara að borða það. Það gerist ekkert hræðilegt. Ég held að það sé verra að vera alltaf að neita sér um alla skapaða hluti, ótrúlega leiðinlegt og fúlt. Betra að fá sér smá en hófsemi er svo sannarlega af hinu góða og það er auðveldara að vera hófsamur þegar maður er ekki alltaf að neita sér um hluti. Það endar oft með ósköpum (óhófi) þegar fólk er alltaf að reyna neita sér um allt skemmtilegt og gott,“ segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir, matgæðingur og sérfræðingur í hollmeti, spurð út í hollráð fyrir þá sem vilja ganga hægt um gleðinnar dyr á matarhátíðinni sem aðventan getur verið.

### Einfalt mál að gera vel við sig

Hún segir tiltölulega einfalt mál að gera vel við sig í mat og drykk og leyfa sér reglulega sætindi án þess að ganga fram af líkamanum.

„Ég held að það sé miklu meira gaman að leyfa sér eitthvað óhollt, sætindi og annað, ef maður borðar mestmegnis hollan og hreinan mat. Þá fara sætindin líka miklu betur í mann. Lykilatriðið tel ég líka vera að borða góða, lífsnauðsynlega fitu sem margir borða ekki nóg af. Fita, eins og prótein, temprar blóðsykurinn hjá okkur og heldur honum jöfnum. Ef maður er mettur af hollum mat og næringarríkum sem og lífsnauðsynlegri góðri fitu – þá sækir maður miklu minna í sætindi. Góða fitan slær á sætindalöngun og fíkn því hún mettar okkur og lætur okkur líða vel. Svo er annað að maður borðar almennt minna þegar maður borðar næringarríkan mat almennt, því þá er líkaminn mettur af næringu sem líka slær á ofát hefur mér fundist.“

### Flestar uppskriftir þola minni sykur

Sjálf segist Ebba borða sætindi á líklega hverjum degi. „En ég baka ávallt sjálf eða útbý og nota heilnæmt og hreint hráefni. Það tekur miklu styttri tíma en fólk heldur, maður er enga stund að skella í brúntertu eða kókóskúlur sem dæmi og það tekur fjórar mínútur að henda í vöfflur. Maður er sneggri heldur en að sendast út í búð eftir pakkablöndunni.“

Eins og í annarri matseld er galdurinn við heimabaksturinn gott hráefni og ekki verra ef það er lífrænt, segir Ebba. „Ég nota pálmasykur/kókossykur. Hann er með lægri sykurstuðul en venjulegur sykur og hækkar blóðsykurinn minna, sem er heppilegt. Og svo þarf auðvitað góða fitu í kökurnar, hægt er að nota bæði smjör eða kókosolíu. Þar að auki kaupi ég eingöngu lífrænt mjöl og hamingjusöm egg.“

Að mati Ebbu þola flestar uppskriftir líka að sykurmagnið sé minnkað rækilega án þess að það bitni á bragðinu. „Ég reyni að minnka sykurinn eins mikið og ég get án þess að kakan verði vond. Ef ég væri til dæmis að nota gamla uppskrift frá ömmu myndi ég líklega minnka sykurinn um helming og byrja þar, smakka deigið til og nota stevíu, náttúrulegt sætuefni, ef til þarf að sæta meira. Segjum að við séum með uppskrift sem í eru 200 grömm af hveiti eða spelti, þá myndi ég aldrei nota meira en 100 grömm af sætu, jafnvel minna. Í gamla daga var oftar en en ekki notaður jafn mikill sykur og hveiti, eða meira jafnvel, sem er hreinasti óþarfi og alls ekkert betra. Mátulega sætar kökur eru miklu betri og fara betur í okkur en dísætar kökur.

En þegar maður er búinn að borða góðan mat í jólaboði, til dæmis kalkún eða hnetusteik og meðlæti, þá þolir maður alveg að borða smá sætt á eftir, jafnvel eitthvað sætara en maður er vanur því þá er eitthvað hollt undir í maganum sem þýðir að sætindin fara miklu betur í mann heldur en í tóman magann.“



➜ „Ég reyni að minnka sykurinn eins mikið og ég get án þess að kakan verði vond. Ef ég væri til dæmis að nota gamla uppskrift frá ömmu myndi ég líklega minnka sykurinn um helming og byrja þar, smakka deigið til og nota stevíu, náttúrulegt sætuefni, ef til þarf að sæta meira.

## CAFÉ LATTE LANGVINSÆLASTI KAFFIDRYKKURINN

Á Kaffitári í Bankastræti er Café Latte langvinsælasti kaffidrykkurinn segir Kristín Ingimarsdóttir kaffibarþjónn sem sýndi Fréttablaðinu hvernig setja eigi saman helstu drykki. Hún segir gamaldags uppáhellingu sækja í sig veðrið.




Stærð bollanna sem drykkirnir eru bornir fram í er mjög mismunandi.

# Bókabúðin þín




Tilboð 3.190,- Fullt verð 3.990,-

Útgáfuhóf
kl 16.00 í dag.
Allir velkomnir!

*Tónlist er ...tónlist*
**Arnar Eggert Thoroddsen**




Verð 6.390,- Fullt verð 7.990,-

*Stafræn ljósmyndun*
**Tom Ang**




Tilboð 4.999,- Fullt verð 6.490,-

*ð ævisaga*
**Stefán Pálsson, Anton Kaldal og fl.**




Tilboð 3.190,- Fullt verð 3.990,-

*Gerðu eins og ég - Hvati og dýrin*
**Eva Þengilsdóttir**




Tilboð 2.190,- Fullt verð 2.690,-

Útgáfuhóf
kl 14.00 í dag.
Allir velkomnir!

*Flóðhesturinn sem vildi sjá rassinn á sér*
**Kristján Hjálmars. og Salbjörg Rita Jónsd.**




Tilboð 4.290,- Fullt verð 5.290,-

*Stelpur geta allt*
**Kristín Tómasdóttir**




Tilboð 4.790,- Fullt verð 5.990,-

*Hvítfeld*
**Kristín Eiríksdóttir**




Tilboð 4.990,- Fullt verð 6.290,-

*Töfrahöllin*
**Böðvar Guðmundsson**



Tilboð 4.990,- Fullt verð 6.280,-

*Nútíminn er trunta*
**Jennifer Egan**




Tilboð 2.900,- Fullt verð 3.900,-

*Jólaréttirnir*
**Siggi Hall**




Tilboð 3.990,- Fullt verð 4.990,-

*Eftirréttir Sollu*
**Sólveig Eiríksdóttir**




Tilboð 3.990,- Fullt verð 4.990,-

Kynning í dag
kl 15.00
Allir velkomnir!

*Ljúfmeti úr lækningajurtum*
**Anna Rósa Róbertsdóttir**

svavar@skakkapopp.is



**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**

**Kynningarverð gildir til og með 07. des 2012**



**AÐEINS AÐ SKOLA SANDINN AF** Í Zaatari-flóttamannabúðunum búa nú í kringum tuttugu og fimm þúsund manns, yfir helmingurinn börn yngri en átján ára.

# Hlakka til að deila út fatapökkum

Steinunn Björgvinsdóttir, oftast kölluð Steina, starfar sem barnaverndarfulltrúi hjá UNICEF í Zaatari-flóttamannabúðunum nyrst í Jórdaníu. Þar hefur veturinn nú gengið í garð með tilheyrandi næturfrosti.




**AÐ STÖRFUM** Steinunn Björgvinsdóttir hefur starfað fyrir UNICEF frá því í apríl í vor, áður var hún hjá frjálsum félagasamtökum sem heita Terre des hommes.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is



Flestir íbúarnir búa í tjöldum og það segir sig sjálft að þegar hitinn er kominn niður fyrir frostmark á nóttunni er kalt að sofa bara með teppi,“ segir Steinunn Björgvinsdóttir, barnaverndarfulltrúi hjá UNICEF, um vetrarkuldann sem farinn er að segja til sín í Zaatari-flóttamannabúðunum við landamæri Sýrlands og Jórdaníu og búast má við að vari fram í mars. Hún segir UNICEF þess vegna hafa útvegað yfir þrjú þúsund fatapakka fyrir ungbörn. Pakkarnir innihalda allt sem þarf til að halda á þeim hita yfir veturinn, föt til skiptanna, hlýja sokka og húfur, teppi og burðarrúm fyrir þau yngstu. „Við munum byrja að deila þessum pökkum út í næstu viku og ég hlakka mikið til. Það er erfitt að horfa upp á lítil börn sem eiga bágt, og foreldrarnir geta lítið gert til að útvega það sem þarf.“

### Skólinn kominn í hús

Fyrir nokkrum dögum komu gámahús á flóttamannasvæðið við landamærin, sem hluti af íbúunum getur flutt inn í á næstunni, að sögn Steinunnar. Önnur góð frétt er að fyrir viku gat skólinn, sem starfræktur hefur verið á svæðinu í einn mánuð, flutt úr tjöldum inn í hús sem Barein, lítið ríki við Persaflóann, gaf jórdönskum yfirvöldum. „Að komast í hús er bylting fyrir þau tæplega fjögur þúsund börn á aldrinum sex til sextán ára sem ganga þarna í skóla á hverjum einasta degi,“ segir hún.

Steinunn stýrir sjö manna teymi og fer reglulega í flóttamannabúðirnar til að fylgjast með ástandinu. „Það sem ég og mitt fólk gerum er að þjálfa þá sem vinna með börnunum,“ lýsir hún. „UNICEF á Íslandi hefur safnað framlögum til aðgerða UNICEF í Sýrlandi og nágrannaríkjunum með sérstakri neyðarsöfnun sem enn er í gangi. Framlög heimsforeldra á Íslandi hafa líka runnið til verkefnisins. Okkar hlutverk hér úti er að sjá til þess að þeir sem vinna með börnunum hafi fengið þá þjálfun sem þeir þurfa á að halda og að veita þeim hjálp. Það getur verið í gegnum félagsaðstoð, sálfræðiaðstoð eða í skólunum sem við rekum. En ég sit ekki sjálf á hverjum degi inni í tjaldi með börnunum. Þó get ég aðeins talað arabísku og hef því möguleika á að hafa einföld samskipti við þau.“

### Með eigin smárekstur

Steinunn segir að frá því að flóttamannabúðirnar voru opnaðar í lok júlí síðastliðnum hafi yfir 60 þúsund flóttamenn farið þar í gegn. Sumir hafi farið áfram inn í Jórdaníu og sest að í borgum og bæjum í norðanverðu landinu, aðrir hafi snúið til baka til Sýrlands. „En fjöldinn í flóttamannabúðunum hefur haldist í kringum 25 þúsund í nokkuð langan tíma og yfir helmingur þess hóps eru börn yngri en 18 ára,“ upplýsir hún.

Hvernig skyldi svo lífið vera í flóttamannabúðunum og hvað er fólk að sýsla? „UNICEF hefur reynt að virkja fólk og skapa störf í búðunum. Samtökin hafa ráðið fólk til að sjá um alla sorphirðu og þrif og viðhald á hreinlætisaðstöðu. Þau hafa líka ráðið kringum sextíu sýrlenska kennara við skólana ásamt því að hafa sjálfboðaliða á öllum barnvænu svæðunum sem komið hefur verið upp. Sameinuðu þjóðirnar sjá um allan mat og ráða fólk til vinnu við að elda og deila út matarpökkum. Það er líka yndislegt að sjá að fólk er sjálft að opna eigin smárekstur. Það er að búa til mat úr kjúklingabaunum, selja notuð föt, ávexti og grænmeti og sumir eru komnir með saumavélar og taka að sér fatasaum og viðgerðir.“ En hafa þá aðrir íbúar peninga til að borga fyrir eitthvað? „Já, fólkið hefur reynt að grípa með sér það sem það gat þegar það lagði á flótta, þó það fé dugi auðvitað ekki um eilífð.“

### Alvöru jól

Steinunn er fædd og uppalin í hinum friðsæla bæ Stykkishólmi en hleypti heimdraganum snemma. „Ég fór ung að heiman til að mennta mig og hef ekki átt heima fyrir vestan síðan ég var 18 ára,“ segir Steinunn, sem nam alþjóðlega félagsráðgjöf í Danmörku og tók meistaragráðu í þróunarfræði frá háskólanum í Manchester. Síðan hefur hún sérhæft sig í sálfélagslegum verkefnum og búið í Amman í Jórdaníu frá árinu 2009, ásamt frönskum eiginmanni sínum. Hann starfar líka fyrir UNICEF, fyrir Svæðisskrifstofu UNICEF fyrir Norður-Afríku og Mið-Austurlönd. Fyrir tæpum tveimur árum eignuðust þau son sem byrjaður er í leikskóla og unir hag sínum vel. Hvar ætlar svo þessi litla fjölskylda að halda heilög jól?

„Við ætlum að koma heim til Íslands og það verður voða gaman. Alvöru jól með hangikjöti og öllu.“



**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA** Mikil gleði fylgdi því að fá nýtt skólahús í flóttamannabúðirnar, það var gjöf frá smáríkinu Barein.

## Dagur rauða nefsins

Dagur rauða nefsins verður haldinn hátíðlegur næsta föstudag, 7. desember. Meginmarkmiðið er að gleðja landsmenn og bjóða fólki á Íslandi að gerast heimsforeldrar UNICEF. Mánaðarleg framlög heimsforeldra renna til lífsnauðsynlegra verkefna UNICEF í þágu barna um allan heim. Framlögunum er ráðstafað eftir því hvar þörfin er mest hverju sinni og hafa meðal annars runnið til neyðaraðgerða UNICEF í Sýrlandi, Jórdaníu og nágrannaríkjunum.



Kaupum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr

# Græddu á gulli

## Í Kringlunni alla daga frá kl. 11-18





**FRÍTT VERÐMAT**
**ENGIN SKULDBINDING**



**Staðgreiðum allt gull**
hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl

**UMSAGNIR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM**

**Besta verðið!**
Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is. Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg. **Jóna Guðmundsdóttir**

**Fljót og góð þjónusta - hærra verð en hjá gullsmiði**
Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkinin áttum. Í 2 ár hafði ég reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig. **Sigurður Eiríksson**

**Ég kom** með föður mínum með skartgripi sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr. virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580.000 kr. Til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir. **Sigríður Jónsdóttir**

**Kaupum frímerki og gamla peningaseðla**



**Alla demanta**





**Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska og erlenda listmálara**

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar Guðnason, Flóka, Ásgrím Jónsson, Nínu Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttir, Jón Stefánsson, Georg Guðna, Leonardo da Vinci og fl.



**Kaupum gömul og ný úr**
Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



**Bang & Olufsen**
Kaupum nýleg, vel með farin tæki frá Bang og Olufsen.

**ERUM Á 3. HÆÐ**
**Í KRINGLUNNI** (Hjá Læknastöðinni)

**Upplýsingar og tímapantanir:**
Sverrir, s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





# Getuskipting er vandmeðfarin

Fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektors við HÍ, um hvort banna eigi getuskiptingu í hópíþróttum hjá börnum vakti mikla athygli. Skiptar skoðanir eru um málið. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ, telur að núverandi kerfi gangi vel. Vanda telur að of mikil áhersla sé lögð á keppni hjá þeim yngstu. Sigurður Elvar Þórólfsson ræddi við Vöndu og Sigurð.



## Tala máli barna sem hafa upplifað vanlíðan og niðurlægingu

Fyrirlestur sem Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands, hélt sl. þriðjudag á ráðstefnu um stöðu íþrótta í íslensku samfélagi vakti athygli. Umræðuefnið hjá Vöndu var hvort banna ætti getuskiptingu barna í hópíþróttum. Mikil umræða hefur verið um þetta málefni á samskiptasíðum á veraldarvefnum á undanförnum dögum. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, M.Sc. í íþróttasálfræði og A-landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, er ósammála því að hætta eigi að getuskipta á æfingum barna í hópíþróttum. Fréttablaðið ræddi við Vöndu og Sigurð þar sem þau lögðu fram sín rök varðandi þetta mál.

Vanda var á sínum tíma í fremstu röð sem knattspyrnukona og lék hún fjölmarga A-landsleiki á árunum 1985-1996. Að hennar mati þarf íþróttahreyfingin og þá sérstaklega Knattspyrnusambandið að átta sig á þeim vandamálum sem geta fylgt getuskiptingu og hætta að leggja áherslu á mikla keppni hjá börnum í íþróttum.

„Það sem varð til þess að ég fór af stað með þetta er að ég hef verið að safna sögum undanfarin tvö ár frá foreldrum og börnum um slæma upplifun sem tengist getuskiptingu, þessari flokkun sem á sér stað þegar við byrjum að skipta börnum upp í A-, B- og C-lið. Og ég er að tala um börn 10 ára og yngri í þessu samhengi. Sögurnar ganga út á mismunun, tár í augum og sár í litlum hjörtum. Ég hef því töluvert lengi haft áhyggjur af getuskiptingunni og vildi skapa umræðu um þau vandamál sem henni fylgja. Þá vildi ég ekki síður vekja athygli á áhrifum of mikillar keppni á börn. Ég hef á síðustu dögum heyrt ýmis rök með getuskiptingu í fótbolta og get alveg tekið undir sum þeirra, því sannarlega eru fleiri en ein hlið á þessu máli, eins og öðrum. Ég vil því ekki banna getuskiptingu en bendi á að hún er vandmeðfarin, eins og oft hefur komið fram. Ég er að vekja athygli á raunverulegu vandamáli og ég tala máli barna og foreldra, sem hafa upplifað vanlíðan og jafnvel niðurlægingu,“ segir Vanda.

### Hætta á að einhver verði út undan

Hún bendir á að getuskipting sé ekki til staðar í barnaíþróttum í fjölmörgum löndum og að hennar mati hefur það kerfi fleiri kosti en galla.

„Ég veit að þar sem börn hafa vanist því að vera ekki í getuskiptum hópum þá er það ekkert vandamál. Getuskipting getur haft í för með sér neikvæða hluti og er ein af helstu ástæðum fyrir því að henni var hafnað varðandi skólastarf á Íslandi fyrir 30 árum eða svo. Ef hópar eru flokkaðir og sorteraðir er hætta á að einhverjir verði út undan. Við eigum ekki að vera upptekin af því að sigra í barnaíþróttum. Það eru fleiri markmið með íþróttaiðkun barna en bara að búa til afreksmenn og það er mín skoðun að minni keppni hjá börnum búi til fleiri afreksmenn. Það eru til rannsóknir sem sýna fram á að við vitum ekkert hvort einhver nær langt fyrr en um eða eftir kynþroska,“ segir Vanda.

### Kappsamir þjálfarar

Hún hefur sjálf upplifað að kappsamir þjálfarar missa oft sjónar á heildarmyndinni þegar þeir eru við störf.

„Margir þjálfarar eru kappsamir og þeir telja að árangur og sigrar séu eina mælistikan. Ég hef upplifað þetta sjálf. Ég byrjaði ung að þjálfa og þegar ég var að byrja að þjálfa sinnti ég meira þeim sem voru betri. Í dag sé þessa hluti með allt öðrum augum. Það er von mín að þrátt fyrir það hafi umræðan náð eyrum einhverra þjálfara, og ekki síður foreldra, og afleiðingin verði að áhersla á keppni og það að vinna í íþróttum barna minnki, til hagsbóta fyrir öll börn, sem samkvæmt rannsóknum eru í íþróttum til að hafa gaman, læra nýja hluti og vera með vinum sínum,“ segir Vanda Sigurgeirsdóttir.



## Betra fyrir þá lakari að vera í getuskiptum hópum

Sigurður Ragnar Eyjólfsson er ekki á þeirri skoðun að banna eigi getuskiptingu á æfingum barna í hópíþróttum. Sigurður er yfirmaður fræðslumála hjá Knattspyrnusambandi Íslands. „Það eru einhverjir foreldrar sem hafa gripið þessa umræðu á lofti og tjáð sig um þetta. Ég hef ekki heyrt í neinum þjálfara sem vill breyta þessu. Það eru um 700 knattspyrnuþjálfarar sem eru að þjálfa um 16.000 leikmenn í yngri flokkum landsins. Ég er ósammála því að kerfið sem við erum að nota sé ekki gott,“ segir Sigurður og bendir á ýmsar tilraunir sem gerðar hafa verið.

„Þeir sem hafa prófað að getuskipta ekki hafa séð aðra hlið á þessu. Menn hafa mælt þann tíma sem krakkarnir voru með boltann í leik og hve oft þeir snertu boltann þar sem fimm léku gegn fimm í blönduðum liðum. Það sem kemur í ljós er að D-liðs leikmaðurinn í 5 mínútna leik var með boltann í 4 sekúndur en A-liðs leikmaðurinn var með boltann í eina mínútu. Þeir sem eru slakari fá boltann nánast aldrei og leikurinn fer bara fram hjá þeim. Þeir eru eins og áhorfendur, sem gæti leitt til brottfalls. Að mínu mati er betra fyrir þá sem eru lakari að vera í getuskiptum hópum. Þegar leikmenn mæta öðrum leikmönnum sem eru á sama getustigi þá upplifa þeir meiri árangur og þeirra upplifun er allt önnur, skora mörk, verja boltann, svo eitthvað sé nefnt.“

Sigurður er einnig ósammála því að getuskipting leiði til þess að aðeins bestu leikmennirnir fái alla athygli þjálfarans á æfingum. „Það er ekki rétt. Flestir þjálfarar sinna öllum sínum leikmönnum, vissulega eru alltaf svartir sauðir sem gera það ekki, en ég fullyrði að það eru aðeins örfáir aðilar. Foreldrar eiga ekki að sætta sig við að þjálfari sinni aðeins leikmönnum í A-liðinu. Það þarf ekki að breyta getuskiptingakerfinu til þess að laga slíkt. Það á að skipta um þjálfara í slíkum tilvikum eða senda þá á námskeið til þess að breyta þeirra hugsun. Við erum að gera eitthvað rétt. Við erum með 21.000 iðkendur og þar af 16.500 sem eru yngri en 16 ára. Þessar tölur væru ekki svona háar ef við værum ekki á réttri leið og börnin væru ánægð í fótboltanum. Auðvitað koma alltaf upp einhver atvik sem eru ekki eins og við vildum hafa þau í svona stórri hreyfingu. Það eru ekki góð rök að vilja breyta heilu kerfi til þess að laga slíka hluti. Það er rosalega mikið af mótum í boði fyrir yngri leikmenn. Heilt yfir finnst mér að þjálfarar hafi dregið úr þeim áherslum að leggja allt í sölurnar til að vinna leiki hjá þeim yngstu. Og það hefur einnig dregið úr því að einstaka leikmenn séu að fá viðurkenningar á slíkum mótum. Að mínu mati þarf að vera gott jafnvægi í hlutfallinu á milli keppni og æfinga.“

### Varasamt að leggja áherslu á sigur

Metnaður þjálfara og þeirra sem stýra gangi mála í yngri flokkum getur oft villt mönnum sýn að mati Sigurðar.

„Stærsta vandamálið sem við erum að glíma við er að það eru vel menntaðir þjálfarar sem eru að þjálfa yngstu leikmennina og þeir hafa metnað til að færa sig ofar. Þeir vilja fá tækifæri til þess að þjálfa eldri flokka. Hættan er sú er að þessi þjálfarar leggja alla áherslu á A-liðið og þar með minni fókus á þá sem eru lakari. Það er líka ákveðið vandamál að þeir sem leggja mat á störf þjálfara í yngri flokkum eru stjórnarmenn í barna- og unglingaráði. Stundum er vinningshlutfall eina viðmiðið sem þar er notað til þess að meta störf þjálfarans. Það er ekki góður mælikvarði að mæla árangur þjálfarans með því að telja sigurleikina. Við eigum miklu frekar að horfa til þess hvort það sé gaman á æfingum og fjölgun í iðkendahópnum, hvort færni leikmanna sé að aukast eða þjálfarinn sé að kenna leikmönnum eitthvað gagnlegt. Þetta eru miklu stærri atriði en sigur á einhverju krakkamóti. Við þurfum að koma þessum skilaboðum til þeirra sem eru að ráða þjálfara,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson.


„HÁSKALEG OG TÖFRANDI.“
KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR
DV
„SKEMMTILEG, FRUMLEG OG FAGURLEGA SKRIFUÐ. BÆTIR, HRESSIR OG KÆTIR.“
ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ
„KRISTÍN ER BÆÐI FYNDIN OG GAGNRÝNIN.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR
millla


„Klikkuð bók. Lesið hana!“
ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ
„Þetta er dúndur.“
EGILL HELGASON
KILJAN
„... ríghélt mér!“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
KILJAN
„Spurning hvort maður eigi eftir að lesa betri skáldsögu í haust ... “
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
KILJAN
EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL
Illska
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



**STRÍÐSFRÉTTARITARINN** Jón Björgvinsson flytur fréttir af átökum í Syrte í Líbíu 2011.

# Enn að leita að vondu köllunum

Jón Björgvinsson hefur heimsótt stríðsátakasvæði um allan heim til að flytja þaðan fréttir og myndir fyrir ýmsar sjónvarpsstöðvar og hjálparsamtök. Reglulega sjáum við hann á skjánum í fréttum RÚV, flytjandi fréttir af stríði. Hann segist ekki vera stríðsfíkill, þótt slík átök tilheyri vinnunni. Hann er ekki einu sinni viss um að þetta starf henti honum sérlega vel.

**Friðrika Benónýsdóttir**
friðrikab@frettabladid.is



Ég veit ekki hvort ég er á réttri hillu. Held að grúskblaðamennska og fréttaflutningur af í mesta lagi kartöfluuppskeru í Þykkvabænum ættu mun betur við mig. En þegar búið var að senda mig einu sinni inn í stríðsátök var ég greinilega búinn að fá stimpil sem stríðsfréttaritari. Það er misskilningur. Ég er sjálfstætt starfandi kvikmyndatökumaður og ljósmyndari og þetta er einungis hluti af verkefnunum, sem betur fer.“

Hvernig byrjaði þetta? „Eftir nám í kvikmyndagerð í London var ég í þrjú ár hjá Sjónvarpinu en varð að hætta vegna þess hversu maturinn hjá Kristjáni í mötuneytinu þar var hættulega góður. Síðan hefur hvergi verið hægt að hafa mig í fastri vinnu. Ég svara bara beiðnum sem berast. Er eiginlega mella með myndavél – með fullri virðingu fyrir þeim.“

### Ekki stríðsfíkill

Þú hefur unnið fyrir nánast allar sjónvarpsstöðvar sem skipta máli, hvernig virkar þetta? Ferð þú af stað með myndavélina á eigin vegum og selur síðan efnið eða hringir einhver sjónvarpsstöðin í þig og biður þig að fara? „Menn sjá fyrir sér að ég þurfi að stunda einhverja sölumennsku en það er ekki þannig, ég gæti ekki selt vatn í Sahara. Ég er bara eins og leigubílstjóri. Menn hoppa upp í bílinn og segja mér hvert á að fara. Það er ekki svo stór hópur sem stendur í þessu þannig að ég á orðið góð tengsl við flesta. Ég sækist ekkert eftir byssukjöftum en hafna þó heldur ekki slíkri áhættu eins og margir aðrir sem taka ekki í mál að fara á styrjaldarsvæði. Því endar það oft með því að leitað er til mín.“

Staðalímynd stríðsfréttaritara er sú að hann sæki í spennuna og adrenalínkikkið sem stríði fylgir. Þú vilt ekki kannast við það? „Ég er ekki stríðsfíkill, ef þú átt við það. Til þess þyrfti að fylgja þessu eitthvert adrenalínkikk. Ég fæ það bara ekki. Sennilega vantar í mig adrenalínið nema það hafi týnst einhvers staðar á leiðinni. Ég þekki að minnsta kosti ekki þetta kikk. Er upptekinn við annað á meðan lætin ganga yfir og yfirleitt bara að pæla í því að koma efninu frá mér og halda græjunum gangandi. Ég er til dæmis með gervihnattasendi sem gengur fyrir batteríum og þarf að hlaða, sem er auðvitað ekki auðvelt í rafmagnsleysi sem yfirleitt fylgir svona ástandi. Oft erum við ansi berskjaldaðir, bæði þegar við erum að mynda og ekki síður þegar við erum að leita að góðu gervihnattarsambandi til að skjóta merkinu upp. Í Trípólí í fyrra var það til dæmis hvergi hægt nema beint fyrir framan hótelið, sem var engan veginn góður staður að vera á í miðri skothríðinni. Ég reyndi þá bara að skríða í skjól rétt á meðan verstu hryðjurnar gengu yfir og græjurnar voru að senda efnið. Ég man ekki eftir að hafa átt neitt erfitt með að festa svefn á eftir.“

Verðurðu aldrei hræddur? „Nei, eiginlega ekki. Eða, jú, loftárásir skelfa mig, ég viðurkenni það. Þú heyrir hvininn þegar sprengjurnar koma en veist aldrei hvar þær lenda. En þá hugga ég mig við að sprengjan sem grandar þér sé sprengjan sem þú heyrir aldrei springa. Þannig að það er ákveðinn léttir þegar ég heyri sprenginguna, þótt það komi fyrir, nú síðast í Sýrlandi, að þrýstingurinn sé það nálægur að hann nái að fella mig í götuna.“

### „Þessi maður er brjálaður“

Kemur þessi skortur á ótta þér aldrei í ógöngur? „Nei, ég get ekki sagt það. En það er stundum svolítið skrítið að upplifa óttann í gegnum aðra. Í styrjöldinni í Líbanon 2006 var ég við Litani-ána með ljósmyndara sem ég vinn oft með. Ísraelski flugherinn var nýbúinn að sprengja upp brúna yfir ána og nú voru menn að stelast til að dæla bensíni yfir ána í slöngu sem dregin hafði verið á milli tveggja olíubíla sem stóðu hvor á sínum bakkanum. Ég leitaði að góðum útsýnispunkti og fann í vanhugsun ekki annan betri en að standa uppi á öðrum drekkhlöðnum olíubílnum. Svona eftir á að hyggja var það ekki sérlega gáfulegt því ísraelsku herþoturnar sveimuðu yfir og voru farnar að skjóta aðvörunarskotum. Ljósmyndaranum brá svo við að sjá mig uppi á bílnum við þessar aðstæður að hann lét ferja sig í snatri yfir ána og alla leið úr landi. Það síðasta sem ég heyrði var: „Þessi maður er brjálaður“ og hann er enn að tala um þetta skelfingaraugnablik í lífi sínu.“


**STUND MILLI STRÍÐA** Með aðdáanda í Búrkína Fasó 2012.

En þú hefur lent í því að vera barinn og tekinn til fanga oftar en einu sinni. Vekur það engan ótta? „Ég er búinn að leita að vondu köllunum í öll þessi ár, þessum illmennum sem alltaf er verið að tala um, en get vart sagt að ég hafi fundið þá enn þá. Jafnvel þótt þeir séu að berja mig í augnablikinu ímynda ég mér að þeir hljóti að vera yndislegir inn við beinið og vafalaust mjög góðir við börnin sín. Stundum þegar heitt verður í kolunum, við handteknir og búið að taka af okkur vélarnar, þá segi ég til að róa félaga mína: „Sanniði til. Þetta er bara æsingur augnabliksins. Á morgun þegar allir eru búnir að jafna sig verðum við ▶

## Mesta dramað

„Við vorum búnir að bíða vikum saman í Peshawar í Pakistan þegar Kabúl í Afganistan féll árið 2001. Þegar við fréttum að búið væri að hrekja talíbana út úr Kabúl rukum við yfir landamærin í gegnum Khyber-skarðið og komumst til Jalalabad í Afganistan. Þar voru menn hikandi við að halda lengra eftir erfiðum vegi til Kabúl en við riðum á vaðið. Allt gekk vel en við stoppuðum einu sinni á leiðinni til að setja upp gervihnattasíma og hringja. Við komumst til Kabúl en næstu tveir bílar komust aldrei í gegn. Það var ráðist á þá og fjórir fréttamenn í þeim skotnir til bana, nákvæmlega á þeim stað sem við höfðum stoppað á. Kannski hafði viðdvöl okkar stuttu áður kveikt athygli talíbana eða hreinlega bófa í þessu villta vestri. Þetta var mikið áfall og lokaði vitanlega leiðinni í kjölfar okkar. Sendibúnaðurinn sem ég þurfti kom því ekki fyrr en rúmri viku síðar. Þarna vorum við í hringiðu heimsviðburðanna einangraðir í Kabúl og komum ekki frá okkur efni nema í dropatali í borg sem erfitt var að komast um vegna vegatálma og útgöngubanns. Eftir fleiri daga svefnleysi og basl hét ég sjálfum mér að fara aldrei af stað aftur við svona kringumstæður nema með eigin klippi- og sendibúnað. Sem betur fer hefur tækninni fleygt það mikið fram að nú er það orðið mun auðveldara.“

## Íslenski þjóðsöngurinn verndarmantra

„Ég flutti upphaflega úr landi vegna mikilla og oft fyrirvaralítilla ferðalaga til að mynda eldgos. Ég varð hreinlega að búa miðsvæðis í Evrópu og stutt frá alþjóðaflugvelli. Ég hafði hitt franskan heimildarmyndaframleiðanda sem taldi fullvíst að ég kynni að taka myndir af eldgosum úr því að ég væri kvikmyndatökumaður og frá Íslandi. Það var vitanlega alrangt en þetta ævintýri stóð svo í sex ár og endaði fyrir mig í Heklugosi. Ég varð eftir á Íslandi til að kynna og stýra nokkrum þáttum í Sjónvarpinu en hin fóru öll og aldrei þessu vant án mín til Japans að mynda gos í Unzen-fjalli. Þau komu aldrei aftur úr þeirri ferð, fórust tíu talsins ásamt þrjátíu öðrum. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir því hvaða hættu við værum oft að leggja okkur í við þessar eldfjallamyndatökur. Maurice Krafft eldfjallafræðingur, sem var framleiðandinn, lét mig einu sinni kenna sér fyrstu línurnar úr íslenska þjóðsöngnum. Sagði við mig: „Jón, hverjar eru líkurnar á að franskur eldfjallafræðingur, syngjandi íslenska þjóðsönginn, verði fyrir glóandi eldskýi eða hraundranga á framandi eldfjalli?“ „Mjög litlar,“ svaraði ég. Ég ímynda mér að hann hafi gleymt að söngla Ó, guð vors lands á leiðinni upp Unzen.“

# Heilsuréttir fjölskyldunnar

*Heilsuréttir fjölskyldunnar* hefur slegið rækilega í gegn.
**Fjórða prentun komin í verslanir.**







# Heilsusúpur og salöt

Girnilegar og hollar súpur og salöt við allra hæfi.




# Pítsur

Fjöldi uppskrifta að ljúffengum pítsum og pítsugerðin verður leikur einn.







# Bollakökur og Konfekt

**Bollakökur**
Dýrindis bollakökuuppskriftir og 16 sílíkonform. Sérlega falleg og hagnýt gjöf.

**Konfekt**
Konfekt fyrir alla sælkera. Ómótstæðilegar konfektuppskriftir og 30 sílíkonform.

BÓKAFÉLAGIÐ


Í Miðafríkulýðveldinu 2010.


Með brosandi stúlkum í Kabúl 2010.


Á gamla markaðnum í Aleppo 2012.


Í Búrkina Fasó 2012.

**1 Srí Lanka 2004-2005**
Stríð Tamíltígranna og stjórnarhers Srí Lanka.

**2 Taíland 2005**
Átök í frumskógum á landamærunum við Búrma á milli stjórnarhers Búrma og Karen-ættflokksins valda flótta þeirra síðarnefndu í þúsundatali yfir til Taílands.

**3 Nepal 2005**
Ferðast um með uppreisnarmönnum Maóista í Himalajafjöllum.

**4 Kongó 2011**
Uppreisnarhermenn ráðast á þorp í austurhluta Kongó.

**5 Mið-Afríkulýðveldið 2007, 2010**
Átök skæruliða og heimavarnarsveita valda upplausn víða um landið
**2010** – Andspyrnuher Drottins ræðst á þorp í austurhluta Mið-Afríkulýðveldisins, Úgandaher kemur yfir landamærin og bætir ekki ástandið.

**6 Pakistan 2010**
Bandaríkjamenn gera loftárásir á búðir talíbana við norðvesturlandamærin. Þeir svara með hryðjuverkum og mannránum.

**7 Túnis 2011**
Arabíska vorið, barist í höfuðborginni Túnis.

**8 Egyptaland 2011**
Arabíska vorið, átök í höfuðborginni Kaíró.

**9 Líbía 2011**
Styrjöld á milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna bæði í vestur- og austurhluta landsins, höfuðborgin Trípólí fellur.

**10 Sýrland 2012**
Styrjöld sýrlenska stjórnarhersins og uppreisnarmanna.

**11 Georgía 2008**
Rússneskur her ræðst inn í Georgíu eftir innrás Georgíuhers í Suður-Ossetíu.

**12 Serbía 1992**
Serbar berjast við Króata og Bosníumenn.

**13 Kósóvó 2012**
Átök blossa upp á landamærum Kósóvó og Serbíu.

**14 Kólumbía 1985**
Barist í miðborg Bogotá, 115 falla.
**2010** – FARC-skæruliðar ráðast á þorp við landamæri Ekvador.

**15 Malí 2012**
Íslamistar og Túaregar taka norðurhluta landsins í vopnuðum átökum.

**16 Tógó 2005**
Í kjölfar umdeildra forsetakosninga brjótast út átök, hundruð falla og þúsundir flýja land.

**17 Bretland 1975**
Fjórða þorskastríðið. Fréttaritari RÚV sendur yfir víglínuna ... til Lundúna.

**18 Gasa 2011**
Sprengjum skotið yfir landamærin til Ísrael, sem svarað er um hæl.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS




**19 Líbanon 2006**
Hezbollah og Ísraelsher berjast í suðurhluta Líbanon.

**20 Írak 2003**
Bandarískur og breskur her ræðst inn í Írak.

**21 Afganistan 2001, 2006, 2011**
**2001** Kabúl fellur. **2006** – átök í Mazar-i-Sharif. **2011** – talíbanar ráðast á herstöð Bandaríkjahers í Kandahar.

**22 Kasmír 2005**
Skærur Indverja og Pakistana á landamærum ríkjanna í Pakistan.

**23 Sómalía 2011, 2012**
**2012** Al Shabab, íslamísk skæruliðasamtök tengd Al Kaída, berjast við Kenýaher í suðurhluta landsins.
**2012** – vegna aukins alþjóðlegs eftirlits við strönd Sómalíu færa sjóræningjar sig upp á skaftið í miðhluta landsins með mannránum og vopnuðum árásum.

**24 Jemen 2005, 2006, 2007, 2008**
Stjórnarher Jemen berst við uppreisnarmenn í norður- og suðurhluta landsins.

**25 Súdan 2004, 2011**
**2004** Janjaweed, arabískar hersveitir á hestbaki, berjast við uppreisnarmenn og afríska íbúa í Darfúr.
**2011** – stjórnarher Súdans berst við hermenn Suður-Súdans á landamærum ríkjanna eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Suður-Súdans.

**26 Tsjad 2007**
Stríðið í Darfúr berst yfir landamærin til Tsjad.

▸ örugglega sestir niður og farnir að drekka te með þessum mönnum og skiptast á netföngum.“ Og það gengur yfirleitt eftir. Ef ég hætti að mynda í hvert sinn sem mér er skipað að gera það gæti ég alveg alveg eins hætt í þessari vinnu. Ég reyni þó yfirleitt að koma mér undan áður en hnefarnir eru látnir tala, yfirleitt við þriðju viðvörun, þótt það komi því miður stundum fyrir að ég misreikni mig svolítið. Oft virkar líka furðuvel við svona aðstæður að brosa bara fallega. Það skilst á flestum tungumálum.“

**Sannleikurinn fyrsta fórnarlambið**

Þú hefur líka verið á mörgum svæðum sem hafa orðið illa úti í náttúruhamförum, er það mikið öðruvísi? „Já. Nú þarf ég að segja þér smá leyndarmál. Að mörgu leyti er ekkert auðveldara en að sinna fréttamennsku á stríðsátakasvæðum, svo framarlega sem þú kemst á staðinn. Um tíma skapast þar tómarúm og þú getur því valsað um og haft aðgang að því sem fréttamenn létu sig ekki einu sinni dreyma um nokkrum dögum áður. Gramsað í skúffum hjá forsetanum, labbað beint inn í fangelsi til að hitta fanga eða inn á skurðstofur að ræða við hina særðu. Flestir eru of uppteknir við að bjarga sér til að veita þér mikla athygli. Það eru heimsviðburðir að gerast hvert sem þú beinir myndavélinni. Í öðru lagi er áberandi í styrjöldum hvað menn eru reiðir og tilbúnir að hella úr þeim skálum í þá fáu fjölmiðla sem komnir eru á svæðið. Í hamförum aftur á móti lokast menn og fyllast depurð og vilja síður tjá sig. Hins vegar fylgir stríðsfréttamennskunni alltaf sú hætta að menn misnoti fréttamenn, sínum málstað til framdráttar. Fyrsta fórnarlambið í öllum styrjöldum er sannleikurinn. Það verður að vera mjög vakandi fyrir því.“

Hvað heldurðu að þú haldir þessu lengi áfram? „Þangað til í kvöld. Ég held að gamla víkingatrúin dugi best í þessum bransa. Að lifa fyrir hvern dag, falla með heiðri, komast til Valhallar og byrja svo nýtt líf næsta dag. Það er heimspeki sem hentar vel í fréttamennskunni. Maður deyr óbeint á hverju kvöldi til að byrja nýtt og vonandi betra líf næsta dag.“

## ➜ Sjónvarpsstöðvar og stofnanir sem Jón hefur unnið fyrir

**Í Evrópu**
TF1, FR2, FR3, M6 (Frakkland);
ZDF, ARD, ORF (Þýskaland);
BBC, Channel 4, London International Television, Herald Tribune Television (England);
TSR, SF, TSI (Sviss)
RAI, TVE, NRK, SR, NOS, DR, SVT, Euronews.
SÞ: Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO),UNESCO, Alþjóða fræðslumálaskrifstofan (International Bureau of Education), UNAids, ICRC, MSF

**Norður-Ameríka**
Discovery, ABC, CNN (BNA);
CBC, CTV (Kanada);
Televista (Mexíkó)

**Asía**
NHK, TBS, Kansai (Japan)


**INNRÁSIN Í KABÚL** Beðið eftir innrásinni í Kabúl með hermönnum Norðurbandalagsins í Afganistan 2001. „Parna vorum við í hringiðu heimsviðburðanna einangraðir í Kabúl og komum ekki frá okkur efni nema í dropatali í borg sem erfitt var að komast um vegna vegatálma og útgöngubanns.“



GÓÐAR JÓLAGJAFIR
ATOMIC
SKÍÐAPAKKAR MEÐ 20% AFSLÆTTI
NOTAÐ UPP Í NÝTT
Tökum notuð heilleg Carving skíði í stærðum 60 til 170 upp í bestu ATOMIC skíðin fyrir þig
SALOMON
Allt frá fjöru til fjalla
Jólagjöfin í ár
FATNAÐUR
MOUNTAIN EQUIPMENT
Mikið úrval af útivistarfatnaði
Í jólapakkann
GJAFAKORT
Góð gjöf ...
ALPARNIR
Gjafakort
UNDIRFATNAÐUR
JANUS since 1895
100% ull fyrir alla fjölskylduna
Frábær verð
SOFTSHELL BUXUR
Hinar sívinsælu Softshell buxur komnar aftur
Vatnsheldar í strets
Verð: 19.995.-
BAKPOKAR OFL.
20% Jólatilboð
Mikið úrval af bakpokum
Göngustafir
Jólatilboð: 8.995.-
SKÍÐI/BRETTI, FATNAÐUR OG HJÁLMAR
Ný vetrarlína frá Icepeak
Mikið úrval af frábærum úlpum í jólapakkann
Snjóbrettapakkar
TILBOÐ: 54.600
Bretti 125 til 165cm
Skór 39 til 46
og bindingar
Hinir vinsælu MICROspikes keðjubroddar
kahtoola
EDITORS' CHOICE GOLD 2012 BACKPACKER
Verð: 9.995.-
Geymslupoki: 1.495.-
Góð gæði
Betra verð
Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 534 2727 • www.alparnir.is

ISABEL MARANT



SAINT-LAURENT



BCBG MAX AZRIA



PROENZA SCHOULER



SAINT-LAURENT



ISABEL MARANT



CHLOE





PROENZA SCHOULER

**FYLGIHLUTIR** Fylgihlutirnir í ár eiga að vera færri og stærri. Stórir og íburðarmiklir skartgripir flikka upp á einfalda flík og eru góð lausn til gera hversdagsfatnað sparilegan. Einnig eru handtöskur afbragðs fylgihlutir og mega gjarna vera í áberandi lit. Mittisbelti, mjó eða breið, gefa gömlum kjól nýtt líf. **SKÓR** Skótískan í ár er fjölbreytileg. Herralegir spariskór, támjóir hælar, pinnahælar með böndum, hælaskór með skemmtilegum smáatriðum eða fylltur botn þar sem þægindin eru í fyrirrúmi.



BCBG MAX AZRIA

BURBERRY PRORSUM

ALEXANDER MCQUEEN

GIAMBATTISTA VALLI

ALEXANDER WANG

CHLOE

CALVIN KLEIN



SAINT LAURENT

BALMAIN

CHRISTOPHER KANE

# INNBLÁSTUR SÓTTUR Á PALLANA

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

Nú er árstími hátíðarhalda að ganga í garð og því ekki úr vegi að líta til tískupallanna eftir innblæstri að sparidressinu.

Stórir fylgihlutir, litríkar yfirhafnir, buxnadragtir og hnésíð pils eru það sem leita skal eftir fyrir þessi jólin ef marka má hönnuði heimsins. Á þessum árstíma eru yfirhafnir mikilvægur hluti af heildarklæðnaði. Litríkir pelsar settu sinn svip á tískupallana í byrjun árs, sem og síðar leðurkápur. Tilvalið er að skella eins og einu belti eða loðkraga yfir gamla kápu til að gefa henni hátíðarlegt yfirbragð.

Hnésíð pils og hið svokallaða „peplum"-snið í kjólum og toppum er áberandi í hátíðartískunni í ár. Buxnadragtir með víðum skálum og samfestingar eru skemmtilegar nýjungar. Einnig er gaman að vera í topp og buxum eða pilsi í sama munstri og lit sem gefur fallegan heildarsvip.

Iceland

NÝ VERSLUN
Á GRANDA



# Frábær opnunartilboð

Verið hjartanlega velkomin í Iceland Granda.
Hér er bara brot af opnunartilboðunum okkar!



Jóla
**Piparkökur**
**298 kr.**
350g



Malt og
Appelsín
**Hátíðarblanda**
**95 kr.**
500ml.



Fersk
**Jarðarber**
**299 kr.**
250g askja



Rauð
**Jólaepli**
í lausu
**199 kr.**
Kg.



Fersk
**Bláber**
**229 kr.**
125 g askja



Steinlausar-
og safaríkar
**Klementínur**
**149 kr.**
Kg.



**Iceland**
Hvítlaukskryddað
**Lambalæri**
**1.398 kr.**
kg.

2,5 kg. poki
**Kartöflur**
**199 kr.**



Opið frá **11 - 20** alla daga

**Engihjalla og Granda**

# Heilu skýjakljúfarnir af rusli

Gríðarlegt magn af plastpokum og rafhlöðum er urðað með hefðbundnu heimilissorpi á hverju ári. Stjórnvöld eru sögð skeytingarlaus um starfshætti endurvinnslufyrirtækja. Fræðsla um endurvinnslu og umhverfismál virðist lykilorð breytinga.



Plastpokar framleiddir í Evrópu vega jafn mikið og **2.000.000** fólksbílar.

Um **1.000.000** **sjófugla** deyr á ári hverju vegna plasts.





Þegar **15 senta** skattur var lagður á plastpoka á Írlandi dróst notkun þeirra saman um **90%.**



**70.000.000** plastpoka falla til árlega á Íslandi eða **1.120 tonn.**

**100.000** Um 100 þúsund sjávardýr finnast dauð á ári hverju vegna plasts. Þá eru ótalin þau dýr sem ekki finnast.

**2.156** með þeim plastpokum sem til falla á ári hverju á Íslandi væri hægt að hylja 2.156 turna á Smáratorgi. Turninn er um 75 metra hár.

Þrátt fyrir að Íslendingar hafi náð umtalsverðum árangri við endurvinnslu úrgangs á síðustu árum stöndum við þeim þjóðum langt að baki sem við berum okkur gjarnan saman við. Þeir sem best þekkja til vilja að fræðsla um endurvinnslu og umhverfismál verði stóraukin. Margt bendir til að almenningur sinni endurvinnslu lítt nema þegar af henni er beinn fjárhagslegur ávinningur.

**500 plastpokar á mann á ári**

Notkun einnota plastpoka hefur aukist gríðarlega á síðustu áratugum. Árið 2008 voru framleiddar 3,4 milljónir tonna af burðarpokum í Evrópu, en það samsvarar þyngd tveggja milljóna fólksbíla, að því er segir á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Hver einstaklingur innan Evrópusambandsins notar því um 500 plastpoka að meðaltali á ári.

Umhverfisáhrif plastpokanna eru mikil. Stærstur hluti þeirra er urðaður með venjulegu heimilissorpi en töluvert magn sleppur út í umhverfið með einum eða öðrum hætti. Plastið brotnar niður á mjög löngum tíma en eyðist aldrei að fullu. Það safnast saman í umhverfinu eins og þekkt er á stórum svæðum í Atlantshafi og Kyrrahafi þar sem myndast hafa „eyjar“ úr plasti sem fara stöðugt stækkandi. Árlega drepst fjöldi landdýra, sjófugla og sjávarspendýra vegna plastmengunar og spilliefni geta loðað við plastagnirnar sem berast inn í fæðukeðjuna þegar það brotnar niður.

Áætlað er að um 70 milljónir plastpoka falli til á ári hverju hér á landi. Það eru um 1.120 tonn af plasti. Langstærstur hluti þessara plastpoka fer í urðun með öðrum heimilisúrgangi en á urðunarstöðunum tekur niðurbrot pokanna nokkrar aldir, jafnvel hátt í þúsund ár. Töluvert af pokum sleppur út í náttúruna og velkist þar um í langan tíma og getur haft mikil áhrif á lífríkið. Þetta kemur fram í drögum að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 (Landsáætlun) sem nú er í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

**Brugðist við vandanum**

Mörg ríki eru þegar byrjuð að bregðast við mengunarvandanum. Kínverjar hafa til að mynda bannað ákveðna þyngd af plastpokum, nokkur ríki í Bandaríkjunum hafa bannað eða lagt á þá gjald og hjá Evrópusambandinu (ESB), hvert Íslendingar sækja flestar sínar reglugerðir í umhverfismálum, hefur verið rætt um að banna alfarið notkun á haldapokum í verslunum. Líklegra er þó talið að hagrænum stjórntækjum verði beitt til að draga úr pokanotkun. Í því felst að bannað verði að afhenda ókeypis plastpoka í verslunum, sérstakt gjald verði síðan lagt á þá og álögur svo hækkaðar í áföngum. Samkvæmt Landsáætluninni tækju þessar aðgerðir gildi í byrjun árs 2015.

**Tapaðar auðlindir**

„Plastpokar eru mikið vandamál. Þeim fylgir ekki bara sóðaskapur heldur glatast mikið af auðlindum við að búa þá til,“ segir Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice. „Það þarf um tvö kíló af olíu til að búa til eitt kíló af plastpokum og eitt kíló af plastpokum hefur álíka orkugildi og eitt kíló af olíu. Myndum við henda svo miklu af olíu? Við flytjum inn eldsneyti dýrum dómum svo það er eitthvað mjög vitlaust við þetta dæmi.“

Til að bregðast við þeim vandamálum sem fylgja plastpokunum segir Stefán að besta leiðin sé sennilega að skattleggja plastpoka og banna að afhenda einnota plastpoka án gjalds. Tekjurnar væri síðan hægt að nota til að hreinsa upp þá poka sem til falla. „Plastpokarnir eru víðast hvar seldir nú þegar en það hefur að ég held ekki haft mikil áhrif á notkunina. Í gegnum skattlagningu er hægt að stýra neyslunni eitthvað. Kannski eru 15-20 krónur of lítið. Fólk myndi hugsa sig tvisvar um ef þeir væru dýrari.“

**Horfa þarf framar í ferlið**

Stefán segir erfitt að fá fólk til að endurvinna pokana enda sé enginn sérstakur hvati til þess eins og kerfið er nú. Nauðsynlegt sé að horfa framar í ferlið að hans mati; það er að draga úr neyslunni og fræða fólk um mikilvægi endurvinnslu.

„Fólk verður að átta sig á því að plastpoki er ekki bara mengunarvandi framtíðar. Þegar við fleygjum einum plastpoka erum við að fleygja um tuttugu grömmum af olíu. Ef við margföldum það með nokkrum tugum milljóna plastpoka sem til falla á hverju ári er þetta orðin ansi há upphæð sem við höfum ekki efni á að sóa,“ segir Stefán og bætir við að mikil mengun fylgi einnig olíuvinnslunni við framleiðslu plastpokana. „Það þarf að leggja meiri áherslu á að mennta fólk svo það skilji allt ferlið og hvaða þýðingu það hefur að fleygja plastpokum. Pokarnir eru bara ekki eitthvað sem fýkur burt og næsti bæjarstarfsmaður tekur upp og urðar.“

**Urðunarhaugur á vindasömu svæði**

Ragna Halldórsdóttir, deildarstjóri á umhverfis- og fræðslusviði Sorpu, segist ekki líta á plastpokana sem vandamál. Þeir komi oftast á sorpvinnslustöðvar með venjulegu heimilissorpi þar sem þeir eru baggaðir og síðan fluttir í Álfsnes til urðunar. Þar hafi ekki orðið vart við mengun af þeirra völdum þrátt fyrir að þeir séu unnir úr olíu.

Ragna segir hins vegar að til mikils sé að vinna við að minnka notkun plastpoka. „Við þurfum að ala upp betri umhverfisvitund hjá neytendum. Það hefur ekki verið lögð mikil áhersla á kynningar sem slíkar heldur frekar á að flokka, skila og endurvinna. Upphafspunkturinn er alltaf hjá neytendum,“ segir Ragna.

Hún viðurkennir þó fúslega að plastið fjúki stundum af svæðinu og af þeim sökum þurfi að taka tillit til veðurfars. „Álfsnesið er vindasamt svæði og við þurfum til dæmis að loka svæðinu í um tuttugu daga á ári vegna veðurs. Plastið getur fokið og borist þannig út í umhverfið. Það er vissulega vandamál.“

**Milljónir rafhlaðna í ruslið**

Íslendingar fleygja hátt í tveimur milljónum rafhlaðna með hefðbundnu heimilisrusli á ári ▶

## Umbúðir fyrir 214 milljónir í ruslið

- Ætla má að um 214 milljónum króna sé fleygt beint í ruslið á ári hverju í formi skilagjaldsskyldra umbúða. Samkvæmt drögum að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013–2024 sem nú er í vinnslu hjá umhverfisráðuneytinu er um sextán milljónum áldósa, plast- og glerumbúða hent með venjulegu heimilissorpi en ekki skilað í endurvinnslu.
- Samkvæmt niðurstöðu árlegra kannana Sorpu bs. á innihaldi heimilisúrgangs leynast um fimm milljónir skilagjaldsskyldra áldósa í óflokkuðum heimilisúrgangi á höfuðborgarsvæðinu á ári hverju.
- Í drögum að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs segir að á landsvísu megi áætla að um átta milljónum dósa á landinu öllu sé hent. Miðað við að hver dós sé um fimmtán grömm að þyngd vega átta milljón dósir samtals um 120 tonn.
- Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, efast um að tölurnar sem nefndar eru í drögum að landsáætlun séu réttar enda flókið að finna nákvæmar tölur. Hann telur að dósirnar sem falla til með venjulegu heimilissorpi séu nær sex milljónum. Hann bendir jafnframt á að Íslendingar standi mjög framarlega þegar komi að endurvinnslu á skilagjaldsskyldum plast- og glerumbúðum.

## Leggjast gegn gjaldtöku

- Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök iðnaðarins leggjast gegn frekari gjaldtöku á plastpoka. Í sameiginlegri umsögn um Landsáætlunina segir að ekki séu færð sannfærandi rök fyrir álagningunni né hvernig gjaldinu verði ráðstafað. Verði hún samþykkt sé einfaldlega um að ræða enn frekari álögur á verslun og þjónustu sem og á neytendur.
- Samtökin benda á hlutverk Pokasjóðs en í hann rennur gjald vegna plastpoka. Hlutverk gjaldtökunnar sé að draga úr pokanotkun og um leið sé sjóðurinn nýttur til að styrkja verkefni sem heyra undir almannaheill; umhverfismál, menningarmál, listir, íþróttir og mannúðarmál. Samtökin leggja til að starf Pokasjóðs verði eflt og benda á rannsókn Denkstatt AG austurrískar sérfræðistofnunar sem árið 2009 rannsakaði afleiðingar þess ef engar plastumbúðir væru nýttar á mörkuðum í Evrópu. „Helstu niðurstöður voru meðal annars að án plasts myndi magn sorps 3,7 faldast (370%), losun gróðurhúsalofttegunda aukast um 61% og orkunotkun tengd plastefnunum á líftíma þeirra ykist um 57%. Því er mikilvægt að horfa á áhrif plastefna á umhverfið heildrænt en ekki horfa eingöngu til hugsanlegrar skammtímalausnar,“ segir í umsögninni.

# FREISTANDI





## Freistandi súkkulaðibitakökur

12 stk

- 125 g smjör
- 1 bolli púðursykur
- ¾ bolli sykur
- 3 msk Cadbury kakó
- 1 tsk vanillusykur
- 100 g hvítt Cadbury súkkulaði
- 100 g valhnetur
- 2 tsk lyftiduft
- 1 bolli hveiti
- 1 egg

Hitið ofninn í 160°C. Hrærið smjör, púðursykur og sykur saman þar til létt og dúnkennt. Blandið svo vanillusykri og eggi saman við. Þá er hveiti, lyftidufti og Cadbury kakói hrært saman við ásamt hvíta súkkulaðinu og valhnetunum. Notið matskeiðar við að setja 12 kúlur á bökunarpappír og bakið í miðjum ofni í 10-15 mínútur.




**Gerir gæfumuninn!**

▶ hverju. Rafhlöður innihalda spilliefni sem geta verið skaðleg heilsu og umhverfi, en meðal eiturefna sem finna má í rafhlöðum eru þungmálmarnir blý, kvikasilfur og kadmíum. Samkvæmt ársskýrslu Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2011 endurvinna Íslendingar aðeins 28% af þeim rafhlöðum og rafgeymum sem til falla á ári hverju.

Stefna stjórnvalda í úrgangsmálum byggir að miklu leyti á reglugerðum ESB. Samkvæmt nýrri reglugerð umhverfis- og auðlindaráðherra sem er í samræmi við Evrópureglugerð skal safna að minnsta kosti 25% af öllum úrgangsrafhlöðum og rafgeymum. Íslendingar hafa verið rétt yfir þessum mörkum síðustu tvö ár. Árið 2009 var hlutfallið 26% en var 28% árið 2010.

Samkvæmt Landsáætluninni er gert ráð fyrir að hlutfall endurunninna rafhlaðna og rafgeyma aukist á næstu árum. Frá septemberlokum árið 2016 skal hlutfallið vera að lágmarki 45% en vera komið upp í 65% árið 2020 og 85% árið 2024.

Þó svo að Íslendingar séu nú þegar búnir að ná gildandi markmiðum ESB (25%) er umhugsunarvert hve lítið skilar sér í raun til endurvinnslunnar. Þá má einnig velta því fyrir sér hvort ekki megi ná þeim markmiðum um endurvinnslu fyrr en gert er ráð fyrir í væntanlegri Landsáætlun.



**ÁLFSNES** 70 milljónir plastpoka falla til á ári hverju hér á landi. Langstærstur hluti þessara plastpoka fer í urðun með heimilisúrgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Óskiljanleg markmið

„Markmiðin í drögum að Landsáætlun eru mjög lág," segir Bjartmar Alexandersson, framkvæmdastjóri Grænnar framtíðar ehf. sem sérhæfir sig í endurnýtingu á raftækjum. „Það að við séum ánægð með minna en 30% endurheimtu á rafhlöðum er auðvitað fáránlegt því það þýðir að meira en 70% rafhlaðna lenda í óflokkuðu rusli og spilliefnin sem fylgja því eru gríðarleg."

Þó svo að Íslendingar standi framar en margar þjóðir þegar kemur að endurvinnslu segir Bjartmar að við séum langt á eftir þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við. „Þjóðverjar nálgast 94% endurnýtingu á almennum úrgangi. Þá eru Hollendingar að ná um 95% endurnýtingu."

Bjartmar segir aðhald íslenskra yfirvalda vera lítið sem ekkert þegar komi að aðstöðu og vinnslu fyrirtækja í endurvinnslu. Fyrirtækin sjálf séu meira og minna við stjórnvölinn og þar séu hagnaðarsjónarmiðin í forgrunni. „Það eru þrír aðilar sem stjórna þessum svokallaða ruslamarkaði; Hringrás, Íslenska gámafélagið og Gámaþjónustan. Ef þeir samþykkja ekki eitthvað sem lýtur að úrvinnslu raftækja og öðru slíku verður það einfaldlega ekki að veruleika," segir Bjartmar.

### Rafhlöður fluttar út með raftækjum

Markmið Grænnar framtíðar er að draga úr því magni rafeindabúnaðar sem endar á sorphaugum landsins og stuðla að endurnýtingu á slíkum búnaði í gegnum innlenda samstarfsaðila. Það sem safnast er svo flutt út til vottaðra endurnýtingarfyrirtækja víða um heim.

„Við fáum til okkar farsíma og önnur tæki til að endurnýta og oftar en ekki fylgja rafhlöðurnar með tækjunum," segir Bjartmar. „Á tímabili fengum við mikið af fjarstýringum og voru rafhlöðurnar þá undantekningalaust enn í tækjunum. Þetta gæti verið ein ástæða þess að svo lítið endurheimtist af rafhlöðum."

Bjartmar segir að hluti vandamálsins sé áhugaleysi, bæði hjá almenningi og yfirvöldum. „Yfirvöld nýta kraftana í annað, til dæmis virkjanamál. Vandamálin sem standa okkur nær gleymast."

Til vitnis um áhugaleysið segist Bjartmar hafa falast eftir samstarfi við umhverfisyfirvöld en þeirri fyrirspurn sé enn ósvarað. Græn framtíð hefur í millitíðinni gert samstarfssamninga við ríkisstjórnir Færeyja og Nýfundnalands.

### Virkilegt vandamál

„Endurvinnsla á rafhlöðum er virkilegt vandamál. Langstærstur hluti þeirra endar með venjulegu heimilissorpi," segir Jóhann Karl Sigurðsson, rekstrarstjóri spilliefna hjá Hringrás, sem er eitt þeirra fyrirtækja sem sjá um endurvinnslu á rafhlöðum. Jóhann Karl segir að efla verði vitund almennings og að ríki og sveitarfélög verði að koma að því máli. „Í umhverfismálum er fólk að rífast um virkjanir en mætti kannski líta sér nær," segir Jóhann Karl, sem bendir á að fyrirtækin í „ruslgeiranum" hafi sinnt kynningarmálum, til dæmis í skólum. „Hvorki ríki né sveitarfélög hafa hins vegar sýnt þessu áhuga," segir Jóhann Karl.

Jóhann Karl segir að endurskoða þurfi flokkunarkerfi við endurvinnslu hér á landi. Nú séu nokkur fyrirtæki starfandi á markaði sem hvert vinni eftir sinni stefnu. „Umhverfisráðuneytið verður að taka af skarið í þessum efnum og koma á samræmdu flokkunarkerfi," segir Jóhann Karl.

### Óásættanleg markmið

Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra segir markmiðin um endurheimtu rafhlaðna sem fram koma í Landsáætluninni ekki ásættanleg.

„Að mínu mati er 28% söfnun ekki ásættanleg, einkum með hliðsjón af því að úrvinnslugjald hefur verið lagt á rafhlöður samkvæmt lögum. Þetta hlutfall bendir til þess að úrvinnslugjaldið hafi ekki náð nægilegum árangri í þessum vöruflokki, hvað sem veldur. Reynt var að sporna við þessu lága hlutfalli með því að hækka lágmarkssöfnunarmarkmið í þrepum á komandi árum. Farin var sú leið að setja raunhæf markmið þótt ákjósanlegra sé að ná þeim fyrr. Setja á aukinn kraft í að vekja athygli á þessum markmiðum og ber Úrvinnslusjóður ábyrgð á að þeim sé náð," segir Svandís.

Þegar Svandís er spurð hvort ekki sé nauðsynlegt að fræða almenning um endurvinnslu, þá sérstaklega ef ná eigi tilteknum markmiðum, segir hún það sjálfsagt.

„Sveitarfélög og einkafyrirtæki í meðhöndlun úrgangs hafa í auknum mæli staðið fyrir fræðslu sem hefur skilað sér í aukinni meðvitund neytenda um mikilvægi endurvinnslu og þannig stuðlað að aukinni flokkun úrgangs. Það liggur fyrir að auka þarf fræðslu enn frekar og ráðuneytið áformar að fela Umhverfisstofnun það hlutverk að einhverju leyti. Þá væri æskilegt að ráðuneytið yki samstarf við menntamálaráðuneytið til að efla fræðslu um endurvinnslu í skólakerfinu."

## Hvar er rafhlöður að finna?

→ Árið 2016 skal hlutfall endurunninna rafhlaðna og rafgeyma vera að lágmarki 45% en vera komið upp í 65% árið 2020 og 85% árið 2024.

geislaspilarar
reykskynjarar
blikkskór
tannburstar
dyrabjöllur
hárskerar
heyrnartæki
hljómborð
hjartagangráðar
mælar
lófatölvur
Ferðaútvörp
strikamerkjalesarar
rafmagns
farsímar
myndbandsupptökuvélar
blóðþrýstingsmælar
upptökutæki
batterísborvél
Úr
fartölvur
reiknivélar
Símar
myndavélar
rakvélar
sjónvörp
vasaljós
tölvuleikjaspil
baðvogir
sláttuvélar
afmæliskort
rafmagnsleikföng
limgerðisklippur
Rafmagnsskrúfjárn

## Hvar liggur ábyrgðin?

→ Samkvæmt áðurnefndri reglugerð um endurnýtingu rafhlaðna og rafgeyma ber þeim sem selja og dreifa slíkum vörum „að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað gjaldfrjálst og tryggja viðeigandi ráðstöfun". Í Landsáætluninni koma fram væntingar til þess að aukning verði í söfnun í þessum úrgangsflokki. Þó segir í drögunum að „hálfu ári eftir gildistöku reglugerðarinnar er fátt sem bendir til að ákvæðið sé komið til framkvæmda. Hér þarf að verða breyting á".

→ Framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleiddir eru hér á landi eða fluttir inn. Þeir greiða svokallað úrvinnslugjald sem rennur til Úrvinnslusjóðs en þar með má segja að ábyrgðin færist frá þeim til sjóðsins. Gjaldið á að standa undir þeim kostnaði sem til fellur við að endurvinna vörurnar en Úrvinnslusjóður semur við verktaka og flutningsaðila um framkvæmdina. Þær rafhlöður sem eru endurnýttar eru flokkaðar hér á landi og sendar til Þýskalands, Englands og Belgíu þar sem þær eru bræddar niður en úr rafhlöðunum fæst sink og stál svo dæmi sé tekið.

→ Í Landsáætluninni segir að „setja þarf aukinn kraft í söfnun til að ná markmiðunum fyrir árin 2016, 2020 og 2024. Miðað við núverandi endurnýtingarhlutfall virðist augljóst að stór hluti færanlegra rafhlaðna og rafgeyma endar í óflokkuðum úrgangi. Þar þarf að verða breyting á svo sem með aukinni fræðslu til almennings og bættri aðstöðu til að skila af sér rafhlöðum og rafgeymum í verslunum og í þar til gerð ílát á vinnustöðum og heima við".

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Greinin er hluti af samstarfsverkefni Fréttablaðsins og nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

**Umsjón:** Svavar Hávarðsson, svavar@frettabladid.is
**Höfundar:** Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is
Sunna Stefánsdóttir, sus5@hi.is






Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# Mögnuð upplifun að taka LSD

Skömmu eftir að stofnandi og aðalhugmyndasmiður Apple, **Steve Jobs**, lést í október á síðasta ári kom ævisaga hans út en hún var samin að undirlagi Jobs sem hafði þó engin afskipti af endanlegri gerð verksins. Hér er gripið niður í 3. kafla bókarinnar sem nýkomin er út í íslenskri þýðingu. Þar segir af háskólaárum Jobs, matarárattu, innhverfri íhugun og LSD-neyslu.

**Steve Jobs**
Höfundur **Walter Isaacson**
Þýðandi **Helga Soffía Birgisdóttir**
Útgáfa **Sena**
Fjöldi síðna **620**

### Chrisann Brennan

Þegar líða tók að lokum síðasta misseris Jobs í Homestead, á vordögum 1972, fór hann að eiga vingott við stúlku sem hét Chrisann Brennan, sem var jafnaldri hans en á fyrsta ári í skólanum. Hún var afar lagleg með ljósbrúna lokka, græn augu, há kinnbein og fínlegt yfirbragð. Hún var einnig að ganga í gegnum skilnað foreldra sinna og það gerði hana berskjaldaðri en ella. „Við unnum saman að hreyfimynd og byrjuðum síðan saman og hún var fyrsta alvöru kærastan mín," sagði Jobs. Brennan sagði síðar: „Steve var svolítið klikkaður. Þess vegna varð ég skotin í honum."

Klikkun Steves var af því tagi sem maður ræktar með sér. Hann var þá þegar byrjaður á tilraunum með áráttukennt mataræði og át aðeins grænmeti og ávexti enda var hann mjög grannur og spengilegur. Hann hafði tamið sér að stara á fólk án þess að depla augum og hafði náð fullkomnum tökum á því að þegja löngum stundum og rjúfa svo þagnirnar með skyndilegum orðaflaumi. Þessi einkennilega blanda af ákafa og fálæti, í bland við axlasítt hárið og tjásulegt skegg, léði honum yfirbragð sturlaðs seiðmanns. Hann sveiflaðist á milli þess að vera sjarmerandi og óþægilegur. „Hann þvældist um og leit út fyrir að vera hálfbilaður," sagði Brennan. „Hann var haldinn miklum kvíða. Það var eins og hann væri umluktur gríðarlegu myrkri."

Jobs var farinn að taka sýru og hann kom Brennan upp á það líka, á hveitiakri rétt utan við Sunnyvale. „Það var frábært," sagði hann. „Ég hafði verið að hlusta mikið á Bach. Allt í einu fór hveitiakurinn að spila Bach. Þetta var stórkostlegasta tilfinning sem ég hafði upplifað fram að þessu. Mér leið eins og hljómsveitarstjóra í sinfóníu Bachs sem ómaði í hveitigrasinu."

•••

### Reed College

Sautján árum áður höfðu foreldrar Jobs strengt heit um leið og þau ættleiddu hann: Hann færi í háskóla. Þau höfðu því lagt hart að sér og sparað samviskusamlega í háskólasjóð, sem var ekki stór en dugði þó til þegar hann útskrifaðist úr framhaldsskóla. En Jobs, sem sífellt varð þrjóskari, gerði þeim ekki auðvelt að efna loforðið. Í fyrstu velti hann því fyrir sér að sleppa alveg háskólanámi. „Ég hugsa að ég hefði líkast til farið til New York ef ég hefði ekki farið í háskóla," sagði hann þegar hann velti því fyrir sér hversu ólíkt líf hans – og kannski okkar allra – hefði verið ef hann hefði valið þá leið. Þegar foreldrar hans lögðu hart að honum að fara í háskóla brást hann við með yfirvegaðri frekju.

Hann tók ekki í mál að fara í ríkisskóla eins og Berkeley, þar sem Woz var, þrátt fyrir að skólagjöldin væru mun viðráðanlegri. Hann vildi heldur ekki skoða Stanford, sem var í næsta nágrenni og myndi líklega bjóða honum skólastyrk. „Krakkarnir sem stunduðu nám í Stanford vissu strax hvað þeir vildu verða," sagði hann. „Þeir voru í raun ekkert listrænir. Mig langaði að vera í skóla sem væri meira listrænn og spennandi."

Þess í stað heimtaði hann að sækja aðeins um inngöngu í Reed College, einkarekinn listaskóla í Portland í Oregon, sem var einn af dýrustu skólum landsins. Hann var í heimsókn hjá Woz í Berkeley þegar faðir hans hringdi til að láta hann vita að honum hefði borist bréf frá Reed þar sem honum var boðið pláss. Hann reyndi að fá hann ofan af því að þiggja það. Það gerði móðir hans líka. Þau sögðust ekki ráða við skólagjöldin. En sonur þeirra svaraði með afarkostum: Ef hann kæmist ekki í Reed þá færi hann ekki í háskóla. Þau gáfu sig, eins og venjulega.

Það voru einungis eitt þúsund nemendur í Reed, helmingi færri en í Homestead High. Skólinn var þekktur fyrir frjálslyndan hippalífsstíl, sem fór svolítið einkennilega saman við miklar akademískar kröfur og stífan kjarna námsefnis. Fimm árum áður hafði Timothy Leary, helsti lærimeistari í speki skynörvandi uppljómunar, setið með krosslagðar lappirnar í matsalnum í Reed á háskólafyrirlestraferðinni sinni League for Spiritual Discovery (LSD) og messað yfir lýðnum: „Eins og allar stórar trúarhreyfingar sögunnar leitum við að guðdómnum hið innra … Þessi fornu markmið skilgreinum við í myndhverfingu samtímans – kveikja á, stilla inn, hverfa frá." Margir í Reed tóku öll þrjú boðin alvarlega, meira en þriðjungur nemenda skólans á áttunda áratugnum hvarf frá námi.

Þegar kom að því að Jobs skyldi innritast um haustið 1972 óku foreldrar hans honum til Portland, en í enn einni uppreisninni vildi hann ekki leyfa þeim að koma með sér inn á lóðina. Reyndar sleppti hann því meira að segja að kveðja þau og þakka fyrir sig. Hann rifjaði þetta upp síðar með sjaldséðri eftirsjá: Þetta er eitt af því sem ég virkilega skammast mín fyrir í lífinu. Ég var ekki mjög tillitssamur og ég særði tilfinningar þeirra. Ég hefði ekki átt að gera það. Þau höfðu lagt svo mikið á sig til að koma mér þangað, en ég vildi bara ekki að þau væru þarna. Ég vildi ekki að neinn vissi að ég ætti foreldra. Ég vildi vera eins og munaðarleysingi sem hefði flækst um landið með lestum og bara allt í einu birst þarna, með engar rætur, engin tengsl, engan bakgrunn.

Seint um árið 1972 varð grundvallarhugarfarsbreyting innan bandarískra háskóla. Áhugi þjóðarinnar á Víetnamstríðinu og herkvaðningunni sem því fylgdi fór minnkandi. Pólitísk aðgerðastefna í háskólum dvínaði og margar samræður á síðkvöldum snerust í stað hennar um leit að leiðum til sjálfsræktar. Jobs varð fyrir miklum áhrifum af ýmiss konar bókum um andleg málefni og uppljómun, ber þar sérstaklega að nefna Be Here Now, sem var leiðarvísir um hugleiðslu og undraheim ofskynjunarlyfja eftir Baba Ram Dass, sem áður hét Richard Alpert. „Hún var stórbrotin," sagði Jobs. „Hún breytti mér og mörgum vinum mínum."

Nánasti vinur hans á þessum tíma var annar nýnemi með jafnrytjulegan skeggvöxt, Daniel Kottke, sem hafði hitt Jobs viku eftir að þeir hófu nám í Reed og deildi áhuga hans á zen, Dylan og sýru. Kottke var úr fínu úthverfi í New York, hann var klár en lágstemmdur, blómabarn að háttalagi sem virkaði enn mýkri týpa vegna áhuga hans á búddisma. Sú andlega leit hafði leitt hann til þess að hafna veraldlegum eigum en honum fannst engu að síður mikið til segulbandsspilara Jobs koma. „Steve átti TEAC-græjur með tveimur spólum og svakalegt magn af Dylan-bútleggum," sagði Kottke síðar. „Hann var bæði mjög svalur og hátæknilegur."

•••

Þeir Kottke höfðu gaman af þýsku skákafbrigði frá nítjándu öld sem kallast Kriegspiel, þar sem menn sitja bak í bak, hvor með sitt taflborðið og taflmenn, svo þeir sjá ekki taflborð og taflmenn andstæðingsins. Dómari lætur vita hvort leikur sem leikmaður vill leika er leyfilegur eða ekki og leikmenn verða að reyna að átta sig á því hvar taflmenn andstæðingsins eru. „Klikkaðasta skák sem ég fór í með þeim var í slengjandi slagveðri við arineld," sagði Holmes, sem gegndi hlutverki dómara. „Þeir voru á sýrutrippi. Þeir tefldu svo hratt að ég átti í mesta basli við að halda í við þá."

Önnur bók sem hafði gríðarleg áhrif á Jobs þetta fyrsta ár í háskóla var Diet for a Small Planet eftir Frances Moore Lappé, sem fjallaði um þann ávinning sem hljóta má af grænmetisfæði, bæði persónulegan og plánetunnar vegna. „Þá hætti ég eiginlega alveg að leggja mér kjöt til munns," sagði hann. En bókin ýtti einnig undir tilhneigingu hans til að leggjast í mjög öfgakennda matarkúra, sem fólu í sér úthreinsun, föstur eða að éta eingöngu eina eða tvær fæðutegundir, svo sem gulrætur og epli, vikum saman.

Jobs og Kottke gerðust grænmetisætur af fullri alvöru fyrsta árið í Reed. „Steve tók það enn alvarlegar en ég," sagði Kottke. „Hann lifði á Roman Meal morgunkorni." Þeir versluðu hjá kaupfélagi bænda þar sem Jobs keypti kassa af morgunkorninu, sem entist honum út vikuna, og stórar pakkningar af heilsufæði. „Hann keypti stóra kassa af döðlum og hnetum og haug af gulrótum, síðan fékk hann sér Championsafapressu og við bjuggum til gulrótarsafa og gulrótarsalöt. Það gekk einu sinni sú saga að Steve hefði einu sinni orðið appelsínugulur á litinn af öllu þessu gulrótaráti og það er nokkuð til í því." Vinir hans muna eftir því að hafa séð hann stundum með appelsínugulan blæ yfir sér.

•••

### … hverfa frá

Jobs varð fljótlega leiður á háskólanum. Honum fannst gaman að vera í Reed, bara ekki gaman að sitja skyldunámskeiðin. Í raun varð hann undrandi yfir að komast að því að þrátt fyrir allan hippablæinn á skólanum giltu mjög strangar kröfur um námskeið. Þegar Wozniak kom í heimsókn veifaði Jobs stundatöflunni framan í hann og sagði: „Þeir láta mig taka alla þessa kúrsa." Woz svaraði: „Já, það er það sem þeir gera í háskóla." Jobs neitaði að sækja þá tíma sem hann var skráður í og fór þess í stað í þá sem hann langaði til að mæta í, eins og danstíma þar sem hann gat bæði leyft sköpunarkraftinum að njóta sín og hitt stelpur. „Ég hefði aldrei neitað að taka skyldukúrsana, þar er munur á persónuleikum okkar," sagði Wozniak kíminn.

Jobs sagði síðar að hann hefði einnig verið kominn með samviskubit yfir því að eyða svo miklu af sparifé foreldra sinna í nám sem honum fannst ekki þess virði.



„Allt sparifé foreldra minna fór í að greiða háskólagjöld fyrir mig," sagði hann í frægri ræðu til útskriftarnema í Stanford. „Ég hafði ekki hugmynd um hvað ég vildi gera í lífinu og enga hugmynd um hvernig háskólinn átti að hjálpa mér að komast að því. Og ég var að eyða öllu því fé sem foreldrar mínir höfðu safnað um ævina. Svo ég ákvað að hverfa frá námi og treysta á að þetta myndi allt einhvern veginn reddast."

Hann langaði í rauninni ekki til að fara frá Reed, hann vildi bara hætta að greiða skólagjöldin og sitja námskeið sem hann hafði engan áhuga á. Það merkilega er að Reed leyfði þessu að viðgangast. „Hann var ákaflega fróðleiksfús og það var mjög heillandi," sagði deildarforseti yfir málefnum stúdenta, Jack Dudman. „Hann neitaði að gangast umhugsunarlaust inn á viðtekin sannindi og hann langaði til að skoða allar hliðar á sjálfum sér." Dudman leyfði Jobs að sækja tíma og gista hjá vinum á stúdentagörðunum eftir að hann hætti að greiða skólagjöldin.

„Um leið og ég hætti í skólanum gat ég sleppt því að taka skyldunámskeiðin sem mér leiddust og farið að sækja tíma í þeim sem vöktu áhuga minn," sagði hann. Þar á meðal var kúrs í skrautritun sem hann fékk áhuga á eftir að hafa séð auglýsingaspjöld í skólanum sem voru listilega handskrifuð. „Ég lærði um serif og sans serif, um hvernig breyta má bili á milli mismunandi bókstafasamsetninga, um hvað það er sem gerir góða prentlist góða. Þetta var fallegt, sagnfræðilegt, listilega hárfínt á hátt sem vísindin geta ekki fangað og mér fannst þetta heillandi."

Þetta var enn eitt dæmið um hvernig Jobs staðsetti sig meðvitað á mótum lista og tækni. Í öllum framleiðsluvörum hans var þess gætt að tæknin færi listavel saman við frábæra hönnun, fágun, mannlega þætti og jafnvel rómantík. Hann var í fararbroddi þeirra sem studdu að grafískum og notendavænum viðmótum. Skrautritunarnámið átti eftir gegna stóru hlutverki að því leyti. „Ef ég hefði aldrei litið inn í þennan ákveðna tíma í háskóla hefði Makkinn aldrei haft fjölbreytt úrval leturgerða eða samræmt bil á milli fonta. Og þar sem Windows hermdi einfaldlega eftir Makkanum er líklegt að engin einkatölva hefði búið yfir þessu."

Jobs skrimti í sínum bóhemíska lífsstíl á jöðrum háskólasamfélagsins. Hann gekk oftast berfættur en klæddist sandölum þegar snjóaði. Elizabeth Holmes útbjó máltíðir fyrir hann og reyndi að halda í við áráttur hans varðandi mataræði. Hann safnaði gosflöskum til að fá skilagjaldið, hélt áfram að mæta í Hare Krishna-hofið á sunnudögum til að fá ókeypis máltíð og klæddist dúnúlpu í ókynta bílskúrnum sem hann leigði fyrir 20 dollara á mánuði. Þegar hann vantaði peninga tók hann að sér að dytta að rafeindabúnaði fyrir rannsóknarstofu sálfræðideildarinnar sem notaður var í tilraunum á dýrahegðun. Chrisann Brennan kom annað slagið í heimsókn. Samband þeirra hökti stefnulaust áfram. En oftast nær sinnti hann hræringum í eigin sálarkimum og persónulegri leit sinni að uppljómun.

„Ég óx úr grasi á töfrandi tímum," sagði hann síðar. „Meðvitund okkar var hafin upp af zen og líka með LSD." Hann hélt því enn fram síðar á lífsleiðinni að ofskynjunarlyf hefðu átt sinn þátt í að færa sig nær því að öðlast uppljómun. „Það var mögnuð upplifun að taka LSD, ein af þeim mikilvægustu á ævi minni. LSD sýnir manni að það er til önnur hlið á peningnum og maður man hana ekki þegar áhrifin dvína, en maður veit af henni. Það styrkti mig í trúnni á hvað skiptir máli – að skapa stórkostlega hluti í stað þess að búa til peninga, að veita hlutum aftur út í straum sögunnar og mannlegrar samvitundar að eins miklu marki og mér var unnt."

FYRIR LÍSU EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

# „UPPLYFTANDI“

GUNNÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR, BÓKMENNTIR.IS



**Steinunn Sigurðardóttir** er einn ástsælasti rithöfundur þjóðarinnar. Bækur hennar hafa fengið fjöldan allan af viðurkenningum hér heima og erlendis.

Martin Montag ákveður að hafa uppi á stúlku sem hann kynntist ungur læknanemi, en það hrindir af stað atburðarás sem hann missir alla stjórn á. Úr verður reyfari, farsi, harmleikur. **Sjálfstætt framhald skáldsögunnar Jójó, sem fór sigurför á síðasta ári.**

BJARTUR




„Meistari íroníunnar“
SÜDDEUTSCHE ZEITUNG
UM SÓLSKINSHEST

★★★★½
MORGUNBLAÐIÐ

Jójó, síðasta bók höfundar, var bók ársins að mati bóksala. Var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna

Hjartnæm, áleitin og skemmtileg saga.
MORGUNBLAÐIÐ

3. SÆTI
Eymundsson metsölulistinn
21.11.12 - 27.11.12
Innbundin skáldverk, ljóðabækur & hljóðbækur

„Fallega skrifuð, áhugaverð og skemmtileg bók sem fyllsta ástæða er til að mæla með.“
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝ SKÁLDSAGA EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKARINNAR AFLEGGJARINN




UNDANTEKNINGIN EFTIR AUÐI ÖVU ÓLAFSDÓTTUR

# „OPINBERUN“

– LE MONDE UM AFLEGGJARANN



**Auður Ava Ólafsdóttir** er stjórstjarna í evrópskum bókmenntaheimi. **Afleggjarinn** og **Rigning í nóvember** hafa farið sannkallaða sigurför.

Flóki, eiginmaður söguhetjunnar kemur út úr skápnum og flytur til nafna síns og samstarfsmanns. Í kjallaranum býr dvergurinn Perla sem leggur stund á hjónabandsráðgjöf og ritstörf og situr ekki á sínum góðu ráðum.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK


markhonnun.is
-22%
1.792
ÁÐUR 2.298 KR/KG
LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
KJÖTSEL
-31%
KEA
LAMBA-HAMBORGAR-HRYGGUR
1.793 KR KG
2.598KR/KG
TRUFFLUR
3 TEG 300 G
489 KR STK
TOBLERONE
DÖKKT 400 G
798 KR STK
ROSES
800 G
359 KR STK
1.989 KR PK
ORANGE/MINT
CREAMS
90 G/PK
COOP
LOFTKÖKUR
250 G
499 KR PK
RAUÐKÁL
COOP
720 G
239 KR STK
MAISKORN
COOP
3X200 G
359 KR PK
Allt fyrir jólapakkann
netto um jólin
Kræsingar & kostakjör



## HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

-30%

**1.749**

ÁÐUR 2.498 KR/KG

KJÖTSEL



-25%

HUMAR Í SKEL
1 KG

**3.449** KR/KG
4.598KR/KG

NETTÓ KJÚKLINGA-BRINGUR



**1.990** KR/KG

OKKAR LAUFABRAUÐ
8 STK




**994** KR/PK

GRÆN VÍNBER

-50%



**399** KR/KG
798KR/KG

FIFTY SHADES TRÍLÓGÍAN
- Á ENSKU




2000 KR AFSLÁTTUR

**5.998** KR/PK

THE HUNGER GAMES TRÍLÓGÍAN
- Á ENSKU




**6.998** KR/PK

ÚTKALL
SONUR ÞINN ER Á LÍFI




**3.569** KR/STK

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



Skemmtilegu jólagjafirnar
BT
SAMSUNG 11,6"
69.900
Samsung NP305U1A
Skjár: 11,6" LED HD -200nits
Örgjafi: AMD Dual E-450 1.6GHz
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
SKULL CANDY heyrnartól
10.999
HESH 2
7.899
Lowrider
5.899
Uprock
íslensk tónlist
3.799
Ríó tríó 3CD
2.499
Sverrir Bergmann
2.199
Friðrik Ómar
2.399
Jónas Sig.
2.499
Friðrik Dór
2.199
Hreimur
2.499
Egill Ólafs
2.499
Ásgeir Trausti
SAMSUNG 15,6"
89.900
síðustu eintökin!
Samsung RV515-S04SE
Skjár: 15,6" 1366x768 LED
Örgjafi: AMD Dual-Core E-450
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
ION plötuspilarar
12.999
14.999
24.999
Ion Plötuspilarar með USB - gömlu plöturnar yfir í tölvu
myndir/þættir
4.999
Frozen Planet
2.699
Giant Egg
3.299
Mið-Ísland
2.899
Svartur á leik
SAMSUNG stærðin skiptir máli!
51"
179.900
Samsung 51" plasma E455
1024x768 (720p) - HD Ready - 600Hz
219.900
Samsung 51" plasma E495 3D
1024x768 (720p) - HD Ready - 600Hz
51"
Full HD 1080
gæði og gott verð!!
219.900
Samsung 51" plasma E535
1920x1080p - Full HD - 600Hz
Kíktu á nýja og glæsilega jólabæklinginn okkar á
Skemmtilegu jólagjafirnar fást í BT
65 síður
www.BT.is
Wii U nýr heimur, ný upplifun!
svört premium
77.900
hvít basic
66.900
nánar á www.BT.is og í BT jólabæklingnum
Wii U leikjatölva
1080p Full HD leikjaspilun.Nýtt stjórnborð m. 6,2" 16:9 snertskjá.
Innbyggðri hreyfiskynjun, myndavél,
hátalara og hljóðnema.
10.999
10.999
13.999
11.499
11.499
8.499
11.999
leikir
11.999
12.999
11.999
10.999
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444

# Með hausinn af Gretti úti í garði

Fæstir Íslendingar finna fyrir sérstöku návígi við fornsögurnar. Hjá mörgum ábúendum sögufrægra bóla hefur punkturinn hins vegar ekki enn verið settur aftan við sögurnar. Jón Sigurður Eyjólfsson flandraði um sögustaði Grettlu og kom meðal annars við á Bjargi þar sem Grettir Ásmundsson bjó. Ábúandinn þar gnístir tönnum þegar talið berst að vígi Grettis, því níðingsverki.



**Jón Sigurður Eyjólfsson**
jse@frettabladid.is

Grettissöguflandrið hefst í Viðvík þar sem Þorbjörn öngull, banamaður Grettis, bjó. Ekki má þó gera minna úr hlut Þuríðar, fóstru öngulsins, en það voru vélráð hennar sem réðu úrslitum í viðureign Skagfirðinga við Gretti.

Í Viðvík býr nú Kári Ottósson og Guðríður Magnúsdóttir kona hans. Kári var óvopnaður þegar blaðamann bar að garði en þá hafði bóndinn nýlokið heyönnum. Hann var ekki lengi að taka við sér þegar blaðamaður spurði hvort Grettis saga væri ábúendum í Viðvík hugleikin.

**Seiðkonan hefur áhrif enn**

„Það er varla annað hægt," segir Kári og snýr sér til norðurs. „Sérðu þúfuna þarna?" Blaðamaður játar því. „Það sést nú kannski ekki vel héðan en þarna undir er Kirkjusteinn. Þar undir liggur fóstran Þuríður." Þeir ganga í átt að steininum. Þuríður þessi var seiðkona og er skemmst frá því að segja að fjölkynngi hennar beit betur en vopn allra Skagfirðinga þegar kom að atlögunni að Gretti. Hún lagði álög vond á rekavið nokkurn og lét hann svo reka að Drangey þar sem þræll Grettis tók við honum. Þegar Grettir ætlaði að höggva viðinn rann saxið af skaftinu svo garpurinn hjó óvart í læri sér. Komst sullur mikill í sárið svo hann var orðinn helsár þegar Þorbjörn öngull loks leitaði lags og sótti að honum liggjandi á fleti sínu.

„Ég veit ekki hvort hægt sé að segja að hún sé enn að," segir Kári þegar komið er að Kerlingarsteini. „En hitt veit ég að það fer alltaf að rigna þegar það er slegið hér á blettinum, það bregst ekki. En að öðru leyti hefur hún hægt um sig," segir bóndinn og brosir við.

Á ofanverðri 19. öld dvaldi í Viðvík ungur maður, Rögnvaldur Jónsson, síðar ábúandi á Þröm. Sagt er að hann hafi séð til konu nokkurrar sem vísast var ekki af þessum heimi og var það mál manna að þar hafi Þuríður verið á ferli.

**Þar sem öngullinn geymdi Grettishaus**

En hún er ekki sú eina sem á jarðneskar leifar sínar í túninu við Viðvík því hausinn á Gretti hafði þar viðkomu. Þannig er mál með vexti að Þorbjörn öngull hugðist fá fé fyrir vígið og í þeim tilgangi ætlaði hann að mæta með hausinn á þing. Grettisbúr var sá staður nefndur er höfuðið var geymt svo blaðamaður spyr, meðan rölt er að tóftum gamla fjárhússins, hvort vitað sé hvar þetta var.

„Mér skilst að Grettisbúr hafi verið við fjárhúsin gömlu hér í Viðvík og þau voru í þessum tóftum hérna," segir hann og stígur fæti á tóftir fyrir norðan kirkjuna. „Ætli Grettisbúr hafi bara ekki verið hér," segir Kári þegar hann hefur fundið álitlegan stað í tóftunum.

**Konur eru sterkari en karlar**

Viðvík hefur yfir fleiri sögufrægum ábúendum að státa en þar bjó Þorgils skarði Böðvarsson eins og sagt er frá í Sturlungu. Var hann gleðimaður mikill svo samkvæmislífið var með miklum ágætum í þá tíð. En fleiri gleðimenn koma við sögu á flandrinu því blaðamaður lagði lykkju á leið sína út á Reykjaströnd og kom við á Glaumbæ. Þar bjó Glaumur á sínum tíma og hafði Grettir Ásmundarson svo gaman af þeim fýr að hann tók karlinn með sér til Drangeyjar. Eftir víg Grettis gerðist hins vegar gamanið grátt hjá Glaumi og þótti Þorbirni öngli hann svo leiðinlegur að hann drap hann til að losna við vælið í honum.

Loks er komið að Reykjum en þar er gott að bregða sér í sjósund vilji maður upplifa Grettlu en Grettir kom þar að landi þegar hann synti frá Drangey. Er hann lá nakinn í lautu eftir sundið kom þar að griðkona nokkur og gerði að gamni sínu þegar hún sá hvað hann var lítt vaxinn niður. Nú er hins vegar vel látið að sundgestum á Reykjum. Þegar blaðamaður fékk sér kaffi hjá Erlu Guðmundsdóttur sem stóð vaktina við Grettislaug horfði hún út í Drangey og segir stolt: „Þarna höfum við sönnun þess að karlar eru veikbyggðari en konur."

„Nú?" spyr blaðamaður og svelgist á kaffinu. „Jú, þarna stendur kerlingin enn," segir hún og bendir á drangann sem stendur skammt frá Drangey. „Þarna var karlinn líka en hann hrundi í hafið í jarðskjálfta miklum árið 1755. En konan stendur þarna enn eins og sjá má." Það var ekki annað að gera fyrir blaðamann en kyngja því.



**AXEL SIGURGEIRSSON Á BJARGI** Axel er hærður vel og heldur rauða litnum á sextugasta og fjórða aldursári. Það segir hann Grettisgenunum að þakka.



**GRETTISLAUG OG DRANGEY** Gott er að ylja sér í Grettislaug. Í baksýn sést Drangey og staðfesting á því að konur eru sterkbyggðari en menn.



**KÁRI OTTÓSSON** Kári í Viðvík þarf enn að búa við dynti Þuríðar seiðkonu. Hún er þó alls ekki jafn ódæl og hún var við Gretti forðum daga.

**Breiðu spjótin tíðkast ekki á Bjargi**

Ekki dugir á Grettissöguflandri að vafra aðeins um vígaslóðir. Rétt er að koma við á Bjargi í Miðfirði þar sem Grettir bjó. Þegar blaðamaður kemur að Bjargi ber hann að dyrum en enginn opnar. Fer hann þá að litast um og sér til Karls Sigurgeirssonar sem er að færa heyrúllurnar að fjárhúsunum. Fljótlega er farið að ræða um Gretti svo blaðamaður spyr hvort bændur á Bjargi séu betri vinnumenn en Grettir forðum. Karl kemur strax sínum manni til varnar. „Grettir var nú ekkert slæmur vinnumaður," svo kemur á hann hik. „Ja, reyndar fór hann illa með gásirnar, hann sneri þær úr hálsliðnum enda þótti honum það löðurmannlegt verk að gæta gása. Jú, og reyndar teljast það ekki góð bústörf að flá hesta en það má ekki gleyma því að þegar Grettir tók við sér var hann manna duglegastur. Eins og í sjóferðinni til Noregs þegar hann loksins fékkst til að hætta að skjalla skipstjórafrúna í sökkvandi skipi og tók til við að ausa bátinn, þá jós hann á við átta manns og þurrkaði bátinn upp. Þetta leika nú ekki allir vinnumenn eftir."

**Hausinn í eldhúsglugganum**

Blaðamaður spyr um Axel, bróður Karls, sem býr að Bjargi en Karl býr á Hvammstanga þó þeir bræður reki búið saman. „Hann er heima," segir hann. „Kom hann ekki til dyra? Þá hefur hann ekki heyrt í þér. Opnaðu þá bara og farðu inn."

Ekki leist blaðamanni á þetta en lætur sig hafa það og gengur inn í bæinn. Hann er kominn inn á gang þegar hann minnist þess að líklegast sé ráðlegast fyrir bóndann að koma ekki til dyra á Bjargi því þess er skemmst að minnast að Atli, bróðir Grettis, fór eitt sinn til dyra til þess eins að fá spjót í gegnum sig miðjan. Bar hann sig vel þrátt fyrir áfallið og sagði: „Tíðkast nú hin breiðu spjótin," en féll niður dauður að svo sögðu.

Axel var hins vegar óvopnaður þegar hann kom fram á gang. Blaðamaður gerir grein fyrir erindi sínu og segir að Karl hafi sagt sér eitt og annað um staðhætti. „Komdu og fáðu þér kaffi," segir Axel og blaðamaður eltir hann inn í eldhús. „Sagði Kalli þér frá þessu?" spyr hann og lítur út um eldhúsgluggann en þaðan blasir við steinn nokkur á túninu. „Þarna er Grettisþúfa," segir Axel og réttir blaðamanni kaffibollann. „Er hausinn þarna undir?" spyr blaðamaður eins og barnið. „Yes," svarar Axel með dularfullum svip.

**„Þetta var níðingsverk"**

Grettir er greinilega ljóslifandi í huga bóndans á Bjargi því ekki er hann fyrr sestur en hann fer að ræða málefni Grettis af miklum þunga. „Þeir ráðlögðu Þorbirni að fara ekki með höfuðið á þing því hann myndi ekkert fá fyrir það." Svo horfir hann í augu blaðamanns og líklega hafa svo leiftrandi augu ekki litið nokkurn mann frá því Glámur horfði í augun á Gretti forðum daga. „Enda var þetta níðingsverk," segir hann af miklum þunga. Svo fær Axel sér kaffisopa og lítur svo aftur á blaðamann en þá með strákalegu brosi og bætir við: „Það verður að hafa gaman af þessu."

Þegar blaðamaður hefur útskýrt flandur sitt segir bóndi: „Það er verst að ekki er búið á Þórhallsstöðum þar sem Grettir og Glámur áttust við." Þá er aftur hið ábúðarfulla augnaráð komið upp. „Það var hrikalegt," segir Axel og svo rekur hann orðaskipti og viðureign Grettis og Gláms af svo mikilli innlifun að það er engu líkara en glíman hafi farið fram deginum áður. Svo verður bóndinn meyr þegar talið berst að Ásdísi móður Grettis en hún hefur verið skáldum táknmynd um móðurást.

**Heimalningur gætir Grettis**

Þótt ábúandinn á Bjargi sé vinveittur komumanni var blaðamanni veitt aðför við bæinn. Þegar hann ætlaði að fara að Grettisþúfu kom þar að heimalningur svartur mjög og hleypur að honum með litlu hornin sín og ægilegt jarm. Var honum heitt í hamsi og er ekki annað hægt en virða hann fyrir hugrekkið en aflsmunir eru allnokkrir þegar lamb og fullvaxta Arnfirðingur eigast við. Þó nokkurt skáldaleyfi sé til siðs í Íslendingasögum væri fulllangt gengið að segja að Grettir hafi tekið sér bólfestu í heimalning þessum.

**➜ Norðurland vestra**




**1** Viðvík **2** Glaumbær **3** Reykir **4** Drangey **5** Bjarg

## Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2012

# Margt smátt ...





*Mynd: Paul Jeffrey / ACT Alliance*

# Hreint vatn gerir kraftaverk

Að vakna til nýs dags og vera varla vaknaður áður en maður skrúfar frá krananum og fær sér sopa og skvettir tæru vatni framan í sig til að hressa sig við er kannski eðlilegt og vanalegt á Íslandi. En svo er ekki víða um heim, t.d. í Malaví þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er með þróunarverkefni í Chikwawa-héraðinu. Þar vakna margir svangir og þyrstir á morgnana og hugsa með sér: „hvernig á ég að komast í gegnum þennan dag?“ Ef vatn er fyrir hendi er það gruggugt og ólystugt. Stúlkur bera þær skyldur að sækja vatn, oft langar leiðir í steikjandi hitanum. Svo þegar þær koma að vatnsstaðnum er það oftar en ekki hálfgerður pollur með skítugu vatni. En þegar ekkert annað er í boði er þetta vatn eina úrræðið. Vatnsskortur er afleiðing af breyttu veðurfari og minni úrkomu. Rigningar bregðast og uppskeran verður lítil eða engin. Þegar skortur er á vatni og mat, skiptir andlitsþvottur engu máli, þá er þetta spurning um líf eða dauða.

### Hreint vatn er lífgjöf

Þá er brunnur sem gefur hreint, tært vatn, lífgjöf sem breytir öllu og tryggir einnig mat þar sem hægt er að veita vatni á grænmetisakra og framleiða kjöt, mjólk og egg með geita- og hænsnarækt. Þetta er hægt þegar vatnið er fyrir hendi. Þurr harðbýll staður þar sem lífsafkoman er mjög erfið og lífið á hálfum hraða vegna vatns- og matarskorts, gjörbreytist með tilkomu brunns. Hænur spígsporandi, geitur á vappi, grænmetisakur í blóma, börn á hlaupum og nægur matur, mjólk og vatn. Þetta er sú breyting sem við sjáum gerast þegar brunnur er kominn. Þá er grundvöllur fyrir fólkið að sjá um sig sjálft, sem er það sem það vill allra helst, sinna akri, geitum og hænsnum sem svo fjölga sér og gefa enn meira af sér. Þá er hægt að selja umframafurðir og nota t.d. til að tryggja börnum menntun. Jákvæð keðjuverkun sem vonandi aldrei tekur enda. Hreint vatn gerir kraftaverk!

### Þú getur gert kraftaverk í dag

En það verður að halda áfram að grafa fleiri brunna á nýjum stöðum. Mjög víða er enn langt í næsta brunn eða vatnslind og margir sem líða skort. Þess vegna verður að halda áfram. Það er hægt með þínum stuðningi. Þú getur gert kraftaverk í dag með því að greiða valgreiðslu í heimabankanum þínum. Ef 72 Íslendingar greiða sína valgreiðslu upp á 2.500 krónur, dugar það fjármagn, 180.000 krónur, fyrir



einum brunni sem gefur mörg hundruð manns á þurrkasvæði, hreint vatn til margra ára ef ekki áratuga. Einnig er hægt að að hringja í söfnunarsíma 907 2003 (kr. 2.500), leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886, kt. 450670-0499 eða gefa frjálst framlag á framlag.is. Svo er hægt að gefa sínum nánustu jólagjöf sem gerir kraftaverk í Afríku með því að gefa vatn í jólagjöf á gjofsemgefur.is.

**Viltu vera með og gera gæfumun frá skorti og vannæringu til nýs lífs með nægum mat og krafta til að takast á við nýjan dag? Taktu þá þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar.**



# Undirstaða lífs

### Fermingarbörnin og vatnið

Undanfarin ár hafa fermingarbörn hér á landi safnað fyrir Hjálparstarf kirkjunnar. Þau hafa fengið fræðslu um verkefni Hjálparstarfsins og sérstaklega um það verkefni er söfnunin beinist að, en það er að safna fyrir brunnum í nokkrum löndum í Afríku. Hjálparstarfið hefur bætt líf fjölda fólks með hreina vatninu sem kemur úr brunnunum sem byggðir hafa verið fyrir framlög frá Íslandi.

### Gestirnir og vatnið

Fólk frá Malaví og fleiri löndum Afríku hefur komið og sagt fermingarbörnunum frá lífi sínu heima fyrir og þeirri breytingu til batnaðar sem orðið hefur vegna stuðnings frá Hjálparstarfinu. Þau hafa ferðast víða um landið til að hitta fermingarbörn og eitt sinn er þau keyrðu um Suðurland höfðu þau orð á því hve mikið vatn væri á Íslandi. Allsstaðar væru ár, lækir og vötn, fossar og hafið sjálft. Við tökum ekki mikið eftir þessu sem hér búum nema þegar vatnið flæðir yfir bakka og vegi. En hreint vatn er stór hluti af lífsgæðum okkar hér. Það sama á ekki við í þeim löndum sem Hjálparstarfið hefur veitt liðsinni. Það litla vatn sem er á yfirborðinu er mengað og ódrykkjarhæft. Þar sem brunnar eru settir bætir það líf og heilsu allra sem þangað sækja og breytir daglegu lífi fólksins til muna. Ekki bara heilsufari þeirra heldur léttir það þeim lífið. Stúlkur eru gjarnan þær sem ná í vatnið og bera það langa leið. Vatnið óhreina og heilsuspillandi. Þegar



*Frá biskupsvígslu í Hallgrímskirkju.*
*Mynd: Gunnar Vigfússon.*

hægt er að ná í hreint vatn í brunn gefst meiri tími til annarra verka. Margar stúlkur fá þannig tíma til að mennta sig og stórbæta þar með möguleika sína til betra lífs.

### Valgreiðslurnar og vatnið

Nú hafa landsmenn fegnið valgreiðslur sendar í heimabankann sinn og 65–80 ára einnig greiðsluseðil á pappír. Upphæðin er 2.500 krónur, en sú upphæð dugar til að gefa allt að 7 manns hreint vatn til frambúðar. Hjálparstarf kirkjunnar kemur fénu örugglega til þeirra sem það eiga að fá og nýta. Gjöf til Hjálparstarfsins er því besta jólagjöf sem hægt er að gefa. Það er holt að muna eftir náunga sínum, hvort sem hann býr í næsta húsi eða í öðru landi. Það er eitt af því sem við viljum að börnin okkar meðtaki í uppeldinu. Gjöf til Hjálparstarfsins á aðventunni hjálpar okkur að muna eftir því og kenna börnunum að sælla er að gefa en þiggja. Framlag okkar Íslendinga til Hjálparstarfs kirkjunnar skiptir bræður okkar og systur í vatnslitlum löndum miklu máli sem og þau öll er njóta gjafanna hér á landi. Sameinumst, hjálpum þeim.

Agnes M. Sigurðardóttir
*biskup Íslands*

Hjálparstarf kirkjunnar
Framkvæmdastjóri: Jónas Þ. Þórisson
Margt smátt, 4. tbl. 24. árg. 2012
Ábyrgðarmaður: Bjarni Gíslason
Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

# Fermingarbörn söfnuðu 7,3 milljónum króna

Fermingarbörn víða um land bönkuðu upp á hjá landsmönnum í byrjun nóvember og söfnuðu fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku. Þau höfðu fengið fræðslu um vatnsskort í Afríku og hvernig verkefni Hjálparstarfsins bæta aðstæður með brunnum, vatnstönkum og vatnsþróm. Mörg þeirra höfðu líka hitt Innocent og Doniu, ungt fólk frá Malaví sem sagði frá lífi sínu og aðstæðum. Þetta var í 14. sinn sem söfnunin fór fram og gekk mjög vel, 7,3 milljónir króna söfnuðust.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar fermingarbörnum fyrir dugnað og elju og öllum sem þátt tóku í söfnuninni. Framlagið mun nýtast til að bæta lífsafkomu þeirra sem taka þátt í verkefnum Hjálparstarfsins í Malaví, Eþíópíu og Úganda.

*Fermingarbörn í Neskirkju.*



SOS Tölvuhjálp | Allt merkt | Alþýðusamband Íslands | Apótek Vesturlands | Arctica Finance | Arion banki | Blue Lagoon Iceland | borgargarðar
label.m | Dokkan | Draumaverk ehf | Hjálparstarf kirkjunnar | Eirberg | Hópferðir Sævars | Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Fjöruborðið | Frostmark | Grand þvottur ehf | Hafgæði | Hafnarfjarðarhöfn | Hagkaup – Ein ferð betra verð | heilsa –hafðu það gott | hjá Hafnhildi
icelandic fish & chips | INNX Innréttingar | inter. | Íslandsbanki | JB pípulagnir ehf. | Karl K. Karlsson | KFC www.kfc.is | Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Klettasteinn | Frost | Laugin ehf | Lýsi | Lýsing | pwc | Marz Seafood

# Mannréttindi að hafa aðgang að hreinu vatni



*Frá Úganda.*

Þjóðir heims hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samþykkt ályktun um að rétturinn til hreins drykkjarvatns og hreinlætis teljist til almennra mannréttinda – enda vatn grundvallarforsenda lífs og heilsu. Hjálparstarf kirkjunnar stendur að vel skipulögðum aðgerðum, þar sem vatn skortir, í fullu samstarfi við fólk sem þar býr – fólk sem kallar eftir réttindum sínum. Á verkefnasvæðum hefur rigning brugðist og grunnvatn endurnýjast þá ekki. Vatn þarf að sækja um æ lengri veg, oft í staðna polla með gruggugu vatni. Brunnar eru boraðir eða handgrafnir, vatnstankar og vatnsþrær gerðar til að safna rigningarvatni. Vatnsnefndir annast viðhald og miðla fræðslu um hreinlæti. Vatn í næsta nágrenni eykur menntunarmöguleika stúlkna, það er víðast í verkahring þeirra að sækja vatn, þegar langt er að fara missa þær af skólanum. Þegar minni tími fer í þetta verkefni komast þær í skóla. Kamrar eru reistir og um leið frætt um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma. Pumpur settar upp fyrir áveitur. Fræ nýrra og þurrkþolnari tegunda, tól og kennsla eru hluti af verkefninu. Einnig geitur og hænur. Skepnur er hægt að halda þegar vatnsöflun er örugg. Tað skilar næringu í jarðveginn. Umframafurðir má selja og kaupa fyrir nauðsynjar eða kosta skólagöngu barna. Öll vatnsöflun er samábyrgð Hjálparstarfsins og fólksins á svæðinu. Þátttaka þess er forsenda varanlegs árangurs, að fleiri fái að njóta þessara mannréttinda.

Með þínum stuðningi er hægt að fjölga þeim sem hafa aðgang að hreinu vatni, bæta lífsafkomu og heilsu á þurrum svæðum í Úganda, Malaví og Eþíópíu. Taktu þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar, greiddu valgreiðslu í heimabanka, gefðu gjöf á framlag.is eða leggðu inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886, kt. 450670-0499.

*Frá Eþíópíu.*



**Eþíópía**

- Vatnsþrær gerðar.
- Bændur þjálfaðir til að greina og lækna helstu búfjársjúkdóma.
- Samráðsfundir til markvissra lausna.
- Kamrar gerðir, frætt um gildi þeirra.
- Fræðsla um vernd og nýtingu jarðvegs og vatns.
- Nýjar þreskivélar spara vinnu.
- Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að styðja við íbúa.



*Frá Malaví.*

**Malaví**

- Brunnar grafnir og gert við gamla.
- Umsjónarmenn þjálfaðir til að halda við brunnum.
- Pumpur settar upp fyrir áveitur.
- Kamrar, vaskar og fræðsla til að breyta hreinlætisvenjum.
- Fundir og námskeið fyrir íbúa og opinbera starfsmenn til að greina vatnsvandamál og sjálfbærar lausnir.
- Leiðtogaþjálfun, fræðsla um vatn og vatnsvernd.
- Geita- og hænsnarækt efld.

**Úganda**

- Vatnstankar settir upp við hús fyrir rigningarvatn af þökum.
- Kamrar og vaskar gerðir.
- Eldhús reist við íbúðarhús til að halda matargerð aðskilinni og auka hreinlæti.

matís
Mjólkursamsalan
Stofnað 1953 OPTIMA
Parketslíparinn ehf
Domino's Pizza
Portfarma
KOLA PORTIÐ
Rafal
RAFVER www.rafver.is
rue de net
SALTKAUP hf
nettó Ódýrt fyrir heimilið!
SAMSKIP
SEGULL
Síminn
Tobis ehf
TM
UMSLAG ehf
Útfararstofa kirkjugarðanna
VALITOR
VÉLAR & VERKFÆRI

# Inneignarkort hafa reynst vel

Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar er fjölbreytt, nefna má einstaklings- og fjölskylduráðgjöf, stuðning til náms, lyfjaaðstoð, stuðning vegna skólagöngu og tómstundaiðju barna, sjálfstyrkingarnámskeið, fataúthlutun, fjármálaráðgjöf og mataraðstoð.

Eftir fyrsta heila starfsárið þar sem eingöngu voru notuð inneignarkort í matvöruverslunum í stað matar úr matarbúri, er óhætt að segja að reynslan hafi verið mjög góð. Það styður rannsókn sem gerð var meðal skjólstæðinga. Ekki síst varð það breyting gagnvart börnum sem sjá nú foreldra sína kaupa í matinn eins og aðra. Með umsókn um inneignarkort þurfa að fylgja gögn um tekjur og gjöld. Þar sem afgangsfé er undir viðmiðunarmörkum er aðstoð veitt. Vegna takmarkaðs fjármagns miðast kortin við barnafólk á höfuðborgarsvæðinu en öðrum er vísað á önnur samtök sem starfa á svæðinu. Þar sem öðrum samtökum er ekki til að dreifa geta allir, líka barnlausir, sótt um kortin. Áfram stendur öllum til boða lyfjaaðstoð, menntunarstyrkir og fleira og allir hvattir til að þiggja ráðgjöf. Hana veita félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og félags- og sálfræðingar Félagsþjónustu kirkjunnar, ókeypis, eftir þörfum. Fjármálaráðgjöf með lífsleikniívafi er mjög vel sótt. Ungmennum sem fá styrk úr Framtíðarsjóði til að ljúka starfsréttindum eða komast í lánshæft nám fjölgar enn.

### Um allt land

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð um allt land í gegnum presta, félagsráðgjafa og námsráðgjafa. Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að sækja um aðstoð á skrifstofu Hjálparstarfsins, að Háaleitisbraut 66.



*Mynd: Þorkell Þorkelsson*

### Jólaaðstoð Hjálparstarfsins 2012

Tekið er við umsóknum á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, frá kl. 11–15 eftirfarandi daga: 5., 6., 12. og 13. desember. Utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að sækja um hjá prestum um allt land í síðasta lagi 10. desember. Gögn um tekjur og gjöld þurfa að fylgja umsóknum.

### Korthafar geta sótt um á netinu

Þeir sem þegar hafa farið í gegnum umsóknarferli Hjálparstarfsins og eru með virkt inneignarkort geta sótt um jólaaðstoð á netinu á vefnum www.help.is. Undir liðnum, Aðstoð innanlands, er valinn hnappurinn, Sótt um aðstoð og umsókn fyllt út. Síðasti umsóknardagur er 15. desember.
Úthlutað verður 18., 19. og 20. desember kl. 11–15.

# Friðarljós

Þegar hátíð ljóss og friðar nálgast er sannarlega við hæfi að kveikja á Friðarljósum Hjálparstarfs kirkjunnar. Þetta eru útikerti sem þekkt eru fyrir gæði og að loga lengi. Þau eru búin til í Heimaey, verndaðum vinnustað í Vestmannaeyjum. Þegar veislu halda skal, þegar lýsa á upp leiði ástvina, þegar lýsa þarf upp myrkur úti við, eru Friðarljósin lausnin. Um leið er stutt við fjölbreytt starf Hjálparstarfs kirkjunnar og verndaðan vinnustað. Þeir sem vilja selja Friðarljós Hjálparstarfsins í fjáröflunarskyni geta haft samband við skrifstofuna í síma 528 4400.





## Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

fyrsta sunnudag í aðventu, 2. desember kl. 11



Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og sr. Birgir Ásgeirsson þjóna fyrir altari ásamt messuþjónum og fulltrúum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Organisti: Björn Steinar Sólberg.

Gjöfum til Hjálparstarfs kirkjunnar veitt móttaka.

Hjálparstarf kirkjunnar

# Það er ekki sama jólasveinn og jólasveinn!



Sumir jólasveinar láta ekki bara duga að skemmta börnum og fullorðnum, gefa í skóinn og prakkarast. Jólasveinarnir hjá Jólasveinaþjónustu Skyrgáms láta líka gott af sér leiða og gefa árlega til Hjálparstarfs kirkjunnar. Þeir heimsækja hundruð leikskóla, fyrirtæki og einstaklinga fyrir jólin ár hvert. Jólasveinaþjónustan gefur 20% af veltunni til Hjálparstarfs kirkjunnar og hefur á 13 ára starfsferli gefið rúmlega 6 milljónir króna, gáfu 727.500 krónur í fyrra. Við mælum því eindregið með þeim, þeir eru líka svo skemmtilegir og uppfinningasamir. Nánari upplýsingar má fá hjá Skyrgámi Leppalúðasyni á www.jolasveinn.is, með tölvupósti á skyrgamur@skyrgamur.is eða í síma 587 1097.

*Grýla og Skyrgámur taka lagið áður en þau afhenda framlag til Hjálparstarfsins.*




# Harður veruleiki barna



Hinn harði veruleiki sumra barna er að sjá um sig sjálf. Þau þurfa stuðning, kennslu og þjálfun. Önnur hafa verið hneppt í þrælavinnu. Þau þarf að frelsa. Í Úganda fá munaðarlaus börn nýtt húsnæði, vatnstank, eldaskála með sparhlóðum og nauðsynlegasta innbú. Þeim er kennd jarðrækt til framfærslu og mörg fá stuðning til að ganga í skóla. Ráðgjafi heimsækir þau reglulega og hjálpar þeim að finna leið til að framfleyta sér. Sum læra að sníða og sauma, önnur að vefa strámottur eða smíða og múra. Þeim stendur einnig til boða hópvinna með fagfólki til að vinna sig upp úr áföllum sem þau hafa upplifað. Í Tamil Nadu-fylki á Indlandi er rekinn forskóli til að kynna þrælbundnum foreldrum hvað felst í menntun og venja börnin á skólagöngu. Í skóla fá þau kennslu, mat, bólusetningar, tækifæri til leikja og athygli. Haft er upp á þrælabörnum og þeim komið í kvöldskóla. Þar fá þau fræðslu um réttindi sín, þar styrkist sjálfsmynd þeirra og þar öðlast þau nýja færni. Þau fá að vera glöð, hafa loksins eitthvað til að gleðjast yfir. Foreldrar fá umfangsmikinn stuðning til að standa sig í foreldrahlutverkinu og sjá fjölskyldunni farborða án launa barnanna, þótt lítil séu. Börn og foreldrar læra að spara fyrir útgjöldum í stað lána sem binda í ánauð. Mótframlag frá verkefninu eflir þeim móð. Þegar kvöldskólanum lýkur eftir sex mánuði er skuld barnanna greidd og þau skráð í almenna skóla. Öllum er vel fylgt eftir svo enginn heltist úr lestinni. Í Andhra Pradesh-fylki á Indlandi fá börn sem hafa búið við algjöra örbirgð tækifæri til að búa á heimavist og ganga í skóla. Tækifæri sem aðeins væri fjarlægur draumur án stuðnings styrktarforeldra á Íslandi. Þau fá nauðsynlega heilsuþjónustu og næringarríkan mat, fatnað og skóladót sem til þarf. Starfsfólk heimavistar veitir stuðning við heimalærdóm, undirbúning fyrir próf og fræða um samfélagslegar skyldur, hreinlæti o.fl. Mikið er um dans og leiklist í skólastarfinu. Iðngreinanám stendur ungmennum til boða eða tvö fyrstu ár framhaldsskóla.

**Indland**

- Fræðsla og þrýstingur á samfélagið að fara að lögum um barnavernd og skólaskyldu, gegn barnaþrælkun
- Heimavistarskólar: menntun, næring, heilsugæsla, umhverfi sem eflir börn
- Barnaþing kenna börnum lýðræðislegar leiðir til að öðlast mannréttindi
- Sumarnámskeið, kröfugöngur, sýndarréttarhöld draga fram lögleysuna við barnaþrælkun
- Fræðsla til foreldra um ótímabærar giftingar dætra, gildi menntunar, lög og stjórnarskrá varðandi réttindi barna o.fl.



**Úganda**

- Hús byggð fyrir munaðarlaus börn auka öryggi – eldaskáli og kamrar auka hreinlæti
- Börn fá grunnhúsbúnað og áhöld
- Vatnstankar settir upp til að spara erfiða vinnu, efla heilsu og hreinlæti
- Greidd skólagjöld, föt, námsgögn fyrir yngri börn
- Eldri börnum hjálpað að læra handverk til tekna
- Börnum kennd jarðrækt og hjálpað með tegundir sem þau ráða við
- Ráðgjafi veitir munaðarlausum umhyggju og leiðsögn



# FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

LAUGARDAGUR **1. DESEMBER 2012**

**Kynningarblað** Jóladalurinn, Árbæjarsafn, kakóstöðvar og föndur.



# Jólaklipping í fjárhúsinu

Allir krakkar elska tíma í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Nú þegar aðventa gengur í garð breytist Laugardalurinn í Jóladal og allt verður með hátíðlegum blæ. Á morgun fær sauðfé garðsins jólaklippinguna undir klarínettuleik Skólahljómsveitar Austurbæjar.







Við stílum inn á innri frið og fegurð fyrir augað og sálina," segir Unnur Sigþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Þar bjóðast skemmtilegar stundir fyrir alla fjölskylduna á aðventunni.

„Í desember breytist Laugardalurinn í Jóladal og afar rómantískt að ganga um hann ljósum prýddan. Allt er skreytt og hátíðlegt um að litast; jólaskreytt hús leynast í gróðrinum og tilkomumikill ljósafoss liggur yfir steinum í selalauginni."

Að sögn Unnar eru menn og dýr í Jóladalnum komin í sitt besta jólaskap.

„Kýrin Sæbjörg er nýborin og kvígan hennar Sædís braggast vel. Þá á kýrin Brák von á sér á næstu dögum og margs að vænta þegar kíkt er á dýrin. Í námunda við garðinn er svo mýmargt skemmtilegt að gera; skauta í kringum jólatré í Skautahöllinni, heimsækja Ásmundarsafn, ganga um Grasagarðinn, fá sér heitt kakó og ristaðar möndlur á Café Flóru og jafnvel enda á sundsprett í Laugardalslaug."

### Óargadýr fyrir hugrakka

Á aðventunni hefur jólakötturinn komið sér vel fyrir í Húsdýragarðinum.

„Ef vel er að gáð má sjá spor jólakattarins í garðinum og stundum glittir í glyrnur hans í glugga. Óargadýrið bregður sér oft af bæ, fer í göngutúr um dalinn og kemur þá víða við og veldur usla," upplýsir Unnur um ógnvekjandi og gráðugt gæludýr Grýlu sem heldur til í Hafrafelli við refagirðinguna.

„Þeir sem þora eru hvattir til að heimsækja köttinn og í sama húsi er að finna safn uppstoppaðra fugla, lifandi skriðdýr og froskdýr."

### Sannkölluð jólastemning

Þegar Jóladalurinn hefur fest sig í sessi segir Unnur að til standi að bæta við hann ár frá ári. Gestir eigi því von á góðu á aðventum framtíðar.

„Í Jóladalnum sameinast allir um að búa til afslappaða og jólalega stemningu svo hingað sé afstressandi og notalegt að koma. Hestarnir eru jólaskreyttir, hringekjan fer í jólabúning og jólalestin brunar um garðinn þegar veður og færð leyfa," segir Unnur. Lest og hringekja verða opin um helgar frá klukkan 13 til 16. Um helgar verður líka boðið upp á hestateymingu frá 14 til 14.45.

### Sögustund með Grýludóttur

Á aðventu mun Sóla, dóttir Grýlu, mæta með Sögubílnum Æringja og segja sögur af jólakettinum. „Í desember fá dýrin líka sinn jólamat; tuggur, síld og allt sem við á á dagskrártíma. Nákvæmar tímasetningar fyrir jólamat dýranna og komu Sólu má finna á www.mu.is," segir Unnur.

Í desember verður einnig boðið upp á súpu og brauð fyrir 500 krónur í notalegri stemningu í Kaffihúsinu.

### Rúningur og jólatónlist

Á morgun, fyrsta sunnudag í aðventu, fær sauðfé í Húsdýragarðinum sína árlegu jólaklippingu í fjárhúsinu. „Þá rýr Guðmundur Hallgrímsson tíu ær og einn hrút um leið og handverksfólk frá Ullarselinu á Hvanneyri vinnur úr ullinni jafnóðum," útskýrir Unnur. Byrjað verður að rýja klukkan eitt og rúningi lýkur um fjögur.

„Klukkan tvö fer klarinettuhópur úr Skólahljómsveit Austurbæjar í ferð um Jóladalinn. Tónlistin byrjar að óma í Ásmundarsafni, kemur þaðan í Húsdýragarðinn og endar í Kaffi Flóru um fjögurleytið. Því verður sannkölluð jólagleði í Jóladalnum um helgina."


## Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ


## JÓLIN KOMA BRÁÐUM




**Nú þegar jólamánuðurinn** er formlega genginn í garð er tilvalið fyrir fjölskylduna að setjast niður og skipuleggja næstu vikur. Desembermánuður er annasamur mánuður hjá flestum og hætt við að tíminn líði hratt. Því er upplagt að setjast niður með dagatal, skipuleggja næstu vikur og merkja inn á dagatalið. Hvenær á að baka jólasmákökur og á að bjóða litlum gestum að taka þátt?

Það er bráðnauðsynlegt að hafa eitt til tvö skipulögð sjónvarpskvöld, eitt stílað inn á börnin og annað fyrir eldra fólkið þar sem horft er á mísklassískar jólakvikmyndir með poppkorni, malti og appelsíni.

Ef fjölskyldan ætlar að senda út jólakort er gott að vera tímanlega á ferðinni. Velja þarf réttu kortin, mynd sem fylgir með og skrifa þarf á kortin. Það er líka upplagt að föndra jólakortin og fá börn í lið með sér.

Allir ættu að kíkja á einn jólamarkað í desember en nokkrir slíkir eru í boði víða um land. Þar er hægt að kaupa jólaskraut, heitt súkkulaði og piparkökur og drekka í sig stemninguna. Desembermánuður er einnig tilvalinn til að útbúa heimatilbúin matvæli sem ýmist má nota með jólamatnum eða einfaldlega gefa í jólagjöf. Uppskriftir má meðal annars finna í Jólablaði Fréttablaðsins eða á fjölmörgum íslenskum matarbloggum. Ef snjór hefur fallið verður auðvitað að taka nokkrar sleðaferðir í næstu brekku. Ef skíðasvæði er í nágrenninu er desembermánuður tilvalinn til skíða- og snjóbrettaiðkunar. Svo má auðvitað ekki gleyma að heimsækja vini og ættingja, þá sérstaklega afa og ömmu sem komast kannski sjaldan úr húsi. Að lokum má ekki gleyma því að slappa líka af og rölta saman í góða veðrinu og njóta veðurblíðunnar og jólaljósanna.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## JÓL Í HÖRPU

**Stórsveit Reykjavíkur verður með jólatónleika í Eldborgarsal Hörpu á morgun kl. 16.00. Dagskráin verður sérlega glæsileg. Meðal þeirra sem koma fram eru Diddú, Kristjana Stefánsdóttir, Helgi Björnsson, og Gáttaþefur (Ómar Ragnarsson).**








**GÓÐUR MATUR** Jón Hjaltalín, eigandi Ginger, var áður einkaþjálfari. MYND/ADDI

# GÓÐUR MATUR OG BETRA FORM

**GINGER KYNNIR** *Gott mataræði er ekki aðeins lykilatriði til að ná árangri í líkamsrækt heldur bætir það heilsuna almennt. Sú staðreynd varð kveikjan að veitingastöðunum Ginger sem sérhæfa sig í hollum og ferskum mat.*

Jón Hjaltalín, eigandi Ginger, vann áður sem einkaþjálfari, keppti í fitness og útbjó matarpakka fyrir viðskiptavini sína. Viðtökurnar urðu svo góðar að hann ákvað að opna veitingastað. Staðirnir eru nú orðnir tveir, í Síðumúla 17 og í verslun 10-11 í Lágmúlanum, auk þess sem margir réttir frá Ginger fást í verslunum 10-11. „Markmið okkar er að bjóða upp á hollari og bragðbetri mat sem hentar öllum, allt frá krökkum til keppnisfólks í líkamsrækt," segir Jón. „Við kappkostum að hafa mikið úrval og vinnum aðeins með fyrsta flokks hráefni sem er ferskara en fólk á að venjast."

Stór hópur viðskiptavina Gingers er líkamsræktar- og fitness-fólk. „Þetta er fólk sem er mjög meðvitað um hvað það borðar. Það þarf að fá mat sem gefur því orku, úthald, hreysti og útgeislun en á sama tíma þarf hann að vera fitulítill og góður á bragðið," segir Jón.

Úrvalið er gott. Við erum með grillaðan kjúkling með sætum kartöflum og fersku salati eða orkumiklu kjúklingasúpuna. Með þessu er gott að drekka ferska safa, til dæmis nýpressaða epla- og engifersafann okkar sem er pressaður daglega, en hann er vatnslosandi og stútfullur af vítamíni. Þá bjóðum við fyrirtækjum einnig að kaupa hjá okkur veislubakka."

Meðal fastra viðskiptavina hjá Ginger er Íris Arna Geirsdóttir, heimsmeistari í Model Fitness. Aðspurð segir Íris mataræðið leggja mikilvægan grunn að hennar árangri. „Allur tíminn sem fer í æfingarnar og allt erfiðið sem ég legg á mig við að lyfta væri til lítils ef mataræðið væri ekki í lagi," segir Íris.

En það er ekki bara keppnisfólkið sem þarf að huga að mataræðinu heldur líka við hin. Þegar Jón er spurður um ráð til þeirra sem eru að hreyfa sig og passa línurnar þá segir hann mikilvægast að halda góðri æfingarútínu og passa upp á matinn.

„Nú fer í hönd tími freistinga. Með jólahátíðinni koma jólahlaðborð, jólaboð, salt og sykur. Ef menn missa sig strax í nóvember þá eru þeir að taka næstum tvo mánuði í sukk og skemma allt það sem þeir voru búnir að vinna sér inn í ræktinni," segir Jón.



**FLOTT** Íris Arna Geirsdóttir, heimsmeistari í Model Fitness.

## GINGER

***Njóttu þess að lifa heilbrigðum lífsstíl með Ginger í Lágmúla og Síðumúla.***

***Ginger er opið alla daga í 10-11 í Lágmúlanum og alla virka daga í Síðumúla 17.***










Fallega jólaskeiðin frá Ernu

Jólaskeiðin 2012 er hönnuð af Sóleyju Þórisdóttur.

Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr ósviknu silfri.

Verð: 18.500.- stgr.



ERNA GULL- OG SILFURSMIÐJA
Skipholti 3 - Sími: 552 0775 - www.erna.is
Silfurmunir og skartgripir síðan 1924


# RISAÍÞRÓTTAMARKAÐUR

**GÖNGUGREINING KYNNIR** *Í samvinnu við Atlas göngugreiningu og www.gongugreining.is verður Stóri íþróttamarkaðurinn haldinn á ný í Laugardalshöllinni. Tilboð á merkjavörum með allt að 80 prósenta afslætti.*

Risaíþróttamarkaður og þjónustuhátíð hlauparans verða haldin í dag og á morgun í Laugardalshöll frá klukkan 10 til 18. Lýður B. Skarphéðinsson og Elva Björk Sveinsdóttir, sérfræðingar í göngugreiningum, munu ráðleggja fólki við val á skóm eftir fótlagi og niðurstigi með hjálp tölvuþrýstiplötu. „Fólk fer með bílinn sinn í jafnvægisstillingu, við erum ekkert öðruvísi og þurfum að láta athuga hvort ekki sé allt í lagi með fæturna," segir Lýður B. Skarphéðinsson.

Undanfarin ár hefur meðvitund um það hversu miklu máli það skiptir að vera með réttan skóbúnað aukist. „Þetta væri svo sem ekki vandamál ef við værum að ganga á mold, sandi eða mjúku undirlagi. Nútímamaðurinn gengur hins vegar nánast alltaf á hörðu og steyptu undirlagi sem krefst þess að skóbúnaður sé góður. Um 30 prósent af öllu vinnandi fólki þjáist af bakverkjum og 75 prósent af af fótameini einhvern tímann á lífsleiðinni. Réttur skóbúnaður getur hæglega komið í veg fyrir mikið af þessum meinum."

Það eru margir aðilar sem koma að þjónustuhátíðinni og hægt að gera fyrirtaks jólagjafainnkaup. „Hér verða tilboð í gangi á ýmsum merkjavörum með 20 til 80 prósenta afslætti. Þá munum við hjá Göngugreiningu bjóða 40 prósenta afslátt af göngu- og hlaupagreiningum af tilefni dagsins og 20 prósenta afslátt af aukapari af innleggjum. Þá getur fólk komið með gömlu hlaupaskóna og við tökum þá upp í nýja á 1.000 krónur."

Markaðurinn verður aðeins í gangi þessa einu helgi og eftir miklu að slægjast. Þarna verður fullt af merkjavöru á frábæru verði. Bæði skór og fatnaður frá Asics, Ecco, Hummel, Reebok, Casall, Brooks, North Rock og Under Armour. „Ég hvet fólk eindregið að líta við hjá okkur og fá faglega ráðgjöf við skókaup. Það margborgar sig, og þegar upp er staðið á það eftir að létta fólki sporin."



**GÓÐ KAUP** Lýður segir að hægt sé að gera frábær kaup á risamarkaðnum í dag og á morgun. MYND/GVA


RISA JÓLABASAR
Rauða krossins í Kópavogi
1. desember

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur jólabasar **laugardaginn 1. desember kl. 12-16** í Rauða krosshúsinu Hamraborg 11, 2. hæð. Seld verða ýmis handverk sjálfboðaliða deildarinnar, sauma- og prjónavörur fyrir allan aldur, handgert jólaskraut og gjafavara. Aldrei meira úrval!

**Allur ágóði rennur til verkefna innanlands.**

Tilvalið að setja í jólapakkana og styrkja gott málefni í leiðinni

Heitt á könnunni!

Rauði krossinn Kópavogi

kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur


# LJÓS Á LÆGSTA VERÐI

**RAFVÖRUMARKAÐURINN KYNNIR** *Ódýr og góð ljós eru sérstaða Rafvörumarkaðarins. Verslunin selur auk þess gott úrval vandaðra raftækja.*

Rafvörumarkaðurinn opnaði fyrir sex árum í Síðumúla í Reykjavík og hefur alla tíð lagt áherslu á gott úrval raftækja á frábæru verði. Sérstaða verslunarinnar hefur alla tíð falist í ódýrum og góðum ljósum fyrir heimili og fyrirtæki. Guðmundur Stephensen, verslunarstjóri Rafvörumarkaðarins, segir verslunina alltaf hafa lagt sérstaklega mikinn metnað í vandaðar ljósavörur sem um leið eru með þeim ódýrustu á markaðnum. „Rafvörumarkaðurinn selur mikið úrval raftækja eins og nafnið gefur til kynna. Við sérhæfum okkur þó í alls kyns gerðum af ljósum, bæði fyrir heimili og fyrirtæki. Við seljum einungis gæðamerki sem að stærstum hluta eru flutt inn frá Þýskalandi. Það sem einkennir þetta úrval okkar, fyrir utan gæðin, er hversu ódýr þau eru en við teljum okkar verslun bjóða upp á ódýrustu ljósin á markaðnum þegar tillit er tekið til gæða."

Núna fyrir jólin er sérstaklega mikið úrval af eldhúsljósum og stofuljósum í boði á frábæru verði að sögn Guðmundar. „Við bjóðum einnig mikið úrval kúpla og kastara inn á heimilin og einnig innfelld ljós sem bæði henta heimilum og fyrirtækjum."

Guðmundur segir sölu ljósa vera árstíðabundna. Fyrir jólin seljist mest af eldhús- og stofuljósum en útiljósin seljist mest á vorin og haustin. „Svo bjóðum við auðvitað upp á gott úrval af jólaljósum og jólaseríum í desember og að sjálfsögðu á frábæru verði." Önnur sérstaða Rafvörumarkaðarins eru raflagnaefni frá TEM. Guðmundur segir algengt að fólk kaupi það til að skipta út gamla ítalska efninu Ticino sem sé frekar gamaldags og í mörgum húsum í dag. „TEM-efnið passar bæði fyrir þessar Ticino-dósir og einnig fyrir venjulegar hefðbundnar dósir. Efnið er bæði mjög ódýrt og um leið virkilega flott. Við hreinlega mokum þessu efni út."

Rafvörumarkaðurinn er til húsa í Síðumúla 34 í Reykjavík en gengið er inn frá Fellsmúla. Opið er alla daga vikunnar.



**ÓDÝR LJÓS** Rafvörumarkaðurinn sérhæfir sig í ódýrum og góðum ljósum að sögn Guðmundar Stephensen verslunarstjóra. MYND/GVA



**VINSÆLT** TEM-raflagnaefnið er mjög vinsælt. MYND/GVA





ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS




E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Crymogea komin í ATMO

Bækur um listir, ljósmyndir og hönnun. Gerðar af meistarahöndum, prentaðar af ástúð og allar fallegar því fegurðin býr í bókum.



## ÍSLENSKIR FUGLAR / HÁTÍÐARÚTGÁFA

Til sýnis og sölu alla helgina hátíðarútgáfa Íslenskra fugla eftir Benedikt Gröndal. Hönnuð af Snæfríð Þorsteins og Hildigunni Gunnarsdóttur. Öll eintökin eru handinnbundin í íslenskt sauðskinnsleður frá Loðskinni á Sauðárkróki af Ragnari Eiríkssyni bókbindara. Bókin er afhent í handsmíðuðum viðarkassa úr sænsku birki. Nú einnig fáanleg í viðarkassa úr íslensku birki úr Hallormsstaðarskógi.

## FLORA ISLANDICA

Flora Islandica verður til sýnis og sölu í ATMO. Aðeins 15 eintök eru eftir af heildarupplagi þessarar einstöku bókar. Hvert eintak er tölusett og áritað af Eggerti Péturssyni.



## NÝTT HJÁ CRYMOGEU:



**Málverk**
Eggert Pétursson




**ð**
**ævisaga**
Stefán Pálsson
Anton Kaldal Ágústsson
Gunnar Vilhjálmsson
Steinar Ingi Farestveit

ATMO

LAUGAVEGUR 91, 101 RVK | ATMO.IS

## JÓLAFÖNDUR Á BÓKASAFNI

**Skemmtileg dagskrá fyrir fjölskylduna**

**MIKIÐ UM AÐ VERA**
Á aðventunni er mikið um að vera í bókasöfnum borgarinnar. Í bókasafninu í Gerðubergi eru laugardagar barnadagar og þar er boðið upp á ýmsa viðburði. Búningadagar eru þegar engir aðrir viðburðir eru í boði. Þá er hægt að klæða sig í skemmtilega búninga, setja á svið lítil leikrit eða bara leika sér.
Í dag klukkan tvö verður boðið upp á jólaföndur í Gerðubergssafni. Jólaföndur verður einnig í boði í aðalsafni, Tryggvagötu 15, á morgun klukkan þrjú, sem og sunnudagana 9. og 16. desember.
Jólaföndrið verður undir leiðsögn Kristínar Arngrímsdóttur, listamanns, rithöfundar og starfsmanns Borgarbókasafns. Föndurefnið er ókeypis og allir eru velkomnir.




# RISA

## ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

Laugardag og Sunnudag frá 10.00 – 18.00 verður stóri íþrótta- og útivistarmarkaðurinn haldinn á ný í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi þessa einu helgi og eftir miklu að slægjast.

Fullt af merkjavöru á frábæru verði s.s. skór og fatnaður frá Asics, Ecco, Hummel, Reebok, Cassall, Under Armour, Brooks, North Rock o.fl.

Starfsmenn Atlas göngugreiningar verða á staðnum með skógreiningu og geta þannig valið skó sem henta þínu fótlagi og niðurstigi.

*Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.*




## HÖFUNDAR Á AUSTURLANDI

**JÓLABÆKUR KYNNTAR**
Menningin verður í hávegum höfð á Austurlandi um helgina þegar árviss rithöfundalest fer þar um. Höfundarnir lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Í dag kl. 14.00 verða höfundarnir á Skriðuklaustri í Fljótsdal og í kvöld í Skaftfelli á Seyðisfirði kl. 20.30. Á morgun verða þeir síðan í Safnahúsinu á Norðfirði kl. 14.00.

Þeir sem kynna bækur sínar þessa helgi eru Kristín Steinsdóttir, sem segir frá Bjarna-Dísu, Kristín Ómarsdóttir, sem les úr Millu, Eiríkur Örn Norðdahl, sem kynnir Illsku, og Einar Már Guðmundsson sem segir frá Íslenskum kóngum. Með í för verður einnig Steinunn Kristjánsdóttir sem fræðir gesti um Söguna af klaustrinu á Skriðu sem kemur út hjá Sögufélagi. Jafnframt verður kynnt bókin Sonur þinn er á lífi sem er í Útkallsbókaröð Óttars Sveinssonar.

Að þessum menningarviðburði standa Menningarmálanefnd Vopnafjarðar, Gunnarsstofnun, Skaftfell menningarmiðstöð og Ungmennafélagið Egill rauði.

## JÓLAÆVINTÝRI Í AUSTURBÆ

Í dag verður fjölskylduskemmtunin Jólaævintýri frumsýnd í Austurbæ. Á sýningunni koma fram ýmsir listamenn og má þar nefna Sverri Þór Sverrisson, Lalla töframann, Sigríði Eyrúnu, Bjarna Snæbjörnsson og fleiri. Sýningin byggist upp á stuttum leiknum söng- og dansatriðum, auk þess sem jólasveinninn mætir í heimsókn. Eftir hlé mun svo jólasagan af Skröggi eftir Charles Dickens vera leikin af leikhópnum. Á sýningunni verða flutt þekkt jólalög, bæði erlend og íslensk. Sýningin verður sýnd næstu laugardaga og sunnudaga klukkan 14 í Austurbæ og hægt er að nálgast miða á Midi.is.



# UMSJÓNARMAÐUR Á VERKSTÆÐI

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf umsjónarmanns á verkstæði. Um er að ræða 50% starf á verkstæðum hönnunar- og arkitektúrdeildar og myndlistardeildar. Verkstæðin eru staðsett í húsnæði deildanna í Laugarnesi og Þverholti.

Starfið felur í sér umsjón og viðhald tækja, kennslu og aðstoð við nemendur og kennara.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Menntun í hönnun, listum eða iðngrein sem nýtist í starfi.
- Kunnátta á tré- og málmsmíðavélar.
- Reynsla af sambærilegu starfi og áhugi á hönnun og myndlist.
- Hæfni til að miðla kunnáttu sinni.

**Leitað er að fjölhæfum einstaklingi** sem er lipur í samskiptum og á auðvelt með að starfa með öðrum. Starfið krefst þess að viðkomandi geti starfað sjálfstætt, tekið frumkvæði en jafnframt verið opinn fyrir ólíkum leiðum í úrlausn verkefna.

Gert er ráð fyrir að ráðningin taki gildi í janúar 2013. Upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður verkstæða, Jóhann Torfason, joi@lhi.is eða í síma 864 9822.

Umsókn skal fylgja yfirlit um námsferil og störf umsækjanda, afrit af prófskírteinum, ásamt nöfnum og símanúmerum tveggja meðmælenda. Umsókn skal skila ásamt fylgigögnum á háskólaskrifstofu Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 10. desember.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

# FORSETI VIÐSKIPTADEILDAR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar viðskiptadeildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík.

**LEITAÐ ER AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:**

- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Doktorspróf á sviði viðskiptafræði eða skyldra greina.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Reynslu af rannsóknum og kennslu á háskólastigi.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan viðskiptadeildar er fengist við kennslu og rannsóknir í viðskiptafræði og sálfræði. Boðið er upp á nám á BSc, MSc og PhD stigi. Deildin er sú eina sem hefur alþjóðlegar gæðavottanir á viðskiptanámi á Íslandi og er í fremstu röð í rannsóknum. Um 800 nemendur stunda nám við deildina og eru fastir starfsmenn tæplega 40 talsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ari Kristinn Jónsson, rektor (ari@hr.is), sími 599 6200.

Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík, skrifstofu rektors, á netfangið **appl@ru.is**, fyrir 31. janúar 2013. Fylgigögn má senda til Háskólans í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík, merkt „Starf deildarforseta". Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi.

Akademískar deildir skólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu.

Nemendur háskólans eru um 3200 í fjórum deildum og starfa rúmlega 200 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

**www.hr.is**

Accredited by Association of MBAs

EFMD EPAS ACCREDITED

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



NORDIC VISITOR

# Vilt þú skapa góðar minningar?

Nordic Visitor leitar nú að öflugum starfsmönnum í fjölbreytt og skemmtileg störf.

- Ferðaráðgjafar
- Bakvinnsla og bókanir (hluta- og sumarstörf)
- Umsjón með mötuneyti og skrifstofu (50% starf)

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda sem og fyrirtækjaferðir til Íslands og Svíþjóðar.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 40 starfsmenn. Við bjóðum uppá lifandi vinnustað með fjölbreyttum áskorunum og frábæra starfsaðstöðu í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins í Borgartúni.

Nánari upplýsingar um þessi störf er að finna á vef Nordic Visitor: www.nordicvisitor.com/career/

Capacent Ráðningar

# MARKAÐSSTJÓRI

**Fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í ferðaþjónustu um árabil óskar eftir að ráða markaðsstjóra til starfa. Fyrirtækið er með skrifstofur á Norðurlandi og í Reykjavík og koma báðir staðir til greina sem starfsstaður markaðsstjóra. Viðkomandi markaðsstjóri þarf að koma til starfa sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Stefnumótun á sviði markaðs- og kynningarmála
- Gerð og framkvæmd markaðs- og kynningaráætlana
- Verkefnastjórnun markaðsaðgerða
- Gerð markaðs- og kynningarefnis
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila sem og fjölmiðla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði markaðs- eða viðskiptafræða
- Reynsla af stýringu markaðs- og kynningarmála
- Þekking á ferðaþjónustu kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði sem og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni

Lykileiginleikar viðkomandi eru hugmyndaauðgi, metnaður til að ná árangri og góðir samskiptahæfileikar.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI AKUREYRI

IACN er norðurslóðanet sem tengir saman aðila úr fræði-, einka- og opinbera geiranum. Markmið stofnunarinnar er að auka vitund og þekkingu á málefnum norðurslóða og auka möguleika á þverfaglegri samvinnu tengdum málaflokknum. Jafnframt mun stofnunin sinna upplýsingagjöf um málefni norðurslóða, jafnt á Íslandi sem og á erlendri grundu. Verkefni IACN eru hugsuð til 4 ára og mun starfsemin hefjast á árinu.

**Norðurslóðanet Íslands (the Icelandic Arctic Cooperation Network) óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að stýra vinnu Norðurslóðanetsins, sem er sjálfseignarstofnun. Starfsstöðin er á Borgum við Norðurslóð á Akureyri. Um er að ræða fullt starf og er í upphafi ráðið til eins árs.**

**Starfssvið:**
- Verkefnastjórnun
- Þróunarstarf
- Stuðla að samskiptum milli aðila í Norðurslóðanetinu
- Skipulagning funda og viðburða
- Skýrslugerð
- Samvinna og stuðningur við meðlimi, stofnanir og aðra hagsmunaaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af málefnum norðurslóða æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Önnur tungumálakunnátta er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð skipulagsfærni og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Drifkraftur og frumkvæði
- Hæfni, jákvæðni og lipurð í samskiptum og upplýsingamiðlun

Umsjón með ráðningunni hafa Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Leikskólakennarar

**Við leitum að leikskólakennara til að vinna með okkur í viðbótarkennsluteymi Aðalþings**

## Viðbótarkennsluteymi

starfar að því sem almennt er nefnt sérkennsla í leikskólum. Teymið er skipað þremur leikskólakennurum en við viljum fá þann fjórða til starfa með okkur sem fyrst.

Þetta getur verið heppilegt starf fyrir þá leikskólakennara sem hafa áhuga á að feta sig inn á braut svokallaðrar sérkennslu og jafnvel þá sem huga á framhaldsnám í sérkennslufræðum, því skipulögð og skýr teymisvinna skilar sér í faglegum vinnubrögðum og stöðugu endurmati og samræðu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamning okkar við Félag leikskólakennara og eru sambærileg launum deildarstjóra í leikskólum sveitarfélaganna.

**Við viljum einnig fjölga í leikskólakennarahópnum. Vilt þú vinna með öðrum fagmönnum á deildarstjórakjörum?**

**Hæfniskröfur**:
- Starfsréttindi leikskólakennara.
- Áhugi á að starfa í anda Reggio Emilia eða að kynnast slíkum starfsháttum og efla sig í starfi.
- Góðir samskiptahæfileikar og glaðlyndi.
- Metnaður til að efla leikskólastarf á Íslandi og bæta aðstæður kennara.

LEIKSKÓLINN AÐALÞING

Umsóknarfrestur er til 15. desember. Nánari upplýsingar eru á **www.adalthing.is**
Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Hörð Svavarsson skólastjóra í síma 515 0930 eða á netfangið hordur@adalthing.is

Capacent Ráðningar

# MANNAUÐSSTJÓRI

HEILSUGÆSLAN

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf mannauðsstjóra.**
Hlutverk mannauðsstjóra er að gegna forystu í stefnumótun, skipulagningu og samhæfingu á sviði mannauðsmála og fylgja eftir framkvæmd stefnu á því sviði í samvinnu við aðra stjórnendur. Meðal verkefna mannauðsstjóra eru ráðningar, móttaka nýrra starfsmanna, starfsþróun, starfsmannasamtöl, upplýsingamiðlun, stofnanasamningar, samskipti við stéttarfélög, jafnréttismál, ráðgjöf og þjónusta við starfsmenn og stjórnendur. Mannauðsstjóri heyrir beint undir forstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála. Meistaragráða æskileg
- Haldgóð reynsla af umsjón mannauðsmála; stjórnunarreynsla á því sviði æskileg
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar. Reynsla af lausn vandamála
- Þekking á starfsmannamálum og kjarasamningum ríkisins er æskileg
- Þekking á heilbrigðisþjónustu er æskileg

**Færni og aðrir eiginleikar:**
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Öguð vinnubrögð

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þróunarstofu heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Auk ráðgjafa Capacent veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (svanhvit.jakobsdottir@heilsugaesla.is) nánari upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LEITAR ÞÚ AÐ SPENNANDI STARFI?

JARÐBORANIR

Jarðboranir eru stærsta fyrirtæki í heimi sem sérhæfir sig í öflun jarðhita. Sterkur heimamarkaður, áratuga reynsla af alþjóðlegum verkefnum, framúrskarandi starfsfólk og hátæknivæddur borfloti gera fyrirtækið samkeppnishæft hvar sem er í heiminum. Jarðboranir leggja áherslu á að njóta alþjóðlegrar viðurkenningar sem sérfræðingar á sínu sviði og efla stöðu sína sem áhugaverður fjárfestingarkostur.

**Jarðboranir leita að öflugum leiðtogum í tvær lykilstöður hjá fyrirtækinu. Um er að ræða fjölbreytt, umfangsmikil og krefjandi verkefni. Æskilegt er að viðkomandi aðilar gætu hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.**

## YFIRMAÐUR VIÐHALDS

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á viðhaldi bora og búnaðar Jarðborana
- Kostnaðaráætlanir í samráði við yfirstjórn
- Vinna við viðhaldskerfi og þróa viðhaldsáætlun
- Samræma notkun viðhaldskerfis
- Skipuleggja viðhalds- og viðgerðarvinnu með vélstjórum fyrirtækisins
- Ábyrgð á varahlutabirgðum og öðrum aðföngum
- Eftirlit með viðhalds- og viðgerðarvinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Próf í tæknifræði, vélfræði, vélvirkjun eða skyldum greinum er skilyrði
- Þekking á viðhaldskerfum og reynsla af fyrirbyggjandi viðhaldi vélbúnaðar
- Reynsla af mannaforráðum og geta til að leiða hópa er nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

## INNKAUPASTJÓRI

**Helstu verkefni:**
- Afla tilboða og ganga frá kaupum á birgðavöru, rekstrarvöru, vélbúnaði og varahlutum
- Innkaup á stærri búnaði t.d. vegna borkaupa
- Tollflokkun á keyptum vörum
- Tilboð og innkaup vegna verkefna erlendis
- Allt utanumhald um vöruskrá s.s. stofnun vörunúmera, birgja og skipulag á umgengisreglum um vöruskrá
- Þróun á lagerkerfi og utanumhald á lagerum fyrirtækisins á starfstöðvum þess hérlendis og erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, próf í verkfræði eða skyldum greinum er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Þekking á innkaupum og útboðum æskileg
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með störfunum hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# SÉRFRÆÐINGUR Í SAMKEPPNISMÁLUM
## Í REGLUVÖRSLU ARION BANKA

Það er hlutverk regluvörslu Arion banka að stuðla að góðum viðskiptaháttum og að starfsemi bankans sé í samræmi við lög og reglur. Regluvarsla sinnir hlutverki sínu með reglubundnu eftirliti, ásamt því að veita fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna.

### Helstu verkefni

- Innleiðing samkeppnisstefnu Arion banka
- Fræðsla og ráðgjöf varðandi lög og reglur um samkeppnismál
- Samskipti við yfirvöld
- Eftirlitsverkefni tengd samkeppnismálum

### Hæfniskröfur

- Góð þekking á samkeppnislögum skilyrði
- Æskilegt að hafa lokið námi í lögfræði
- Æskilegt að hafa reynslu af vinnu við samkeppnismál
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar** veitir **Hákon Már Pétursson** regluvörður, sími 444 6209, hakon.petursson@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2012.**

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsækjendur sæki um starfið á vef bankans, www.arionbanki.is/starf

Arion banki

ALÞINGI

## Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis gefur þeim sem þess óska kost á að senda skriflegar athugasemdir við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Nefndin veitir viðtöku umsögnum og erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum á netfangið stjornskipun@althingi.is. Umsagnir og erindi þurfa að berast nefndinni fyrir 13. desember nk.

Eldri umsagnir um skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands sem voru til meðferðar á síðasta löggjafarþingi liggja einnig til grundvallar við vinnu nefndarinnar við frumvarpið.

Frumvarpið er að finna á vefslóðinni:
www.althingi.is/s510/
Eldri umsagnir er að finna á vefslóðinni:
www.althingi.is/e3/

*Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis*
*Skrifstofa Alþingis – nefndasvið*
*Austurstræti 8-10*
*150 Reykjavík*

MOSFELLSBÆR

## Skjalastjóri Mosfellsbæjar

**Laust er til umsóknar starf skjalastjóra á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar.**

Bæjarskrifstofa Mosfellsbæjar er staðsett í Kjarna að Þverholti 2 og þar starfa að jafnaði um 40 manns. Bæjarskrifstofan býður upp á hvetjandi starfsumhverfi og setur sér það markmið að vera eftirsóknarverður og aðlaðandi vinnustaður þar sem atvinna og fjölskylduábyrgð fara vel saman.

Skjalastjóri gegnir lykilhlutverki í stefnumótun og eftirfylgni með skjalastjórnun Mosfellsbæjar og ber ábyrgð á því að farið sé að gildandi lögum og reglum um skjalavistun opinberra aðila og sveitarfélaga.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Umsjón og eftirlit á skráningu, meðhöndlun og vörslu skjala hjá Mosfellsbæ
- Umsjón með skjalasöfnum allra sviða bæjarins
- Kerfisstjórn skjalavörslukerfis. Eftirlit, viðhald og þróun á verkhlutum þess
- Umsjón með Íbúagátt Mosfellsbæjar, þátttaka í þróun hennar og aðstoð við innri og ytri notendur
- Fræðsla og ráðgjöf um skjalamál og notkun skjalavörslukerfis til starfsmanna og stofnana
- Viðhald og mótun á verklagsreglum um meðferð og vistun skjala

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er æskileg
- Mjög góð alhliða tölvukunnátta er skilyrði
- Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni ásamt því að vera samviskusamur og nákvæmur í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2012.**

Umsókn ásamt ferilskrá og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið skal send á netfangið sigriduri@mos.is.

Upplýsingar um starfið veita Óskar Þór Þráinsson skjalastjóri og Sigríður Indriðadóttir mannauðsstjóri í síma 5256700.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# **Óskum eftir**
# fólki á uppleið



## Liðtækir, liðugir og liðlegir flugliðar óskast

Við ætlum að ráða nokkra hressa flugliða til sumarstarfa hjá WOW air. Áhugasamir þurfa að vera fæddir eigi síðar en árið 1991 (mega sem sagt ekki vera yngri en Nevermind með Nirvana) og þurfa að hafa lokið stúdentsprófi með stæl.

Íslensku-, ensku- og dönskukunnáttu er krafist, ásamt partýfæru valdi á þýskri eða franskri tungu. Öll önnur tungumál að sjálfsögðu vel þegin líka.

Brennandi þjónustulund, bullandi ævintýraþrá og lipurð í samskiptum eru bráðnauðsynlegir eiginleikar, auk hæfileikans til að njóta lífsins og hafa gaman af því að fara ítrekað upp í loft og aftur niður.

**Vilt þú slást í hópinn?**
Ekki hika við að senda umsókn á **fly@wow.is** fyrir 14. desember.

WOW air

Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | www.wow.is | wow@wow.is

# Securitas óskar eftir rafiðnaðarmanni

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði, með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

SECURITAS

Vilt þú vinna í skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð störf. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir rafvirkja eða rafeindavirkja til starfa.

Hæfniskröfur:
· Sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Þjónustulund
· Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, fulltrúi á starfsmannasviði. Starfið hentar jafnt báðum kynjum.

Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. desember 2012.**

**www.securitas.is**

VR 2010 VR 2011 VR 2012 Securitas er fyrirmyndarfyrirtæki VR 2012

ÍSLENSKA SIA.IS SEC 62104 11.2012

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Leikskólinn Akrar**
- leikskólakennari 50-100%

**Leikskólinn Sunnuhvoll**
- leikskólakennari/ leiðbeinandi í 50%

**Leikskólinn Lundaból**
- sérkennsla

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# Náttúrustofa Suðausturlands

Náttúrustofa Suðausturlands auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar.

Stofan er staðsett á Höfn í Hornafirði og starfssvæðið nær yfir Sveitarfélagið Hornafjörð og Skaftárhrepp. Stofan mun hefja formlega störf þann 1. janúar 2013. Samkvæmt lögum skal forstöðumaður Náttúrustofu hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild og stjórnar daglegum rekstri hennar.

Gerðar eru kröfur um að umsækjandi hafi faglega þekkingu á viðfangsefnum Náttúrustofunnar, s.s. jöklum, loftslagsbreytingum, eldvirkni, og náttúruverndarsvæðum. Auk þess þarf umsækjandi að hafa góða þekkingu á náttúru Suðausturlands.

Umsækjandi skal hafa forystu-, skipulags- og samskiptahæfileika og áhuga á uppbyggingar og þróunarstarfi. Jafnframt skal umsækjandi hafa gott vald yfir íslensku og að minnsta kosti einu öðru tungumáli

Umsóknum ásamt ferilskrá skal senda í Ráðhús Hornafjarðar merkt „forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands", Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á heimasíðu bæjarins hornafjordur.is undir laus störf, fyrir 11. desember 2012.

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar í síma 470 8016 eða á netfangið hjaltivi@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

The EFTA Surveillance Authority monitors compliance by Iceland, Liechtenstein and Norway with the law of the European Economic Area (EEA), enabling those countries to participate in the European internal market. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.

# Finance Officer

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

JOB REFERENCE: 14/12

**Start date: Spring 2013, or as soon as possible**

**Deadline for application: 16 December 2012**

Interviews: January 2013

Application must be filled in and sent online at the following address: **https://jobs.eftasurv.int**

EFTA Surveillance Authority webpage: **www.eftasurv.int**

**Role description:**
The successful applicant will be responsible for the financial and accounting operations of the Organisation and report to the Director of Administration. S/he will be working hands-on with budgets, accounting, payments, voucher handling, travel claims, payroll and any other related control activities.
The successful candidate will also assist the Director of Administration in matters relating to the interpretation and execution of the Authority's Financial and Staff Regulations and Rules. The position will require direct contact with the Authority's College and all staff members, national administrations in Belgium and the EFTA States, external providers and auditors.
The field of responsibility may be adapted according to the qualifications of the incumbent and the needs of the Authority.

**Essential Skills:**
- Higher education within finance, accounting, business administration, or equivalent.
- At least 5 years relevant work experience in a similar post from private or public sector.
- Ability to work independently and in teams, with an eye for detail and excellent analytical skills.
- Personality, service attitude and reliability to match the wide scope of the position.
- Ability to communicate effectively, orally and in writing.
- Excellent command of written and spoken English (the working language of the Authority).
- Good computer literacy is essential, in particular good command of Excel and experience with accounting software.

**Ideal Skills:**
- Knowledge of, and experience in using, Microsoft Dynamics AX.
- Knowledge of any of the languages of the EFTA States (Icelandic, Norwegian, German) and/or host country (French or Dutch).

**Performance Indicators:**
Subject matter knowledge, analytical skills and problem solving, quality and result orientation, compliance with internal rules, processes and instructions, autonomy, motivation to work, personal efficiency and initiative.

**Conditions:**
The position is placed at grade A4 of the salary scale, starting at € 83.386,68 per year. Depending on, inter alia, family status, allowances and benefits apply. Favorable tax conditions apply. Overview of conditions at: **http://www.eftasurv.int/about-the-authority/vacancies/recruitment-policy.**

While its staff members shall normally be nationals of one of the three EFTA States party to the EEA Agreement, the Authority will also consider other applications, primarily those of nationals of the other States that are party to the EEA Agreement.

Type and duration of appointment: fixed-term three years contract.
Job title : Finance Officer.
If considered desirable and in the Authority's interest, an additional three years contract may be offered.

*Questions regarding the post may be posed to Mrs Brit Helle, Director of Administration, at +32 (0)2 286 18 90 or Mr Gisle Solstad, Head of Finance, at +32 (0)2 286 18 91.*
*Questions regarding the recruitment process may be posed to Ms Sophie Jeannon, HR Assistant, at +32 (0)2 286 18 93.*

# Framkvæmdastjóri
## viðskiptastýringar

**Advania óskar eftir að ráða kraftmikinn einstakling í nýtt starf framkvæmdastjóra viðskiptastýringar (key account management). Ef þú hefur mikla þekkingu á viðfangsefninu og metnað til að gegna stjórnendahlutverki á skemmtilegum vinnustað í fremstu röð, þá erum við að leita að þér!**

Starfið felst í stjórnun samskipta, þjónustu við lykilviðskiptavini Advania og umsjón með krosssölu innan fyrirtækisins. Stefnumótun í sölu og þjónustu er hluti af starfinu, ásamt virkri þátttöku í öflun viðskiptasambanda og uppbyggingu á sölustarfsemi fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri viðskiptastýringarsviðs situr í framkvæmdastjórn Advania og starfar þvert á tekjusvið fyrirtækisins með stórum hópi fólks. Viðkomandi þarf þess vegna að vera samvinnufús með þægilegt viðmót og mikla leiðtogahæfileika.

**Helstu áherslur**

- Tryggja að þjónustuframboð Advania sé í samræmi við markmið viðskiptavina og þróun í upplýsingatæknigeiranum
- Hafa yfirgripsmikla þekkingu á atvinnulífinu og þörfum viðskiptavina í upplýsingatækni
- Samskipti við samstarfsaðila Advania, hér á landi og erlendis
- Vera leiðandi aðili í mótun, innleiðingu og eftirfylgni með viðskiptastýringu innan Advania

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla af viðskiptastýringu
- Þekking og reynsla af CRM
- Brennandi áhugi á sölu- og markaðsmálum
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur til og með 9. desember. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið í gegnum www.advania.is/atvinna. Nánari upplýsingar veitir Ægir Þórisson, aegir@advania.is eða í síma 440 9000.**

**Advania** er stærsta þekkingarfyrirtæki á Íslandi með 1.100 starfsmenn í fjórum löndum og höfuðstöðvar í hjarta Reykjavíkur. Starfsfólk fyrirtækisins á Íslandi er um 600 talsins. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem vinnutíminn er sveigjanlegur og rekin er öflug jafnréttisstefna.

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-2711

---

Íbúðalánasjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.
Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

# Verkefnastjóri

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða verkefnastjóra á upplýsinga- og tæknisvið

**Starfssvið:**
- Utanumhald, skipulagning og stýring verkefna
- Samskipti við þjónustuaðila
- Gerð tíma- og kostnaðaráætlana
- Skýrslugerð og eftirfylgni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla í verkefnastjórnun er skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð er kostur
- Nákvæm og góð vinnubrögð
- Frumkvæði, færni og lipurð í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---



# Viltu breyta?

**Arctic Trucks óskar að ráða vanan bifvélavirkja.**

**Hæfniskröfur:** Próf í bifvélavirkjun, góð þekking á bílum og starfsreynsla. Reynsla af jeppabreytingum kostur. Þarf að geta unnið sjálfstætt, búa yfir ríkri þjónustulund, vera samviskusamur og vandvirkur.

**Umsóknarfrestur er til 9. desember nk.**

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

**Arctic Trucks** er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. **Arctic Trucks** hefur sérhæft sig í jeppabreytingum og er þekkt vörumerki á því sviði víða um heim.

Umsóknir sendist á:
**umsokn@arctictrucks.is**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallveig Andrésdóttir starfsmannastjóri, sími 540 4911.



# Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

PIPAR\TBWA • SÍA • 123537

## Laust er til umsóknar starf forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands sem er eitt af fimm fræðasviðum skólans.

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs starfar í umboði rektors. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess. Með forseta fræðasviðs starfar öflugt teymi stjórnenda og sérfræðinga.

## Umsækjendur skulu hafa:

- akademískt hæfi sem og þekkingu og reynslu, á háskóla- og/eða rannsóknaumhverfi,
- leiðtogahæfileika,
- metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn,
- ríka samskiptahæfni,
- víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.

**Umsóknarfrestur er til 2. janúar 2013.**
Nánari upplýsingar um umsóknargögn, starfið og ráðningarferlið er að finna á slóðinni: http://www.hi.is/adalvefur/forseti_von

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Spennandi tækifæri!

## Umsjónarmaður innkaupa- og markaðsmála

**Heilsuhúsið leitar að hugmyndaríkum og drífandi starfsmanni með brennandi áhuga og reynslu af sölu- og markaðsmálum.**

**Helstu verkefni:**

- *Innkaupa- og markaðssamningar við birgja*
- *Yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum*
- *Stýrir vöruvali í verslunum Heilsuhússins, útliti og framstillingum*
- *Gerir söluáætlanir og bregst við frávikum*
- *Umsjón með vef Heilsuhússins*

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Reynsla af sölu- og markaðsmálum*
- *Reynsla af gerð innkaupasamninga er kostur*
- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi*
- *Áhugi og þekking á heilsu- og heilsuvörum*
- *Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna með ólíkum hópum fólks*

Umsóknarfrestur er til **9. desember**. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist Halli Guðjónssyni, starfsmannastjóra á netfangið **hallur@heilsuhusid.is**, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.

Heilsuhúsið er leiðandi smásölufyrirtæki með vítamín, bætiefna og lífræna vöru. Hjá Heilsuhúsinu er lögð rík áhersla á ráðgjöf og faglega þjónustu, bæði til forvarnar og bættrar heilsu. Við leggjum jafnframt áherslu á að vörurnar okkar séu umhverfisvænar og kappkostum að stuðla að bættri umhverfisvitund. Heilsuhúsið rekur sex verslanir og hjá því starfa um 60 manns.

**Heilsuhúsið**
*LAUGAVEGI, LÁGMÚLA, KRINGLUNNI, SMÁRATORGI, SELFOSSI OG AKUREYRI*

**heilsuhusid.is | Facebook: Heilsuhúsið | Sími 530 3800**

*náttúrulega* heilsuhúsið

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Skurðlækningasvið Landspítala
# Sérfræðilæknar í augnskurðlækningum

**Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna í augnskurðlækningum. Annars vegar starf sérfræðings í hornhimnu- og augasteinaaðgerðum í 80% starfshlutfalli og hins vegar starf sérfræðings í glerhlaups- og sjónhimnuaðgerðum í 40% starfshlutfalli. Störfin eru laus frá 1. maí 2013 eða eftir nánara samkomulagi.**

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, svo sem greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni meðal annars þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum.
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar.
- » Sinna bráðatilvikum og slysum á vakt.
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni.

## Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í augnskurðlækningum.
- » Þekking og reynsla af ofangreindum skurðaðgerðum .
- » Reynsla í kennslu- og vísindavinnu æskileg.
- » Góð samskiptahæfni.

## Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2013.
- » Upplýsingar veitir Einar Stefánsson, yfirlæknir í síma 543 7217, netfang einarste@landspitali.is.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti fyrir 1. janúar 2013 til skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Landspítala Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Trúnaðarlæknir Landspítala

**Laust er til umsóknar starf trúnaðarlæknis Landspítala. Starfshlutfall er 80-100%. Starfið veitist frá 1. febrúar 2013, eða eftir nánara samkomulagi.**

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ráðgjöf fyrir stjórnendur og starfsmenn LSH varðandi mál sem varða heilsu, öryggi, vinnugetu og vinnuumhverfi starfsmanna.
- » Ráðgjöf og mat á vottorðum og öðrum álitamálum sem upp koma varðandi heilsufar starfsmanna.
- » Ráðleggingar til starfsmanna sem miða að því að þeir haldi góðri heilsu hvort sem er með forvörnum, heilbrigðiseftirliti eða endurhæfingu.
- » Læknisfræðileg ábyrgð á stefnumótun og skipulagningu heilbrigðiseftirlits og fræðslu um heilsu-, öryggi og vinnuumhverfi starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög og tilheyrandi reglugerðir.
- » Þátttaka í stefnumótun varðandi vinnuvernd og heilsueflingu starfsmanna.
- » Rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði vinnuverndar og heilsueflingar.

## Hæfnikröfur

- » Sérfræðimenntun og starfsreynsla í viðeigandi sérgreinum s.s. heimilislækningum, lyflækningum, geðlækningum eða öðrum skyldum greinum.
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- » Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfni til að starfa í þverfaglegu teymi.
- » Góð tölvukunnátta/ helstu notendaforrit.

## Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2012.
- » Upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, sími 543 1330, netfang erna@landspitali.is
- » Umsókn fylgi ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim sem og innsendum gögnum.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast mannauðssviði Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.
- » Ef samið verður um fullt starf (100%) þá er það bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

## *Sérfræðingur í verðbréfamiðlun*

**H.F. Verðbréf óska eftir því að ráða metnaðarfullan sérfræðing í verðbréfamiðlun. Um er að ræða krefjandi, ábyrgðarfullt og spennandi starf fyrir réttan aðila sem hefur framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og brennandi áhuga fjármálamörkuðum.**

***Starfssvið***

» Miðlun skuldabréfa og hlutabréfa

» Greining viðskiptatækifæra á markaði

» Kynningar til fjárfesta og öflun viðskiptavina

***Hæfniskröfur***

» Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun

» Próf í verðbréfaviðskiptum æskilegt

» Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

» Skipulögð og vönduð vinnubrögð

» Reynsla af fjármálamarkaði æskileg

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði heitið.
Nánari upplýsingar veitir Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri.
Umsækjendur sendi starfsumsókn og ferilskrá á netfangið andri@hfv.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember.

H.F. Verðbréf er íslenskt verðbréfafyrirtæki sem starfar á grundvelli starfsleyfis frá FME í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Félagið, sem er að stórum hluta í eigu starfsmanna, var stofnað árið 2003 og er aðili að NASDAQ OMX kauphöllinni í Reykjavík. Þjónusta félagsins tvíþætt. Í fyrirtækjaráðgjöf veita sérfræðingar félagsins m.a. ráðgjöf við kaup, sölu og samruna fyrirtækja, fjárhagslega endurskipulagningu og fjármögnun. Hjá markaðsviðskiptum þjónustar félagið fagfjárfesta á sviði verðbréfamiðlunar, útgáfu skuldabréfa ofl. Þá var H.F. Verðbréf brautryðjandi á svið beins markaðsaðgangs (DMA) á Íslandi árið 2006.
Hjá félaginu starfar þéttur hópur sérfræðinga með ólíkan bakgrunn og reynslu af innlendum fjármálamarkaði. Kjörorð félagsins eru: Heilindi. Fagmennska.
Nánari upplýsingar um félagið, verkefni og viðskiptavini er að finna á heimasíðunni, www.hfv.is

H.F. VERÐBRÉF

Ímyndunarafl / HFV / VM 1211

---

# Sérfræðingur í Reikningshaldi

**Laust er til umsóknar** starf sérfræðings í Reikningshaldi Landsbankans. Reikningshald sér um alla fjárhagslega upplýsingagjöf, svo sem gerð árs- og árshlutareikninga og framsetningu á öðrum tölulegum gögnum.

**Helstu verkefni**

» Uppgjör og greiningarvinna

» Gerð ársreikninga samkvæmt kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla

» Önnur tilfallandi störf tengd uppgjörum og greiningarvinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur**

» Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegu námi

» Þekking og reynsla af vinnu við uppgjör

» Góð kunnátta í Excel

» Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) er kostur

» Reynsla af samstæðuuppgjörum æskileg

» Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

» Góð samskiptahæfni

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Bergþóra Sigurðardóttir, Starfsþróunarstjóri og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7900.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Reikningshaldi" fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

LANDSBANKINN.KT.471008-0280

---


**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is




# Sölumaður á hjólbarðaverkstæði

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða reyndan sölumann á hjólbarðaverkstæði fyrirtækisins að Tangarhöfða, Reykjavík. Við leitum eftir dugmiklum og heiðarlegum starfskrafti sem býr yfir hæfni í samskiptum. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum. Reynsla af sölu hjólbarða er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Gestur Jóhannes Árskóg í síma 590 2080
Umsóknum skal skila á tölvutæku formi á póstfangið gestur@benni.is
Umsóknarfrestur er til og með 10. desember n.k.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • www.benni.is

BFGoodrich · Interstate · Maxxis

Bílabúð Benna — Sérfræðingar í bílum

# Vegna aukinna umsvifa á Íslandi

**Óskum við eftir að ráða öfluga tæknimenn og söluráðgjafa.**
**Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.**

**Starfssvið tæknimanna:**
- Fóðra lagnir með Prosoc aðferðinni
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að lagnafóðrun

**Hæfniskröfur:**
- Iðnmenntun eða önnur sambærileg reynsla
- Starfsreynsla og góð þekking á faginu
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Íslenskukunnátta er skilyrði

**Starfssvið söluráðgjafa:**
- Tilboðsgerð og ráðgjöf
- Samskipti við viðskiptavini
- Samningar
- Kynningarfundir
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að sölu- og markaðsmálum

**Hæfniskröfur:**
- Iðn- eða tæknimenntun er kostur
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta

PROLINE

Í boði eru störf hjá öflugu og traustu fyrirtæki þar sem pláss er fyrir einstaklinga sem vilja ná afburðar árangri

Umsóknarfrestur er til 21. des. n.k. • Uppl: Stefán Ólason, stefan@proline-group.is • Umsóknir óskast fylltar út á www.proline-group.is

Proline Grop er leiðandi fyrirtæki i viðgerðum á frárennslislögnum og er starfandi í 9 löndum, hjá okkur starfa 390 metnaðarfullir starfsmenn. Höfuðstöðvar Proline Group eru staðsettar í Stokkhólmi. • Proline Grop býður uppá heildarlausnir við lagfæringar á frárennslislögnum. Markmið okkar er að leysa vandamál á þægilegan og hagkvæman hátt, með hágæða faglegri vinnu, með lámarksraski fyrir húseigendur.



# ERT ÞÚ ÞJÁLFARINN?

Leitum að þjálfara til starfa í tækjasal.
Um er að ræða 100% starf.

Hæfniskröfur: Menntun og reynsla á sviði íþrótta/heilsuræktar. Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 15.des.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Sjúkrahúsið á Akureyri
ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI



# Sjúkrahúsið á Akureyri auglýsir stöður lækna við geðdeild

## Staða Sérfræðings

**Laus er til umsóknar staða sérfræðings í geðlækningum á geðdeild Sjúkrahúsins á Akureyri.**
Staðan er laus frá 1. janúar 2013.
Helsti starfsvettvangur geðlæknisins verður greining og meðferð sjúklinga, bæði á göngu- og legudeild geðdeildar, ennfremur á bráðamóttöku sjúkrahússins. Stöðunni fylgir vaktskylda á geðdeild, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna auk þátttöku í rannsóknarvinnu. Starfsskylda er við heilbrigðisstofnanir á Norður- og Austurlandi.
Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Auk fræðilegrar þekkingar og reynslu er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða. Reynsla af stjórnun æskileg.

## Staða deildarlæknis

**Laus er til umsóknar staða deildarlæknis á geðdeild Sjúkrahúsins á Akureyri.** Staðan er veitt til 6 mánaða frá 1. janúar 2013, með möguleika á framlengingu. Ráðning til skemmri tíma kemur til greina. Stöðunni fylgir vaktskylda á geðdeild. Um er að ræða námsstöðu og fær deildarlæknirinn í starfi sínu leiðsögn og kennslu hjá geðlæknum. Ennfremur ber deildarlækninum að taka þátt í mánaðarlegum fræðsludögum fyrir deildarlækna á geðsviði Landspítalans. Kostur verður á að sækja aðra fræðslufundi og námskeið á starfstímanum.
Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins, er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Það leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri er eina almenna geðdeildin á landsbyggðinni og þjónar aðallega íbúum Norður- og Austurlands 18 ára og eldri. Þar er veitt margvísleg meðferð við öllum bráðum og langvinnum geðröskunum, í góðri samvinnu við heilsugæslu, sjúkrahúsdeildir, félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra hjálparaðila á svæðinu.
Næsti yfirmaður er Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðdeildar. Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um störfin og önnur starfskjör veita Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðdeildar í síma 463 0100 og í tölvupósti sigmundur@fsa.is, Guðrún Geirsdóttir yfirlæknir legudeildar geðdeildar í síma 4630100 og í tölvupósti gg0812@fsa.is, Árni Jóhannesson yfirlæknir göngudeildar í síma 4630100 og í tölvupósti arnijo@fsa.is og Gróa B. Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs í síma 463 0100 eða tölvupósti groaj@fsa.is.

Umsóknarfrestur um stöðurnar er til og með 20. desember 2012.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað, á þar til gerðum eyðublöðum sem fást hjá Embætti Landlæknis, til starfsmannaþjónustu Sjúkrahússins á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri eða á netfang starf@fsa.is . Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um náms og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir og ritstörf, auk kennslustarfa.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins. Sjúkrahúsið á Akureyri er reyklaus vinnustaður.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Deildarstjóri - starf deildarstjóra til afleysinga á heimili fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði

Vegna fæðingarorlofs leitum af starfsmanni, með menntun á sviði félagsvísinda til afleysinga, fyrir deildarstjóra í 90-100% starf. Viðkomandi verður að geta hafið störf um miðjan janúar og starfað fram að næstu áramótum.

**Hlutverk deildarstjóra:**
Deildarstjóri starfar samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra á heimili fyrir fatlað fólk sem felur m.a. í sér:
- Skipulagningu, samhæfingu, áætlanagerð, skýrslugerð, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og fræðslu í samvinnu og samráði við forstöðumann.
- Persónulegan stuðning við íbúa heimilisins.
- Samskipti og samstarf við tengdar stofnanir og aðstandendur.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi og þekking á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsríkt starf.
- Fjölbreytt verkefni.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
**Umsóknarfrestur er til 12. desember 2012** og skal umsóknum skilað á netfangið johannah@hafnarfjordur.is ásamt ferliskrá.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hauksdóttir forstöðuþroskaþjálfi í síma 555-6554.

*Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði*



# Leitum að öflugum starfsmanni í tekjustýringu

Í boði er spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi. Viðkomandi er ábyrgur fyrir verðlagningu fyrirtækisins á innlendum og erlendum mörkuðum og samskiptum við söluaðila. Starfið krefst mikillar skipulags- og greiningarhæfni, lipurðar í mannlegum samskiptum og agaðra vinnubragða. Starf tekjustjóra heyrir undir framkvæmdastjóra.

## Hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Frábær kunnátta í Excel
- Góð tungumálakunnátta

Umsóknir berist á tölvupóstfangið **gudmundur@sixt.is** fyrir mánudaginn 10. desember. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Orri Sigurðsson.

SIXT rent a car

**Sixt rent a car • Fiskislóð 18 • 101 Reykjavík**
**540 2222 • www.sixt.is • sixt@sixt.is**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Umsjónarmaður íþróttahúss | Framhaldsskólinn á Laugum | Laugar | 201211/083 |
| Deildarstjóri almannaskráningar | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201211/082 |
| Skrifstofustörf | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201211/081 |
| Deildarstjóri lögfræðideildar | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201211/080 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201211/079 |
| Forseti verkfr.- og náttúruv.sviðs | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201211/078 |
| Heimilislæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201211/077 |
| Móttökuritari | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201211/076 |
| Sérfr.læknar í augnskurðlækningum | LSH, augnlækningar | Reykjavík | 201211/075 |
| Trúnaðarlæknir Landspítala | LSH, skrifst. fr.kv.stj. mannauðssv. | Reykjavík | 201211/074 |
| Mannauðsstjóri | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201211/073 |
| Sérfræðingar í mælarekstri | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201211/072 |
| Kennari í stærðfræði | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201211/071 |
| Sérfræðingur | Verðlagsstofa skiptaverðs | Akureyri | 201211/070 |
| Verslunarstjóri | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Seyðisfjörður | 201211/069 |

vissir þú að...
börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Key positions at IMC

ÍSLAND ehf

**The IMC Group of companies, Worldcell, Device Cloud Networks and Alterna, with operations in Iceland and the USA are seeking to fill several key positions with highly skilled, opportunistic, self-motivated, team players.**
**IMC Hub established in 2000 is a licensed mobile operator based in Reykjavik that employs a small motivated team of people. The company is looking to grow their subscriber base both via their retail outlet Alterna and indirect through MVNOs. The Worldcell division formed in 1998 established international roaming agreements with global carriers and the latest addition to the group, Device Cloud Networks takes us forward with a revolutionary M2M (machine to machine) platform as a service technology.**
**All employees form an integral part of the group and are expected to demonstrate initiative and commitment, using their skills, knowledge and experience to the benefit of the group. People applying for these positions should be process driven, methodical and project management orientated and capable of providing excellent customer service support in a telecommunications environment at multiple levels. Ideally the right candidates will hold the appropriate education and degrees.**
**Candidates will have excellent communication skills, should be self-driven, thorough and detail orientated, as well as looking to further their own personal carrier and make an impact in this leading edge fast growing company. Personality and Values will include excellent team players committed to quality and customer satisfaction, a sense of responsibility and self-initiative.**
**All applicants should apply in English with details of their experience and explain why they believe they can personally make a significant contribution to the team. Compensation will be commensurate with the positions, made up of salary and performance bonuses.**

**Apply to Richard Beckley SVP Group Business Development. rbeckley@dcnm2m.com**
**Copy to Thorkatla Sigurdardottir Office Manager IMC thsigurdardottir@imcisland.is**

**GENERAL MANAGER – VP.** This is a senior level group position and this person will form an integral part of the global management team. He or she will have a minimum of 10 + years management experience in a technology related industry, Telecommunications is a plus. A successful commercial and or general management track record with line management experience, this person will lead a key division and contribute to the future success of the group. Experience working for a US based company with line management experience is a strong plus, as is a successful record of Profit and Loss responsibility.
A detail orientated, highly motivated person, capable of demonstrating leadership qualities and ideally a working knowledge of mobile communications is important. A self-driven visionary seeking his or her next carrier success and ready to contribute and play an integral part of highly respected and renowned global management team. The ability to communicate at all levels in the government and the commercial sector. Travel to the US and or other locations will be necessary.
Strong verbal and written English language skills are required, as are extensive professional references that can be verified.

**SALES / MARKERTING.** Able to demonstrate a highly successful sales and marketing career background in the subscriber mobile consumer market, this person will be responsible for customer growth in the Icelandic market. He or she will be a highly self-motivated results orientated person and have the necessary creativity, skills and ability to establish IMC as a formidable wireless operator in the market. The knowledge and ability to create new, innovative, and profitable service offerings and rate plans with follow through to market launch is essential. Subtasks will include developing marketing campaign strategies that will impact the industry, through post-paid and pre-paid services, capturing and increasing subscriber growth, both direct and indirect working in conjunction with IMC's MVNOs. This is a salaried and commission based, compensation package. The ability to build an image and growth for IMC through creativity, imagination, marketing and the use of social media is paramount

**NETWORK ENGINEER.** GSM Core Network Engineer with a minimum five years background and experience working with GSM and GPRS networks, products and services. Experience in Mobile switching, HLR/VLR, GGSN/SGSN systems, SMSC, Pre paid and other related services required. Knowledge of Huawei systems an advantage.
Experience with IP network and transmission signaling, including SS7, STP, Multiplexer's, plus Linux and Windows operating systems required. Power supply system's an advantage and knowledge of 3G WCDMA and 4G LTE, Radio engineering a plus.

**IREG – TADIG ENGINEER.** A experienced telecommunications engineer capable of managing the technical and administrative processes for IREG and TADIG testing of voice and GPRS including problem solving and roaming implementation. This person should be familiar with GSM testing methods and standards, Data clearing functions and processes and proficient in testing of services including: GSM (IR24), GPRS (IR35) and CAMEL (IR32, IR60).
The ability to perform implementation and testing of roaming services between carriers, manage project plans based on clients expectations and able to create and maintain documentation for roaming partners. This person will assist customers and roaming partners, performing IREG tests on various roaming products and prepare the necessary documentation and coordinate with the network engineers to develop and implement processes to enable roaming. Logging, prioritization and scheduling of partner and carrier requests for testing and changes to IREG and TADIG documentation is highly important.

IMC ÍSLAND ehf · Worldcell · DeviceCloudNetworks · alterna




# Vegna aukinna umsvifa

## óskum við eftir að ráða öfluga bifvélavirkja og bifreiðasmiði

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

### Bifvélavirkjar

**Starfssvið:**
- Almennar bílaviðgerðir

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

### Bifreiðasmiðir

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 8. desember á netfangið atvinna@toyota.is**
**Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

Toyota Kauptúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabil verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Framtíðarsýn okkar er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi"

---

SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.

## Óskum eftir rafvirkjum

Sveinbjörn Sigurðsson hf. óskar eftir rafvirkjum til starfa, næg vinna framundan. Krafist er vandaðra og sjálfstæðra vinnubragða. Hægt er að hafa samband við Sveinbjörn í síma 698 7976 eða með tölvupósti svenni@verktaki.is

---

Rafal

**Óskum eftir að ráða rafiðnaðarmenn og rafiðnaðarnema** vegna aukinna umsvifa. Spennandi og fjölbreytt störf í boði sem henta jafnt báðum kynjum. Vinsamlegast sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið rafal@rafal.is fyrir 7. desember.

---

KÓPAVOGSBÆR

## Húsvörður - Kórinn

**Íþróttamiðstöðin Kórinn óskar eftir húsverði.**
Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vef bæjarins *www.kopavogur.is*

*Hæfniskröfur*
- Leitað er að handlögnum, reglusömum, samviskusömum og vinnusömum einstakling.
- Iðnmenntun er kostur.
- Mikilvægt er að umsækjandi sé lipur í samskiptum og með góða þjónustulund.
- Störfin henta ekki síður þeim sem eru komnir á og yfir miðjan aldur en þeim sem yngri eru.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember 2012.**
Upplýsingar gefur Sævar Sigurðsson í síma 863-8299 og á netfanginu *korinn@simnet.is*

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

---

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

---

KÓPAVOGSBÆR

## Byggingartæknimaður óskast hjá byggingarfulltrúa

**Umhverfissvið Kópavogsbær auglýsir eftir byggingartæknimanni í skipulags- og byggingadeild.**

- Hæfniskröfur eru BS gráða á byggingarsviði ásamt góðri og víðtækri reynslu í byggingarmálum og stjórnsýslu.
- Helstu verkefni eru vinna við úttekt, eftirlit og yfirferð teikninga.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is*

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2012.**
Upplýsingar veitir Steingrímu Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 570-1500 eða í tölvupósti *steingr@kopavogur.is*

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

---

# www.vinna.is

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2012/2013 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 628, 13. júlí 2012

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:
**Sandgerði**
**Seyðisfjörður**
Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1015/2012 í Stjórnartíðindum

**Árneshreppur**
**Sveitarfélagið Skagafjörður (Sauðárkrókur og Hofsós)**
**Langanesbyggð (Bakkafjörður og Þórshöfn)**
Samkvæmt ákvörðun Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, endurauglýsir Fiskistofa eftir umsóknum um byggðakvóta fyrir neðanskráð byggðarlög, skv. ofnanskráðum sérreglum.
Áður innsendar umsóknir gilda.

**Snæfellsbær (Arnarstapi, Hellissandur, Rif og Ólafsvík)**
**Sveitarfélagið Skagaströnd**
**Sveitarfélagið Hornafjörður**
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. **Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2012.**

*Fiskistofa, 30. nóvember 2012.*

## AKSTUR MILLI FLUGSTÖÐVAR LEIFS EIRÍKSSONAR OG REYKJAVÍKUR ÚTBOÐ

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum óskar eftir tilboðum frá verktökum í akstur hópferðabifreiða á milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur á tímabilinu 15. apríl 2012-31. des. 2019. Til verksins heyrir útvegun hópferðabifreiða, fjármögnun, rekstur og viðhald ásamt umsjón með skipulagi aksturs, farmiðasölu o.fl. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Haldinn verður kynningarfundur fyrir bjóðendur kl.13:00 þriðjudaginn 11. des. 2012 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef VSÓ Ráðgjafar www.vso.is, frá og með þriðjudeginum 3. desember 2012.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ eigi síðar en kl. 14:00 föstudaginn 4. janúar 2013.


SAFT
RÆÐDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN
Heimili og skóli
www.saft.is

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Rammasamningur: „Eldsneyti fyrir Reykjavíkurborg“**, EES útboð nr. 12949.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir úr þróunarsjóði innflytjendamála 2012

Innflytjendaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála með það að markmiði að auðvelda gagnkvæma aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags. Að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi viðfangsefni:

- Þróunarverkefni sem styðja við félög innflytjenda sem vinna að hagsmunamálum innflytjenda.
- Þróunarverkefni sem stuðla að stofnun félaga innflytjenda sem vinna að hagsmunamálum þeirra.
- Þróunarverkefni sem vinna gegn þeim fordómum sem innflytjendur verða fyrir í samfélaginu.
- Þróunarverkefni sem hvetja til virkrar þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Önnur verkefni koma einnig til álita.

Styrkir verða almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum. Grasrótar- og hagsmunafélög innflytjenda eru sérstaklega hvött til þess að sækja um styrki úr sjóðnum. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna. Til ráðstöfunar eru 10 milljónir króna. Styrkir geta numið að hámarki 75% af heildarkostnaði verkefnis. Unnt er að sækja um á íslensku og ensku.
Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2013. Aðgangur að umsóknareyðublöðum er á vef velferðarráðuneytisins og eru umsækjendur sérstaklega hvattir til þess að nýta sér rafræna umsóknarformið sem er aðgengilegt með greinargóðum leiðbeiningum um notkun þess.
Á vef ráðuneytisins (www.velferdarraduneyti.is) er einnig að finna stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda og reglur þróunarsjóðs innflytjendamála með nánari upplýsingum um skilyrði styrkveitinga. Trúnaðar er gætt við meðferð umsókna.

Nánari upplýsingar fást í velferðarráðuneyti í síma 545 8100 og með tölvupósti á netfangið postur@vel.is

*Velferðarráðuneytinu, 1. desember 2012*

## TIL SÖLU
# ÍSBÚÐ / SÖLUTURN
### MIKLIR MÖGULEIKAR

Vaxandi íssala sem auðvelt er að auka verulega,
Spilakassar / lottó og vinsæl DVD leiga.
Snyrtilegt og nýlega endurnýjað húsnæði. Vel staðsett við 2 skóla og þétta blandaða byggð.
Miklir framtíðarmöguleikar, vaxandi velta
**Ýmis skipti koma til greina. Ásett verð 8 millj.**
Nánari uppl. veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

## Klapparstígur 38 - 101 Reykjavík





**Óskar Már**
s. 615 8200
oskar@domusnova.is

Óskar & Domusnova kynna í einkasölu Klapparstíg 38, 101 Reykjavík. Um er að ræða 239.3 fm hús á 3 hæðum auk geymsluhúsnæðis og tjalds ca 100 fm **samtals 339,3 fm. Lóðin er stór og möguleiki er á að stækka eignina.** Traustur langtíma leigusamningur er í húsinu. Veitingastaðurinn er á 2.hæðum 175,8 fm með leyfi fyrir 120 manns, vel tækjum búið, vandað hefur verið við val á innréttingum og gólfefnum. Íbúðin í risi er 63,5 fm, tveir inngangar eru í íbúðina. Garður og nánasta umhverfi er mjög snyrtilegt.
**Allar upplýsingar gefur Óskar Már í síma 615 8200 eða á oskar@domusnova.is**

DOMUSNOVA
Fasteignasala
Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is
**Grétar Hannesson Hdl., Löggiltur fasteignasali.**
**gretar@domusnova.is**



EIGNAMIÐLUN
Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali
Frá 1957
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## Fagleg og vönduð vinnubrögð

Ég, Reynir Björnsson löggiltur fasteignasali, með 15 ára starfsreynslu af fasteignamarkaði, hef hafið störf hjá Eignamiðlun fasteignasölu og býð viðskiptavinum í kaup- og söluhugleiðingum velkomna að hafa samband.

Kveðja,
Reynir Björnsson
löggiltur fasteigna-,
skipa- og fyrirtækjasali
sími. 895-8321



HRAUNHAMAR
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Breiðvangur 40 - sérhæð m/ bílskúr - Hf.

**Opið hús í dag, laugard. 1. des. frá kl. 16-17**




Nýkomin í einkasölu sérlega falleg, talsvert endurnýjuð neðri sérhæð auk 32 fm. bílskúr samtals 170 fm. Hús í mjög góðu ástandi að utan, nýlega málað. Þrjú góð svefnherbergi. Rúmgóð stofa. Arin. Frábær staðsetning í næsta nágrenni við skóla og leikskóla. **Verð 36 millj. Verið velkomin!**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**RÁÐGJÖF** – Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR** – Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR** – Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf · ráðningar · rannsóknir
Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

## Dofraborgir 21

112 Reykjavík
Einbýli á einni hæð

**Stærð: 201 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 44.150.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha

**Opið Hús**



**Sunnudag milli kl. 14:00 og 14:30**

**Verð: 49.900.000**





Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr og góðum garði.
Húsið skiptist í rúmgóða opna stofu/borðstofu, hátt til lofts og útgengi á sólpall. Gott eldhús með góðri innréttingu og borðkrók. Þrjú baðherbergi. Þrjú mjög rúmgóð svefnherbergi, eitt með fataherbergi og tvö með góðum skápum. Rúmgott þvottahús. Rúmgóðan bílskúr með vinnuherbergi/geymslu með glugga og geymslu lofti.

Allar nánari upplýsingar veitir Sylvía í síma 820-8081.



Sylvía Walthers
Sölufulltrúi
**820-8081**
sylvia@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Laxatunga 4

270 Mosfellsbær
Glæsilegt fullbúið raðhús

**Stærð: 243,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2009**
**Fasteignamat: 42.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**




**Sunnudaginn 18 nóv kl 15:00-15:30**

**Verð: 49.900.000**





Stórglæsilegt og vandað raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ.
Um er að ræða glænýtt hús!
Möguleiki á 90-95% fjármögnun.
Húsið er laust til afhendingar strax!

Neðri hæð: Forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr.
Efti hæð: 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, baðherbergi og þvottahús.
Parket á öllu að undanskyldum baðherbergjum og þvottahúsi sem eru flísalögð. Granít á eldhúsinnréttingu og öllum sólbekkjum. Tvennar svalir, útgengi af jarðhæð beggja meginn.



Guðmundur K.
Sölufulltrúi
**8523332**
gudmundur@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Hlíðarbraut 1

220 Hafnarfjörður
TIL LEIGU!!!!

**Stærð: 200 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 0**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Senter



**Stutt í miðbæ Hafnarfjarðar**

**Verð: 235.000**

Einbýli til leigu á vinsælum stað í Hafnarfirði ca 200 fm (240fm).
Eignin skiptist í Forstofu, hjónaherbergi, 4 barnaherbergi, 2 baðherbergi, geymslu, eldhús, sjónvarpshol og stofu.
ATH í bílskúrnum er lítil stúdio íbúð sem ekki leigist með heildar eigninni.
Allar upplýsingar veitir Ástþór Reynir í síma 899-6753 eða á arg@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Bergstaðastræti 13

101 Reykjavík
TIL LEIGU!!!

**Stærð: 79 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2012**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Senter



**Nýjar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur**

**Verð: 0**

Til leigu í 101 Reykjavík!!!!!
Fallegar íbúðir á vinsælum stað á Bergstaðastræti. Íbúðirnar skiptast hvor um sig í 2 svefnherbergi með þðarketi á gólfi, baðherbergi með sturtu, flotað gólf, eldhús og stofu saman í einu rými með parketi á gólfi, útgengi út á stórar svalir. Íbúðirnar leigjast með húsgögnum. Þó eigi lengur en til 1. maí 2013
Upplýsingar veitir Ástþór Reynir í síma 8996753



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Ystasel 13

109 Reykjavík
Frábært tækifæri

**Stærð: 294 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1978**
**Fasteignamat: 45.700.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**



**Mánudaginn 3 des. milli kl 18:30-19:00**

**Verð: 75.000.000**

FALLEGT EINBÝLISHÚS MEÐ TVEIMUR AUKA ÍBÚÐUM ÁSAMT GÓÐUM BÍLSKÚR.
Eignin er á tveimur hæðum, efri hæðin er 147 fm, 3-4 svefnherbergi, sjóvarpshol, rúmgóð stofa og borðstofa. Efri hæðin hefur verið endurnýjuð að miklum hluta. Á neðri hæðinni er þvottahús og geymsla ásamt tveimur ca 70fm íbúðum sem hafa sameiginlegan inngang og hefur önnur þeirra verið endurnýjuð.



Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Suðurholt 11

220 Hafnarfjörður
Neðri sérhæð í tvíbýli

**Stærð: 118,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2000**
**Fasteignamat: 23.700.000**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**



**Sunnudaginn 2 Des. 16:00-16:30**

**Verð: 26.900.000**

Vel skipulögð íbúð með góðum suðurgarði, grindverki og er útigeymsla í smíðum. Útsýni er yfir Suðurnesin og Reykjanesfjallgarðinn, stutt er í þjónustudagvöruverslana, þriggja leikskóla og grunnskóla auk þess sem golfvöllurinn Keilir er í 5 mínútna göngufæri.

Kristján Þórir tekur á móti gestum og gangandi.



Stefán Jarl
Sölufulltrúi
**8929966**
stefan@remax.is



Kristján Hauks s.
Sölufulltrúi
**6961122**
kristjan@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Hvassaleiti 21

103 Reykjavik
Frábær staðsetning

**Stærð: 258,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1963**
**Fasteignamat: 40.850.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**



**Mánudaginn 3 des. milli kl 17:30-18:00**

**Verð: 47.000.000**

Vel skipulagt raðhús ásamt innbyggðum 20 fm bílskúr. Um er að ræða raðhús með mikla möguleika á fjölskylduvænum stað, stutt í skóla, leikskóla, Kringluna og alla helstu þjónustu og umferðaræðar.
Fjögur svefnherbergi, þrjár stórar stofur, fallegt útsýni, góð timburverönd og yfirbyggðar svalir.



Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Reykás 39

110 Reykjavík
ÚTSÝNI - LAUS STRAX!

**Stærð: 122,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 1984**
**Fasteignamat: 18.570.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha

**Opið Hús**



**Opið hús sunnudaginn 2.des kl.15-15:30**

**Verð: 28.500.000**

LAUS STRAX!! Falleg 122,8 fm 3ja - 4ja hrb. á 2.hæð í Reykásnum. Þar af er 23,2 fm góður bílskúr með góðu geymsulofti. Eldhús og bað tekið í gegn 2004. Tvennar svalir og búið er að taka húsið í gegn að utan. Útsýnið nær yfir Rauðavatn - Heiðmörkina og Bláfjöllin. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. Allar nánari uppl. veitir Þórdís í síma 8621914 og/eða í tölvupósti thordis@remax.is



Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
**8621914**
thordis@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Til sölu/leigu

# Esja Bar - veitinga og skemmtistaður

## Austurstræti 16 - Apótekið

Stærð um 850 fermetrar - götuhæð og kjallari.

Öll tæki búnaður og húsgögn fylgja.

10 ára leigusamningur gerður við trausta aðila.

Miklir möguleikar á besta horni landsins.



Til afhendingar strax

Upplýsingar veitir Karl í síma: 892-0160
Karl@Kirkjuhvoll.is



Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Fyrirtækjakaup.is





SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skóli

www.saft.is


# Ertu flinkur forritari?




Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar leitar að forritara á eina öflugustu fréttastofu landsins. Fréttavefurinn okkar Vísir.is er í stöðugri þróun og eru margar skemmtilegar nýjungar fram undan. Við viljum vera leiðandi í þróun vefmiðla á Íslandi og nú vantar okkur forritara til að vinna að verkefnum framtíðarinnar í spennandi umhverfi þar sem hlutirnir gerast hratt. Æskilegt er að umsækjendur hafi góða menntun og reynslu af fjölbreyttri forritun.

Nánari upplýsingar veitir Tinni Sveinsson, vefstjóri Vísis, í tölvupósti; tinni@365.is
Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Sótt er um störfin á vef 365 miðla: www.365midlar.is Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk.

365

# Ert þú frábær fréttamaður?



Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar leitar að fréttamönnum á eina öflugustu fréttastofu landsins. Okkur vantar fréttamenn bæði á Stöð 2 og á Vísi. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku. Reynsla af frétta- eða blaðamennsku er æskileg, auk góðrar menntunar og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Freyr Einarsson, ritstjóri Fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis, einungis í tölvupósti; freyr@365.is Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Sótt er um störfin á vef 365 miðla: www.365midlar.is Umsóknarfrestur er til og með 9. desember n.k.

365

## BÍLAR & FARARTÆKI





Toyota Hilux Double cab 3,0 dísel Árg 2007 Sjálfs, ekinn aðeins 49.000.- Sjá myndir raðnumer 202983

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**



CHRYSLER Town & country Árgerð 2007, ekinn 63 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.740.000.Bilalan 1970 þús 41 þús á mánuði möguleiki á 100% láni fyrir mismumn á visa/euro skoðar einig skipti Rnr.104236. Bílabankinn 588-0700 Eftir lokunn 6914441



FORD Fiesta trend. Árgerð 2004, ekinn 101 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 750.000. Rnr.103849. Möguleiki á 100% láni Bílabankinn 588-0700 Eftir lokunn 6914441



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2004, ekinn 135 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 750.000. Rnr.104178 Möguleiki á 100% láni Bílabankinn 588-0700 Eftir lokunn 6914441



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2000, ekinn 205 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 480.000. Rnr.104168. Möguleiki á 100% láni visa/euro Bílabankinn 588-0700 Eftir lokunn 6914441

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bilfang.is S. 567 2000



Ford Transit 300 Trend Tourneo 2.2 DIESEL 6 gira 09/2010 ek 89 þ.km Mjög heill ! Verð 3390 með VSK !



Jeep Liberty Sport 4X4 árg. 06/2004 ek. 104 þ.km sjálfskiptur upph 31" Flottur og sportlegur jeppi verð 1200 þús. skipti möguleg.



FLOTTUR ! Toyota Landcruiser 120 GX árg. 2006 ek. aðeins 96 þ.km (upph 33") sjálfskiptur (sjá raðnr 121874) verð 4490 ! Skipti möguleg.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLALIND.IS



FORD F150 HARLEY-DAVIDSSON 4WD Árgerð 2006, ekinn 128 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Raðnr. 284716 Fallegi pallbíllinn er á staðnum.



MAZDA CX9 AWD Árgerð 2007, ekinn 76 Þ.km, 3,5l bensín, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Raðnr.283347 - Jeppinn er á staðnum.



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO Árgerð 2010, ekinn 93 Þ.km, 3,7l bensín, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Raðnr. 150250 - Jeppinn fallegi er í salnum!



PORSCHE CAYENNE TURBO 06/2005 (umboðsbíll), ekinn 77 Þ.KM, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 6.990.000, skoðar ýmis skipti líka dýrari! Rnr. 380005 - Sportjeppinn er í salnum!



M.BENZ E 200 CGI Árgerð 2010, ekinn 46 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Raðnr. 321917 - Bíllinn er í salnum, komdu og sjáðu!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**FLOTTUR !!!**
MAZDA Tribute 4wd. Árgerð 2008, ekinn 73 Þ.KM, sjálfskiptur STAÐGREIÐSLU VERÐ 2.700.000 sjá rnr.410097

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**VANTAR BÍLA Á SKRÁ**
**www.br.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.180027. TILBOÐSVERÐ kr. 3.390.000,-



MERCEDES BENZ C 200 kompressor. Árgerð 2004, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.160328. TILBOÐSVERÐ kr. 1.790.000,-



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgerð 2011, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.110651.



AUDI Q7 quattro. Árgerð 2006, ekinn 101 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.100303. TILBOÐSVERÐ kr. 4.890.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bifreidar.is
577 4777



**LESTU PETTA**
FORD Explorer sport trac 4x4. Árg 11/2007, eiðslugrannur pikup, sjálfskiptur. Lokaður pallur. JÓLATILBOÐ 1.990. þús. SKIPTI ATHUGANDI Á ÓDÝRARI Rnr.105572.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

HÖFÐAHÖLLIN



PEUGEOT 407 STW 01/2008, ekinn 204 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Gott lán áhvílandi. Raðnr. 310317 Sá franski er á staðnum!



HYUNDAI TERRACAN GLX DÍSEL 10/2004, ekinn 128 Þ.km, dísel, 5 gíra. Verð 1.690.000. Raðnr. 250386 - Jeppinn er á staðnum!



FORD F350 HARLEY DAVIDSON 4x4 - 40" breyttur. 09/2005, ekinn 110 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, pallhús. Innfluttur nýr. Verð 3.890.000. Raðnr. 290121 - Pikkinn er á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

bílasala 100bilar.is



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr , Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TOYOTA LANDCRUISER 90, ÁRG. 1998 DIV**
Sjálfskiptur, dísel, 33" breyttur, 170.000 km. Tímareim, spyrnur og rafgeymar ný. Gott viðhald. Dráttarkúla. Bein sala. 1.350 þús. Sími 820 3607.



Toyota Rav4, bíll í góðu standi, nýskráning 12/2004, ekinn 150 þ.km., bensín, 5 gíra, dráttarkúla. Verð 1.290.000,- S. 864 8830.



Til sölu Honda CRV, árg ,00. Skoðaður ,13. Ek. 166þ. Í toppstandi. Verð 750þ. S. 861 5614



Reno Megane árg. ,99 Ek. 175 þús. Verð 350 þús. Tilboð 220 þús. Uppl. í síma 896 9819.



**ÚTSALA, SPARNEYTNIR !!**
Corolla ,96. 5d, 5g. Topp eint. V. 210 þ. Nissan Almera ,00. 5g. Ástand mjög gott. V. 185þ. S. 844 6609.



Volvo S40 ,07. Ný yfirfarinn, vandað viðhald. Mjög góður bíll. Gott tilboðsverð býðst. Uppl. í s. 893 7719.



MAZDA 3 SPORT 2006, 2,0, 150 HÖ. EK. 92 Þ.KM. VERÐ 1490 Þ. S. 8958956.



SantaFe'04 4x4,ssk,bensín,ek120þ. Sk.2013 V.1390þ.Tilb um helgina 1050þS:8986604



**LAND ROVER DISCOVERY TDI**
Til sölu Land Rover Discovery 2,5 Tdi árg 1998. Sjálfskiptur dísel. Ekinn 230þ. Góður og eyðslugrannur bíll. Verð 600þ. Uppl S:89 38713 Baurkles@gmail.com.



GMC Yukon 1996 ek. 218000 V8 5,7L 4x4 Verð 395.þús. Engin skipti S. 893 3883



**SPARÍBAUKUR TILBOÐ 215ÞÚS !**
Opel Corsa 1200 árg. ,00 3ja dyra ek. 145þús sk.'13 smurbók. Verð 215þús Uppl. í s. 891 9847



**TOYOTA RAV 400Þ**
skoð.'13 4ja dyra. Það eru nýjir demparar, nýr geymir,allt nýtt í sambandi við bremsur (diskarog þess háttar) er í Hveragerði uppl. í s:824-4856.



**500 ÞÚS. VERÐLÆKKUN.**
Vel með farinn Land Rover Discovery 2008 til sölu, tveir eigendur frá upphafi, allt endurnýjað í bremsum og nýjir skíðabogar fylgja. Nýbúinn að fara í gegnum þjónustuskoðun, ekinn 92.000 km. Staðgr. 5.950 þús. kr. Uppl. s. 893-6239



VW Golf 01' 3 dyra ek. 166þ nýjir klossar og diskar allan hringin, er á nýlegur heilsársdekkjum. Mjög gott eintak. Ásett 590Þ tilboð 475Þ má prútta smá!! Uppl í síma 891-6769



Subaru Impreza des ,99. Sjálfskipt, ek. 148 þús. Skoðaður, á nagladekkjum. Verð 500 þús. S. 892 7942.



**FÆST Á YFIRTÖKU**
Peugeot 407 ,05. Ek. 95 þús. Sjálfsk. Áhv. 825 þús. Uppl. í síma 899-0309.

HJÓLASTILLING
FYRIR FÓLKSBÍLA, JEPPA & JEPPLINGA
Tryggðu öryggi þitt og endingu hjólbarða og hjólabúnaðar.
pitstop
HELLUHRAUNI, Hf | S. 565 2121

## til sölu

**Mat-Sölubíll - ROKKINN!!**
CHEVROLET Step van p30l.. fullbúinn Grill-bíll með öllu. Allur ný tekinn í gegn í fullkomnu standi ný upptekin vél, spyrnur, bremsur ofl. járnað frá gólfi uppí topp með borðum, hillum osfrv. Gasgrill, kælar,vaskar heitt og kalt, háfur, 220 rafmagn. Bíllinn er með söluleyfi á Lækjatorgi, einnig er heimasíða www.rokkinn.is og símanúmer ofl. Sniðugt tækifæri fyrir duglega einstaklinga eða fyrirtæki Bíllinn er úr áli svo það er ekkert ryð. **Tilboð óskast! Skoðar öll skipti! Rnr.123486**



HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar seljast

**Höfðabílar | Fosshálsi 27 | 110 Reykjavík**
**Sími +354 577 4747 | Fax +354 577 4750 | www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



MB B 180 CDI. Árgerð 2008. Ekinn 54 þkm. Sjálfsskiptur. Dísel. Ný dekk, 16" álfelgur. Verð 3.1 Milljón. Nánar uppl í 893 6957.



Range Rover sem nýr árg. ,07 ek. 59 þ. km. HSE bensín. Ekkert áhv. Verð aðeins 5,5 mill. Uppl í s. 892 4624.



Til Sölu Honda Civic sport 1800. Skemmtilegur og fallegur bíll. 6 Gíra, ekinn 74 þ. Ásett verð.2,1 mill. Tilboðsverð 1,8 millj. Upplýsingar í síma 824 4043.



Ford F150, Sup.crew, 2004, ek. 188.000 km. vel búin bíll í toppstandi. Verð kr. 1.690.000, uppl.í s.8434384.



**FLOTTUR BÍLL Á FLOTTU VERÐI**

Volvo S60 árg.'02 ek. 206þús. 2.0T. Verð aðeins 990þús. Uppl. s.847 2324 Rnr.150554



Frábær bíll. VW BORA, 2002, e. 136 þ. km. Ásett v. 790 þ. Stgr.afsl. S. 699 4551.



Terrano II, árg. ,99. Ek. 299 þ., beinskiptur 2,7 dísel, 7 manna. Dráttarkúla, Topplúga, 33' breyttur. Verð 290.000, engin skipti. Uppl. tryggvi_t@hotmail.com

Suzuki vitara til sölu árg. ,00. Ek. 160þ. ca. Gott útlit og vel meðfarinn. Rauður á lit. Dráttarkrókur. Ný tímareim. Góð dekk. 3 dyra. Rúmgóður að ganga um hann. Engin skipti. S. 849-3136.

## 0-250 þús.



**GULLMOLI TIL SÖLU**

Vw golf 1,4vel sparneytinn árg. ,98 keyrdur 167000 skoðaður 2013 án athugasemd buinn að yfirfara mjög mikið buinn skipta timareim, verð 220þús. eða tilboð. gsm.6909250.



**MJÖG RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN!**

MMC Space Star 1.3 árg. ,00, ekinn 200þús, skoðaður 2013, beinskiptur, eyðsla aðeins 7L/100km, 5dyra og mjög rúmgóður, ásett verð 380þús, Tilboðsverð aðeins 250þús stgr, uppl. í s:659-9696.



**GÓÐUR SJÁLFSKIPTUR 250 ÞÚS!**

OPEL VECTRA-B 1,6 árg'1998 ek.155 þús, sjálfskiptur, ný vetrardekk, skoðaður 13, þéttur og góður bíll sem eyðir litlu! TILBOÐSVERÐ 250 ÞÚS S. 841 8955

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 380 ÞÚS!**

BMW 316I E36 M-Tech árg'98 ek. aðeins 154 þús, beinskiptur, ný skoðaður 13, Rafdrifnar rúður Kastarar, 6 diska magasín ofl. flottur bíll sem eyðir litlu! ásett verð 650 þús, TILBOÐ 380 ÞÚS! visa/euro s.841 8955



**GOLF COMFORTLINE TILBOÐ 290 ÞÚS**

VW GOLF 1,6 COMFORTLINE árg'98 EK.169 þús, 5 dyra, beinskiptur, ný skoðaður 13, allt nýtt í bremsum, svartur með dökkum rúðum, ásett verð 450 þús TILBOÐ 290 ÞÚS s.841 8955



**SPARNEYTINN STATION TILBOÐ 340 ÞÚS**

FORD FOCUS WAGON 1,6 árg'00 ek.178 þús, beinskiptur, dráttarkrókur, dökkar rúður, heilasarsekk, fjarstyrðar samlæsingar, cd, rafmagn í rúðum ofl. ekkert ryð og lýtur vel út! eyðir 7,3 l/100 km í blönduðum akstri! er ný skoðaður án athugasemda ásett verð er 490 þús á bilasölum TILBOÐ 340 ÞÚS s.841 8955

**EINN POKKALEGUR**

Opel Astra ,01 rauður. 1200cc 5d. Ek. 175þús. Verð 330þús. Sími: 6929272.

## Bílar óskast

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Jeppar



**AUDI A6 Á 490.Þ STGR.**

Til sölu Audi A6 Árg. 1998 ssk Ek. 186 þ.km.skoðaður 13 Verð 890.000 Fæst á 490.þ stgr. Uppl. í síma 896-5290.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar




## Fjórhjól



Polaris SportsmanTouring fjórhjól 500Ho Árgerð 2010. Vélarstærð (cc) 500. Fjórhjólið er eins og nýtt - aðeins keyrt 80 km !. Tilboðsverð 1.850.000 ! (nýtt kostar 3.450.000). Sími 824 5000.



Smc captain götuskráð fjórhjól til sölu 300cc, 2007 árg, svart, vel með farið. Verð 300 þús. 848 4103.

## Varahlutir

Á hluti í Golf ,05, Astra ,00, Safira ,03, Almera ,03, Yaris ,00 og Micra ,99. S. 692 9272.

**VARAHLUTAVAKTIN**
**SÍMI 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Hjólbarðar




Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja










Setjum upp jólaseríur og annað skraut fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og stofnanir. Útvegum allt sem til þarf og hjálpum til með hugmyndir. Sími 698 9334.

## Bókhald

**VIRÐISAUKINN NÁLGAST**

Vandað bókhald á réttum tíma sparar peninga. www.betribokarinn.is S. 857 3363.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Tek að mér alla málningavinnu. Góður afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Hringdu og við semjum. Jón s. 843 9856.

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.
















K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Spádómar

Les í spil, bolla, kúlu og árur. Kom í sunnudagsmorgunstund hjá Sirrý. Öllum trúnaði gætt. S. 690 8160 Gerður.

Spái: í spil, bolla, lófa og rúnir. Kr. 4500. Tímapantanir í síma 845 8896.

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**ÚTSALA-ÚTSALA CAPRI COLLECTION/ GREEN-HOUSE**

Okkar frábæra ÚTSALA hefst í dag laugardag kl.11-16. 30-70% afsláttur. Verið velkomin. Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík S.7772281.



**PARTÝBÚÐIN Í JÓLASKAPI**

Jólasveinabúningar og skemmtilegt skraut í úrvali. Falleg vetrarkerti á frábæru verði (aðeins í Faxafeni). Gefum börnum og fullorðnum litlar jólagjafir. Verið velkomin. Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534, Partýbúðin, Amaróhúsinu, Akureyri, s. 534-0535

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## Þjónusta



## Til sölu




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206. orb.123.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. S. 517-8060. www.ditto.is

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

4 öryggismyndavélar í veðurþolnum kössum með upptökubúnaði og monitor. Keypt f. nokkrum árum á 1 milljón. Verð 400þ. eða tilboð. S. 587-8177 / 897-3132 Hákon

Nýlegur 300l titanium hitakútur, 3 Tego rafmagnsofnar (800w) og 1 lítill olíuofn, til sölu. S. 896-6271.

**JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR**

Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskápar, 5 sófar og fl. Opið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

**GÁMUR TIL SÖLU**

Góður gámur 40 fet verð 390þús sími:7742501.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Nagla Startpakkar handa henni/ Jólagjöfin í ár**

Erum með Glæsilega Pro UV og Acryl Nagla startpakka, með öllu á 15.000 og 25.000 kr
Kennslubönd fylgja með af netinu / nú geta allir gert neglur á sig og sína:)
Erum með fleiri tegundir af jólapökkum sem henta öllum / stóra og litla á ótrúlega góðu verði. bleikarneglur@gmail.com
Erum á facebook undir Bleikar Neglur
Erum í Rvk/sendum um allt land

MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR
Náttúrulegar snyrtivörur
Opið þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 14:00-18:00
Netverslun skincare.is
Verslun að Lækjargötu 34, Hafnarfirði Sími 565-0500

Fáðu ókeypis söluverðmat frá fagmönnum án nokkurra skuldbindinga
WWW. EIGNAVERDMAT.IS
Vernharð 699 7372 Venni@remax.is
Ástþór Reynir Lögg. fasteignasali 4144700

SKARTGRIPANÁMSKEIÐ
MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Nýtt á Íslandi!
Þín eigin mynd, lógó, teikning, eða mynstur á Iphone hulstur.
Þú sendir okkur mynd eða texta og við prentum beint á hvítt Iphone 4 hulstur. Frí heimsending.
XPRENT
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Þú færð jólagjöf hestamannsins hjá okkur
Vertu vinur okkar á Facebook, það borgar sig
TOP REITER
Ögurhvarfi 2, Kópavogi s. 565 5151

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Dekkjahúsið
Höfum opnað nýtt og glæsilegt hjólbarðaverkstæði í Dalbrekku kópavogi (gamla Toyota) fullt af opnunartilboðum.
Láttu sjá þig.
Dalbrekku 17 Kóp • S: 553 3100 • www.dekkjahusid.is

www.4h.is
GJAFAKORT
Jón Jónsson
WWW.4H.IS
25.000.- KR.
24. 12. 2012
Fjórhjólaævintýri
Munið gjafakortin okkar í ár.

LOK Á HEITA POTTA
• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

TRÉ & MÁLUN
Smíða og málningarþjónusta
Kristján 692 5735 • Málarameistari
Sverrir 847 7425 • Húsasmiður
treogmalun@gmail.com

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 RVK • S. 445 5562 • GSM 615 2562
Tökum að okkur:
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar
mössun • Spindilkúlur • kúplingaskipti • Stýrisenda
Rafgeyma • allar perur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 8-18 • LOKAÐ UM HELGAR

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

www.facebook/gottbón
GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

SJÁLFSÞJÓNUSTA • BÍLAÞJÓNUSTAN BILAÐI BÍLLINN
Smiðjuvegur 4a • Græn gata (sama hús og N1) S. 445 5542 & 615 2562
Tökum að okkur að gera:
BREMSUVIÐGERÐIR - SPINDILKÚLUR - STÝRISENDA - RAFGEYMA - ALLAR PERUR - SMURÞJÓNUSTA - LÁSAVIÐGERÐIR -PÚSTVIÐGERÐIR OG LÉTTA JÁRNSMÍÐI
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ MÁN - LAUGARD. FRÁ KL. 10 - 22 • Lokað á sunnudögum
BÍLAÞVOTTUR OG BÓN Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir og aðstöðu fyrir þig til að gera sjálfur.


## Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Jólakvöldverður og tónleikar

CBP
INTERNATIONAL
JÓLAHÁTÍÐ
REYKJAVÍK
2012

Þriðjudagskvöldið 11. desember

Til styrktar Rauða Krossinum í Reykjavík

## Njótum - Gleðjumst - Hjálpum

Upplifið jólastemninguna á
Hilton Reykjavík Nordica

Fram kemur hinn eini sanni
Kristján Jóhannsson ásamt
óperustjörnum framtíðarinnar



Einstök hátíðarkvöldstund
Glæsilegt jólahlaðborð
Frábær söngskemmtun

## Einstakt tækifæri til að styrkja gott málefni og njóta góðra veitinga á glæsilegu hlaðborði með stórbrotnum söngtónleikum

Skemmtunin hefst með fordrykk kl. 19:00 og lýkur kl. 23:00

Miðaverð kr. 11.400 - Pantanir í síma 444-5050

Sjá nánar á Jólahátíð.is

Hilton
REYKJAVIK NORDICA

Rauði krossinn
Reykjavík



## KAKÓSOPI TIL GÓÐS

**Alla laugardaga** í desember mun Rauði krossinn í Reykjavík standa fyrir fjáröflun og bjóða upp á ilmandi heitt kakó fyrir gesti og gangandi í miðbæ Reykjavíkur. Margir góðir aðilar munu leggja fjársöfnun Rauða krossins lið með því að laða fólk í miðbæinn og bjóða upp á skemmtilega viðburði þannig að miðbærinn iði af lífi um jólin.

Fimmtudaginn 6. desember mun birtast fagurt og jólalegt kort af miðbæ Reykjavíkur í miðju Fréttablaðsins þar sem staðsetningar kakóstöðva Rauða krossins eru sýndar ásamt upplýsingum um tónlistarviðburði í nágrenni kakóstöðvanna. Meðal listamanna sem koma fram eru óperusöngvararnir Diddú og Kristján Jóhannsson en enn er leitað að tónlistarmönnum til að taka þátt í verkefninu. Þeir sem vilja leggja málefninu lið hafi samband við Seth Sharp í gegnum sethsharp@gmail.com.



## JÓLIN Í ÁRBÆJARSAFNI

**Jólasýning Árbæjarsafns,** Bráðum koma blessuð jólin, hefst sunnudaginn 2. desember og verður alla sunnudaga fram að jólum. Dagskráin stendur milli klukkan 13 og 17.

Þar verður hægt að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann gekk fyrir sig á öldum áður. Jólasveinarnir verða á ferðinni og heilsa upp á gesti og krökkunum býðst að fá sér far með hestvagni um þorpið. Hangikjöt mun krauma í pottum og hægt að fá að smakka. Þá verður skorið út laufabrauð og tólgarkerti steypt eins og í gamla daga. Í Dillonshúsi verður veitingasala, heitt kakó og jólalegt meðlæti.



## BÓKASAFNSFÖNDUR OG FJÖR

**Á bókasöfnum Reykjavíkurborgar** er alla jafna margt um að vera fyrir alla fjölskylduna. Í desember verður þar engin breyting á. Laugardagar og sunnudagar eru barnadagar í Gerðubergssafni og á aðalsafninu og alltaf eitthvað skemmtilegt þar um að vera. Í desember verður jólaföndurstund í nokkrum söfnum. Í Ársafni í Árbæ verður aðventustund alla miðvikudaga fram til jóla. Þar er boðið upp á föndur, upplestur, jóladrykk, piparkökur, nýlagað kaffi og jólahappadrætti. Þá skiptist starfsfólk safnsins á að lesa upp úr nýjum bókum milli klukkan 14-15 og á milli klukkan 15-16 verður jólaföndurstund. Í Gerðubergi verður jólaföndur í dag klukkan 14 og á aðalsafninu í Tryggvagötu sunnudagana 2., 9. og 16. desember klukkan 15. Þar fyrir utan er ýmislegt fleira um að vera á bókasöfnum höfuðborgarsvæðisins sem vert er að kynna sér. Þar mætti nefna origami-smiðjur sem haldnar eru þriðja sunnudag í hverjum mánuði í vetur, aðstoð við heimanám, aðstoð við blaðalestur, tungumálatorg og margt fleira. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.borgarbokasafn.is.








# „Gaggandi snilld“

Að gefa hænur í jólagjöf er „gaggandi snilld“. Með því að gefa hænur í jólagjöf slærðu margar flugur í einu höggi, sá/sú sem fær gjafabréfið frá þér fær hlýja kveðju og veit að þú hugsar til hans/hennar og fjölskyldan í Afríku sem fær hænurnar verður himinlifandi yfir bættri lífsafkomu og fjölbreyttari fæðu. Afrískar hænur eru marglitar eins og íslensk landnámshænsn og vappa um bæjarhauginn borginmannlegar. Fyrir 2.500 krónur fær fjölskylda í Afríku fjórar hænur sem gefa egg og unga sem ala má í ljúffengan kvöldverð fyrir þreytta fjölskyldu í harðri lífsbaráttu. Meiri líkur eru á að hún eigi nógan mat en þegar þarf að treysta eingöngu á uppskeruna. Næringarefni verða fleiri, viðnám við sjúkdómum betra og þróttur til vinnu og náms meiri. Jólagjafahænurnar má kaupa á gjofsemgefur.is eða á skrifstofu Hjálparstarfsins.







## Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

**Tekið er við umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík dagana 5., 6., 12. og 13. des. kl. 11-15.**

Þeir sem eru með virk inneignarkort frá Hjálparstarfinu geta sótt um á **www.help.is.**

Einnig taka prestar á landsbyggðinni við öllum umsóknum þar. Síðasti umsóknardagur hjá þeim er 10. desember.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

# Verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar heima og erlendis

Öll aðstoð, heima og erlendis, er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða annars sem ólíkt er með fólki. Hjálp til sjálfshjálpar, virkni, valdefling, sjálfbærni, jafnrétti, mannréttindi – um þetta snýst starfið á öllum vígstöðvum.

Í gegnum vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku fær fólk sem áður hafði vatn af skornum skammti og þar að auki oft óhreint vatn, aðgang að hreinu vatni. Hreint vatn gerir kraftaverk, heilsan verður miklu betri, möguleikar á að hafa búfé og grænmetisgarða aukast og þannig verður fæða fjölbreyttari og lífsafkoma öruggari. Stúlkur komast í skóla og efla þannig stöðu sína. Taktu þátt í kraftaverkinu, greiddu valgreiðslu í heimabanka, hringdu í söfnunarsíma 907 2003 (kr. 2.500), gefðu frjálst framlag á framlag.is eða leggðu inn á söfnunar-reikning: 0334-26-50886, kt. 450670-0499.
Þú getur gert kraftaverk í dag.

Hjálparstarf kirkjunnar



**Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð um allt land *í gegnum presta, félags-ráðgjafa og námsráðgjafa.***

## Lúterska heimssambandið

145 aðilar í 79 löndum, fulltrúi 70 milljóna kristinna manna. Unnið með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun, þekkja menningu, venjur og tungumál. Reynsla og hæfni á öllum sviðum þróunar-samvinnu. Aðstoð án tillits til orsakar neyðar, trúar eða trúleysis. www.lutheranworld.org

**Í þessum heimi er það ekki það sem við tökum okkur, heldur það sem við gefum frá okkur, sem gerir okkur rík.**

***Henry Ward Beecher***

## actalliance

131 kirkja og kirkjutengdar hjálparstofnanir í 140 löndum með 30.000 starfsmönnum og sjálfboðaliðum sem veita neyðar- og þróunaraðstoð við hamfarir, stríðsástand og þar sem örbirgð ríkir. Stuðlar að réttlæti með því að þrýsta á stjórnvöld og alþjóða-stofnanir um umbætur á sviði laga og efnahagsmála. www.actalliance.org



**REYKJAVÍK**
7.is ehf
A. Margeirsson ehf.
A1 málun ehf.
AB varahlutir ehf.
Aðalvík ehf.
Argos ehf. – Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arinbúðin
Arkitektar Laugavegi 164 ehf.
Arkís arkitektar ehf.
Aros ehf.
Asía ehf., veitingahús
ASK Arkitektar ehf.
Auglýsingastofan ENNEMM
Austurlandahraðlestin ehf.
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf.
B. Ingvarsson ehf.
BabySam
Bakkavör Group hf.
Bakkus ehf.
Barnalæknaþjónustan ehf.
Barnatannlæknastofan ehf.
Betri bílar ehf.
Bifreiðasmiðja G & Ó sf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bílalíf ehf., bílasala
Bílasmiðurinn hf.
Bílaviðgerðir sf.
Björnsbakarí ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðurinn hf.
Blómabúð Árbæjar ehf.
Blómaverkstæði Binna ehf.
Bootcamp ehf.
Boreal ehf., ferðaþjónusta
Bókabúðin Bergstaðastræti 7
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf.
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf.
Bókhaldsþjónustan Vík
Bón Fús
Brauðhúsið ehf.
Brim ehf.
Búr ehf.
CÁJ veitingar ehf.
Central ehf.
Curvy vefverslun og tískuverslun
Danfoss hf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansrækt JSB ehf.
Drengsson pics ehf. – drengsson.is
Dúklagnameistarinn ehf.
Dynjandi ehf.
E. Ólafsson ehf.
E.F. Ben ehf.
E.T. ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Katla ehf.
Egill Árnason ehf.
Eiðfaxi tímarit
Eignamiðlunin ehf.
Eignaskipting ehf.
Eignaumsjón hf.
Eldhús sælkerans ehf.
Endurskoðun og reikningshald ehf.
Endurskoðun og reikningsskil hf.
EÓ-Tréverk sf.
Erluís ehf.
Erna hf., gull- og silfursmiðja
Ernst & Young hf.
Exton ehf.
Extra lagnir ehf.
Farfuglar
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Farmur ehf.
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Fasteignasalan Garður ehf.
Fást ehf.
Felgur smiðja ehf.
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Finnbogi Helgason, tannsmiður
Fínka ehf., málningarverktakar
Fjárhagsþjónustan ehf.
Fjöður ehf., þvottahús
Flísar og Flot ehf.
Fossar, tryggingar og ráðgjöf ehf.
Fólksbílaland ehf.
Fótaaðgerðarstofa Reykjavíkur ehf.
Framsækni ehf.
Frumherji hf.
Frysti- og kæliþjónustan ehf.
Fræðslumiðstöð Ökukennarafélags Íslands
Fröken Júlía ehf.
Fönix ehf., heimilistækjaverslun
Gallabuxnabúðin Kringlunni
Gallerí Fold
Ganghestar ehf.
Garðmenn ehf.
Gátun ehf., bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf.
Geiri ehf., umboðs- og heildverslun
Gestamóttakan ehf.
Gissur og Pálmi ehf., byggingafélag
Gjögur hf.
Gjörvi ehf. – Hafnarsmiðjan
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Glófaxi hf.
Gluggasmiðjan hf.
GP-arkitektar ehf.
Grand Hótel Reykjavík
Grandakaffi ehf.
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
GTG endurskoðun ehf.
Guðmundur Arason ehf. – GA Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Gullkistan
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf.
Gúmmíbátar og gallar sf.
H.H.ráðstefnuþjónustan sf.
Hagi ehf. – Hilti
Halldór Jónsson ehf.
Hamborgarabúlla Tómasar
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna
Hár Class hársnyrtistofa
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar
Heilsubrunnurinn ehf.
Henson hf.
Herrafataverslun Birgis ehf.
HGK ehf.
Hitatækni ehf.
Hjá Dóra ehf.
Hjá Jobba sf.
Hljóðfærahúsið ehf.
HM Bókhald ehf.
Hollt og gott ehf.
Hópferðabílar Allrahanda
Hótel Cabin ehf.
Hótel Frón ehf.
Hótel Holt
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hótel Viðey ehf.
Hreyfimyndasmiðjan ehf.
Hreysti ehf.
Hundahótelið á Leirum
Húsalagnir ehf.
Húsasmiðurinn ehf.
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Höfði eignarhaldsfélag ehf.
Iceland Seafood ehf.
Icelandair
Icelandair Cargo ehf.
Iðjuþjálfafélag Íslands
Iðnó ehf.
Innco ehf.
Innnes ehf.
Innréttingar og tæki
Intellecta ehf.
ÍAV þjónusta ehf.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Ísfrost ehf.
Ísleifur Jónsson ehf.
Íslensk endurskoðun ehf.
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Janusbúðin – Ullarkistan ehf.
Jarðfræðistofan ehf.
Jeremías ehf.
JGG ehf.
Jón Bergsson ehf.
Jónar Transport hf.
JP Lögmenn ehf.
Kaffi París
Kaffi Sólon
Kaffibarinn ehf.
Kauphöll Íslands hf.
Kemi ehf.
Kírópraktík
Kjöreign ehf.
Kjöthöllin ehf.
Kringlan
Kvika ehf.
Kvikk þjónustan ehf.
Kvikmyndafélag Íslands ehf.
Köfunarþjónustan ehf.
Landfestar ehf., fasteignafélag
Landsnet hf.
Landssamband hestamannafélaga
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Langholtskjör ehf.
Láshúsið ehf.
Leðurverkstæðið sf.
Lionsumdæmið á Íslandi
Listvinahúsið, leirkerasmíði
Litir og föndur – Handlist ehf.
Lífstykkjabúðin ehf.
Ljósin í bænum
Ljósmyndastofan Svipmyndir
Loftstokkahreinsun.is
Loki 101 Gistiheimili
Lyfjaver ehf.
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl.
Lögmannsstofan Réttur
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögskil ehf.
Löndun ehf.
Margt smátt ehf.
Matfugl ehf.
Málarameistarafélagið
MD vélar ehf.
Meba-Rhodium
Merkismenn ehf.
Múrþjónusta Braga ehf.
Myndhraði ehf.
Netbókhaldskerfi
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf.
Nærmynd ehf., ljósmyndastofa
Obladí ehf. – Bítlabar
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir
Og fjarskipti ehf. - Vodafone
Orkuvirki ehf.
Ortis tannréttingar slf.
Ottó B. Arnar ehf.
Ólafur Gústafsson hrl.
Pfaff hf.
Plastco ehf.
Plastpípur ehf.
Poulsen ehf.
Prentari.is
Prentlausnir ehf.
Promennt ehf.
Rafeindastofan ehf.
Rafneisti ehf.
Rafstilling ehf.
Rafsvið sf.
Rafþjónustan slf.
Rakarastofa Lýðs
Rangá sf.
Ráðgjafar ehf.
Ráðgjafaþjónustan Bjarg ehf.
Reikniver ehf.
Reimaþjónustan – Reimar og bönd ehf.
Reykjavík Foto ehf.
Reykjavík Motor Center ehf.
Reykjavíkurborg
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf.
Rossopomodoro
Ræstivörur ehf.
S.B.S. innréttingar
S4S ehf.
Sagtækni ehf.
Salon VEH
Samiðn
Samskipti ehf.
Shop Couture sf.
Sigurður S. Snorrason
Sigurjón Arnlaugsson ehf.
Sigurjónsson & Thor ehf.
Silfurberg ehf.
SIÞ slf.
Sjóli ehf.
Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar
Sjúkraþjálfun Héðins ehf.
Skala ehf.
Skemmtilegt ehf.
Skipavörur ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
Skóverslunin Iljaskinn ehf.
Skúlason og Jónsson ehf.
Smith og Norland hf.
Snæland Grímsson ehf.
Sportbarinn ehf.
Stansverk ehf.
Stilling ehf.
Stjörnuspekimiðstöðin ehf.
Suzuki bílar ehf.
Svanhvít efnalaug ehf.
Sveinsbakarí
SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu
Sölufélag garðyrkjumanna ehf.
T.ark Teiknistofan ehf.
Talnakönnun hf.
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Sigurðar Benediktssonar
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannsmíðaverkstæðið ehf.
Tannsteini ehf.
THG Arkitektar ehf.
Tískuverslunin Smart
Total Capital Partners ehf.
Trésmiðja Magnúsar F Jónssonar
Túnþökuþjónustan ehf.
Tækni ehf.
Tæknigarður hf.
Tösku- og hanskabúðin ehf.
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó Guðjónssonar
Útfararstofa Íslands ehf.
Útgerðarfélagið Frigg ehf.
Útkall ehf.
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Vegamót Bistró & Bar
Verðbréfaskráning Íslands hf.
Verðlistinn Laugalæk
Verkfræðistofan VIK ehf.
Verkfræðistofan Víðsjá ehf.
Verkfærasalan ehf.
Verksýn ehf.
Verslunin Brynja ehf.
Verslunin Vínberið
Vélfang ehf.
Vélsmiðjan AR ehf.
Vilhjálmsson sf.
Vinnufatabúðin
Víkinghús ehf.
Vörubílastöðin Þróttur hf.
Wilson's Pizza
Yogastöðin Heilsubót
Þakpappalagnir B S
Þorsteinn Bergmann ehf.
ÞÓB vélaleiga ehf.
Ökuvís ehf.
Örninn ehf.

**SELTJARNARNES**
Bílaverkstæði Ella
Bæjarins bestu sf.
Danssmiðjan ehf.
Felixson ehf.
Lögmannsstofa Jóns Halldórssonar hrl.
Nesskip hf.
Nýjaland ehf.
Prentsmiðjan Nes ehf.
Rafþing – Þráinn Ingólfsson

**KÓPAVOGUR**
About Fish Íslandi ehf.
AP varahlutir ehf.
Arnarljós í Sporthúsinu
Arnarverk ehf.
Ásborg slf.
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf.
Bílalakk ehf.
Bílamálunin Varmi ehf.
Bílasprautun og réttingar Hjartar
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Bjarni Runólfsson
Blikksmiðjan Vík ehf.
Brynjar Bjarnason ehf.
Byggðaþjónustan bókhald
dk hugbúnaður ehf., dk.is
EKKERT hönnunarstofa ehf.
Farice ehf.
G. Sigurður Jóhannesson
Goddi ehf.
Gólflist ehf.
Gróðrarstöðin Storð ehf.
Guðjón Gíslason ehf.
Hamraborg ehf.
Hárgreiðslu- og rakarastofan Hera
Hárný ehf.
Hefilverk ehf.
Hegas ehf.
Húsfélagaþjónustan ehf.
Hvellur – G. Tómasson ehf.
Iðnvélar ehf.
Ingi hópferðir ehf.
Ísfix ehf.
Íshúsið ehf.
Íslandsspil sf.
Íslenskt marfang ehf.
Ísnes ehf.
Já kvætt ehf.
Krafla ehf.
Kraftvélar ehf.
Kristján Guðmundsson
Kríunes ehf.
Lakkskemman ehf.
Lindabakarí ehf. – Kökuhornið
Litlaprent ehf.
Loft og raftæki ehf.
Logey ehf.
Lögmannsstofa SS ehf.
Mótaverk ehf.
Nobex ehf.
Norm X ehf.
Rafmiðlun hf.
Rafport ehf.
Raftækjasalan ehf.
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
S.S. Gólf ehf.
Setberg, bókaútgáfa
Sólbaðstofan Sælan
Stáliðjan
Suðurverk hf.
Söluturninn Smári
Tannsmíðastofan sf.
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf.
Vaki fiskeldiskerfi hf.
Vatn ehf.
Vaxa ehf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar
Verkfræðistofan VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf.
Verklagnir ehf.
Vetrarsól ehf., verslun
Vídd ehf., flísaverslun
Ýmus ehf., heildverslun
Þorvar Hafsteinsson
Öreind sf.

**GARÐABÆR**
Aflvélar ehf.
AJ verktakar ehf.
Árvík hf.
Couture ehf.
Dría ehf.
Geislatækni ehf. – Laser-þjónustan
Hagráð ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Loftorka ehf.
Páll Pálsson
Pípulagningaþjónusta B Markan ehf.
Samey ehf.
Samhentir – Kassagerð ehf.
Stálsmiðjan ehf.
Teknís ehf.
Vörumerking ehf.
Öryggisgirðingar ehf.

**HAFNARFJÖRÐUR**
Bílaverk ehf., bílamálun og réttingar
Bókhaldsstofan ehf.
Bragi Þór – Ljósmyndun ehf.
Bæjarbakarí ehf.
DS lausnir ehf.
Dverghamrar ehf.
Efnalaugin Glæsir
Eiríkur og Einar Valur hf.
Ferðaþjónustan Ísafold ehf.
Fínpússning ehf.
Fjarðargarðar ehf.
Fjarðarkaup ehf.
Friðrik A Jónsson ehf.
Geymsla Eitt ehf.
Guðmundur T. Magnússon
H. Jacobsen
Hagstál ehf.
Hagtak hf.
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf.
Holtanesti
Hvalur hf.
Hyggir ehf.
Ican ehf.
Ísrör ehf.
J.B.G. fiskverkun ehf.
J.K. Lagnir ehf.
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf.
Kristjánssynir-byggingafélag ehf.
Krossborg ehf.
Lagnameistarinn ehf.
Lögmenn Bæjarhrauni 8
Mjólka ehf.
Móði ehf.
Nes hf., skipafélag
Opal Sjávarfang ehf.
Pappír hf.
PH-verk ehf.
Rafgeymasalan ehf.
RB rúm
SIGN ehf., skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Spennubreytar
Stálorka
Stálsmiðjan Málmey ehf.
Stoðtækni ehf.
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf.
Trefjar ehf.
Umbúðamiðlun ehf.
Úthafsskip ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðjan Kofri ehf.
Víðir og Alda ehf.

**ÁLFTANES**
Dermis Zen slf.

**REYKJANESBÆR**
Art-húsið ehf., hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofa
Áfangar ehf. – hreinlætisvörur
Bílaþvottur ehf.
Driffell ehf.
Efnalaugin Vík ehf.
Fitjavík ehf.
Heilsuhótel Íslands
Ice Group Ltd.
Ísfoss ehf.
Kaffi Duus
Karma Keflavík ehf.
Kostur matvöruverslun
Langbest ehf.
Lyfta ehf.
Millvúd Pípulagnir/Svítan gistiheimili
Netaverkstæði Suðurnesja ehf.
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Plexigler ehf.
Rafmúli ehf.
Rafverkstæði I.B. ehf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Renniverkstæði Jens Tómassonar
Reykjanesbær
Rörlagningamaðurinn ehf.
Rörvirki sf.
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Soho veisluþjónusta
Sparri ehf.
Suðurflug ehf.
Toyota Reykjanesbæ
Trönó ehf.
Útfaraþjónusta Suðurnesja
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verkfræðistofa Suðurnesja hf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Þvottahöllin ehf.

**GRINDAVÍK**
Haustak ehf.
PGV Framtíðarform ehf.
Stjörnufiskur ehf.
TG raf ehf.
Veitingastofan Vör ehf.
Vísir hf.
Þorbjörn hf.

**SANDGERÐI**
Fiskmarkaður Suðurnesja hf.
Flugfiskur hf.
K & G ehf.
Vélsmiðja Sandgerðis ehf.

**GARÐUR**
Aukin Ökuréttindi ehf.
Fiskverkunin Háteigur ehf.
Gunnar Hámundarson ehf.

**MOSFELLSBÆR**
Bílamálunin Örninn ehf.
Blikksmiðjan Borg ehf.
Dino slf.
Eiríkur Smiður ehf.
Fagverk verktakar sf.
Fiskbúðin Mos ehf.
Freki ehf.
Garðagróður ehf.
Glertækni ehf.
Hestaleigan Laxnesi
Hópferðabílar Jónatans Þórissonar ehf.
Ístex hf.
LEE rafverktakar ehf.
Nonni litli ehf.
Rammsteinn ehf.
Vélsmiðjan Sveinn ehf.

**AKRANES**
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar
Borgdal ehf.
Byr AK-120
Galito veitingastaður
Grastec ehf.
GT Tækni ehf.
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Snókur verktakar ehf.
Straumnes ehf., rafverktakar
Verslunin Einar Ólafsson ehf.
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf.
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.
Vignir G. Jónsson hf.

**BORGARNES**
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf.
Eðalfiskur ehf.
Félagsbúið Miðhrauni 2 sf.
Golfklúbbur Borgarness
Gæðakokkar ehf.
Hótel Brú ehf.
Jörvi hf., vinnuvélar
Landnámssetur Íslands
Nes, ferðaþjónusta
Ræktunarstöðin Lágafelli ehf.
Sigur-garðar sf.
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Vatnsverk ehf., Guðjón og Árni ehf.
Vegamót, þjónustumiðstöð
Vélaverkstæði Kristjáns ehf.
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf.

**REYKHOLT BORGARFIRÐI**
Sólhvörf ehf.

**STYKKISHÓLMUR**
Helluskeifur
Hótel Stykkishólmur ehf.
Sæfell ehf.

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Hjálmar ehf.
Hrannarbúðin sf.
Ragnar og Ásgeir ehf.

**ÓLAFSVÍK**
Fiskmarkaður Íslands hf.
Fiskverkunin Valafell
Steinunn ehf.
TS Vélaleiga ehf.
Tölvuverk bókhaldsþjónusta slf.
VK lagnir ehf.

**HELLISSANDUR**
Hjallasandur ehf.
Nónvarða ehf.
Sjávariðjan Rifi hf.
Skarðsvík ehf.

**REYKHÓLAHREPPUR**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf.

**ÍSAFJÖRÐUR**
Akstur og löndun ehf.
Fiskmarkaður Ísafjarðar
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ísblikk ehf.
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar
Tréver sf.

**HNÍFSDALUR**
Verkstjórafélag Vestfjarða

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf.
Glaður ehf.
Ráðhús ehf.
Sérleyfisferðir Bolungarvík – Ísafjörður
Sparisjóður Bolungarvíkur
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Vélvirkinn sf.

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur
Víkurbúðin ehf.

**FLATEYRI**
Sytra ehf.

**SUÐUREYRI**
Berti G ÍS-161

**PATREKSFJÖRÐUR**
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf.
Flakkarinn ehf.
Kikafell ehf.
Nanna ehf.
Oddi hf., fiskvinnsla-útgerð
Smur- og dekkjaþjónustan
Vesturbyggð

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Tálknafjarðarhreppur

**BÍLDUDALUR**
Ýmir ehf.

**ÞINGEYRI**
Bibbi Jóns ehf.
Brautin sf.
Grillir ehf.
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf.

**STAÐUR**
Ferðaþjónusta bænda Snartartungu

**HÓLMAVÍK**
Hólmadrangur ehf.

**ÁRNESHREPPUR**
Hótel Djúpavík ehf.

**HVAMMSTANGI**
Kidka ehf.
Kvenfélagið Iðja
Skjanni ehf.
Steypustöðin Hvammstanga ehf.
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru
Villi Valli ehf.

**BLÖNDUÓS**
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Grettir sf., fjölritunarstofa
Pöntunar- og viðgerðarþjónusta Villa ehf.
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga

**SKAGASTRÖND**
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf.
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.
Skagabyggð
Snorraberg ehf.
Vík ehf.

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf.
Fisk-Seafood hf.
Kaupfélag Skagfirðinga
K-Tak ehf.
Skinnastöðin hf.
Steinull hf.
Tannlæknastofa Ingimundar Guðjónssonar ehf.
Verslun Haraldar Júlíussonar
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf.
Vörumiðlun ehf.

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði
Hótel Varmahlíð

**HOFSÓS**
Grafarós ehf.

**SIGLUFJÖRÐUR**
Siglósport

**AKUREYRI**
Akureyrarhöfn
ÁK smíði ehf.
Bakaríið við brúna ehf.
Baldur Halldórsson ehf.
Baugsbót sf., bifreiðaverkstæði
Blikkrás ehf.
Bókaútgáfan Tindur
Bókhaldsþjónusta Birgis Marinóssonar ehf.
Brynja ehf.
Bútur ehf.
Dragi ehf.
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Fjölnir ehf., trésmiðja
Fjölumboð ehf.
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.
Fótaaðgerðastofa Evu og Eddu
Friðrik Páll Jónsson, háls-, nef- og eyrnalæknir
Gróðrarstöðin Réttarhóll
Græn egg
Hagvís ehf., heildverslun
Haukur og Bessi tannlæknar
Hlíð hf.
Hnýfill ehf.
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
J M J herrafataverslun
Jökla ehf.
KG Sendibílar
Ljósco ehf.
Ljósgjafinn ehf., verslun
Malbikun KM ehf.
Medulla ehf.
Norðurorka hf.
Pípulagningaþjónusta Bjarna Fannberg Jónassonar ehf.
Plastás ehf.
Pólarhestar ehf.
Raftákn ehf.
Samherji hf.
Samvirkni ehf.
Sigurgeir Svavarsson ehf., byggingaverktaki
Skóhúsið – Bónusskór
Slippurinn Akureyri ehf.
Sólskógar ehf.
Steypustöð Akureyrar ehf.
Steypusögun Norðurlands ehf.
Sveitahótelið Sveinbjarnargerði
Tannlæknastofa Björns Rögnvaldssonar
Tannlæknastofa Mörthu Hermannsdóttur
Trétak ehf.
Útrás hf.
Vélfag ehf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Þrif og ræstivörur ehf.

**GRENIVÍK**
Frosti ehf.
Jói ehf.

**GRÍMSEY**
Stekkjarvík ehf.

**DALVÍK**
G.Ben útgerðarfélag ehf.
Gistihúsið Skeið/www.thule-tours.is
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf.
Kussungur ehf., útgerð
Njáll ehf.
Vélvirki ehf., verkstæði

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Freymundur ÓF-006
Sjómannafélag Ólafsfjarðar

**HRÍSEY**
Einangrunarstöðin Hrísey Hvatastöðum

**HÚSAVÍK**
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf.
Gistiheimilið Árból
Gistiheimilið Kiðagil Bárðardal
Heiðarbær
Höfðavélar ehf.
Minjasafnið Mánárbakka
Norðurlax hf.
Samgönguminjasafnið Ystafelli
Trésmiðjan Rein ehf.
Vermir sf.
Vélaverkstæðið Árteigi
Víkurraf ehf.
Víkursmíði ehf.

**LAUGAR**
Norðurpóll ehf.

**MÝVATN**
Eldá ehf.
Félagsbúið Skútustöðum 2
Hlíð ferðaþjónusta ehf.
Jarðböðin við Mývatn

**KÓPASKER**
Borgartangi ehf.
Búðin Kópaskeri ehf.
Hótel Skúlagarður
Vökvaþjónusta Kópaskers ehf.

**RAUFARHÖFN**
Hótel Norðurljós
Önundur ehf.

**ÞÓRSHÖFN**
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis

**VOPNAFJÖRÐUR**
Símabær ehf.
Vopnafjarðarhreppur

**EGILSSTAÐIR**
Austfjarðaflutningar ehf.
Austurbrú ses.
Bílamálun Egilsstöðum ehf.
Bílaverkstæði Austurlands ehf.
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf.
Bólholt ehf.
Fellabakstur ehf.
G.Ármannsson ehf.
Gistiheimilið Eyvindará ehf.
Gistihúsið Egilsstöðum
Glussi ehf., viðgerðir
Héraðs- og Austurlandsskógar
Klassík ehf.
Klausturkaffi ehf.
Miðás hf. (Brúnás innréttingar)
PV-pípulagnir ehf.
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf.
Snyrtistofan Alda
Tindaberg sf.
Þ.S. verktakar ehf.

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Hótel Aldan
PG stálsmíði ehf.

**REYÐARFJÖRÐUR**
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Launafl ehf.
Skiltaval ehf.
Tærgesen ehf.

**ESKIFJÖRÐUR**
Egersund Ísland ehf.
Fiskimið ehf.
Tanni ferðaþjónusta ehf.

**NESKAUPSTAÐUR**
Árni Sveinbjörnsson
Fjarðahótel ehf. – Egilsbúð
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf.
Samvinnufélag útgerðarmanna, Neskaupstað
Síldarvinnslan hf., útgerð
Sparisjóður Norðfjarðar

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Loðnuvinnslan hf.

**STÖÐVARFJÖRÐUR**
Slöttur ehf.

**BREIÐDALSVÍK**
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

**DJÚPIVOGUR**
Berunes, farfugla- & gistiheimili

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Ferðaþjónustan Brunnavöllum
Funi ehf., sorphreinsun
Ís og ævintýri ehf.
Króm og hvítt ehf.
Rósaberg ehf.
Skinney-Þinganes hf.
Uggi SF-47
Vélsmiðjan Foss ehf.
Þrastarhóll ehf.
Ögmund ehf.

**SELFOSS**
Árfoss hf.
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bjarnabúð
Bókaútgáfan Björk
Esekiel ehf.
Fasteignasalan Árborgir ehf.
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi
Fossvélar ehf.
Garðyrkjustöðin Syðri Reykjum 4 ehf.
Gesthús Selfossi
Guðnabakarí ehf.
Jáverk ehf.
Jötunn vélar ehf.
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Lindin, verslun
Pípulagnir Helga ehf.
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf.
Renniverkstæði Björns Jensen ehf.
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
SBD-flycase ehf.
Sigurður Ágúst ehf.
Svavar Sveinsson
Tré og straumar ehf.
Veitingastaðurinn Menam
Verslunin Íris

**HVERAGERÐI**
Bílaverkstæði Jóhanns ehf.
Blikksmiðja A. Wolfram
Garðyrkjustöð Ingibjargar
Hótel Örk
Ljosin.net
Ökukennsla Eyvindar

**ÞORLÁKSHÖFN**
Dýralæknaþjónusta Suðurlands
Fagus ehf.
Fiskmark ehf.
Frostfiskur ehf.
Stokkar og steinar sf.

**STOKKSEYRI**
Pétur ehf.

**FLÚÐIR**
Garðyrkjustöðin Melum
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur

**HELLA**
Hestvit ehf.
Pakkhúsið Hellu ehf.
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar

**HVOLSVÖLLUR**
Búaðföng
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk
Hellishólar ehf.
Nínukot ehf. – Vinna um víða veröld
Ólafur Árni Ólafsson
Rangárþing eystra

**VÍK**
Hópferðabílar Suðurlands sf.
Mýrdælingur ehf.

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Ferðaþjónustan Hunkubökkum
Fosshestar ehf.
Hótel Geirland
Icelandair Hótel Klaustur

**VESTMANNAEYJAR**
Áhaldaleigan ehf.
Bergur-Huginn ehf.
Bessi hf.
Bílaverkstæði Sigurjóns
Búhamar ehf.
Eyjablikk ehf.
Ferðaskrifstofan Viking Tours
Grímur kokkur ehf.
Langa ehf.
Ós ehf.
Pípulagningaþjónustan Vatnsveitan ehf.
Raggi rakari ehf.
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.
Vestmannaeyjahöfn
Vinnslustöðin hf.

## Jarmandi gjöf

Mee! mee! Ekki er víst að öllum á Íslandi finnist þetta fagnaðarhljóð. En víst er að í verkefnalöndum Hjálparstarfsins er jarm geita ekki bara fagnaðarhljóð heldur líka hljóðmerki um betri lífsafkomu, tryggari og fjölbreyttari fæðu. Geit gefur af sér mjólk, tað til áburðar, afkvæmi og skinn sem ýmist má nota heima eða selja fyrir nauðþurftum. Taðið bætir uppskeruna, fæðan verður fjölbreyttari með prótínum geitaafurðanna og heilsan batnar. Afkoman verður öruggari en með uppskerunni einni saman og lífsgæðin meiri. Gefum geit í jólagjöf, hún kostar 3.200 krónur og má kaupa á gjofsemgefur.is eða á skrifstofu Hjálparstarfsins.

*Mynd: Frá Malaví. Paul Jeffrey/ACT Alliance.*




Gjafabréf

Geit

fyrir fjölskyldu í Afríku.

Fyrir andvirði þessa gjafabréfs verður fátækri fjölskyldu í Úganda eða Malaví gefin geit. Fjölskyldurnar, þ.á m. munaðarlaus börn sem búa ein, taka þátt í þróunarverkefni með Hjálparstarfi kirkjunnar. Fyrst er vatns aflað og það svo nýtt til að veita á akra, til að gera fiskiræktartjarnir eða til að halda skepnur.

Geit gefur af sér mjólk, tað til áburðar, afkvæmi og skinn sem ýmist má nota heima eða selja fyrir nauðþurftum. Taðið bætir uppskeruna, fæðan verður fjölbreyttari með prótínum geitaafurðanna og heilsan batnar. Afkoman verður öruggari en með uppskerunni einni saman og lífsgæðin meiri.

Hjálparstarf kirkjunnar

gjofsemgefur.is

# Valdefling kvenna



Aukin áhrif kvenna á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins leyna sér ekki. Konurnar eru farnar að standa fyrir eigin atvinnustarfsemi og ráðstafa sjálfar tekjum af henni. Það er mikil breyting. Námskeið fyrir konur í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar og síðan lán til nýsköpunar hafa leitt til valdeflingar, sterkari sjálfsmyndar og meiri virðingar samfélagsins í garð kvenna. Konur fá fræðslu um réttindi sín í velferðarkerfinu. Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi með leiðtogum, stofnunum og lögreglu. Haldnir eru fræðslufundir fyrir konur og karla um lögvarin réttindi þeirra t.d. um skaðlegar hefðir eins og umskurð kvenna. Hann er bannaður með lögum en tíðkast þó enn víða. Viðhorfsbreyting hefur orðið með góðu samstarfi við þorps- og trúarleiðtoga. Fjölgun stúlkna í skóla er bein afleiðing af því að vatnsþrær, vatnstankar og brunnar hafa gjörbreytt aðstæðum stúlkna sem bera þær skyldur að sækja vatn. Tíminn sem í það fer hefur minnkað svo mikið að þær geta lokið þessum skyldustörfum áður en skólinn hefst. Aukin menntun er síðan stórt skref í allri framþróun og vitund um réttindi. Þannig verða verkefni Hjálparstarfsins til þess að konur verða virkir þjóðfélagsþegnar, sér og samfélaginu til gagns.

*Starfsmenntun fyrir stúlkur eykur möguleika á sjálfstæðum atvinnurekstri.*



**Eþíópía**

- Konur þjálfaðar í að greina atvinnutækifæri, fá lán og aðstoð til að byrja og öðlast efnahagslegt sjálfstæði
- Unnið gegn skaðlegum hefðum varðandi konur og börn og um leið fyrir mannréttindum
- Náið samstarf, námskeið og þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að þekkja betur afleiðingar fátæktar og veita betri þjónustu

*Sérstök áhersla er á að hafa konur með í ráðum og hlusta á hugmyndir og ráðleggingar þeirra.*

- Vatnsþró í næsta nágrenni tryggir að fleiri stúlkur komast í skóla þar sem minni tími fer í að sækja vatn

**Malaví**

- Þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á ofbeldismálum og veita þolendum stuðning
- Nefnd um heimilisofbeldi fræðir þorpsbúa í gegnum leikrit, m.a. um tilkynningaskyldu
- Skapaður vettvangur fyrir alnæmisjúka til að koma fram með sögu sína og draga úr fordómum
- Fólk á jaðrinum stutt til að koma skoðunum sínum að í þorpinu
- Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum, öðlast sömu eignartilfinningu og njóta afraksturs
- Þar sem lítill tími fer í að sækja vatn eftir að brunnur kom komast fleiri stúlkur í skóla

**Indland**

- Fólkið eflt til að berjast sjálft fyrir vatnsréttindum, landi til að búa á, útgáfu nauðsynlegra skilríkja
- Námskeið fyrir konur um réttindi í velferðarkerfinu
- Mikil fræðsla og áróður gegn barnabrúðkaupum

*Þar sem konur sækja yfirleitt eldivið minnkar álag á þær við notkun sparhlóða sem þurfa allt að 50% minni eldivið.*



# Umhverfisvernd grundvallarþáttur



*Úlfaldar nýtast vel á harðbýlu og þurru svæði í Austur-Eþíópíu.*

Sjálfbærni og umhverfisvernd eru grundvallarþættir í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Umhverfisvernd er lykillinn að framtíðinni, forvörn gegn sífelldum náttúruhamförum á borð við flóð og þurrka. Fólk er frætt um samhengi hlutanna. Hvernig gróðureyðing sem eykst við það að höggva eldivið verður til þess að vatn tollir ekki í jörðinni. Vatnið flýtur burt á yfirborðinu eða gufar upp þegar engar rætur halda í það og laufskrúð veitir ekki skugga. Nýtanlegum vatnsbólum fækkar. Þess vegna er fólki kennt að rækta upp græðlinga og planta meðfram ám og lónum til að halda í jarðveg og raka. Stallar eru gerðir til að rækta á svo jarðvegur skolist ekki burt. Hraðvaxta trén má um leið nýta í eldivið. Með sparhlóðum verkefnisins þarf helmingi minna en áður. Trén bera sum ávöxt og þau veita matjurtum skugga. Tegundir eru ræktaðar á víxl til að draga úr næringartapi í ökrum. Gróðurleifar eru nýttar í moltugerð og tað til áburðar. Náttúruleg hringrás verndar auðlindir. Á Indlandi berjast samstarfsaðilar Hjálparstarfsins fyrir lífi aðal fljóts héraðsins. Það sér ríkum og fátækum fyrir vatni. Gosdrykkjaframleiðendur og fleiri atvinnurekendur taka of mikið á kostnað íbúa. Sandnám opinberra og einkaaðila úr árfarveginum dregur úr rakadrægni hans og áin heldur ekki jafnmiklu vatni.

### Indland

- Umhverfisfræðsla í skólum samstarfsaðila
- Barátta fyrir vernd fljóta
- Stéttlausir berjast fyrir rétti til drykkjar- og áveituvatns

### Eþíópía

- Námskeið fyrir bændur um nýtingu lífræns úrgangs til að halda næringarefnum í jarðvegi
- Sparhlóðir sem þurfa helmingi minna af eldiviði
- Stofnaðir íbúahópar til að vinna að málefnum eins og landvernd, ræktun beitarlands og vatnsmálum á grunni nýrrar þekkingar
- Stallagerð til að hefta framrás vatns og binda það frekar í jarðvegi



*Fræðsla um varnir gegn flóðum og stallagerð til að hefta framrás vatns eru mikilvægir liðir í umhverfisvernd.*

### Malaví

- Nýjum frætegundum dreift til ræktunar; hvílir jarðveg, samfelldari uppskera ólíkra tegunda
- Fræðsla um varnir gegn flóðum og þurrkum
- Námskeið um lög og reglur um vatn, verndun þess og ábyrgð einstaklingsins
- Leiðtogaþjálfun til að ýta undir gott fordæmi og aðferðabreytingar sem hlífa umhverfinu
- Kennt að gera lífrænan bíómassa til að auka næringargildi jarðvegs

### Úganda

- Fræðsla um hringrás vatns og verndun þess
- Kennsla um víxlræktun tegunda til að hlífa jarðvegi
- Kennsla í moltugerð

*Sparhlóðir sem nota allt að 50% minna eldsneyti minnka álag á umhverfið.*





*Korni er deilt út í Dadaab flóttamannabúðunum. ACT/Paul Jeffrey.*

# Neyðaraðstoð með actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af neyðarhjálp sinni í gegnum ACT Alliance og er einn 131 ACT-aðila um allan heim. Í 140 löndum vinna 30.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar fyrir fórnarlömb hamfara, stríðs og átaka. ACT-aðilar í hverju landi móta með sér samráðsvettvang og í löndum þar sem fáir starfa, nær sá vettvangur yfir stærri svæði. Þannig nýtist þekking allra betur, sérþekking kemst á framfæri, fleiri koma að lausnum, samhæfing og verkaskipti verða skýrari og starfið markvissara. 40 slíkir samráðshópar eru lykill að þróun og árangri ACT. Þau hafa áhrif langt út fyrir sitt svæði, meðal annars á stefnumótun ACT Alliance í heild. Á síðasta ári varði ACT Alliance mestum fjármunum í verkefni í Afríku (65%), því næst í Suður-Ameríku (16%) og loks í Asíu og á Kyrrahafseyjum (12%). ACT veitir alla aðstoð án nokkurra skilyrða eða aðgreiningar. ACT Alliance fylgir alþjóðlegum stöðlum eins og SPHERE um neyðaraðstoð, ströngum siðareglum auk eigin staðla um sífellt endurmat á starfseminni.
www.actalliance.org



*Frá flóttamannabúðum í Dadaab í Keníu, þangað streyma flóttamenn frá Sómalíu og Eþíópíu. ACT/Paul Jeffrey.*

#### Neyðaraðstoð veitt í gegnum ACT Alliance:

**Austur-Afríka**

- Veitt var neyðaraðstoð í Eþíópíu og Sómalíu vegna langvarandi þurrka, fólksflótta og hungursneyðar
- Korni deilt út
- Flóttamönnum veitt bráðabirgðaskjól
- Gert við brunna
- Hreinlætisaðstaða bætt með því að reisa kamra

**Malaví**

- Neyðarhjálp vegna flóða á verkefnasvæði í Chikwawa-héraði
- Mataraðstoð
- Bráðabirgðaskjól reist og teppum dreift
- Gert við kamra og reistir nýir
- Fræ og áhöld til jarðræktar

# Sýndu þitt rétta andlit

## Nú er næturkremið og dagkremið frá Gamla apótekinu komið í nýjar umbúðir




Húðvörurnar frá Gamla apótekinu viðhalda raka húðarinnar, verja hana og mýkja. Þær henta öllum húðtegundum – sérstaklega viðkvæmri húð sem þolir illa aukaefni, en kremin innihalda engin litar- eða ilmefni.

PIPAR\TBWA • SÍA • 121249

GAMLA APÓTEKIÐ

Fylgstu með okkur á Facebook / www.gamlaapotekid.is

Fást í öllum helstu apótekum um land allt

Veljum íslenskt

# Jólabækur & jólaspil í Nettó




## JÓAKIM AÐALÖND
VIÐSKIPTASPILIÐ

**4.798 KR**




**ELLÝ VILHJÁLMS**
ÆVISAGA

**4.193 KR**




**HANDBÓK HREKKJALÓMSINS**

**3.423 KR**




**HOBBITINN**

**3.423 KR**




**STEVE JOBS**
ÆVISAGA

**4403 KR**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## HUGVITSSEMI BARNA VIÐ AÐ NÝTA UMHVERFIÐ KEMUR GLÖGGT Í LJÓS Í FJÖLBREYTILEIKA KVÖLDVÖKULEIKJA

**Þrátt fyrir að vinna og nám hafi skipað stærstan sess í kvöldverkum barna þá var kvöldvakan ekki síður tími fyrir leiki og lýsir fjölbreytni leikjanna hugvitssemi barnanna við að nýta umhverfið og ekki síst rökkrið til skemmtunar. Í spurningaskrám Þjóðmiðjasafnsins er skemmtilegt að sjá hversu margir þeirra leikja sem börn í dag þekkja voru almennir meðal barna fæddra á 19. öld, en margir fleiri hafa fallið í gleymsku og eflaust væri gaman að rifja þá upp á kvöldvökum nútímans. Hér fylgja dæmi:**

➜ **Pantleikur** Þátttakendur létu hver sinn hlut í ílát eða húfu, sá sem safnaði hlutunum tók svo einn hlut í einu án þess að aðrir vissu hver átti þann hlut og spurði svo, hvað á sá að gera sem á þennan hlut. Svaraði þá einhver hinna til dæmis þannig: þvo honum Sigga um fæturna, eða að kyssa hana Gunnu o.s.frv. Oft varð úr þessu hið mesta gaman.

➜ **Að rífa ræfil upp úr svelli** fór þannig fram að hendur voru bundnar fyrir aftan bak og vettlingi eða húfu var kastað á jörðina. Síðan átti sá bundni að ná þessu upp með munninum og rétta sig upp með það.



➜ **Sækja smjör í strokk.** Tveir menn stóðu hvor gegnt öðrum og tók hvor í axlir annars en sá er smjörið ætlaði að sækja steypti sér yfir hendur þeirra á höfuðið ofan í strokkinn, greip í munninn einhvern smáhlut sem látinn hafði verið á gólfið og svo átti hann að fara sömu leið til baka. Gæti hann það ekki hafnaði hann í strokknum.

➜ **Skollablinda.** Bundið var með klút fyrir augun á einum og átti hann síðan að ná öllum hinum og segja við hvern og einn sem hann náði „klukk, klukk, sittu kyrr í holunni þinni, þangað til á morgun“. Skiptust menn svo á um að vera skolli. Mikill gauragangur fylgdi þessum leik og stundum óþægilegir árekstrar.

➜ **Jólaleikur** fór þannig fram að skipt var í jafna flokka, karlar sér og konur sér. Svo fór annar flokkurinn út úr herberginu, t.d. karlar, þá var konunum gefinn einn karlmannanna hverri. Síðan var einn látinn koma inn í einu og átti hann þá að hneigja sig fyrir þeirri stúlku sem hann hélt að honum hefði verið gefin. Ef hann hitti á þá réttu þá var hann kyrr inni annars var hann klappaður út. Þannig gekk þetta uns allir höfðu hitt á þá réttu. Þá var skipt um og stúlkur fóru út.

# Leikur og vinna við olíulampa

Þegar rökkva tekur og margar fjölskyldur eiga samverustundir fyrir framan sjónvarpið, er ekki úr vegi að rifja upp hvernig fólk nýtti vetrarkvöldin áður fyrr. Allt fram á síðustu öld lifðu aldagamlir heimilishættir frá því fyrir tíma rafmagnslýsingar og fjöldaframleiddrar afþreyingar.



**KVÖLDVAKA Á SVEITAHEIMILI** Húsbóndinn skemmtir fólki með lestri meðan vetrarverkin eru unnin. Heimilisfólk á Víðum í Reykjadal. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Þegar minnst er á kvöldvökur nú til dags þá dettur flestum í hug skipulögð kvöldskemmtun barna eða unglinga, gjarnan í grunnskólum eða sumarbúðum, þar sem skemmtiatriði eru flutt, draugasögur sagðar og farið í leiki. Nútímakvöldvakan felst yfirleitt í því að snæða snakk, svolgra í sig svaladrykkjum og skemmta sér fram yfir háttatíma ásamt öðrum börnum undir leiðsögn og vökulum augum kennara eða gæslumanna. Nákvæm dagskrá er samin, öll atriði æfð og að lokum er tímasetning valin gaumgæfilega og kynnt með löngum fyrirvara svo kvöldvakan stangist ekki á við aðrar skemmtanir eða vinsælasta sjónvarpsefnið.

Óhætt er að segja að hugtakið kvöldvaka hafi breytt allverulega um svip á innan við einum mannsaldri, en kvöldvökur allólíkar áðurnefndum skemmtunum voru fastur liður á flestum heimilum áður fyrr og héldust sums staðar fram á síðustu öld. Kvöldvökur voru vissulega ekki leiðindatími, en þær voru fyrst og fremst vinnutími. Fyrir tíma raflýsingar kallaðist það kvöldvaka þegar fólk kom saman og vakti við kertaljós eða olíulampa í myrkrinu og sinnti mikilvægum heimilisstörfum, á þeim árstíma þegar dagsljósið nægði ekki til að komast yfir öll verk.

### Hófust þegar dagin tók að stytta

Í meira en hálfa öld hefur þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands sent út spurningalista um ýmis málefni og árið 1962 var óskað eftir upplýsingum um kvöldvökur og hvernig þær fóru fram. Í svörunum kennir ýmissa grasa og má þar finna nokkuð ítarlegar lýsingar á heimilishefð sem var afar útbreidd á sveitabæjum og hafði tíðkast um aldir áður en hún lagðist af í byrjun 20. aldar. Í frásögnum svarenda sem oftast minnast kvöldvakanna frá því þeir voru börn að aldri, má skyggnast inn í heim sem er bæði forn og frumstæður, en jafnframt svo nálægt í tíma að sé litið aftur má næstum teygja sig í hann og snerta.

Hefðbundnar kvöldvökur hófust yfirleitt að haustinu þegar daginn tók að stytta þannig að kveikja þurfti vinnuljós á kvöldin og var þá gjarnan talað um að setjast að eða að kveikja. Eftir að sláturtíð lauk á haustin tók ullarvinnan við og sat þá fólk inni og kembdi ull, spann, óf vaðmál og prjónaði föt, en verkefnin voru bæði mörg og tímafrek. Vökunum lauk svo á vorin þegar daginn tók aftur að lengja. Þær vinnustundir sem bættust við sólarhringinn með kvöldvökunum voru dýrmætar á sveitaheimilunum, en þær voru ekki síður mikilvægar samverustundir heimilisfólksins þar sem allir komu saman í baðstofunni, hjálpuðust að við ýmis störf og skemmtu sér við lestur og leiki. Hinar árstíðabundnu vökur í vetrarmyrkrinu höfðu því einnig það hlutverk að létta fólki lundina yfir dimmustu mánuðina.

### Vinna og skemmtun í rökkrinu

Á kvöldvökunum höfðu allir sín verk að vinna og börn höfðu ekki síður hlutverki að gegna en þeir fullorðnu. Í harðri lífsbaráttu skipti máli að börnum væri snemma kennt að vinna og börn niður í fimm til sex ára aldur voru vanin við vinnu, yfirleitt létta ullarvinnu og prjónaskap til að byrja með. Smátt og smátt breyttust verkin og jukust með aldri barnanna og fólst í þeim sú þjálfun og lærdómur sem nauðsynlegur var til að þau gætu tekið við búrekstrinum einhvern daginn. Enginn vinnukraftur mátti vera ónotaður, fjölbreytt verkleg kunnátta var álitin lífsskilyrði og börnum því fyrir bestu að venjast sem fyrst að taka þátt í flestum eða öllum störfum sem unnin voru á heimilinu eftir því sem kraftar þeirra leyfðu. Árangurinn var sá að um fermingu voru flest börn fær til allrar vinnu sem á heimilinu var unnin. Þrátt fyrir að nokkur kynjaskipting væri á störfum þá lærðu stúlkur yfirleitt líka karlastörf og drengir kvennastörf og voru prjónaskapur og vefnaður til dæmis ekki síður karlmannsverk. Enda hefði varla gengið að reka heimili þar sem hætta var á að fólki félli einfalt verk úr hendi vegna kunnáttuleysis.

Auk þjálfunar í bústörfum var börnum einnig kennt að lesa og skrifa heima við og á vetrum fór sú fræðsla fram á kvöldvökunum. Yfirleitt hófst kennslan um 5-7 ára aldur og voru allt fram á síðustu öld til dæmi þess að börn



**KVÖLDVAKA Í KERLINGARFJÖLLUM** Skemmtun með söng og dansi þar sem lífsbaráttan er víðs fjarri.

hefðu alla sína fræðslu frá foreldrum og hefðu aldrei sótt formlega kennslu í skóla. Húslestur var fastur liður á mörgum heimilum og voru þá lesnar upp skáldsögur, fornsögur, lesin blöð og sagðar þjóðsögur, en kvöldvökur voru víða einu tækifæri fólks til að komast í snertingu við bókmenntir. Einnig voru oft kveðnar rímur eða kveðist á. Á kvöldvökunum lifði menningararfurinn þegar þjóðsögurnar sem gengu frá manni til manns voru fluttar og lærðar af næstu kynslóð. Góðir sögumenn færðu sögurnar í lifandi búning og kenndu ekki bara texta sagnanna heldur einnig frásagnartæknina. Sú menning sem baðstofan geymdi og lifnaði við í vetrarmyrkrinu varðveitti ekki aðeins munnlegan arf fortíðar, hún fóstraði einnig þá sköpunargáfu sem braust síðar út í bókmenntaverkum og er enn eitt af höfuðeinkennum þjóðarinnar.

> **Þrátt fyrir kynjaskiptingu á störfum þá lærðu stúlkur yfirleitt líka karlastörf og drengir kvennastörf.**

### Endalok kvöldvökunnar

Eftir því sem þéttbýlið óx á kostnað sveitanna, fólki fækkaði á bæjum og vinnuálag minnkaði hætti að vera þörf fyrir kvöldvökur. Þær lögðust smám saman af með baðstofulífinu og gamla sveitasamfélaginu. Framfarir og aukin velmegun minnkuðu þörfina fyrir kvöldvinnu, og útvarp og síðar sjónvarp tóku við sem skemmtiefni. Stærri og betri húsakynni urðu til þess að fólk fjarlægðist hvert annað inni á heimilunum og smám saman hvarf sú kynslóð sem ólst upp í baðstofum. Þó gamla kvöldvakan hafi lagst af vegna framfara og fæstir vildu vera án þeirra nútímaþæginda sem hafa komið í staðinn þá er ljóst að vökurnar voru gæðastundir þar sem fólk kom saman, lærði, lék og skemmti hvert öðru um leið og það hjálpaðist að við heimilisverkin.

**Filippa Guðmundsdóttir**
þjóðfræðinemi

Meira á www.intersport.is

VETUR

# ALLIR ÚT AÐ LEIKA!

NÁÐU ÁRANGRI MEÐ INTERSPORT
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
GLÆSILEGT ÚRVAL AF ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARVÖRUM



8.990

**QUEBEC**
Góðar kuldabuxur.
Litur: Svartar.
Stærðir: 130-170.



**ETIREL DELAWARE PARKA**
Þykk vetrarúlpa, hetta með loðkraga sem taka má af, hægt að þrengja í mittið. Dömustærðir.
Litir: Rauð og svört.

19.990



fullt verð 25.900

21.900

**CINTAMANI HRÓBJARTUR/HRUND**
Gönguskór með GREEN DIAMOND sóla, vatnsþolnir og léttir með góðri útöndun.



8.990

**TECNOPRO SUSANNE**
Listskautar. Stærðir: 35-40.



8.490

**MERINO**
Nærbolur, 100% áströlsk merino ull.
Dömu- og herrastærðir.



1.990

**ETIREL SKI BASIC**
Hlýir kuldavettlingar.
Litir: Svartir, bleikir og grænir. Stærðir: 5/6-7/9-10/12.



5.990

**TREK POLES**
Göngustafir, stækkanlegir.



5.990

fullt verð 7.490

**MCKINLEY CIRRUS**
Útivistarbuxur úr EXODUS útivistarefni 5000 mm vatnsheldni, vindheldar með límdum saumum og góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.



7.490

**MERINO**
Síðar nærbuxur.
100% áströlsk merino ull.
Dömu- og herrastærðir.
Litur: Svartar.



17.990

**STIGA STÝRISSLEÐI**
Auðvelt að stýra, bremsur læsast ekki.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 24. – 30. NÓV.

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO · www.expo.is Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



# Fullkomin blanda

**Thriller**, meistaraverk **Michaels Jackson** og mest selda plata allra tíma, er þrjátíu ára. Frábær lög, nýstárleg blanda tónlistarstíla og vel heppnuð tímasetning útgáfu plötunnar skýra ævintýralega velgengni verksins.

**Brynjar Guðnason**
brynjarg@frettabladid.is




## VÖLDU 9 LÖG

Fjögur af níu lögum plötunnar eru eftir Michael Jackson: The Girl is mine, Billie Jean, Beat it og Wanna be startin‘ somethin‘. Þrjú voru samin af Rod Temperton en hann lagði til rúmlega þrjátíu lög til að velja úr. Samtals völdu Jackson og Quincy Jones, upptökustjóri plötunnar, úr hundruðum laga eftir fjölda lagahöfunda.

### Lögin á plötunni

1. Wanna be startin' somethin'
2. Baby be mine
3. The girl is mine
4. Thriller
5. Beat it
6. Billie Jean
7. Human nature
8. P.Y.T. (Pretty young thing)
9. The lady in my life

## ÓNÁKVÆMAR SÖLUTÖLUR

Thriller hefur selst í 65-110 milljónum eintaka á heimsvísu (það er erfitt að festa fingur á nákvæma sölutölu). Næstu hljóðversplötur á eftir Thriller á listanum eru:

| | |
|---|---|
| 2. Back in black (AC/DC) | 50 millj. |
| 3. The dark side of the moon (Pink Floyd) | 50 millj. |
| 4. Bad (Michael Jackson) | 45 millj. |
| 5. Bat out of hell (Meat Loaf) | 43 millj. |
| 6. Rumours (Fleetwood Mac) | 40 millj. |



**MCCARTNEY OG JACKSON** Jackson er hér í hljóðveri með bítlinum Paul McCartney sem söng með honum lagið The girl is mine á plötunni.



## 14 MÍNÚTNA MYNDBAND

Tónlistarmyndbandið við Billie Jean varð fyrsta lagið eftir svartan tónlistarmann til þess að fá mikla spilun á sjónvarpsstöðinni MTV. Stöðin spilaði í þá daga ekki mikið af tónlist eftir svarta tónlistarmenn. Myndbandið skapaði ekki eingöngu tækifæri fyrir aðra svarta listamenn heldur gerði það Jackson mögulegt að sýna fjórtán mínútna myndband við Thriller á MTV, sem varð svo vinsælt að stöðin þurfti að sýna það tvisvar á klukkustund þegar mest lét.

## ENGIN TÓNLEIKAFERÐ

Þrátt fyrir velgengni Thriller fór MJ aldrei í tónleikaferðalag til að fylgja plötunni eftir. Hins vegar fór hann ásamt bræðrum sínum á Victory túrinn árið 1984, en samnefnd plata bræðranna kom út sama ár. Þrátt fyrir nafngiftina léku þeir ekki eitt einasta lag af plötunni á tónleikunum, og auðvitað kom fólk fyrst og fremst til að sjá MJ og Moonwalkið.

## Bjó til ný viðmið



„Thriller inniheldur svo gott sem fullkomna blöndu af diskói, poppi, fönki og rokki sem er formúla sem Jackson hristi saman á hinni stórkostlegu Off the wall, sem út kom þremur árum áður,“ segir **Arnar Eggert Thoroddsen** poppfræðingur. „Jackson sannaði að það er hægt að búa til skothelda poppplötu, með lögum sem öll heimsbyggðin tengdi við, án þess að glopra niður heilindum. Lögin eru ekki ódýr, þetta eru haganlega samsett, úthugsuð og frábærlega útsett og upp tekin lög (og þar kemur Quincy Jones upptökustjóri til skjalanna). Með plötunni bjó Jackson til ný viðmið hvað heimsfrægð og merkingu hennar áhrærir og aðrir tónlistarmenn – sérstaklega þeir sem gera út á sömu mið – litu til Jackson sem fyrirmyndar, þó að sú mynd hafi reyndar látið á sjá hin síðustu ár.“

**Réttur maður á réttum stað** Risasmellir plötunnar nægðu svo til að fleyta henni í þessa rosasölu, segir Arnar Eggert. „Bensínið klárast svolítið fljótt þegar kemur á seinni hlið hennar. En það er ómögulegt að segja; þættir eins og metnaður, uppbygging, hugmyndafræði, „plögg“-úrvinnsla og það að Jackson hafi verið réttur maður á réttum stað á réttum tíma unnu allir saman að þessum ótrúlegu sölutölum.“

**Hvert er uppáhaldslagið þitt af plötunni?** „Human Nature“ (Ég er poppfræðingur og ber því skylda til að koma með „óvænt“ útspil).

## Tónlist sem var hvorki of svört né hvít



„Thriller var fyrir margar sakir tímamótaverk: Platan en til dæmis sú fyrsta plata með bandarískum listamanni af afrískum uppruna sem nær langt út fyrir þá kima sem tónlist þeirra hafði heyrt til (soul, R&B, funk…). Thriller inniheldur „mainstream“ popp sem skírskotaði til fjöldans svo um munaði, fólk á öllum aldri í öllum heimsálfum hlustaði og heillaðist.“ segir **Berglind María Tómasdóttir**, tónlistarmaður og doktorsnemi í San Diego. Berglind, sem hefur lagst í rannsóknir á ferli Jacksons vegna þess að hún kennir námskeið um hann í San Diego-háskóla, bendir á að Jackson hafi verið fyrsti listamaðurinn af afrískum uppruna sem fór í almenna spilun á MTV sem fram að Billie Jean sérhæfði sig í (hvítu) rokki. „Hljómar ansi rasískt í dag, en svona var veruleikinn snemma á 9. áratugnum. MTV gat sem sagt ekki horft fram hjá Jackson, hann var einfaldlega orðinn of vinsæll. Á sama tíma má ekki gleyma að hann blandaði saman tónlistarstílum á mjög nýstárlegan hátt, tónlistin varð á einhvern hátt hvorki svört né hvít, heldur hvort tveggja, á sama tíma. Dæmi er lag eins og Beat It rokksmellur með dansívafi og gítarsólói að hætti Eddie Van Halen.“

**Umbylti framsetningu tónlistar** Berglind bendir á að Michael Jackson hafi verið brautryðjandi í gerð tónlistarmyndbanda. „Með MJ varð myndbandið að ámóta mikilvægum miðli og tónlistin sjálf, þannig umbylti hann framsetningu popptónlistarinnar. Áhrifa hans sem flytjanda gætir líka enn í dag, maður þarf ekki annað en að kíkja á kóreógrafíu hjá poppstjörnum nútímans. Áður en hann kom til sögunnar nægði á vissan hátt að vera góður söngvari, í dag þykir það sjálfsögð krafa að popparar séu jafnvígir á söng og dans.“

**Fullkomin tímasetning** Tímasetning útgáfu Thriller skýrir söluna að nokkru leyti segir Berglind. „Það er nánast hægt að útiloka að popptónlistarmaður gæti slegið í gegn í dag með sama hætti, til þess er landslagið í tónlistarbransanum og neysla tónlistar of breytt. Á þessum tíma, fyrri hluta 9. áratugarins var hægt að búa til heilan heim í kringum einn tónlistarmann. Svo dæmi sé tekið þá rauk salan á Thriller upp eftir að Michael Jackson kom fram í frægum afmælissjónvarpsþætti Motown-útgáfunnar um vorið 1983, þar sem hann frumsýndi tunglganginn „The Moonwalk“. En framganga MJ í þættinum er gott dæmi um hvar styrkleiki hans lá alla tíð, frá upphafi til enda: Á sviði fyrir framan nógu marga áhorfendur.“

**Hvert er uppáhaldslagið þitt á plötunni?** „Wanna Be Startin‘ Somethin‘ sem er eitt af fjórum lögum á Thriller eftir Michael sjálfan. Lagið varð til nokkrum árum fyrr, í aðdraganda Off the Wall, enda mikill dans- og diskósmellur líkt og sú plata er stútfull af. Hvílík byrjun á plötu! Lagið var gjarnan fyrsta lag á tónleikum Jacksons enda vel til þess fallið. Textinn er mátulega aggressífur og paranojaður, en þannig þykir mér Michael Jackson einna bestur – lagið má sumsé flokka með fjölda laga hans sem fela í sér ádeilu á fjölmiðla og aðgangsharða aðdáendur (einkum kvenkyns). Dæmi um slík lög eru til dæmis Beat it, Billie Jean, They don´t care about us og þar fram eftir götunum.“



# Orkan styrkir Fjölskylduhjálp Íslands

## – með hverjum seldum lítra
## 1.-21. desember

Orkan gefur Fjölskylduhjálp Íslands krónu fyrir hvern seldan lítra á öllum bensínstöðvum Orkunnar út um allt land frá 1. - 21. desember.

Til að gjöfin nýtist sem best verða upphæðirnar greiddar út 8., 15. og 22. desember.

Helmingur upphæðar verður á formi peninga og helmingurinn á formi inneignarkorts fyrir eldsneyti sem nýtast mun í úthlutanir um jólin og fram eftir árinu.




**Notaðu Orkuna þína til góðra verka í desember**

**Hjálpið okkur að leggja góðu málefni lið. Með ykkar hjálp stefnum við á að safna allt að 2 til 3 milljónum króna.**

ENNEMM / SÍA / NM46422

Gjöfin hefur ekki áhrif á afsláttarkjör viðskiptavina Orkunnar.

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

# Talið niður með jóladagatali

Undanfarin ár hafa jóladagatöl Sjónvarpsins og Stöðvar 2 stytt yngstu kynslóðinni biðina fram að jólum. Frá 1. desember ár hvert er talið niður til jóla í stuttum þáttum sem sýndir eru daglega. Sagan er mismunandi hverju sinni þó sum dagatölin hafi verið endursýnd nokkrum sinnum. Tinna Rós Steinsdóttir tók saman dagatölin sem hafa verið sýnd hér á landi allt frá því þau fyrstu komu á skjáinn árið 1988.

## JÓLADAGATÖL RÚV

1988 **Jólin nálgast í Kærabæ** eftir Iðunni Steinsdóttur

1990 **Á baðkari til Betlehem** Íslenskir þættir þar sem Hafliði og Stína, bæði átta ára gömul, leggja upp í ævintýraferð til Betlehem til að færa Jesúbarninu gjafir. Þau ferðast um í fljúgandi baðkeri og lenda í ýmsum hindrunum og erfiðleikum á leiðinni. Klemmi, vondur fugl, virðist elta þau á röndum og reyna sitt besta til að gera þeim erfitt fyrir. Kjartan Bjargmundsson og Sigrún Waage leika krakkana en Inga Hildur Haraldsdóttir brá sér í öll aukahlutverkin. Endursýnt 1995 og 2004.



1991 **Stjörnustrákur** Íslenskir þættir eftir Sigrúnu Eldjárn sem fjalla um stúlkuna Ísafold sem einn daginn rekst á geimverustrákinn Bláma. Hann er strandaglópur á jörðinni því geimskipið hans bilaði og nú þarf hann að finna varahlut sem er falinn í fjársjóðskistu hér á jörðinni. Ísafold ákveður að hjálpa Bláma að finna fjársjóðskistuna, en þau fá samkeppni frá fullorðinni konu sem vill eignast þennan fjársjóð sjálf. Endursýnt 1998 og 2006.

1992 **Tveir á báti** Íslenskir þættir eftir Kristínu Atladóttur. Séra Jón festist úti á miðjum sjó snemma í desember þegar báturinn hans verður bensínlaus. Þar hittir hann fyrir ísbjörn og verður þeim vel til vina. Endursýnt 2000.

1993 **Jul i Mumindalen** þýddir, sænskir þættir.

1994 **Jól á leið til jarðar** Brúðuleikrit þar sem fylgst er með smáenglunum Pú og Pa. Þeir fá það hlutverk að koma körfu sem inniheldur jólahátíðina til jarðar. Vandamálið er þó það að hinn illi Öngull gerir hvað sem hann getur til að ná körfunni og sökkva henni í svarthol geimsins þangað sem enginn getur fundið hana aftur. Endursýnt 1999 og 2007.

1996 **Hvar er Völundur?** Íslenskt jóladagatal, 24 þættir. Gunni og Felix safna í poka öllu því góða sem á vegi þeirra verður handa Völundi gamla, sem býr til allar góðu gjafirnar. Endursýnt 2002 og 2012.



1997 **Klængur sniðugi** Endursýnt 2003 og 2009.

2001 **Leyndardómar jólasveinsins**

2005 **Töfrakúlan**

2008 **Dýrmundur**

2010 **Jól í Snædal** Talsett norskt jóladagatal, 24 þættir. Við fylgjumst með jólaævintýrum og jólaundirbúningi Hlyns og vina hans í Snædal. Endursýnt 2012.



2011 **Pagten**

2012 **Jólapakki RÚV** Rúv býður upp á nýjung í ár og verður með jólapakka fyrir börn. Fimm mismunandi þáttaröðum verður pakkað saman undir heitið Jóladagatal RÚV 2012. Endursýnd verða dagatölin Hvar er Völundur frá árinu 1996 (endursýnt aftur 2002) og Jól í Snædal frá árinu 2010, en bæði eru þau 24 þátta dagatöl. Þar fyrir utan verða sýndir tíu þættir af Turnvörðunum og sjö af Vöffluhjarta, þrír jólaþættir af Geymslunni og fjórir af Stundinni okkar.

## JÓLADAGATÖL STÖÐVAR 2

1988 **The Story of Santa Clause** Fyrsta jóladagatalið sem Stöð 2 sýndi var þetta ameríska dagatal fyrir 24 árum síðan. Endursýnt 1990 og 2002.

2004 **Jesús og Jósefína** Þýddir danskir þættir sem fjalla um hina 12 ára gömlu Jósefínu og vin hennar Óskar. Þau finna tímavél sem fer með þau aftur til ársins 12 þar sem þau hitta Jesú, sem er þá jafn gamall þeim. Saman lenda þremenningarnir í alls kyns ævintýrum. Endursýnt 2005, 2007 og 2008.



2005 **Galdrabókin** Íslenskt jóladagatal þar sem notast er við leikbrúður. Alexander finnur galdrabók sem flytur hann inn í annan heim. Þar lendir hann alls konar spennandi ævintýrum í félagsskap gamallar uglu og talandi kattar. Endursýnt 2010.



2012 **Skoppa og Skrítla**



### Skoppa og Skrítla skoða skrítin og skemmtileg orð

„Við opnum dagatalið í upphafi hvers þáttar og út kemur skrítið og skemmtilegt orð sem börnin hafa líklegast heyrt en vita ekki endilega hvað þýðir. Til dæmis kátína, mistilteinn, fararskjóti, kærleikur og hlýja. Í þættinum förum við í saumana á þessum orðum og merkingu þeirra og þá upphefjast alls kyns ævintýri,“ segir Hrefna Hallgrímsdóttir, sem krakkarnir þekkja eflaust betur undir nafninu Skrítla.

Skoppa og Skrítla sjá um jóladagatal Stöðvar 2 þetta árið en um er að ræða glænýtt og alíslenskt dagatal. „Tökum lauk í síðustu viku svo þetta er eins ferskt og þetta getur orðið. Hver þáttur er um sjö mínútur, sem er aðeins lengra en upphaflega var lagt upp með. Þetta var bara svo skemmtilegt og ríkt af efni að það var ekki hægt að hafa þá styttri,“ segir Hrefna og hlær. Sjálf skrifaði hún handritið að dagatalinu, eins og annað efni Skoppu og Skrítlu.

Um 250 aukaleikarar koma við sögu í dagatalinu og eru þar á meðal Krúttakórinn í Langholtskirkju, börn úr Ísaksskóla, af Laufásborg, úr Sönglist og víðar. „Við erum búnar að fara út um allt og fá til liðs við okkur alls konar hópa og fólk. Langflestir aukaleikaranna eru börn, en svo koma hundur og köttur við hjá okkur og auðvitað urðum við að fá lánaða jólasveina líka. Svo förum við aldrei langt án Lúsíu, þó hún hafi ekki haft mikinn tíma fyrir okkur. Hún tekur sér alltaf langt og gott jólafrí því hún þarf að lesa svo mikið,“ segir Hrefna. „Snjóleysið gerði okkur aðeins erfitt að finna Snæfinn snjókall en blessunarlega rákumst við svo á hann í Bláfjöllum,“ segir hún.

Útgangspunktur dagatalsins er kærleikur og vinátta, eins og í öðru efni Skoppu og Skrítlu. „Það er auðvitað bein tenging frá þeim boðskap í jólin svo það er eiginlega ótrúlegt að okkur hafi ekki dottið í hug að gera eitthvað jólatengt fyrr,“ segir Hrefna að lokum.

# RAFBÓKIN ER KOMIN!

## FORSALA Á EYMUNDSSON.IS

„Sem stílisti er Arnaldur … í stöðugri framför og … er Reykjavíkurnætur meðal hans best skrifuðu bóka. Bygging sögunnar er sömuleiðis vönduð og það hvernig málin tvö vefast saman afskaplega fagmannlega gert.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

Skannaðu kóðann og lestu fyrsta kaflann úr bókinni.




VERÐ 3.999 krónur

FORSALA!



Mundu Vildarklúbbs-afsláttinn 5%

## Spjaldtölvur frá kr. 17.900

Við bjóðum nú *Point of View* spjaldtölvur með Android stýrikerfi frá 17.900 krónum á Eymundsson.is. Tækin eru tilvalin til lesturs rafbóka, fyrir leiki, að vafra um netið og margt fleira.
**Kynntu þér málið á Eymundsson.is**

VESKIÐ

DEBET Á NETINU | AUÐVELT | ÖRUGGT | ALLTAF

DEBET 24/7

## Verslaðu með DEBETKORTI á netinu í gegnum Veskið

Örugg, einföld og þægileg leið til að versla með farsímanum þínum.

**Skráðu þig á www.veskid.is**

Skannaðu kóðann og kynntu þér málið!

Þú skrifar bara inn símanúmer og leyninúmer og ert þar með búin/n að greiða.

VALITOR



Verslaðu jólagjafirnar á Eymundsson.is
Frí heimsending og innpökkun til jóla.

Eymundsson Bóksali frá 1872 140 ára




OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OG
Í SMÁRALIND
TIL JÓLA

Gildir til 7. desember.


VINSÆLAR JÓLAGJAFIR
ÁRITAR OG SPILAR
LAUGARDAG Smáralindi kl.13
SUNNUDAG Kringlunni kl.14
I'M TALKING ABOUT YOU
2.499
ÁRITAR
LAUGARDAG Kringlunni kl.15
SUNNUDAG Smáralind kl.15
Ellen
Sönglög
2.699
ÁRITAR OG SPILAR
LAUGARDAG Kringlunni kl.13
SUNNUDAG Smáralind kl.14
vélrænn
2.699
ÁRITAR OG SPILAR
LAUGARDAG Smáralind kl.14
SUNNUDAG Kringlunni kl.15
MAGNI
2.699
DVD & CD
Elly Vilhjálms
CD DVD
3.699
Skálmöld
2.699
ÁRITAR
LAUGARDAG Kringlunni kl.14
HERBERT GUÐMUNDSSON
2.699
ÁRITAR OG SPILAR
LAUGARDAG Smáralind kl.15
SUNNUDAG Kringlunni kl.16
SVERRIR BERGMANN
FALLIÐ LAUF
2.699
2.699
2.499
CD DVD
3.699
RÍÓ
3.999
Ávaxtakarfan
CD DVD
2.999
SIGURÐUR GUÐMUNDSSON & MEMFISMAFÍAN
OKKAR MENN Í HAVANA
3.299
2.699
RAGGI BJARNA
DÚETTAR
3.299
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Amma eða Garrinn hvort á að ráða?

Í bók Auðar Jónsdóttur Ósjálfrátt segir frá Eyju, ungri konu í djúpum vanda. Af (næstum því) kurteisi tók hún helmingi eldri mann og óttalegan vandræðagepil upp á sína arma og situr föst. Í stórfjölskyldunni er merkilegur afi, gallaðir en heillandi foreldrar og óútreiknanleg yngri systkini en kletturinn er amman í stóra hvíta húsinu, höfuðandstæðingur eiginmannsins.

**Ósjálfrátt**
Höfundur: **Auður Jónsdóttir**
Útgáfa: **Mál og menning**
Fjöldi síðna: **381**



**SAMRÝMDAR** Auður Jónsdóttir og amma hennar Auður Laxness á góðri stundu. Skáldsaga Auðar, Ósjálfrátt, er sjálfsævisöguleg og amma hennar leikur þar stórt hlutverk.

Viltu ekki fara frá þessum manni? Setningin skellur á hlustunum; hún heyrir hvað amma segir en hverju á hún að svara?

Jú?

Nei. Hún getur ekkert sagt. Bara horft í gaupnir sér eins og þegar hún var lítil og hafði gert eitthvað ógurlegt af sér.

Ég skil bara ekki hvernig þér datt í hug að giftast honum. Ég skil ekki einu sinni hvernig þú getur kysst hann, hvað þá meir, segir amma og horfir sorgmædd á dótturdóttur sína sem situr andspænis henni. Álút með svartan hárflóka ofan í augun sem ljómuðu þegar hún var barn en eru ekki einu sinni brún lengur heldur sokkin ofan í doða, grá slikja liggur yfir þeim og húðin er líka grá-leit, á vöngunum og undir hökunni grillir í bólur. Hún hefur svínfitnað á örskömmum tíma, brjóstin þrýsta á stuttermabolinn sem er merktur bjórverksmiðju í Tékklandi.

Amma hennar hélt alltaf að hún hefði bein í myndugu nefinu en meira að segja nefið hefur skekkst, stelpan gekk á ljósastaur, sagði hún og virtist segja satt, hvernig sem hún fór að því. Viðkvæðið þessa dagana er að hlutir gerist bara. Svosem við því að búast að hún segði það líka núna.

Eyju finnst hún heyra hugsanir ömmu sinnar, svo fastráðin í að skrifa skáldsögu einn daginn að hún hreiðrar um sig í höfðum annarra og hrifsar til sín hugsanir þeirra. Þannig engist hún um af áhyggjum ömmu sinnar af sjálfri sér þangað til augnaráð gömlu konunnar verður óbærilegt.

Þetta gerðist bara, stynur hún loks og kyngir hratt.

Hlutir gerast ekki bara, Eyja mín.

Ó jú. Jú jú jú, hlutir gerast bara. Hún hefur varla gleymt snjóflóðunum fyrir vestan. Þau gerðust bara.

Slys gerast, segir amma í góðlátlegum viskutón. En hitt ákveður maður.

Hitt?

Við erum ákvarðanirnar sem við tökum. Þú ert óskög góð stúlka, þú tekur bara alltaf rangar ákvarðanir. Viltu meira te?

Já, takk, segir Eyja og gjóar augunum á handtösku ömmu sinnar; hún stendur á borðsendanum og minnir á bísperrtan kött sem bíður færis. Augnaráðið fer ekki framhjá ömmu hennar þó að hún sé í miðju kafi að skenkja te í rússnesku teglösin. Hún fyllir þau af rjúkandi heitum vökva, bætir mjólk út í annað glasið og stjakar því, ásamt kúfuðu sykurkarinu, í átt til Eyju áður en hún strýkur hendi laust yfir nýju lagnínguna. Hvítt hárið bylgjast í öldum yfir laglegu en svipsterku andliti með djúpum spékoppum og augum sem skipta litum; þau verða mógrá í dagsbirtunni og ljóma af ánægju með hárgreiðslukonuna niðri í sveit, álíka bersögul um tilfinningar og augun í unglingsstelpu þrátt fyrir myndugt fasið. Hún lítur á handtöskuna og þaðan á dótturdóttur sína. Segir: Ég vil gjarnan hjálpa þér að taka góða ákvörðun.

Nú?

Amma tyllir gleraugum með gylltri umgjörð á nefsoddinn og grípur töskuna. Stingur hendinni ofan í leðrið; þessari kunnuglegu hendi með lifrarblettina á handarbakinu og fölbleikan lófa eftir uppvask í hálfa öld, rauðmálaðar neglur og gullhring með fjólubláum hnullungi á baugfingri. Eyja fylgist með henni gramsa í veskinu með olíumálverkið hans Asger Jorn í bakgrunni: sjálf staðfestan í annars óreiðukenndum heimi. Hún dregur upp samanbrotinn vasaklút, þerrar munnvikin og leggur hann frá sér, síðan dregur hún upp hnausþykkt umslag. Setur það á indverska borðdúkinn með vínrauða munstrinu og lítur í augu dótturdóttur sinnar um leið og hún ýtir því mjúklega í áttina til hennar, eins og Sikileyingur í vafasömum erindagjörðum, og segir: Þú færð þetta í gjaldeyri, ef þú ferð.

Hvað er þetta?

Hundrað þúsund krónur. Ég tók þær út hjá henni Gullu þegar ég fór niður í sveit að ná í kjúkling handa þér.

...

Augun fljóta þegar hann horfir á hana.

Ég gerði ekki ráð fyrir að þú gætir borgað húsaleiguna svo ég sagði íbúðinni upp, segir hún.

Hann lyftir brúnum. Það var ekki einu sinni búið að borga þennan mánuð svo fyrirframgreiðslan brúar hann.

Og hvað?

Ég reyndi að segja þér það í gær, heldur hún áfram. Ég ætla að skreppa til Svíþjóðar.

Skreppa?

Hún fitlar við tannburstann. Segir síðan já. Hún ætli að skreppa þetta aðeins. Verða brún og skrifa sögu. En síðan komi hún aftur og þá geti þau fundið nýja íbúð. Ábyggilega miklu betri en þessa.

Blessuð góða, vertu einlægari við okkur bæði, hlær hann en hláturinn fjarar út í kjökri. Blóðsprengd augun stara ráðvillt á hana. Eins og þau hafa alltaf gert, frá því hún slysaðist í fyrsta skipti heim með honum eftir ball og hann greip fyrir andlit sér þegar hún fór daginn eftir og sagðist deyja ef hún kæmi ekki aftur.

Hún trúði honum.

Hún bítur á jaxlinn og segir: Ég er einlæg.

Hann hlær ennþá hærra.

...

Hættu að hlæja, biður hún.

Hann þagnar. Horfir á hana, bíður átekta.

Ég, segir hún.

Já?

Ég þarf að komast burt til að hugsa. Því ég er búin að vera svo hrædd.

Hver er ekki hræddur?

Manstu, þegar handrukkarinn kom?

Þú sagðir mér bara frá honum.

En hann kom að hitta þig. Tvisvar.

Hann kemur ekki aftur.

Hvernig get ég vitað það?

Allt í einu grípur hann utan um hana, hratt og klunnalega. Hvíslar að hann lofi því að þessi náungi komi aldrei aftur. Hann skuli sjá til þess. Bara ef …

Eyja mín?

Eyja rífur sig frá honum. Á miðri skörinni stendur amma hennar með djúpa áhyggjuhrukku og starir á Garrann.

Hann drúpir höfði. Snýst um sjálfan sig, bosmamikill í skítugum kraftgalla og stingur pípunni hratt ofan í vasann áður en hann býður góðan daginn.

Góðan daginn! segir amma. Eruð þið að kveðjast?

Ætli það megi ekki segja það, svarar Garrinn og mjakar sér nær veggnum þegar hún tekur sér stöðu andspænis honum, í dökkblárri sumarkápu með hatt í stíl. Það stendur fjöður upp úr hattinum sem gefur henni valdmannslegt yfirbragð.

Ætlaðir þú líka að laga til? tafsar Eyja.

Ég er komin til að sækja gardínurnar sem ég gaf þér, svarar amma hennar. Það er best að ég geymi þær. Varstu nokkuð búin að taka þær niður?

Eyja deplar augunum hratt. Hvar eru gardínurnar? Hún bara steingleymdi þeim. Setti pokann einhvers staðar og ætlaði alltaf en …

Eyja mín, ítrekar amma hennar. Ég er að tala við þig.

Eyja kinkar ört kolli. Já, pottþétt, tafsar hún áfram. Örugglega.

Hvað áttu við með því, elskan?

Ætli ég sé þá ekki bara farinn, segir Garrinn hæglátur.

Nei. Bíddu aðeins!

Þú þarft að tala við ömmu þína.

Bíddu aðeins, amma!

Amma og Garrinn horfa bæði spyrjandi á hana sem varpar öndinni léttar þegar Skíðadrottningin stendur skyndilega í dyragættinni …



# TAKTU BETRI MYNDIR!

Hagnýtar upplýsingar og myndræn framsetning gera þessa ítarlegu handbók að kjörgrip þeirra sem vilja ná góðum tökum á ljósmyndun og myndvinnslu.

„... hefur alla burði til að nýtast áhugasömum vel.“
SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON / DV

„Þeir sem hafa áhuga á ljósmyndun verða vitanlega að eiga bók við hæfi. *Stafræn ljósmyndun skref fyrir skref* er slík bók.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ




FYRIR BYRJENDUR JAFNT SEM REYNDA LJÓSMYNDARA

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## Konráð og félagar á ferð og flugi 20

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Þekkið þið svona orðatening?“ spurði Lísaloppa. „Nei,“ sagði Konráð. „En hann virkar spennandi.“ Konráði fannst allar nýjar þrautir sem hann hafði ekki séð áður vera spennandi. „En þið, Kata og Róbert,“ spurði Lísaloppa. „Viljið þið ekki líka reyna að leysa þennan orðatening?“ Kata horfði áhugalaus út í bláinn. „Það er varla þess virði, Róbert þykist vita svarið fyrirfram,“ sagði hún fýld. Róbert ætlaði að fara að segja eitthvað, en hætti við. Það var ómögulegt að þau Kata væru alltaf að rífast um gáturnar. „Jæja, við Konráð leysum þá bara orðateninginn,“ sagði Lísaloppa.

„En hvernig þraut er orðateningur,“ sagði Konráð. „Við þurfum að raðað þessum stöfum þannig í reitina,“ sagði Lísaloppa. „Að fram komi orð í allar línur hvort sem lesið er lóðrétt eða lárétt. Fyrsta orðið er nafn einnar af dætrum Ægis, næsta orð þýðir illt umtal, svo karlmannsnafn og loks nafn dýrs.“

á á a a
a a i f
r r b i
s s n n

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |



## Heilabrot

1. Hve lengi sefur asninn á næturnar?
2. Hvað er það sem hefur 21 auga en hvorki nef né munn?
3. Hvað á maður að gera þegar maður vill ekki láta trufla hjá sér nætursvefninn?
4. Hver hefur hatt, en ekkert höfuð, aðeins einn fót, en enga skó?

**SVÖR**

1. Þangað til hann vaknar. 2. Teningur. 3. Sofa á daginn. 4. Sveppurinn.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Kertin í aðventukransinum



Aðventukransarnir eru eitt af augljósustu merkjum þess að aðventan er gengin í garð. Þeir eru eitt það jólalegasta sem við setjum upp hjá okkur á jólaföstunni og bera fjögur kerti, en logandi kertin merkja komu Krists og aðdragandann að henni.

**Fyrsta kertið** er Spádómskertið, það minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins, sem höfðu sagt fyrir um komu frelsarans.

**Annað kertið** er Betlehemskertið og heitir eftir fæðingarbæ Jesú, þar sem ekkert rúm var fyrir hann.

**Þriðja kertið** er Hirðakertið, nefnt eftir hirðingjunum sem fátækir og ómenntaðir fengu fyrst fregnina góðu um fæðingu frelsarans.

**Fjórða kertið** er Englakertið, sem minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

## Myndin



**FRÁ EIK**
Hin sjö ára Eik Ægisdóttir, sem á heima í Kópavogi, sendi krakkasíðunni þessa fallegu mynd. Fréttablaðið hvetur krakka til að senda myndir á krakkar@frettabladid.is.

# Sumir kalla mig Frøya

**Freyja Hannesdóttir er nýflutt til Noregs og þar hóf hún skólagöngu í haust. Hún kunni enga norsku þegar hún flutti út en hefur gengið vel að læra hana.**

Freyja Hannesdóttir er nýorðin sex ára og líka nýflutt til Noregs með mömmu sinni. Hún er auk þess nýbyrjuð í skóla svo það er ljóst að margt hefur breyst á skömmum tíma í lífi Freyju. Sjálf er hún hæstánægð með þetta allt saman, er búin að eignast góða vini og ætlar að byrja að æfa handbolta eftir áramót.

**Í hvaða borg átt þú heima?** Ég á heima í Stavanger í Noregi.

**Hvað heitir skólinn þinn?** Skólinn minn heitir Kampen Skole.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?** Mér finnst frímínútur og „stasjoner“ skemmtilegastar. Þegar við höfum „stasjoner“ færum við okkur á milli borða í stofunni og á hverju borði leysum við mismunandi verkefni, annaðhvort í norsku eða stærðfræði.

**Kunnir þú norsku þegar þú byrjaðir í skólanum?** Nei, ég kunni enga norsku svo ég talaði bara íslensku og reyndi að tala hægt. Krakkarnir og kennararnir skildu mig stundum en ekki alltaf.

**Er erfitt að læra norsku?** Nei, það er gaman að læra norsku. Jóhanna, sem er íslenskur kennari, kemur og hjálpar mér með norskuna einu sinni í viku.

**Hvað finnst þér erfiðast við að búa í Stavanger?** Mér finnst stundum erfitt að búa langt frá öllum sem ég þekki á Íslandi.

**En hvað er þá skemmtilegast?** Að læra að tala norsku!



**SKEMMTILEGAST Í FRÍMÍNÚTUM** Freyja kann vel við sig í nýja skólanum, Kampen Skole í Stavanger í Noregi.

**Finnst krökkunum erfitt að segja nafnið þitt?** Já, þau segja það aðeins öðruvísi því fólk í Stavanger segir öðruvísi R en á Íslandi. Svo kalla sumir mig Frøya.

**Þú áttir afmæli um daginn, hvernig hélstu upp á það?** Ég bauð stelpunum í bekknum mínum í afmælispartí í Leo's lekeland. Þar er fullt af rennibrautum, risastórt eldfjall og trampólín. Við fengum pylsur, ís og köku.



## Noregur

Stærð: 385.252 ferkílómetrar
Fjöldi íbúa: 5.017.500
Höfuðborg: Ósló
Tungumál: Norska


KFC
Fljótlegt og
svooogott™
25
Hot Wings™ á
2399
KR.
Hot Wings
Í desember
eru allir dagar
vængjadagar
Hot Sauce fylgir
HOT Sauce
HOT Sauce
Minnum á nýjan KFC stað við Sundagarða
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1.** Hugi lemur kind sem sker í augu (8)
**5.** Lokalag Álftnesinga? (11)
**11.** Taumur í sauðabelli hjá grallaraspóa (12)
**12.** Verkfærahald fyrir mistök (9)
**13.** Sum blaðra um sukk (5)
**14.** Eru skólprör samheiti fyrir meindýragöng? (9)
**15.** Saxbauti baðhúsdívu er sælgæti (9)
**16.** Fljót bæti undir pressu (5)
**18.** Steyptar í vegg í innsta hring (10)
**20.** Rugl um að laða lata er á allra vörum (8)
**22.** Langförull lagði þetta land undir fót (6)
**23.** Kona Arnar læsir jafnt sem lýkur upp (4)
**25.** Tákrísa fyrir óendanlega hressar (7)
**26.** Beinar stjórni landi með lögum (10)
**31.** Kaup páska er athöfn fyrir innvígða (10)
**33.** Fljót segist ekki vilja (8)
**34.** Upp götu fer draugur, hærra og hærra (11)
**35.** Stækka selahóp, og montinn af því (10)
**37.** Rústa bíl með slettusvipu (11)
**38.** Fuglar afhenda enn á ný (10)
**39.** Getur vélmenni ort um Bó? (5)
**40.** Vætið uppsprettu fyrir snigilinn (8)
**41.** Starið á stífa og ruglaða (6)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Vel tæplega tíu trylltar og týndar (11)
**2.** Klára og skutlast fram og aftur (11)
**3.** Fullfrjálst á ekki bót á rassinn (9)
**4.** Fálátar, drukknar og furðulegar (11)
**6.** Fleygja helling af duglegu (12)
**7.** Glæsibragur og gustur af konungi háloftanna (8)
**8.** Óttusnaginn er vinafugl næturhrafnsins (9)
**9.** Þvengkeppni, og aðsókn er tryggð (10)
**10.** Set orf í mótið fyrir eldsneytið (8)
**13.** Manni getur sárnað, drengir (6)
**17.** Fráneygir fuglar greina tvöfalt smáræði (4)
**19.** Háskólamaður sér suma drekka í sig ruglið (11)
**21.** Þunglífisþorp er heimsþekkt heilsubæli (7)
**24.** Greinir tilteknar aukaheimildir (11)
**25.** Góðmálmsglingur (11)
**27.** Munstra slakar sem vita ekki hvað gera skal (10)
**28.** Björk, Magni og Ármann eru listagengi (10)
**29.** Skelfir um skelfilega langa hríð (10)
**30.** Pipar fyrir prestakall gefur fínasta bakkelsi (10)
**32.** Fangaslagsmál um lítinn matarkassa (9)
**36.** Dútl við nudd (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**SKJALDBREIÐUR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sjóræninginn frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Stefán Stefánsson, Reykjavík** og getur hann vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ómissandi fólk. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 5. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „1. desember“.


YFIR 25 GERÐIR AF KAFFI







**JÓLATILBOÐ**
2 pakkar af kaffi fylgja sjálfvirkum Dolce Gusto vélum.

DēLonghi
NESCAFÉ Dolce Gusto
GREAT COFFEE YOUR WAY



Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


## DÝR VIKUNNAR
CANTOR-RISASLÝSKJALDBAKA



# Flöt og löt að deyja út

Cantor-skjaldbakan er ein stærsta slýskjaldbaka veraldar og reyndar líka ein stærsta skjaldbaka í heimi. Hún getur orðið tveggja metra löng og yfir fimmtíu kíló að þyngd. Hún er heldur ófrýnileg, virðist hafa verið flött út, og þar að auki er hún mikið letiblóð.



Slýskjaldbökur eiga það sameiginlegt að vera með mjúka leðurskel – á ensku heita þær enda „soft-shell turtles“. Til eru um 25 tegundir sem lifa í ám og mýrlendi í Norður-Ameríku, Asíu, Afríku og á Kyrrahafseyjum.

Cantor-bakan býr hins vegar hvergi nema í Suðaustur-Asíu og er raunar sárasjaldgæf. Hún er í útrýmingarhættu og leyfir mannfólki ekki að sjá sig nema endrum og eins. Hluti af skýringunni á því gæti reyndar verið að kvikindið eyðir 95 prósentum lífs síns hreyfingarlaust og niðurgrafið í sand, með ekkert upp úr nema augun, og bærir sig tvisvar á dag til að anda og éta.

Vísindamenn sáu einstakling af þessari tegund árið 2003 og síðan ekki fyrr en 2007, þegar farinn var leiðangur meðfram Mekong-ánni í Kambódíu. Þar var reyndar gnótt af Cantor-bökum sem veitti mönnum von um að kannski væri hægt að bjarga tegundinni frá útrýmingu.

Þessi afkáralega flatbaka nærist á fiski, krabbadýrum og einstaka sinnum jurtum. Hún hefur langar klær og getur skotið hálsinum undan mjúkri skelinni leifturhratt og brotið bein með sterkum skoltinum.


MARAÞON MAÐURINN
KÁRI STEINN VEITIR RÁÐGJÖF VIÐ VAL Á NIKE HLAUPABÚNAÐI Í ÚTILÍF KRINGLUNNI, LAUGARDAGINN 1. DESEMBER FRÁ KL. 14-16.
20%
AF ÖLLUM NIKE VÖRUM Í ÖLLUM ÚTILÍFSVERSLUNUM UM HELGINA.
LUNARLON
KÁRI STEINN VELUR NIKE
LUNAR: LUNARLON ER MJÚKUR MIÐSÓLI Í LUNAR SKÓM SEM ER SETTUR INN Í HARÐARI YTRI SÓLA. FRAMKALLAR MJÚKT OG ÖRUGGT NIÐURSTIG. ÞAÐ ER EKKI AÐ ÁSTÆÐULAUSU AÐ KÁRI STEINN HLEYPUR Í NIKE.
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hagga, **6.** spil, **8.** meðal, **9.** viðmót, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** kvað, **17.** bjálki, **18.** skörp brún, **20.** klaki, **21.** pottréttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** létu, **3.** gangþófi, **4.** sumbl, **5.** þróttur, **7.** sáttir, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** ílát, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bifa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** egg, **20.** ís, **21.** ragú.
**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** ker, **19.** gg.




# Lækhóran – listin að höfða til allra

Eineltisseggurinn Egill „Gillzenegger“ Einarsson er þekktur fyrir framlag sitt til klámvæðingar, staðalímynda og botnlausrar kvenfyrirlitningar. „Grín“ hans endurspeglar fasíska lífssýn þar sem þeir sem eru „öðruvísi“ eru álitnir úrhrök. Þeir sem andæfa fá að finna fyrir því. Um það vitnar bloggfærsla þar sem Egill hótaði að láta nauðga fjórum nafngreindum femínistum sem höfðu gagnrýnt hann.

**Í LJÓSI** forsögunnar þurfti því ekki að koma á óvart þegar Egill var kærður fyrir nauðgun í fyrra. Það var í raun aðeins tímaspursmál. Eftir mikið volk í kerfinu var ákveðið að gefa ekki út ákæru í málinu. Það þýðir hins vegar ekki að hann sé saklaus, einungis að ekki þóttu nógu miklar líkur á því að ákæra myndi leiða til sakfellingar. Þetta mál telst því óupplýst.

**OG ENN** finnst Agli hann eiga erindi upp á dekk og fjölmiðlar spila með. Á dögunum var hann í drottningarviðtali hjá vinsælu unglingablaði og hélt þar áfram að drulla yfir femínista og aðra sem hafa vogað sér að gagnrýna hann, enda ganga hugmyndir hans um tjáningarfrelsi aðeins í eina átt. Egill er óforbetranlegur mannhatari og ekki bara slæm fyrirmynd fyrir óharðnaða unglinga heldur beinlínis hættuleg.

**ÞAÐ** er ekki lengur hægt að líða að svona öfl skáki í skjóli tjáningarfrelsisins og misnoti það til að breiða út mannfyrirlitningu sína. Það er löngu orðið tímabært að spyrna fæti við þessari hrollvekjandi helstefnu.

Skemmtikrafturinn Egill Einarsson hefur undanfarið ár verið fórnarlamb einhverra svívirðilegustu ofsókna sem átt hafa sér stað hér á landi. Femínistar, eða ætti maður kannski að segja femínasistar, hafa fellt grímuna og heimta blóð. Ekki fer á milli mála að þar leikur sært stolt lykilhlutverk. Í gervi alteregósins Gillzenegger hefur Egill á liðnum misserum dregið þessa öfgasellu sundur og saman í póstmódernísku háði í anda Hugleiks Dagssonar.

**EGILL** hefur vissulega misstigið sig í gegnum tíðina, til dæmis í gamalli bloggfærslu þar sem gálgahúmorinn fór yfir strikið. Það er til marks um heiftina að þrátt fyrir að hafa fjarlægt umrædda færslu og beðist ítrekað afsökunar nota femínistar hvert tækifæri til að rifja hana upp og núa honum henni um nasir.

**Í LJÓSI** þessa þurfa viðbrögðin við því þegar stúlka kærði Egil fyrir nauðgun ekki að koma á óvart. Heykvíslalýðurinn hafði þar fengið staðfestingu fyrir sannfæringu sinni. Skiptir þá engu máli að þrátt fyrir að hafa rannsakað málið í drep sá saksóknari ekki fót fyrir ákæru. Femínistar linna ekki látum fyrr en maðurinn hefur verið svo gott sem hrakinn úr mannlegu samfélagi.

**ÞAÐ** er ekki lengur hægt að líða að svona öfl skáki í skjóli réttlætiskenndar sinnar og grafi undan tjáningarfrelsinu. Það er löngu orðið tímabært að spyrna fæti við þessari hrollvekjandi helstefnu.



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tilboðin gilda **29.** nóv - **2.** des.




*Jólabókin leynist í nettó*

**REYKJAVÍKURNÆTUR**

**3.999 KR**




ERAGON
ARFLEIFÐIN
**3.662 KR**




FIMMTÍU DEKKRI SKUGGAR
KILJA
**1.998 KR**




BÍLAR
Í MÁLI OG MYNDUM
**5.962 KR**




HÚSIÐ
**4.370 KR**




ÍSLAND
Í ALDANA RÁS
**11.193 KR**



ÍSLENSKIR KÓNGAR
**4.498 KR**




KANTATA
**3.856 KR**




HREINT ÚT SAGT
**3.807 KR**




UPPHAFIÐ
**9.696 KR**

**nettó** *bækur*
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Jólasmjörið er komið
267 KR.
JÓLASMJÖR 500 GR 267 KR. STK
JÓLAKERTIN KOMIN
RAUÐ OG HVÍT 12 X 6 SM
259 KR. STK
Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf
Nú er hægt að fá gjafakortið okkar í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar.
GREIÐSLUMÖGULEIKAR
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofuna
Skrifstofa Bónus:
Opin alla virka daga
frá kl. 9-16 Skútuvogi 13 sími 527-9000
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
HANGIFRAMP. ÚRB.
1798 KR.KG
HANGILÆRI ÚRB.
2679 KR.KG
FRÁ KJARNAFÆÐI:
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT
8 METRA RULLA
298 KR.RL
JÓLAPAPPÍR
298 KR.
KOOP LIMBAND 5 RÚLLUR
jordbær
459 KR.
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG POKI
DÖÐLUR
498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR NÝ UPPSKERA
Konfekt
1598 KR
NÓI SÍRÍUS
KONFEKT 650 GR
ALLIR BESTU MOLARNIR
Konfekt
998 KR.
BÓNUS KONFEKT 700 GR
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI
298 KR.
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI 200 GR.
SUÐUSÚKKULAÐI
Góð kaup
279 KR.
GÓÐ KAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR
KS
898 KR. KG
FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA: FROSINN LAMBABÓGUR
BÓNUS
HAMBORGARHRYGGUR
1279 KR. KG
BÓNUS: NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KURL
179 KR.
APPALÓ LAKKRÍSKURL 150 GR
KS
1198 KR. KG
FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA: FROSIÐ LAMBALÆRI
KJARNAFÆÐI
698 KR.KG.
FRÁ KJARNAFÆÐI: REYKTUR GRÍSABÓGUR
Coca-Cola
SS
1899 KR. KG
FRÁ SLÁTURFÉLAGINU: LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1298 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
VÍKING HÁTÍÐARBLANDA
MALT & APPELSÍN 500 ML
4 dósir af Víking Hátíðarblöndu fylgja með kippu af Coke 6 x 1,5 ltr.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG 1.DES
Í ÖLLUM VERSLUNUM
10:00 - 19:00
98 KR. 500 ML
2198 KR. KG
ÞÝSK FROSIN KALKÚNABRINGA
NÝBAKAÐ
BAGUETTE
129 kr.stk
GÓÐUR TILBÚINN MATUR
FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA
1098 KR. BAKKINN
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA
459 KR.
LÍFRÆNT KAKÓ
200gr Tilvalið í
allan bakstur
Eftirréttir Sollu
KR. 3398
HRÁEFNIÐ FÆST Í
VERSLUNUM BÓNUS
FERSKAR BÓNUS
KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR. KG
ROBIN JÓLAKLEMENTÍNUR 2,3 KG KASSI
759 KR. 2.3 KG
398 KR.
LÍFRÆNT SPELT
HVEITI GRÓFT EÐA
FÍNT 1000 GR
798 KR.
LÍFRÆN KALDPRESSUÐ
JÓMFRÚAR ÓLÍFUOLÍA
500 ML.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**BRAGA STEINARSSONAR**
**Löngulínu 10, Garðabæ.**

**Ríkey Ríkarðsdóttir**
**Steinarr Bragason** **Kristín Thoroddsen**
**Björk Bragadóttir** **Kolbeinn Arinbjarnarson**
**Eiríkur Bragason** **Guðbjörg Jóna Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

†



Elskulegur sambýlismaður minn, vinur okkar, bróðir og frændi,

**GUNNAR ÞÓRIR HANNESSON**
**frá Hækingsdal í Kjós,**

andaðist á Sjúkrahúsinu á Ísafirði þann 17. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þann 30. nóvember kl. 13.00.

**Guðrún Ásgeirsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn, systkini og frændsystkini hins látna.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HALLDÓRU JÓHÖNNU ÞORVALDSDÓTTUR**
**fv. stöðvarstjóra Pósts og síma Reykholti.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunar- og dvalarheimilisins Brákarhlíðar fyrir einstaka umönnun.

**Þórir Jónsson** **Hulda Olgeirsdóttir**
**Þorvaldur Jónsson** **Ólöf Guðmundsdóttir**
**Eiríkur Jónsson** **Björg Guðrún Bjarnadóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Haraldur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**JÖRGEN BERNDSEN**
**trésmiður, frá Skagaströnd,**

lengst af búsettur í Hlaðbrekku, Kópavogi, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Kópavogi, andaðist aðfaranótt sunnudags 25. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Sigurbjörg Lárusdóttir (Stella)**
**Bára Berndsen**
**Fritz Berndsen** **Indíana Friðriksdóttir**
**Lára Berndsen** **Jón Karl Scheving**
**Bjarki Berndsen**
**Regína Berndsen** **Bragi Þór Jósefsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

†



Þökkum samúð og vinarhug vegna andláts móður okkar,

**AUÐAR SVEINSDÓTTUR LAXNESS.**

**Guðný Halldórsdóttir Sigríður Halldórsdóttir og fjölskyldur.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Í KERSKÁLANUM** „Það er bara þegar maður vinnur í teymi sem maður getur gert góða hluti og langbestur árangur næst þegar konur og karlar, ungt fólk og eldra fólk vinnur saman," segir Janne.

# Eitthvað skemmtilegt á hverri klukkustund

Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, hlaut nýlega Stevie-gullverðlaunin sem forstjóri ársins í hópi kvenna í atvinnurekstri í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku.

„Þetta var mikill heiður – alveg yndislegt," segir Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, glaðlega um þá upplifun að taka við alþjóðlegum gullverðlaunum fyrir störf sín og stjórnun hjá Fjarðaáli, svokölluð Stevie-verðlaun. „Ég tók við forstjórastöðunni 1. janúar í ár en hef unnið sem framkvæmdastjóri fyrir Fjarðaál í sex og hálft ár, fyrst í upplýsingatækni, svo framleiðsluþróun, síðan í kerskála og síðast fyrir alla framleiðsluna."

Hún hlær þegar hún er spurð hvað hún ráði nú yfir mörgum. „Ég held það sé nú frekar spurningin um hversu margir ráða yfir mér! En hér hjá Fjarðaáli eru 500 starfsmenn og þar fyrir utan eru um 300 verktakar hjá okkur dags daglega, það er fólk sem sér um mötuneyti og þrif, verkfræðingar, framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn."

Janne er dönsk að uppruna, nánar tiltekið frá Álaborg og er menntaður stærðfræðingur og tölvuverkfræðingur. Hún kom fyrst til Íslands fyrir 24 árum til að vinna í fiski. „Þá hitti ég hann Magnús Sigurðsson sem ég er gift í dag. Saman eigum við tvö börn, Tennu og Víking, og síðan í síðustu viku líka eitt barnabarn sem er langstærsta fréttin í mínu lífi á þessu ári," segir hún ánægð. Hún kveðst hafa flutt með fjölskyldunni hingað til lands árið 2005 og byrjað á að hjálpa Magnúsi að stofna fyrirtæki, setja upp heimasíðu og sjá um bókhald. Hefði hún trúað því þá að hún yrði í þessari stöðu í dag? „Ónei, ekki aldeilis. Ég vissi ekki einu sinni þá hvernig ál var búið til. Setti ál bara í samband við bílaiðnað og niðursuðudósir."

Skrifborðið hennar Janne er í opnu vinnurými og þannig vill hún hafa það. „Það gæti enginn lokað mig inni í einhverju herbergi. Þá væri ekki jafn gaman að koma til vinnunnar á hverjum degi," segir hún glaðlega. „Það er bara þegar maður vinnur í teymi sem maður getur gert góða hluti og langbestur árangur næst þegar konur og karlar, ungt fólk og eldra fólk vinnur saman. Einu sinni var ég deildarstjóri í fyrirtæki úti í Danmörku og þurfti að hírast inni í pínulítilli skrifstofu. Það er versti tími í vinnu sem ég man eftir. Ég þarf að hafa fólk í kringum mig."

Spurð um lengd vinnudagsins svarar hún. „Auðvitað klára ég ekki alltaf á réttum tíma á daginn, ég verð alveg að vera hreinskilin með það. En ég sé það ekki sem vandamál eða ókost. Það skiptir ekki svo miklu máli fyrir mig hvort ég er í fríi eða að vinna, ég geri eitthvað á hverri einustu klukkustund sem mér finnst skemmtilegt. Þannig hefur það verið alla daga síðan ég byrjaði hér og mér finnst ég mjög heppin."

Eitt af því sem nefnt var í rökstuðningi fyrir gullverðlaununum var að Janne hefði náð miklum árangri í að auka starfsánægju í Fjarðaráli. Hún kannast við að samkvæmt könnunum hafi ánægja starfsmanna þar aukist um 28 prósent á síðustu tveimur árum. „En það er ekkert sem ég geri ein," segir hún ákveðin. „Og þessi verðlaun eru ekki fyrir neitt sem ég hef gert ein, heldur við öll hér í fyrirtækinu. Það er ekki spurning."

**gun@frettabladid.is**

## Jafnréttisstefnan

Í jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls er stefnt að því að helmingur starfsmanna fyrirtækisins verði konur. Nú eru þær 23% starfsmanna. Janne Sigurðsson forstjóri telur það einsdæmi og segir horft til þess utan úr heimi með aðdáun hversu margar konur eru hjá Fjarðaáli í öllum störfum, hvort sem er í framkvæmdastjórn, framleiðslustörfum, sem iðnaðarmenn eða á skrifstofunni.

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**SIGRÚNAR HALLDÓRSDÓTTUR**
**Vesturströnd 15, Seltjarnarnesi,**

sem andaðist þann 18. nóvember og jarðsett var frá Grensáskirkju þann 26. nóvember.

**Gísli Gíslason**
**Ásta Gísladóttir**
**Halldór Hrafn Gíslason** **Jóhanna Ýr Jónsdóttir**
**Heba Sigríður, Gísli Hrafn og Sigrún Ýr Halldórsbörn**

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**HELGU PÁLSDÓTTUR**
**frá Hnífsdal,**
**Hlíð 2, Ísafirði.**

**Guðrún Skúladóttir**
**Páll Skúlason** **Jóhanna Einarsdóttir**
**Guðfinna Skúladóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Helga Skúladóttir** **Hilmar Sigursteinsson**
**Sólveig Gísladóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

HLAUPIÐ Í SKARÐIÐ EFTIR J.K. ROWLING

# NÝ SKÁLDSAGA EFTIR FRÆGASTA HÖFUND Í HEIMI



Framámaður í smábæ fellur skyndilega frá. Það verður upphafið að miklum átökum – hver á að taka sæti hans í sveitarstjórninni? Hreppapólitík, stéttaátök og ástir í meinum.

**Fyrsta skáldsaga J.K. Rowling** fyrir fullorðna er hlaðin svörtum húmor, vekur lesandann til umhugsunar og kemur stöðugt á óvart.

Þýðendur: Arnar Matthíasson
og Ingunn Snædal

YFIR MILLJÓN EINTÖK SELD!

KEMUR ÚT Á 43 TUNGUMÁLUM




EFTIR HÖFUND HARRY POTTER!

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**SELMA JÓHANNA SAMÚELSDÓTTIR**
**frá Steinstúni,**

lést 29. nóvember á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi. Minningarathöfn verður í Akraneskirkju fimmtudaginn 6. desember klukkan 14. Útförin fer fram frá Árneskirkju í Trékyllisvík laugardaginn 8. desember kl. 14.

**Ágúst Gíslason**
**Gísli Ágústsson** **Jóhanna Kristín Teitsdóttir**
**Samúel Ágústsson** **Anna Berglind Einarsdóttir**
**Guðlaugur Agnar Ágústsson** **Ragnheiður Edda Hafsteinsdóttir**
**Ingibjörg Ágústsdóttir** **Már Einarsson**
**Arnar Hallgrímur Ágústsson** **Steinunn Ólöf Benediktsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

Af einlægu hjarta sendum við þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

**GUÐMUNDU SUMARLIÐADÓTTUR**
**Faxabraut 13, Reykjanesbæ,**

sem lést 11. nóvember sl. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi fyrir framúrskarandi þjónustu við móður okkar. Ykkar umhyggja og góðvild verður seint fullþökkuð.

**Jósebína Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Gunnlaugsson** **Kristjana Sigurðardóttir**
**Hafdís Gunnlaugsdóttir** **Róbert Svafarsson**
**Karl Hólm Gunnlaugsson** **Sigurveig Þorsteinsdóttir**
**Sævar Gunnlaugsson** **Selma Kristjánsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR S. PÁLSDÓTTUR**
**lyfjatæknis, Norðurbakka 11a,**
**áður Hverfisgötu 46, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Halldór Sigurðsson**
**Ásgeir Halldórsson** **Anita Anna Jónsdóttir**
**Ragnar Guðlaugsson** **Lára Birgisdóttir**
**Hallfríður Sigurðardóttir** **Robert Petersson**
**Páll Sigurðsson**
**Emil A. Sigurðsson** **Valda Brokane**
**Jófríður A. Halldórsdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Sigurður Halldórsson** **Ester Arnarsdóttir**
**Hilmar Halldórsson** **Kolbrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**PÉTURS AXELSSONAR**
**Túngötu 22, Grenivík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Grenilundi fyrir góða umönnun.

**Erla Friðbjörnsdóttir**
**Anna Pétursdóttir** **Kristinn Skúlason**
**Birgir Pétursson** **Aðalheiður Jóhannsdóttir**
**Sigurbjörg Helga Pétursdóttir** **Jón Bragi Skírnisson**
**Friðbjörn Axel Pétursson**
**Jón Ásgeir Pétursson** **Elín Berglind Skúladóttir**
**Guðrún Hildur Pétursdóttir** **Helgi Teitur Helgason**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞORSTEINN EINARSSON**
**Funalind 7,**

lést á heimili sínu þann 25. nóvember sl. Útförin fer fram mánudaginn 3. desember klukkan 13 frá Digraneskirkju.

**Halldóra Hálfdánardóttir**
**Hálfdán Guðmundsson**
**Siggeir Þorsteinsson**
**Einar Þorsteinsson** **Linda Björk Bragadóttir**
**Elín Ósk Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**





**VERKEFNISSTJÓRINN** „Þetta er allt gert fyrir þá sem vilja eiga stund með Lennon og hugsa til hans,“ segir Sigurður J. Vigfússon í Borgarbókasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allir geta lagt til efni í bók um Lennon

**Í Borgarbókasafninu, aðalsafni við Tryggvagötu, er bók sem gestir geta fært í hugleiðingar sínar, teikningar eða hvað annað sem tengist John Lennon.**

„Viltu senda kveðju inn í framtíðina? Í þessa bók getur þú með eigin orðum á íslensku eða hvaða því tungumáli sem þér best hentar sett inn orð, setningar, ljóð, minningar, hugleiðingar, teikningar eða hvað sem þér dettur í hug sem tengist John Lennon og arfleifð hans. Þegar bókin er fullskrifuð verður hún varðveitt og opnuð 9. október árið 2040 þegar 100 ár verða liðin frá fæðingu Lennons.“

Svohljóðandi er textinn á titilsíðu minningarbókar um John Lennon sem liggur frammi í aðalsafni Borgarbókasafnsins frá deginum í dag til dánardægurs hans, 8. desember – og svo aftur að ári.

„Okkur datt í hug að setja upp svona bók við hlið minningarhylkis sem við fengum til varðveislu til ársins 2040 og liggur hér frammi nú til 8. desember,“ segir Sigurður Jakob Vigfússon, verkefnisstjóri í tón- og mynddeild Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu. Hann segir fjölbreytt úrval bóka og diska með og um Lennon til útláns í deildinni auk þess sem kvikmyndir tengdar honum verði sýndar í Kamesinu í dag og á morgun klukkan 15 og fleiri í næstu viku. „Þetta er allt gert fyrir þá sem vilja eiga stund með Lennon og hugsa til hans.“ gun@frettabladid.is

# Jólamarkaður í Ásgarði

**Árlegur jólamarkaður Ásgarðs í Mosfellsbæ verður haldinn í dag, laugardaginn 1. desember.**

Tréleikföng og aðrir handunnir munir verða á jólamarkaði Ásgarðs 1. desember milli klukkan 12 og 17. Auk handverksins verða ljúffengar veitingar á boðstólum, kaffi, súkkulaði og kökur, gegn vægu gjaldi.

Markaðurinn er haldinn í húsakynnum Ásgarðs að Álafossvegi 14 og 24 í Mosfellsbæ. Góðir gestir sem kunna að syngja og spila koma þangað í heimsókn og skemmta öðrum gestum með nokkrum lögum.



**PALLBÍLL** Enginn er svikinn af svona trukki úr smiðju hagleiksfólksins í Ásgarði.

## MERKISATBURÐIR

**1640** Portúgal endurheimtir sjálfstæði sitt frá Spáni.

**1918 Ísland verður frjálst og fullvalda ríki við gildistöku sambandslagasamnings Íslands og Danmerkur.**

**1930** Togarinn Apríl ferst í óveðri með 18 mönnum.

**1972** Áhugamenn um verndun Bernhöftstorfunnar ganga blysför um miðbæ Reykjavíkur til að vekja athygli á málstað sínum.



**1994** Þjóðarbókhlaðan er opnuð í Reykjavík.

✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,



**INGIBJÖRG ÓLADÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi sunnudaginn 18. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Álfdís Gunnarsdóttir** **Þorsteinn Ingimundarson**
**Gunnar Hjörtur Gunnarsson** **Jónína I. Melsteð**
**Óli Gunnarsson** **Ingibjörg S. Gísladóttir**
**Ingi Þórir Gunnarsson** **Ragnheiður Jósúadóttir**
**Bjarni Einar Gunnarsson** **Valgerður Olga Lárusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru



**INGIBJARGAR JÓHANNSDÓTTUR**
**frá Klauf, Eyjafjarðarsveit.**

Sérstakar þakkir færum við frábæru starfsfólki Einihlíðar á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri fyrir hlýja og kærleiksríka umönnun.

**Geir Guðmundsson** **Heiðbjört Eiríksdóttir**
**Hólmfríður Guðmundsdóttir** **Jón Eggertsson**
**Guðný Ósk Agnarsdóttir**
**Leifur Guðmundsson** **Þórdís Karlsdóttir**
**Anna Sigríður Guðmundsdóttir** **Haukur Geir Guðnason**
**og aðrir afkomendur.**

✝

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,



**ODDNÝJAR LAXDAL JÓNSDÓTTUR**
**Skálagerði 6, Akureyri.**

Sérstaklega þökkum við starfsfólki heimahlynningar Akureyrar.

**Jón Laxdal Halldórsson** **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir**
**Ólafur Halldórsson** **Gígja Gunnarsdóttir**
**Halldór Halldórsson** **Halldóra B. Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,



**GUÐRÚN ÞORGRÍMSDÓTTIR**
**Höfðabrekku 16, Húsavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga miðvikudaginn 28. nóvember.

**Halldór Ingólfsson**
**Þuríður Halldórsdóttir** **Ólafur E. Benediktsson**
**Ingunn Halldórsdóttir** **Einar Halldór Einarsson**
**Halldór Elís Ólafsson**
**Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir**

# Heimsfræg hönnun á **hagstæðu** verði

**Lengri opnunartími um helgina**
**Laugardagur: 11-16**
**Sunnudagur: 13-17**

DSW stóll
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 49.900,- kr
Verð áður: 64.900,- kr



DSR stóll
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 36.900,- kr
Verð áður: 44.900,- kr



UTEN SILO II
Hönnun: Dorothee Becker, 1969
Jólatilboð: 29.900,- kr
Verð áður: 39.900,- kr



RAR stóll
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 64.900,- kr
Verð áður: 84.900,- kr



DAR stóll
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950
Jólatilboð: 44.900,- kr
Verð áður: 59.900,- kr



Corniches
Hönnun: Ronan and Erwan Bouroullec, 2012
Lítil Verð: 9.900,- kr
Mið Verð: 12.900,- kr
Stór Verð: 14.900,- kr



Wooden Dolls
Hönnun: Alexander Girard, 1963-
Jólatilboð: 14.900,- kr
Verð áður: 16.900,- kr



vitra.

Frábæru jólatilboðin á **VITRA** vörunum gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

**VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 6 MÁNAÐA**

Hang it all
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1953
Jólatilboð: 29.900,- kr
Verð áður: 44.900,- kr



Penninn
Gæði á góðu verði

Ball clock
Hönnun: George Nelson, 1948-60
Jólatilboð: 34.900,- kr
Verð áður: 44.900,- kr



Sunbust
Hönnun: George Nelson, 1948-60
Jólatilboð: 39.900,- kr
Verð áður: 49.900,- kr



Penninn Húsgögn | Grensásvegi 11 – Gengið inn frá Skeifunni | sími 540 2330 | www.penninn.is | husgogn@penninn.is

**New York**
Jennifer Egan býr ásamt fjölskyldu sinni í New York en hún er alin upp í San Francisco. Hún situr við skriftir þessa dagana og er með tvö verk í smíðum. „Mig langar að skrifa sögulega skáldsögu sem gerist í New York á 4. og 5. áratugnum og er nú að lesa mér til um það tímabil. Einnig langar mig að skrifa aðra bók sem tengist söguhetjunum í Nútíminn er trunta en hún á hvorki að fjalla um tónlist né tíma. Ég held að það gæti orðið spennandi.“

**Áhrifavaldar**

Egan segir erfitt að benda á áhrifavalda á verk sín. „Ég held að aðrir sjái það betur en ég. En ég á mér auðvitað eftirlætishöfunda sem hafa haft þau áhrif á mig að mig langaði til þess að gerast rithöfundur. Shakespeare til dæmis og Proust. Síðan ligg ég núna í bókum eftir Edith Wharton, House of Mirth er til dæmis frábær. Wharton tekst að skrifa um New York á máta sem er nútímalegur enn í dag.“

**Frægi kærastinn**
Egan og Steve Jobs voru par á níunda áratugnum og hann setti upp fyrstu tölvuna sem hún eignaðist, Macintosh. „Við héldum sambandi alla tíð og mér þótti mjög vænt um hann. Ég hef reynt að aðskilja mínar minningar af honum frá þeim sem eru orðnar almannaeign. Það er mjög skrítið að hafa átt í persónulegu sambandi við einhvern sem kynslóðir álíta sig hafa verið í persónulegu sambandi við. Þegar ég horfi á alla í kringum mig sem eiga iPhone þá finnst mér þetta allt svo furðulegt, áhrif hans voru svo mikil.“


**Tvær hliðar**

Bókin A Visit from the Goon Squad tekur heiti sitt úr lagi David Bowie, „Fashion“, en í því er hendingin „We are the Goon Squad and we're coming to town.“ Goon Squad þýðir bókstaflega sveit ofbeldisseggja en auk lagavísunarinnar er titillinn vísun í áhrifamátt tímans. Á íslensku heitir bókin Nútíminn er trunta sem er heiti lags Þursaflokksins. Bókinni er skipt í tvo hluta A og B eins og plata hefur A-hlið og B-hlið. Hlutar hennar eru þrettán og var markmið Egan að hver þeirra segði sjálfstæða sögu en saman mynduðu hlutarnir heild.

# Saga sem fjallar um tíma og tónlist

**Skáldsaga bandaríska rithöfundarins Jennifer Egan, A Visit from the Goon Squad, hefur sópað til sín verðlaunum, en hún hlaut meðal annars hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2011. Konseptplötur eru fyrirmynd bókarinnar sem kom nýverið út í íslenskri þýðingu.**


**JENNIFER EGAN** Segir velgengni bókarinnar Nútíminn er trunta hafa komið sér ánægjulega á óvart.

Jennifer Egan hefur sent frá sér nokkrar skáldsögur og smásögur sem vakið hafa athygli en það er hennar nýjasta skáldsaga A Visit from the Goon Squad, sem nefnist Nútíminn er trunta í íslenskri þýðingu Arnars Matthíassonar, sem hefur fært henni frægð utan heimalandsins Bandaríkjanna. Hún hlaut Pulitzer-verðlaun fyrir hana árið 2011 en sagan hefur verið þýdd víða og fengið góða dóma. Nútíminn er trunta er safn þrettán sagna sem segja frá fólki sem allt tengist tónlistariðnaðinum á einhvern hátt. Egan segir það hafa verið gamlan draum hjá sér að skrifa um tónlistarbransann.

**Rannsakaði tónlistariðnaðinn**
„Ég var heilluð af þessum geira en vissi samt ekkert um hann. Lengi var ég á höttunum eftir því að fá úthlutað því verkefni hjá New York Times að skrifa um eitthvað sem tengdist tónlist, en ég hef stundum skrifað greinar fyrir blaðið. En það gerðist ekki, kannski út af því að ég kom ekki með neinar góðar tillögur sjálf,“ segir Egan og hlær. „Þannig að það hlaut bara að koma að því að ég skrifaði skáldverk sem tengdist tónlist. En ég byrjaði ekki á þessu verki með það í huga að það kæmi út í bók. Ég vinn þannig að ég skipulegg ekkert fyrir fram og veit ekki endilega hvað ég er að gera þegar ég byrja að skrifa. Þannig var með þessa bók, ég byrjaði á einni sögu og hélt ég væri að skrifa til að skemmta sjálfri mér. Síðar komst ég að þeirri niðurstöðu að skrifa meira og halda áfram að spinna þræði um persónurnar.“

Til þess að umhverfi söguhetjanna yrði sannfærandi lagðist Egan í miklar rannsóknir á tónlistariðnaðinum. „Ég komst að því að stafræna byltingin, öll tölvuvæðing tónlistargeirans, hafði miklu víðtækari og dýpri áhrif en ég í rauninni hafði gert mér grein fyrir. Og áhrifin eru ekki jákvæð eins og vonast var eftir í árdaga netsins þegar menn gerðu sér svo háleitar hugmyndir um að það myndi auðvelda óþekktum flytjendum að koma sér á framfæri og lifa af tónlist. Það sem gerst hefur hins vegar er að ólöglegt niðurhal á tónlist hefur gert það erfiðara fyrir tónlistarmenn, þess vegna fara tónlistarmenn í svona margar tónleikaferðir,“ segir Egan sem tengir söguhetjur sagna sinna við tónlistariðnaðinn með margvíslegum hætti. Og hún notar hann til að endurspegla áhrif tímans, sem segja má að sé hitt umfjöllunarefni bókarinnar. „Tími skiptir máli í öllum bókum, en þær fjalla ekki allar um tímann. Þessi gerir það. Hún er að mörgu leyti viðbrögð við meistaraverki Proust, Í leit að glötuðum tíma. Mig langaði til að fjalla um tíma og breytingar eins og hann gerir en færa umfjöllunarefnið yfir á nútímann.“

**Hver saga með sinn stíl**
Sögurnar eru svo tengdar saman á hugvitssamlegan hátt þannig að þrátt fyrir fjölmargar persónur og tímaflakk verður lokaútgáfan að heilsteyptu verki. „Fyrirmyndin að byggingu verksins eru konseptplötur eins og við þekkjum frá áttunda áratugnum, þar sem plata segir sögu og myndar heild, þó lögin á henni séu ólík. Þess vegna reyndi ég að skrifa hvern hluta verksins í stíl, sem líktist á engan hátt þeirri sem kom á undan. Þannig á bókin alls ekki að vera eins og smásagnasöfn þar sem sögurnar tengjast bæði í efni og stíl. Ég reyndi að gera þær eins ólíkar og hægt er,“ segir Egan sem meðal annars skrifar einn hlutann eins og Power Point-glærusýningu og annan eins og tímaritsgrein.

Egan segir gaman að bókin hafi hlotið svona mikla útbreiðslu eins og raunin er. „Það er alveg frábært og kom mér á óvart. Ég er mjög þakklát og lít svo á að ég sé mjög heppin að hafa fengið að upplifa þessa velgengni,“ segir Egan.

sigridur@frettabladid.is


**Vinafélag Íslensku óperunnar**



Vinafélag Íslensku óperunnar stendur fyrir

## ÓPERUFERÐ TIL NEW YORK
## 20.–25. FEBRÚAR 2013

**í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Verdis og Wagners**

Farið verður á eftirfarandi sýningar í Metropolitan-óperunni:

***Parsifal* eftir Richard Wagner.** Stjórnandi er Daniele Gatti og í aðalhlutverkum eru Jonas Kaufmann, Katarina Dalayman, Peter Mattei, Evgeny Nikitin og René Pape.

***Don Carlo* eftir Giuseppe Verdi.** Stjórnandi er Lorin Maazel og í aðalhlutverkum eru Ramón Vargas, Barbara Frittoli, Anna Smirnova, Dmitri Hvorostovsky, Ferruccio Furlanetto og Eric Halfvarson.

***Carmen* eftir Georges Bizet.** Stjórnandi er Michele Mariotti og í aðalhlutverkum eru Anita Rachvelishvili, Nikolai Schukoff, Ekaterina Scherbachenko og Teddy Tahu Rhodes.

Enn fremur verður boðið upp á aðra menningartengda viðburði.

Fararstjórar eru Tómas H. Heiðar, formaður Vinafélags Íslensku óperunnar og Edda Jónasdóttir, leiðsögumaður.

Edda Jónasdóttir veitir nánari upplýsingar og annast skráningu. Vinsamlegast sendið tölvupóst á edda@eric.is eða hringið í síma 848 3890.



**KVÖLDLOKKUR** Blásarakvintett Reykjavíkur í Fríkirkju Reykjavíkur.

# Lokkandi blásara-serenöður

**Árvissir tónleikar Blásarakvintetts Reykjavíkur.**

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar halda sína árlegu tónleika undir heitinu „Kvöldlokkur á jólaföstu“ í Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 4. desember klukkan 20.

Að venju er boðið upp á klassískar blásaraserenöður, fagrar og lokkandi, eins og heiti tónleikanna gefur til kynna.

Það eru tónskáldin Mozart, Beethoven og Gounod sem leggja til kvöldlokkur að þessu sinni. Í lokin leika þeir félagar hina fögru móttettu Mozarts „Ave verum corpus“.



JÓLADAGATAL
NORRÆNA HÚSSINS
2012
1.-23. DESEMBER
ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM KLUKKAN 12:34
SPOTTARNIR GERÐUR KRISTNÝ TARMO ROUHIAINEN MIKAEL LIND BLÁGRESI OG
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON LÁRA RÚNARS BJARTMAR GUNNLAUGSSON JÓGA OG EPLA-
SKÍFUR MYRRA RÓS ROBERT THE ROOMATE GUÐRÚN EVA MINERVUDÓTTIR
PODIUM MOSES HIGHTOWER ÚLFUR HANSSON STEINDÓR ANDERSEN & HILMAR ÖRN
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR LÚSÍUKÓRINN RÖKKURRÓ EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR
SHOPLIFTER HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL HUGINN ÞÓR ARASON
NORRÆNA HÚSIÐ ★ WWW.NORRAENAHUSID.IS ★ STURLUGATA 5, 101 REYKJAVÍK

# „Harry Hole er kelling!“

BÆKUR ★★★☆☆

**Húsið**
Stefán Máni
**JPV-ÚTGÁFA**




Hörður Grímsson, lögreglumaðurinn í forgrunni nýjustu sagna Stefáns Mána, er einn magnaðasti lögreglumaður í íslenskum krimmaheimi. Tröll vexti, rauðhærður, síðhærður, með sægræn augu, klæddur síðum leðurfrakka er hann eins og stokkinn þráðbeint út úr teiknimyndasögu um ofurhetju. Og þegar ofan á bætist að hann er skyggn er myndin fullkomnuð. Hann á inni fyrir frasanum sem hann hreytir í yfirmann sinn sem kallar hann Harry Hole (eftir söguhetju Jo Nesbø): „Harry Hole er kelling!“

Hörður á þó ekki sjö dagana sæla í nýjustu bókinni, Húsinu. Glímir við morðmál sem ekki virðist vera morð, á í vandræðum með drykkjuna, konuna og yfirmanninn og er í ofanálag að kafna úr flensu. En lætur það að sjálfsögðu ekki buga sig og leysir málið á óvæntan hátt.

Glæpamálið í sögunni er stórt og flókið og teygir anga sína aftur í aldir. Krimminn Theódór er alveg jafn flókin og vel skrifuð persóna og Hörður, vondur í gegn en á sér málsbætur sem gera það að verkum að lesandinn finnur til með honum, þrátt fyrir alla illskuna, skilur hann að vissu leyti og finnst næstum að ofbeldi hans sé réttlætanlegt alveg fram í síðustu kaflana þegar málin skýrast og hið sanna eðli hans kemur í ljós.

Stefán Máni skrifar eins og í gegnum myndavélarlinsu, öllu er lýst í smáatriðum, andlitum fólks, klæðnaði, umhverfi, litum og lýsingu. Í fyrstu er þetta skemmtilegt og óvenjulegt, en verður heldur mikið af því góða þegar til lengdar lætur. Engu að síður skapar þetta Stefáni Mána sérstöðu meðal íslenskra glæpasagnaritara og gerir væntanlega sögur hans þeim mun betur til kvikmyndunar fallnar.

Bygging sögunnar er geysivel unnin og allir þræðir faglega fléttaðir saman. Lengi vel grunar lesandann ekki einu sinni hvernig í pottinn er búið en skyggni Harðar kemur upp um það aðeins of snemma. Lokakaflinn er algjörlega magnaður, meira að segja fyrir fólk sem trúir ekki á drauga, en endirinn kannski full snubbóttur.

Í heild er Húsið hin ánægjulegasta lesning bæði sem glæpasaga og sálfræðitryllir og vekur lesandann til meiri umhugsunar um eðli og aðstæður glæpamanna en ég minnist að hafa upplifað við lestur íslenskrar glæpasögu fyrr.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fín og vel fléttuð saga, flottur glæpon og enn flottari lögga gera Húsið að einni bestu íslensku glæpasögu þessa árs.

**Læknastofa**
**Snorra Ingimarssonar**
**geðlæknis**
er flutt í

Læknastöðina Sogavegi
Sogavegi 108, 108 Reykjavík
Tímapantanir í síma 516 2000



**ÞÝÐANDINN** „Bókin Hver er ég – og ef svo er hve margir? vakti gríðarlegt umtal þegar hún kom út og það er búið að gefa hana út á yfir þrjátíu tungumálum,“ segir Arthúr Björgvin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Heimspekin sett fram á nútímahátt

Hver er ég – og ef svo er, hve margir? er bók sem Arthúr Björgvin Bollason hefur þýtt úr þýsku. Hún hefur verið metsölubók í Þýskalandi í mörg ár.

„Hver er ég er vinsælasta bók sem hefur komið út í Þýskalandi frá stríðslokum. Hún vakti gríðarlegt umtal þegar hún kom út og það er búið að gefa hana út á yfir þrjátíu tungumálum,“ segir Arthúr Björgvin um bókina sem hann hefur setið við að þýða og komin er út hjá Ormstungu. Höfundur er Richard David Precht, einn af vinsælustu fyrirlesurum Þjóðverja.

Arthúr Björgin segir okkar tungu ekki þá auðveldustu þegar kemur að því að þýða á hana heimspekitexta. „Bæði vantar okkur oft hugtök sem eru landlæg í öðrum Evrópumálum og íslensk heimspeki er líka svo ung þannig að hver þýðing af þessu tagi er nýsköpun. En það er bara spennandi,“ segir hann og bætir við að texti Prechts sé aðgengilegur miðað við heimspekitexta almennt og það sé lykillinn að vinsældum bókarinnar. „Höfundurinn fjallar um sígildar spurningar heimspekinnar; hvað get ég vitað? hvernig ber mér að breyta? og hvað má ég vona? á nútímalegan hátt. Hann mátar kenningar heimspekinnar við gallharðar niðurstöður úr rannsóknum á heilanum og taugalíffræði og gerir það með lifandi og skemmtilegum hætti. Svo tekur hann fyrir ýmsar spurningar sem brenna á fólki í dag, svo sem um líknarmorð, fóstureyðingar og náttúruvernd, notar þar heimspekikenningar sínar til að rýna í þær en áttar sig á að leiðin að markinu er mikilvægust í þessum málum og lætur lesandanum eftir að draga lokaniðurstöðurnar. Precht er nefnilega mannhyggjumaður, frjálslyndur og opinn hugsuður. Hann er með fastan þátt í sjónvarpinu einu sinni í mánuði. Þar hefur hann meðal annars tekið stjórnmálamenn á beinið.“

> **Bæði vantar okkur oft hugtök sem eru landlæg í öðrum Evrópumálum og íslensk heimspeki er líka svo ung þannig að hver þýðing af þessu tagi er nýsköpun.**

**gun@frettabladid.is**




**LEONARDO STARFSMENNTUN**
STYRKIR TIL STARFSMENNTUNAR Í EVRÓPU

**NÁMSKEIÐ Í GERÐ LEONARDO UMSÓKNA UM YFIRFÆRSLU-, MANNASKIPTA- OG SAMSTARFSVERKEFNI**

FIMMTUDAGINN 6. DESEMBER 2012 Í NÁMU, SAL ENDURMENNTUNAR HÍ, DUNHAGA 7
**KL. 10:00 - 12:00 YFIRFÆRSLUVERKEFNI**
**KL. 13:00 - 15:00 MANNASKIPTA- OG SAMSTARFSVERKEFNI**

Næstu umsóknarfrestir Leonardo verkefna eru:

| | |
|---|---|
| Yfirfærsluverkefni | 31. janúar 2013 |
| Mannaskiptaverkefni | 1. febrúar 2013 |
| Samstarfsverkefni | 21. febrúar 2013 |

Dæmi um verkefni:

- að senda nemanda, leiðbeinanda eða starfsmann erlendis í starfsþjálfun eða endurmenntun
- að nemendur í starfsnámi taki hluta starfsþjálfunar í öðru Evrópulandi
- samstarfsverkefni við aðrar evrópskar stofnanir um þróun í starfsmenntun
- samstarf um þróun nýrra kennsluhátta eða aðferða við mat í starfsmenntun

**Námskeiðið er án endurgjalds og öllum opið. Skráning fer fram í síma 525 4900 eða með tölvupósti á lme@hi.is**

Hægt er að óska eftir aðgengi að námskeiðinu í gegnum fjarfundabúnað símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um áætlunina og forgangsatriði næsta umsóknarfrests er að finna á www.leonardo.is og heimasíðu Menntaáætlunar ESB **www.lme.is**

Rannsóknaþjónusta HÁSKÓLA ÍSLANDS
LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB
www.lme.is
Leonardo: Dunhaga 5
107 Reykjavík | Sími: 525 4900
Menntaáætlun Evrópusambandsins

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

**UMDEILDIR PISTLAR**

vísir - oft á dag


# Tilnefndir til Norðurlandaverðlauna

Konan við 1000° og Valeyrarvalsinn tilnefndar til verðlauna Norðurlandaráðs.

Hallgrímur Helgason og Guðmundur Andri Thorsson eru báðir tilnefndir til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir hönd Íslands. Tilnefningarnar voru tilkynntar í Gunnarshúsi í gær.

Hallgrímur er tilnefndur fyrir bókina Konan við 1000° – Herbjörg María Björnsson segir frá en Guðmundur Andri er tilnefndur fyrir bókina Valeyrarvalsinn. Báðar komu þær út fyrir jól í fyrra.

Aðrir höfundar sem hlutu tilnefningu voru Josefine Klougart og Kim Leine fyrir Danmörku, Rosa Liksom og Ulla-Lena Lundberg fyrir Finnland; Nils-Øivind Haagensen og Ole Robert Sunde fyrir Noreg; Lars Norén og Johannes Anyuru fyrir Svíþjóð; Jóanes Nielsen fyrir Færeyjar; Mariane Petersen fyrir Grænland; Sollaug Sárgon fyrir samíska málsvæðið; og Ulla-Lena Lundberg fyrir Álandseyjar.

Dómnefnd bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs velur verðlaunahafann og hann verður tilkynntur á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í lok október á næsta ári. Verðlaunin nema 350.000 dönskum krónum eða um sjö milljónum íslenskra króna.



**SKÁL** Hallgrímur og Guðmundur Andri fagna tilnefningunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM

# FORSAGA LÍFSINS






*Heillandi yfirlit yfir milljóna ára sögu lífsins á jörðinni*

JPV ÚTGÁFA
*www.forlagid.is*

512 bls. í stóru broti






*BÆTTU ÞESSARI Í SAFNIÐ!*

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*







# Frændsystkin gefa út flóðhestasögu

## Kristján Hjálmarsson og Salbjörg Rita Jónsdóttir eru höfundar bókarinnar.

Kristján Hjálmarsson blaðamaður og Salbjörg Rita Jónsdóttir hönnuður sendu nýverið frá sér bókina Flóðhesturinn sem vildi sjá rassinn á sér. Kristján er höfundur sögunnar, sem ætluð er yngri börnum, en Salbjörg gerði myndirnar.

„Kristján skrifaði söguna fyrir börnin sín og hafði svo samband við mig og bað mig um að teikna myndirnar. Þetta var árið 2007 þannig að það er óhætt að segja að við höfum tekið góðan tíma í verkið," segir Salbjörg og hlær.

„Við unnum að bókinni í rólegheitum meðfram annarri vinnu og stefnan var sett á útgáfu. En það var ekki fyrr en frænka okkar, Ólöf María Jóhannsdóttir, gekk til liðs við okkur að bókin varð að veruleika. Hún hjálpaði okkur við framkvæmdina."

Kristján, Salbjörg og Ólöf eru systkinabörn, amma þeirra og afi, Salbjörg Magnúsdóttir og Kristján Andrésson, bjuggu á Vörðustíg 7 í Hafnarfirði í húsi sem enn er í eigu fjölskyldunnar og nokkurs konar ættaróðal. Þannig kviknaði hugmyndin að nafninu á útgáfufélaginu sem frændsystkinin settu á laggirnar til þess að gefa bókina út, Vörðustígsútgáfan.

Salbjörg segir skemmtilegt að standa í útgáfu bókarinnar en töluvert mikla vinnu. „Við stöndum í öllum útréttingum sjálf, dreifum í búðir og þar fram eftir götunum."




**GÁFU ÚT BÓK UM FLÓÐHEST** Salbjörg Rita Jónsdóttir og Kristján Hjálmarsson ásamt syni Salbjargar, Jóhanni Glóa Péturssyni, sem hefur gaman af flóðhestabókinni og les hana gjarnan fyrir yngri bróður sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vér lofum þitt heilaga, heilaga stuð!

BÆKUR ★★★★★

**Stuð vors lands**
Dr. Gunni
SÖGUR ÚTGÁFA

Stuð vors lands ber undirtitilinn Saga dægurtónlistar á Íslandi. Hvorki meira né minna. Það er því ljóst að hátt var reitt til höggs hjá höfundi bókarinnar og útgáfu. Skemmst er að segja frá því að ekkert klámhögg er hér á ferð, heldur hið glæsilegasta yfirlitsrit.

Dr. Gunni hefur á síðustu árum (áratugum?) viðað að sér miklum fróðleik um tónlistarlíf á Íslandi. Um það bera spurningaþættirnir og spilið Popppunktur gott vitni og bókin Eru ekki allir í stuði? Sú bók hafði undirtitilinn Rokk á Íslandi á síðustu öld en í bók þeirri sem hér er til umfjöllunar hefur sjóndeildarhringurinn heldur betur verið útvíkkaður, bæði í tíma og umfjöllunarefni.

Það segir sig sjálft að ein bók, þó mikil sé að vöxtum, rúmar ekki alla sögu dægurtónlistar á Íslandi. Hér gildir því hið sama og í öllum öðrum yfirlitsritum; það þarf að velja og hafna þegar kemur að umfjöllunarefni. Efalaust finnst einhverjum of mikið gert úr sumu og öðrum að umfjöllum skorti um eitthvað annað (skortur á umfjöllun um Syni Raspútíns er til að mynda æpandi að mati gagnrýnanda). Þannig er það einfaldlega alltaf þegar kemur að yfirlitsritum, hvort sem þau fjalla um sagnfræði, myndlist, atburði líðandi stundar eða tónlist.

Dr. Gunni hefur unnið þrekvirki með þessari bók. Hann hefur skrifað læsilegt, skemmtilegt og fræðandi rit um íslenska tónlist, frá 19. öld til okkar daga. Hann reynir ekkert að setja sig í hátíðlegar stellingar, skrifar áfram sinn stíl sem er vel.

Bókin er hin glæsilegasta og fjölmargar ljósmyndir prýða hana. Það er nauðsynlegt í svona bók, færir lesandanum sýn inn í tíðarandann og svo má ekki gleyma því að tónlistarmenn hafa alla tíð lagt nokkuð upp úr útliti. Skiptir þá engu hvort um er að ræða sparifataklædda nikkuleikara eða ofurpródúseraða Sigur Rós. Á stöku stað er aðeins of vel lagt í myndir sem standa ekki alveg undir því að vera blásnar jafn mikið upp og hér er gert. Það er hins vegar smáatriði.



**MÍNUS** Fjöldi mynda prýðir bókina sem gefur lesendum innsýn í tíðarandann.

Sérstaklega verður að minnast á útlit bókarinnar, en öll umgjörð hennar er hin glæsilegasta. Stílhreinni bók í líki 33 snúninga hljómplötu er brugðið inn í kassa og kjölurinn er hreint listaverk sem sýnir kili á hljómplötum og vekur skemmtilegar nostalgíutilfinningar. Gott ef maður sér ekki eftir að hafa gefið plötusafnið sitt. Hér er því vandað sérstaklega vel til allra verka og í raun vekur furðu að kápa bókarinnar skuli ekki vera ofarlega á listum yfir bestu kápur þessara jóla.




Stuð vors lands er fyrst og fremst skemmtileg. Fyrir tónlistarnörda geymir hún gríðarlegan fróðleik dreginn saman á einn stað. Það er hægt að setjast með hana niður og lesa spjaldanna á milli og fá tilfinningu fyrir því hvernig tónlistin varð almannaeign.

Um leið er hún sérstaklega hentug til að grípa niður í hvenær sem færi gefst. Lesa um Roof Tops eða MA-kvartettinn á meðan beðið er eftir því að eggin sjóði, konan máli sig, kallinn klippi nefhárin, eða hvað það nú er sem fólk hinkrar eftir hverju sinni.

Stuð vors lands er hvalreki á fjörur allra unnenda tónlistar og hinna sem finnst gaman að glugga í fallegar bækur. Þá ættu þeir sem hafa haldið upp á einhverja þeirra fjölmörgu tónlistarmanna sem um er fjallað að fjárfesta í bókinni. Sem sagt, allir. **Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**NIÐURSTAÐA:** Vandað og vel unnið yfirlitsrit yfir íslenska tónlist. Sérstaklega skemmtileg bók.




# Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

## Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar og Smáralindar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Smáralind, sendendum að kostnaðarlausu.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar og Smáralindar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

PÓSTURINN

# 4 dagar, 7 liðsmenn, X leikir

BÆKUR ★★★☆☆

**Aukaspyrna á Akureyri**
Gunnar Helgason
**MÁL OG MENNING**



Aukaspyrna á Akureyri er önnur bók Gunnars Helgasonar um Nonna og vini hans í Þrótti, en 2011 var sagt frá ævintýrum þeirra í bókinni Víti í Vestmannaeyjum. Nú er hins vegar komið að N1-mótinu, fjögurra daga óopinberu Íslandsmóti fimmta flokks drengja í fótbolta.

Ég vildi byrja þennan dóm á því að segja að ég hef ekki hundsvit á fótbolta... svo lítið hundsvit að ég reiddi mig á fallegar útskýringarteikningar Ránar Flygenring sem fylgja bókinni til að telja hve margir liðsmenn væru á vellinum í einu. Aukaspyrna á Akureyri er bók fyrir fótboltastráka og -stelpur. Hún gerist á einni helgi þegar mörg hundruð börn mætast á íþróttavöllum norðan heiða og keppa til sigurs í fótbolta.

Gunnar lýsir þessum leikjum í miklum smáatriðum. Bókin er að mestu leyti langar frásagnir af hinum og þessum leikbrellum, skotum, trikkum, aukaspyrnum og mörkum. Gunnar á þakkir skilið fyrir það að svo fótboltafávís lesandi eins og ég missti aldrei þráðinn í þessum frásögnum. Ég get vel ímyndað mér að fyrir börn sem hafa brennandi áhuga á fótbolta sé þetta jólabókin í ár.

Og þessi bók er ekki bara fyrir fótboltastráka. Fótboltastelpur finna einnig fínar fyrirmyndir í sögunni. Eirún, systir Nonna, spilar fótboltaleiki í bókinni og er jafnvel á leiðinni til útlanda í atvinnumennskuna. Og Rósa hleypur í skarðið þegar einn liðsmanna fimmta flokks Fylkis heltist úr lest.

Fyrir okkur hin standa atriðin sem gerast á milli leikja upp úr í sögunni. Gunnar tekur á alvarlegum málefnum í bókinni. Ívar, besti vinur Nonna, er ákveðin þungamiðja sögunnar, en hann býr hjá afa sínum og ömmu eftir að faðir hans var sviptur forræði fyrir ofbeldi. Pabbi hans mætir á mótið og segist hafa bætt ráð sitt, og Gunnar lýsir því tilfinningaróti sem fylgir. Einnig beinir Gunnar sjónum sínum að heilbrigðum samskiptum einstaklinga, að þrátt fyrir að við séum andstæðingar á vellinum eigum við að vera vinir utan hans. Ég vildi óska að Gunnar hefði gefið þessum hluta bókarinnar meira vægi í sögunni. Meiri spenna felst í samskiptum Nonna við fjölskyldu og vini en í leiktilþrifum á vellinum.

En vá, hvað þessi síðasta málsgrein hljómar leiðinlega, svona þegar ég les hana með augum sögumannsins Nonna. Nú segi ég bara alveg eins og hann, sjúkkit! Þessi saga segir frá frábærum fótbolta! Besta liði á Íslandi! Þrótti!

**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Sagt er frá fótboltamóti í miklum smáatriðum, og samskipti sögupersóna utan vallarins eru síður en svo átakaminni. Ágætlega skrifuð, fallega myndskreytt og vandlega útskýrð fyrir þá sem lítið vit hafa á boltanum. Bók fyrir börn sem hafa brennandi áhuga á fótbolta, en fyrir hina getur áherslan á það sem gerist inni á vellinum orðið þreytandi til lengdar.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 1. DESEMBER 2012**

### Fundir

**11.00** Laugardagsfundur Heilaheilla er haldinn að Síðumúla 6, 108 Reykjavík. Aðgangur er ókeypis fyrir alla á meðan húsrúm leyfir.

### Sýningar

**10.00** Sýning hjónana Helgu og Viðars, YÖNTRUR, opnar í veitingahúsinu Energia í Smáralind.

**13.00** Myndlistarsýning með verkum eftir mæðgurnar Björk Jóhannsdóttur og Jóhönnu Stefánsdóttur opnar í Safnhúsi Borgarfjarðar.

### Hátíðir

**14.45** Aðventuævintýrið á Akureyri hefst með tendrun ljósanna á jólatrénu á Ráðhústorginu. Fjöldi annarra viðburða verður í gangi í bænum í dag. Nánari dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni visitakureyri.is

### Opið Hús

**11.00** Ókeypis aðgangur verður í Þjóðminjasafnið í tilefni þess að jólasýningin Sérkenni sveinanna opnar á Torgi og sýningin Jólatré og jólasveinar á 3.hæð.

**12.00** Ókeypis aðgangur er að Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi 1. Tilefnið er að Dag Wernø Holter, sendiherra Noregs á Íslandi, kveikir á jólatrénu á Garðatorgi.

### Kvikmyndir

**15.00** Myndin Lennon Legend: the very best of John Lennon verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15 á 5.hæð.

### Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**16.00** Kveikt verður á jólatréinu í Garðatorgi í miðbæjargarði Garðabæjar. Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur fyrir gesti, skólabörn úr Barnaskóla Hjallastefnunnar taka nokkur lög og ýmislegt fleira er á dagskrá.

### Dagskrá

**14.00** Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opið. Nánari upplýsingar má finna á hafnarfjordur.is

### Leikrit

**20.00** Lokasýning á Nashyrningunum eftir Ionesco í uppsetningu Stúdentaleikhússins verður í Norðurpólnum, Sefgörðum 3. Leikstjóri er Árni Kristjánsson. Almennt miðaverð er kr. 2.000 en nemar greiða kr. 1.500.

### Dans

**14.00** Fjölmenningarlegur dansviðburður verður haldinn í Viðey. Dagskráin er byggð á hinu magnaða ljósverki Yoko Ono, Friðarsúlunni. Ferjutollur og þátttökugjald er kr. 1.000 fyrir fullorðna og kr. 500 fyrir börn.

### Tónlist

**16.00** Kvennakór Reykjavíkur heldur sína árlegu aðventutónleika í Fella- og Hólakirkju. Tónleikarnir eru tileinkaðir Ingibjörgu Þorbergs og bera yfirskriftina Nýstárlegur jólaköttur með bjartsýni og brosi. Sigríður Thorlacius syngur einsöng með kórnum. Miðaverð er kr. 3.000.

**17.00** Aðventutónleikar Söngfjelagsins í Langholtskirkju fara fram í kirkjunni. Einsöngvarar eru Björg Þórhallsdóttir sópra, og Einar Clausen tenór.

**22.00** Afmælistónleikar Halla Reynis verða haldnir á Café Rosenberg.

**23.00** Hljómsveitin Upplyfting leikur fyrir dansi á Cafe Catalina, Hamraborg 11. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Hljómsveitin Ghostigital heldur útgáfutónleika á Faktorý. Auk þeirra koma fram Oyama, Muck, Captain Fufuanu og Oculus. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Magnús Einarsson og Nágrennis spila á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Bækur

**11.00** Fyrsta bókamessa foreldrafélags Alþjóðaskólans á Íslandi verður haldin í Sjálandsskóla, Löngulínu 8. Fjöldi enskra bóka fyrir 5 ára og eldri á hagstæðu verði.



**STÚDENTALEIKHÚSS** Sýnir Nashyrningana eftir Ionesco í síðasta sinn í kvöld.

**16.00** Blásið verður til útgáfuhófs vegna nýútkominnar bókar Arnars Eggerts Thoroddsen. Hófið verður í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi og verður Arnar Eggert í beinni útsendingu frá Edinborg.

### Leiðsögn

**15.00** Þórey Eyþórsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína í anddyri Norræna hússins. Þar sýnir Þórey vefnað og textílverk undir yfirskriftinni Úr einu í annað. Síðari leiðsögn verður klukkan 16.

### Listamannaspjall

**14.00** Anna Gunnlaugsdóttir tekur á móti gestum og spjallar við þá um verk sín í Listasal Mosfellsbæjar.

### Markaðir

**11.00** Jólamarkaður Klúbbsins Geysis verður haldinn í klúbbnum.

**11.00** Aðventubasar Kattavinafélags Íslands verður haldinn í Kattholti. Ýmsar vörur til sölu auk þess sem Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur les úr bók sinni, Kattasamsærið, klukkan 14.

**14.00** Árlegur basar KFUK verður haldinn í húsi KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28. Alls konar varningur og góðgæti á boðstólum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## DÓMAR 24.11.2012 → 30.11.2012

### TÓNEIKAR

★★★★★
**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Star Wars**
Stórskemmtileg kvöldstund og Sinfó í banastuði. John Williams væri stoltur. **- hva**

★★★★☆
**Caput-hópurinn**
**Verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson**
Spennandi þverskurður á tónsmíðum Þorkels Sigurbjörnssonar. Sum verkin voru frábær. **- js**

★★☆☆☆
**Grasasnar**
**Til í tuskið**
Ágætis kántrípopp frá nýrri hljómsveit stórútgefandans fyrrverandi, Steinars Berg. **- tj**

### BÆKUR

★★★★☆
**Boxarinn**
**Úlfar Þormóðsson**
Glæsileg úrvinnsla á vandmeðförnu efni. **- jyj**



★★★★☆
**Undantekningin**
**Auður Ava Ólafsdóttir**
Fallega skrifuð, áhugaverð og skemmtileg bók sem fyllsta ástæða er til að mæla með. **– þhs**

★★★★☆
**Myndin í speglinum**
**Ragnheiður Gestsdóttir**
Stórskemmtileg samtímasaga og fallega skrifuð um grafalvarlegt málefni. Ætluð börnum 11 ára og eldri en á erindi við okkur öll. **- bhó**

★★★★☆
**ð ævisaga**
**Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit.**
Ævisaga bókstafs sem lifað hefur tímana tvenna. Bókin er skemmtileg á köflum, falleg og fróðleg, en herslumuninn vantar til að hugmyndin gangi fullkomlega upp. **- þb**



★★★☆☆
**Fyrir Lísu**
**Steinunn Sigurðardóttir**
Fallega stílað framhald meistaraverksins Jójós. Brilljant á köflum en líður fyrir samanburðinn og nær ekki fram sömu ógnaráhrifum. **–fb**

### DANS

★★★☆☆
**Á nýju sviði**
**Íslenski dansflokkurinn**
Ágæt sýning en ekki án hnökra, þar sem umgjörðin spillti helst fyrir. **- sgs**

### BÍÓ

★★★☆☆
**Safety Not Guaranteed**
Skemmtileg þrátt fyrir vægan einbeitingarskort. **- hva**

### MYNDLIST

★★★☆☆
**Hugleikir og fingraflakk**
**Stiklur úr starfsævi Ragnheiðar Jónsdóttur**
Sýning á verkum hæfileikaríkrar listakonu, með tvískiptan feril. Verkin standa flest vel fyrir sínu, en sýningin bætir engu nýju við. **- þb**


Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:
10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

prýðum & plöntum
Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfljótsvatni fyrir hvert Sígrænt jólatré sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með Sígrænu jólatré og stuðlar að skógrækt um leið!

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir



Kyrrðardagar í Hveragerði

Kyrrðardagar eru fyrir þá sem vilja sinna andlegri og líkamlegri heilsu og fá skjól til að rækta sinn innri mann.



Kyrrðardagar verða haldnir 15.–22. desember á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Á dagskrá er meðal annars: Samverustund – Hugleiðing – Bæn og íhugun í þögn – Yoga – Qigong – Hlustunarhópar – Messa – Leikfimi – Slökunartímar – Útivist og fræðslufundir. Innifalið er ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.

Haraldur Erlendsson yfirlæknir og Pétur Pétursson guðfræðiprófessor auk sérhæfðra leiðbeinenda og ráðgjafa á hinum ýmsu sviðum sjá um Kyrrðardaga. Verð frá 9.900 kr. pr. dag.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI
Berum ábyrgð á eigin heilsu

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SUNNUDAGUR 2. DESEMBER 2012**

### Sýningar

**12.00** Listvinafélag Hallgrímskirkju opnar sýningu á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur í forkirkju Hallgrímskirkju. Sýninguna kallar Ragnheiður Slóð.

**13.00** Jólasýning Árbæjarsafns verður opin í safninu. Hægt er að rölta á milli húsanna og fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Auk þess verður ýmis dagskrá í boði. Aðgangseyrir er kr. 1.100 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börn, ellilífeyrirþega og öryrkja.

### Hátíðir

**20.00** Árleg aðventuhátíð Breiðholtssafnaðar verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd. Fjölbreytt dagskrá í boði.

### Umræður

**15.00** Myndlistar- og kvikmyndagerðarmaðurinn Þór Elís Pálsson og Ólafur Gíslason listheimspekingur taka þátt í opnum samræðum um heimspekina í verkum mynlistarmannsins Jóhanns Eyfells. Spjallið er í tengslum við sýninguna Hreyfing augnabliksins og verður haldið í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

### Kvikmyndir

**15.00** Myndin Nowhere boy verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15 á 5.hæð. Sögð er sagan um uppvaxtarár John Lennons, þegar hann kynntist Paul McCartney og stofnaði Bítlana.

### Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**13.30** Aðventudagur verður haldinn í Gamla bænum Laufási, Minjasafninu á Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 800 fyrir fullorðna en frítt er fyrir börn 15 ára og yngri.



**JÓLAÞORP HAFNARFJARÐAR** Verður opið alla helgina.

### Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi.

### Dagskrá

**14.00** Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opið. Nánari upplýsingar má finna á hafnarfjordur.is

### Tónlist

**13.00** Útgáfutónleikar Englajóla verða haldnir í Salnum, Kópavogi.

**15.30** Hlíf Sigurjónsdóttir leikur einleiksverk á fiðlu í Þorgeirskirkju að Ljósavatni.

**16.00** Lay Low spilar og syngur í Merkigili á Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.

**16.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur jólatónleika í Eldborgarsal Hörpu. Góðir gestir og vinir frá fyrri árum koma í heimsókn og má þar meðal annars nefna Diddú, Kristjönu Stefánsdóttur og Gáttaþef (Ómar Ragnarsson).

**16.00** Andrea Jónsdóttir þeytir skífum á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**17.00** Ný Jólaóratoría eftir Sigurð Sævarsson frumflutt í Hallgrímskirkju.

**17.00** Kór Neskirkju, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og valdir einsöngvarar flytja Messías eftir Handel í Neskirkju. Miðaverð er kr. 3.500 við inngang.

### Bækur

**15.00** Sögustund verður í aðalsafni Tryggvagötu 15. Eva Þengilsdóttir les upp úr bók sinni Gerðu eins og ég - Hvati og dýrin. Bókin hefur hlotið einróma lof kennara, foreldra og barna.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**SYNGUR MEÐ SVANI** Sigríður Thorlacius syngur jólalög með lúðrasveitinni Svani. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Syngur jólalög með lúðrasveit

Lúðrasveitin Svanur fagnar upphafi aðventunnar með tónleikum í Langholtskirkju á mánudaginn. Sérstakur gestur verður söngkonan Sigríður Thorlacius sem mun syngja hefðbundin íslensk jólalög með sveitinni, auk fleiri laga sem telja má ómissandi í aðdraganda jóla.

Meðal jólalaga verða Hin fyrstu jól eftir Ingibjörgu Þorbergs við texta Jóhannesar úr Kötlum og Jólin alls staðar eftir Jón Sigurðsson við texta Jóhönnu Erlingsdóttur. Maríukvæði eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Halldórs Kiljan Laxness verður einnig leikið. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og fer miðasala fram á Midi.is.




# FLIKKAÐU UPP Á HEIMILIÐ MEÐ PÚÐUM FRÁ ÍSLENSKUM HÖNNUÐUM

Púðar, af öllum stærðum og gerðum, hafa gjarnan þótt afbragðs og einföld lausn til að flikka upp á heimilið. Litsterkir og munstraðir púðar geta gefið gömlum húsgögnum nýtt líf og sett skemmtilegan svip á heimilið. Mikið úrval er um þessar mundir af púðum og púðaverum frá íslenskum hönnuðum sem eru jafn ólíkir og þeir eru margir.



**SCINTILLA** eftir Lindu Björg Árnadóttur.



**DÓTTIR & SONUR** eftir Tinnu Pétursdóttur og Ingva Þór Guðmundsson.



**GO WITH JAN** eftir Guðjón Tryggvason.



**NOTKNOT** eftir Ragnheiði Ösp.

MYND/KATRÍN BJÖRK



**LAGÐUR** eftir Elínu Aradóttur.



**VARMA MOKKA** púði eftir Siggu Heimis.

# Ilmvatn unnið úr vatni við Heklurætur

## Nýtt ilmvatn frá Gyðju á markað.

„Ilmvatnið er kennt við drottningu íslenskra eldfjalla og unnið úr vatni sem rennur undan Heklurótum í Ytri-Rangá," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir um nýja ilmvatnið Heklu frá Gyðju.

Hekla er þriðja ilmvatnið frá Gyðju og annar dömuilmurinn. Ilmvötn Gyðju eru þróuð og framleidd í borginni Grasse í Frakklandi en vinna við Heklu hófst fyrir ári síðan. Öll ilmvötn úr Gyðjulínunni eru innblásin af íslenskri náttúru, EFJ Eyjafjallajökull og herrailmurinn VJK Vatnajökull.

„Það er flókið ferli að búa til ilmvatn og þar sem við notuðum íslenska náttúru flækti það ferlið töluvert. En við vorum í náinni samvinnu við ilmvatnshönnuð í Frakklandi sem gjarna er nefndur „nefið" þar í landi," segir Sigrún ánægð með útkomuna.

Sigrún segir mikla vinnu liggja að baki umbúðunum sem meðal annars sýna Heklugos og hangir lyklakippa með hraunmola á hverju glasi. Ilmurinn er væntanlegur í verslanir á næstu dögum.



**ÞRIÐJA ILMVATNIÐ** Sigrún Lilja Guðjónsdóttir og Gyðja koma með nýtt ilmvatn sem nefnist Hekla.


# Til hamingju



Skautafélagið Björninn óskar nýkrýndum Íslandsmeisturum sínum á listskautum, Agnesi Dís Brynjarsdóttur, Íslandsmeistara stúlkna og Júlíu Grétarsdóttur, Íslandsmeistara unglinga, hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Björninn þakkar öllum sínum 40 keppendum og þjálfurum þeirra fyrir frábæra frammistöðu en við unnum flest verðlaunin á þessu móti eða 6 gull, 6 silfur og 5 brons.

Listskautadeild Bjarnarins rekur öflugt unglingastarf fyrir byrjendur og lengra komna. Rúmlega 40 Bjarnarstúlkur hafa náð grunnprófi Skautasambands Íslands sem veitir þátttökurétt á Íslandsmeistaramótum og á erlendum stórmótum. Bestu skautarar Bjarnarins hafa náð verðlaunasætum í erlendum keppnum og árangur þeirra vakið verðskuldaða athygli.

Áfram Björninn!

Skautafélagið Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing


# Dáleiðir ekki þann sem vill það ekki

## Yrja Kristinsdóttir er dáleiðslutæknir. Dáleiðslutæknin á ekkert skylt við þá sem töframaðurinn Sailesh notar. Hún getur aðeins dáleitt þá sem eru viljugir.



**STARFAR SEM DÁLEIÐSLUTÆKNIR** Yrja Kristinsdóttir lauk nýverið diploma-námi í dáleiðslutækni og starfar nú sem slíkur í Kaupmannahöfn. MYND/KATRÍN GUÐLAUGSDÓTTIR

„Það má segja að dáleiðslan sé djúp slökun og náttúrulegt hugarástand sem allir fara í á hverjum degi án þess að vita af því. Þegar við gerum eitthvað sem tekur athyglina frá okkur þá erum við komin í náttúrulegt dáleiðsluástand," útskýrir Yrja Kristinsdóttir sem hlaut nýverið diploma í dáleiðslutækni. Hún segir að með aðstoð dáleiðslutæknis geti fólk meðal annars rifjað upp bældar minningar, bætt sjálfstraust sitt, hætt að reykja eða upplifað djúpa slökun.

Yrja hefur lengi haft áhuga á andlegum málefnum og stundar sjálf hugleiðslu. Hún hafði nokkrum sinnum heyrt minnst á námskeið í dáleiðslutækni og fannst tilvalið að bæta því við menntun sína sem félagsráðgjafi.

„Með hjálp dáleiðslu er hægt að gera ýmsar breytingar á sjálfum sér. Við hjálpum fólki að komast í samband við undirmeðvitundina og þegar því er náð hefst vinnan. Setji fólk sér ákveðið markmið þá er það oftast meðvitundin sem setur þau. Það er sagt að meðvitundin sé um tíu prósent af huganum en undirmeðvitundin um níutíu prósent. Það þýðir að aðeins lítill hluti hugans vinnur að þessum markmiðum og viðhorf okkar og hegðun breytist ekki nema í skamman tíma. Við erum þess vegna fljót að detta aftur í sama farið. Dáleiðslan svo frábær því þannig fáum við tækifæri til að hafa áhrif á hegðun og líðan einstaklingsins."

Aðspurð segir Yrja dáleiðslutæknina sem hún lærði ekki eiga nokkuð skylt við þá dáleiðslu sem töframaðurinn Sailesh notar. Hún getur því ekki fengið fólk til að lúta sínum vilja með dáleiðslu. „Ég mundi fegin vilja geta fengið fólk til að gera hitt og þetta, en þessi dáleiðsla er ekki eins og sú sem Sailesh notar. Ég get heldur ekki dáleitt fólk sem vill ekki láta dáleiða sig. Ef einhver er mjög skeptískur þá virkar þetta ekki."

Yrja er búsett í Kaupmannahöfn en hefur verið með annan fótinn á Íslandi. Hún flutti fyrst út sem skiptinemi árið 2008 en hreifst svo af borginni að hún ákvað að vera um kyrrt. „Eins og svo margir Íslendgist ég í Danmörku. Ég fæ þó oft heimþrá og veit að ég mun flytja heim á endanum. Ég vann áður sem flugfreyja hjá Iceland Express en vinn núna við afleysingar á leikskóla samhliða því að taka fólk í dáleiðslumeðferð. Byrjunin lofar góðu. Þetta er í raun bara eins og sálfræðiaðstoð nema með djúpri slökun og fólki líður mjög vel eftir meðferðina," segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is

## Siðareglur dáleiðslutækna

1 Dáleiðslutæknir er bundinn þagnarheiti gagnvart skjólstæðingi sínum.

2 Dáleiðslutæknir skal fara með allar persónulegar upplýsingar, sem snerta skjólstæðinginn, sem trúnaðarmál.

3 Dáleiðslutæknir leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má teljast gagnvart sínu félagi eða skjólstæðingi.

4 Dáleiðslutækni ber ekki skylda til að veita hverjum þeim sem til hans leitar meðferð.

# Jóladagatalið kemur á óvart

## Jóladagatal Norræna hússins fer fram í sjötta sinn. Fjöldi listamanna tekur þátt.

Jóladagatal Norræna hússins hefst í dag og er þetta í sjötta sinn sem viðburðurinn fer fram. Daglegir viðburðir verða í Norræna húsinu fram á aðfangadag og einnig verður boðið upp á óáfengt jólaglögg og piparkökur.

Hugmyndin að baki dagatalinu er sú að bjóða upp á öðruvísi viðburð á aðventunni sem allir geta notið sér að kostnaðarlausu. Gestir vita ekki hvað bíður þeirra á bak við gluggann hvern dag fyrr en gullbjöllunni er klingt klukkan 12.34 og glugginn dagsins opnaður. Meðal þeirra listamanna sem taka þátt í dagatalinu í ár eru Hrafnhildur Arnardóttir betur þekkt sem Shoplifter, Bjartmar Guðlaugsson, Lúsíukórinn, Blágresi og Einar Már Guðmundsson, Rökkurró, Gerður Kristný, Moses Hightower og fjöldi annarra.

Nýr listamaður er fenginn til að gera dagatalið ár hvert og í ár er það Hugleikur Dagsson sem skapar mynd fyrir hvern dag fram að aðfangadag. Myndirnar birtast ein í einu á Facebook-síðu Hugleiks og eru hluti af stærri mynd sem hægt verður að púsla saman yfir hátíðirnar.



**LISTAMAÐUR ÁRSINS** Hugleikur Dagsson gerir dagatal norræna hússins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# SPORTS DIRECT.com

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

# ÚTSALA

## ALLT VERÐUR AÐ FARA!

**60% 40% 20%**




**OPNUNARTÍMAR:**

MÁN-MIÐ: 10-19

FIMMTUDAGAR: 10-21

FÖSTUDAGAR: 10-20

LAU-SUN: 10-18

SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI

facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

**Iðnskólinn auglýsir**

Almennt nám
Byggingagreinar
Hársnyrtiiðn
Listnám / Hönnun
Málmiðnir
Rafiðnir
Pípulagnir
Tækniteiknun

Innritun á vorönn 2013 lýkur **10. desember**

**Iðnskólinn í Hafnarfirði**
Flatahraun 12 s: 585 3600
http://www.idnskolinn.is



# Miklar framfarir frá fyrri plötunni

TÓNLIST ★★★★☆

**Nóra**
Himinbrim
**EIGIN ÚTGÁFA**




Hljómsveitin Nóra stimplaði sig inn með plötunni Er einhver að hlusta? fyrir tveimur árum. Sú plata var ekkert meistaraverk, en lofaði góðu. Nú er plata tvö, Himinbrim, komin út og það er hægt að segja það strax að framfarirnar á milli þessara tveggja platna eru miklar. Himinbrim er sterkari á allan hátt. Lagasmíðarnar eru betri, flutningurinn þéttari og meira lagt í útsetningar og hljóðvinnslu.

Platan hefst á tveimur frábærum lögum, Sporvagnar og Kolbítur. Í því fyrra er fín strengjaútsetning og hæg stigmögnun, í því seinna er flottur trommuleikur og skemmtileg röddun og sömuleiðis flott stigmögnun. Eftir þessa öflugu byrjun kemur rólegra lag, titillagið Himinbrim og svo kemur hvert lagið á fætur öðru. Þau eru miskraftmikil og útsetningarnar eru ólíkar, en platan heldur alveg dampi. Hún endar svo á mjög sterku lagi, hinu átta mínútna langa Hreinsun. Systkinin Auður og Egill Viðarsbörn skiptast á um að syngja lögin.

Þetta er mjög vel heppnuð plata. Hljómborðin eru áberandi í útsetningunum, í nokkrum lögum eru strengir og svo setja raddútsetningar oft skemmtilegan svip. Tónlistin er stemningsfull og blæbrigðarík og einkennist af þykkum útsetningum og spilagleði. Enn ein íslensk gæðaplatan á árinu 2012.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Metnaðarfyllri og kraftmeiri Nóra.

# Hvert er nafn mitt?

Stjörnurnar eiga það til að ganga undir dulnefni til að verja einkalíf sitt frá ágengum aðdáendum. Dulnefnin eru misgóð og þykja sum hreinlega hlægileg.



**KRISTEN STEWART**
Dulnefni: **Chuck Steak**



**ANGELINA JOLIE OG BRAD PITT**
Dulnefni: **Jasmine Pilaf og Bryce Pilaf**



**JUSTIN TIMBERLAKE**
Dulnefni: **Herra Woodpond**

NORDICPHOTOS/GETTY



**GEORGE CLOONEY**
Dulnefni: **Arnold Schwarzenegger**



**SURI CRUISE**
Dulnefni: **Sara**



**MILA KUNIS**
Dulnefni: **Senor Pants**



**TOM CRUISE**
Dulnefni: **Cage Hunt**



**JAY-Z**
Dulnefni: **Frank Sinatra**



**FERGIE ÚR BLACK EYED PEAS**
Dulnefni: **Penny Lane**

**Ótrúleg verð**
**á barna kulda- og spariskóm**



Spariskór
Silfur og svartir • Stærðir 20 - 25
**kr. 1.995**

Spariskór
Svartir • Stærðir 30 - 35
**kr. 2.995**

Fóðruð kuldastígvél
Fjólublár, bleikur og grár
Stærðir 22 - 29
**kr. 2.995**

Fóðraðir kuldaskór
Fjólublár og svartur
Stærðir 20 - 29
**kr. 2.995**

Aðeins í Smáratorgi

**Opnunartími**
**Toppskórinn Markaður**
alla daga milli kl. 11 og 18

Toppskórinn Markaður

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us

# *Tilnefningar til* Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012



## LAGAHÖFUNDUR ÁRSINS
*(POPP OG ROKK)*
- Ásgeir Trausti - *Dýrð í dauðaþögn*
- Jónas Sigurðsson - *Þar sem himin ber við haf*
- Moses Hightower - *Önnur Mósebók*
- Unnsteinn Manuel Stefánsson - *Retro Stefson*
- Valdimar Guðmunds, Ásgeir Aðalsteins, Kristinn Everts og Högni Þorsteins - *Um stund*

## LAG ÁRSINS
*(POPP OG ROKK)*
- Baldursbrá - *Ojba Rasta*
- Glow - *Retro Stefson*
- Leyndarmál - *Ásgeir Trausti*
- Sjáum hvað setur - *Moses Hightower*
- Tenderloin - *Tilbury*

## SÖNGVARI ÁRSINS
*(POPP, ROKK, DJASS OG BLÚS)*
- Andri Ólafsson - *Moses Hightower*
- Ásgeir Trausti
- Steingrímur Teague - *Moses Hightower*
- Unnsteinn Manuel Stefánsson - *Retro Stefson*
- Valdimar Guðmundsson

## SÖNGKONA ÁRSINS
*(POPP, ROKK, DJASS OG BLÚS)*
- Andrea Gylfadóttir
- Eivör
- Ellen Kristjánsdóttir
- Nanna Bryndís Hilmarsdóttir - *Of Monsters and Men*
- Sigríður Thorlacius

## TÓNLISTARFLYTJANDI ÁRSINS
*(POPP, ROKK, DJASS OG BLÚS)*
- Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Þorlákshafnar
- Retro Stefson
- Sigur Rós
- Skálmöld
- Skúli Sverrisson

## HLJÓMPLATA ÁRSINS
*(POPP OG ROKK)*
- Division of Culture and Tourism - *Ghostigital*
- Dýrð í dauðaþögn - *Ásgeir Trausti*
- God's Lonely Man - *Pétur Ben*
- Retro Stefson - *Retro Stefson*
- Um stund - *Valdimar*
- Þar sem himin ber við haf - *Jónas Sigurðsson*
- Önnur Mósebók - *Moses Hightower*

## TÓNHÖFUNDUR ÁRSINS
*(DJASS OG BLÚS)*
- Agnar Már Magnússon - *Hylur*
- Andrés Þór Gunnlaugsson - *Mónókróm*
- Scott McLemore - *Remote Control*
- Skúli Sverrisson - *The Box Tree*
- Tómas R. Einarsson - *Laxness*

## TÓNVERK ÁRSINS
*(DJASS OG BLÚS)*
- Bjartur - *Tómas R. Einarsson*
- Fragments - *Skúli Sverrisson*
- Mónókróm - *Andrés Þór Gunnlaugsson*
- Remote Location - *Scott McLemore*

## HLJÓMPLATA ÁRSINS
*(DJASS OG BLÚS)*
- Hylur - *Agnar Már Magnússon*
- Morgana's Revenge - *Björn Thoroddsen og Richard Gillis*
- Mónókrom - *Andrés Þór Gunnlaugsson*
- Remote Location - *Scott McLemore*
- The Box Tree - *Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson*

## TEXTAHÖFUNDUR ÁRSINS
*(ALLIR FLOKKAR)*
- Andri Ólafsson og Steingrímur Teague - *Önnur Mósebók*
- Einar Georg Einarsson - *Dýrð í dauðaþögn*
- Hjalti Þorkelsson, Guðni Gunnarsson og Eiríkur Fannar Torfason - *Múgsefjun*
- Jónas Sigurðsson - *Þar sem himin ber við haf*
- Snæbjörn Ragnarsson - *Börn Loka*

## TÓNLISTARVIÐBURÐUR ÁRSINS
*(ALLIR FLOKKAR)*
- Iceland Airwaves
- Jazzhátíð Reykjavíkur
- Mugison í Hörpu
- Reykjavik Midsummer Music
- Sigur Rós á Iceland Airwaves
- Tectonics

## UPPTÖKUSTJÓRI ÁRSINS
*(ALLIR FLOKKAR)*
- Alex Sommers og Sigur Rós - *Valtari*
- Christopher Tarnow - *Vetrarferðin*
- Georg Magnússon - *Abel*
- Guðmundur Kristinn Jónsson - *Dýrð í dauðaþögn, Okkar menn á Havana og fleiri*
- Magnús Árni Öder Kristinsson - *Moment og Önnur Mósebók*
- Styrmir Hauksson og Hermigervill - *Retro Stefson*

## TÓNHÖFUNDUR ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Anna Þorvaldsdóttir - *Scape*
- Áskell Másson - *Hornkonsert*
- Daníel Bjarnason - *The Isle is Full of Noises og Over the Light Earth*
- Hugi Guðmundsson - *Orkestur*
- Þórður Magnússon - *Saxófónkvartett*

## TÓNVERK ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Hornkonsert - *Áskell Másson*
- The Isle is Full of Noises - *Daníel Bjarnason*
- Orkestur - *Hugi Guðmundsson*
- Saxófónkvartett - *Þórður Magnússon*
- Scape - *Anna Þorvaldsdóttir*

## TÓNLISTARFLYTJANDI ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Einar Jóhannesson
- Elfa Rún Kristinsdóttir
- Joseph Ognibene og Petri Sakari
- Mótettukór Hallgrímskirkju
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Víkingur Heiðar Ólafsson

## SÖNGVARI ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Ágúst Ólafsson
- Gissur Páll Gissurarson
- Hrólfur Sæmundsson
- Kristinn Sigmundsson
- Viðar Gunnarsson

## SÖNGKONA ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Alina Dubik
- Elsa Waage
- Herdís Anna Jónasdóttir
- Hulda Björk Garðarsdóttir
- Þóra Einarsdóttir

## HLJÓMPLATA ÁRSINS
*(SÍGILD- OG SAMTÍMATÓNLIST)*
- Abel - *Nordic Affect og Georgia Browne*
- Klarinettukonsertar - *Einar Jóhannesson og Sinfóníuhljómsveit Íslands*
- Ljóð/Lieder/Songs - *Auður Gunnarsdóttir og Andrej Hovrin*
- Stafnbúi - *Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson*
- Vetrarferðin - *Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar Ólafsson*

**Íslensku tónlistarverðlaunin verða haldin í Hörpu í febrúar 2013.**

Tilnefningar í flokkunum Bjartasta vonin, Plötuumslag ársins og Tónlistarmyndband ársins verða birtar eftir áramótin.












1

# Bollakökur á aðventu

Munurinn á bollaköku og múffu er að bollakakan er jafnan stærri, með kremi ofan á og fagurlega skreytt. Bollakökur eru fyrirtak á aðventunni, góður eftirréttur og fallegur réttur í klúbbinn. Með þeim má drekka kaffi og te, eftirréttavín, kampavín og freyðivín og gera þannig meira úr ljúffengum sætindum.

**Halla Bára Gestsdóttir**
**Gunnar Sverrisson**
homeanddelicious.com

## 1 Bollakaka með hnetusmjöri

220 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
¼ tsk. kanill
80 g smjör
225 g hnetusmjör
220 g púðursykur
1 tsk. vanilludropar
1 egg
220 ml mjólk

**Súkkulaði**

170 g súkkulaði, saxað eða í dropum
4 msk. rjómi

**Krem**

225 g hnetusmjör
1½ tsk. vanilludropar
560 g flórsykur
6 msk. mjólk

Hitið ofn í 180 gráður. Hrærið saman þurrefnin. Hrærið saman smjör, hnetusmjör og púðursykur. Setjið vanilludropa og egg saman við blönduna. Þá þurrefnin og loks mjólkina. Hrærið vel. Setjið í pappírsform og síðan í múffubakka svo kökurnar haldi lögun sinni. Bakið í 20 mínútur eða þar til kökuprjónn kemur hreinn út þegar honum er stungið í kökuna. Látið kökurnar kólna.

Bræðið saman súkkulaði og rjóma í potti og hrærið vel saman. Kælið aðeins og geymið. Hrærið saman hnetusmjör og vanilludropa í kremið þar til úr verður mjúkt krem. Bætið mjólk og sykri saman við og hrærið þar til kekkjalaust. Ef kremið er of þykkt má bæta í það mjólk. Smyrjið kreminu á kökurnar og hellið brædda súkkulaðinu yfir.

## 2 Súkkulaði- og kaffibollakaka með Baileys-kremi

½ tsk. lyftiduft
4 msk. súrmjólk, við stofuhita
3 msk. kakó
110 g smjör
120 ml kaffi
220 g sykur
220 g hveiti
¼ tsk. salt
1 egg
½ tsk. vanilla

**Krem**

110 g smjör, mjúkt
500 g flórsykur
4 msk. Baileys-líkjör
1 tsk. vanilla
1 msk. mjólk
2 msk. kaffi

Hitið ofn í 180 gráður. Hrærið saman lyftiduft og súrmjólk. Bræðið smjör og kakó saman í potti á lágum hita, bætið kaffi saman við. Hrærið saman. Sigtið saman sykur, hveiti og salt. Hrærið kakósmjörið saman við þurrefnin ásamt eggjum. Bætið súrmjólkinni saman við ásamt vanilludropum.

Setjið í pappírsform og síðan í múffubakka svo kökurnar haldi lögun sinni. Bakið í 20 mínútur eða þar til kökuprjónn kemur hreinn út þegar honum er stungið í kökuna. Látið kökurnar kólna.

Hrærið allt hráefnið saman í kremið. Smyrjið kreminu vandlega á hverja köku. Athugið að sjálfsagt er að sleppa Baileys í kremið. Eins verður að finna það aðeins út hversu mikið þarf af flórsykri þegar kremið er hrært. Kannski þarf smá meira og kannski minna. Skreytið að vild.



2



3

## 3 Möndlubollakaka með mascarponekremi

220 g hveiti
½ tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
110 g smjör, mjúkt
220 g sykur
½ tsk. möndludropar
¼ tsk. vanilludropar
1 egg
120 ml sýrður rjómi
apríkósusulta

**Krem**

225 g mascarpone-ostur
120 ml rjómi
4 msk. flórsykur
ristaðar möndluflögur

Hitið ofn í 180 gráður. Blandið saman hveiti, lyftidufti og salti.

Hrærið saman smjör og sykur í annarri skál þar til létt og ljóst. Hellið saman við möndludropum og vanilludropum ásamt eggi. Hrærið. Bætið sýrða rjómanum saman við og þá hveitiblöndunni. Hrærið vel á rólegum hraða.

Fyllið pappírsmúffuform að 1/3 hluta. Setjið þá 1 msk. af sultu ofan á deigið og að lokum deig að 2/3 hlutum. Bakið í 20 mínútur eða þar til kökuprjónn kemur hreinn út þegar honum er stungið í kökuna. Látið kökurnar kólna.

Hrærið allt hráefnið saman í kremið þar til það verður mjúkt og kekkjalaust. Smyrjið kreminu vandlega á hverja köku. Skreytið með ristuðum möndluflögum.




FÍTON / SÍA

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

NÓA Konfekt




## APP VIKUNNAR

### Strætó

Strætó bs. hefur tekið í gagnið nýtt app sem á að auðvelda farþegum að komast leiðar sinnar. Í appinu er meðal annars hægt að finna bestu og stystu leiðina á áfangastað, sjá staðsetningu vagna í rauntíma, leita eftir brottförum vagna frá ákveðnum biðstöðvum og margt fleira.

Farþegar geta enn fremur vistað þær biðstöðvar sem þeir nota mest og þá birtir appið á skýran hátt hvaða vagnar eiga leið um þær biðstöðvar og hversu langt er í næsta vagn.

Appið er til fyrir fyrir Android og iPhone síma og innan skamms er væntanleg útgáfa fyrir Windows Mobile síma.

Í tilkynningu frá Strætó bs. segir að fyrirhugað sé að þróa og efla appið enn frekar og farþegar geti þá jafnvel keypt fargjöld með snjallsímanum.

**Skýringar**
App fyrir Apple-tæki · App fyrir Android-tæki · App fyrir Windows væntanlegt


**LÚÐRASVEITIN SVANUR** Félagarnir búa svo vel að eiga bæverska þjóðbúninga.

# Súrkál Svans að hætti bæverskra

Lúðrasveitin Svanur sem heldur aðventutónleika á mánudaginn í Langholtskirkju hefur ást á öllu sem þýskt er, þar á meðal súrkáli.

Lúðrasveitin Svanur hefur þann sið að hittast nokkrum sinnum á ári til að snæða saman þýskar pylsur með súrkáli og drekka bæverskt eðalöl. Margir meðlimir sveitarinnar búa svo vel að eiga bæverska þjóðbúninga, eftir reglubundnar ferðir til Þýskalands.

Nú heldur Svanurinn aðventutónleika í Langholtskirkju 3. desember klukkan 20. Sigríður Thorlacius syngur þar þjóðleg íslensk jólalög í bland við erlend lög í íslenskum hátíðarbúningi. Þá verður frumfluttur Jólaforleikur eftir Sigurð Inga Snorrason, sem sameinar þekkt íslensk jólalög í einn allsherjar inngang að jólum.

En hér er súrkálsuppskrift sveitarinnar, komin frá Finnboga túbuleikara.


**SÚRKÁL** Fer vel með góðum pylsum og krydduðum kjötréttum.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

### Súrkál

- 1 kg súrkál (til dæmis Krautboy í 500 g pokum, fæst m.a. í Fjarðarkaupum)
- 1 stór laukur
- 1 grænt epli
- 100 g beikon (mæli með beikoninu frá Pylsumeistaranum, Hrísateigi – það er hægt að fá það í stykkjum eða þykkum sneiðum)
- 150-200 ml eplasafi (eða sætt hvítvín á tyllidögum)
- 15-20 einiber
- 1-2 msk. kúmen
- Smjörklípa til steikingar

Beikonið er skorið í bita (5-7 mm á kant) og brúnað í þykkbotna potti í nokkrar mínútur. Það er svo veitt upp úr og geymt. Laukurinn er skorinn frekar fínt og látinn krauma í beikonfeitinni í nokkrar mínútur og þess gætt að allar skófir leysist upp. Því næst er súrkálinu og einiberjunum bætt út í, öllu blandað vel saman og látið malla í um 20 mínútur. Ef lítill vökvi er í pottinum má bleyta í með hluta eplasafans. Eplið er kjarnhreinsað, skorið í bita og bætt út í pottinn ásamt eplasafa og kúmeni og þetta látið malla í aðrar 20 mínútur. Þá er beikoninu bætt aftur út í og herlegheitin smökkuð til; kúmeni, einiberjum, eplasafa, pipar eða salti bætt við eftir smekk, einnig má bæta svínasoðsteningi út í ef þarf. Loks er súrkálið látið malla í um 10 mínútur til viðbótar áður en það er borið fram, til dæmis með pylsum, svínasteik eða svínaskönkum.

Súrkálið er ekki síðra upphitað og því er hentugt að útbúa það kvöldið áður en á að borða það eða fyrr um daginn. Við upphitun gæti þurft að bæta við meiri vökva (eplasafa, vatni, hvítvíni). -gun

UNIQUE
hár & spa






AVEDA

- Aveda notar engin paraben rotvarnarefni í vörur sínar
- Við bjóðum upp á 6 mismunandi snyrtimeðferðir á meðan þú bíður með lit í hárinu
- Aveda er fyrsta snyrtivörufyrirtækið sem notar 100 prósent vindorku við framleiðslu á vörum sínum
- Við bjóðum upp á gjafabréf sem eru sniðin að þínum þörfum

UNIQUE · Borgartún 29 · 105 Reykjavík
Sími 552 6789 · unique@unique.is
www.unique.is

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 31. STARFSÁR

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2012

2. DES, 1. SUNNUDAGUR Í AÐVENTU KL. 17
SIGURÐUR SÆVARSSON:
JÓLAÓRATÓRÍA
FRUMFLUTNINGUR
NÝ JÓLAÓRATÓRÍA MEÐ LATNESKUM TEXTA
SCHOLA CANTORUM
CAPUT HÓPURINN
GUÐSPJALLAMAÐUR:
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON BASSI
MARÍA: KIRSTIN ERNA BLÖNDAL SÓPRAN
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
AÐGANGSEYRIR 3.900 KR./LISTVINIR OG NEMENDUR 2.000 KR.

5. DESEMBER, MIÐVIKUDAGUR KL.12-12.30
AÐVENTA
HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM.
SCHOLA CANTORUM SYNGUR ÍSLENSKA OG EVRÓPSKA AÐVENTUTÓNLIST.
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
MIÐAVERÐ: 1.500 KR./LISTVINIR 1.000 KR.

16. DESEMBER, MÁNUDAGUR KL. 17
ORGELIÐ OG JÓLIN
BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSONFLYTUR ORGELVERK EFTIR CARTER, GUILMANT, MESSIAEN (ÚR LA NATIVITÉ) O. FL.
MIÐAVERÐ: 1.500 KR./LISTVINIR 1.000 KR.

19. DESEMBER, MIÐVIKUDAGUR KL. 12-12.30
JÓLIN
HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM
SCHOLA CANTORUM SYNGUR ÍSLENSKA OG EVRÓPSKA JÓLATÓNLIST.
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
MIÐAVERÐ: 1.500 KR./LISTVINIR 1.000 KR.



31. DESEMBER, GAMLÁRSDAGUR KL. 17
HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT
HÁTÍÐARTÓNLIST FYRIR TROMPETA, ORGEL OG PÁKUR. TROMPETLEIKARARNIR ÁSGEIR H. STEINGRÍMSSON, EIRÍKUR ÖRN PÁLSSON OG EINAR ST. JÓNSSON, BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON ORGELLEIKARI OG EGGERT PÁLSSON PÁKULEIKARI FLYTJA VERK M.A. EFTIR VIVALDI, PURCELL, WIDOR OG ALBINONI.
AÐGANGSEYRIR: 3.000 KR./2.500 KR./LISTVINIR: 1.500 KR.



MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU, S. 510 1000, OPIÐ ALLA DAGA KL. 9 - 17
LISTVINAFELAG.IS - HALLGRIMSKIRKJA.IS


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

skemmtilegri

# JÓLADAGATAL SKOPPU OG SKRÍTLU HEFST 1. DES.

**SKOPPA OG SKRÍTLA OPNA GLUGGA Á DAGATALINU Á HVERJUM DEGI TIL JÓLA**

Jóladagatal Skoppu og Skrítlu fæst
í verslunum Hagkaup og Bónus.




**Skoppa og Skrítla taka á móti börnum og árita jóladagatalið á annarri hæð í Kringlunni laugardag kl. 15:00-17:00 sunnudag kl. 13:00-14:15**



Disney
www.disneybok.is

ÍSLENSKA/SIA.IS STV 62124 11/12

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BERLÍN UPPÁHALDSBORGIN



MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR FÓTBOLTAKONA

# Borgin stútfull af sögu

**Búðir** Þegar kemur að því að versla í Berlín kemur maður ekki að tómum kofanum. Eitt stærsta moll Evrópu er á Alexanderplatz og heitir Alexa. Einnig eru fullt af göngugötum með glæsilegum verslunum.

**Matur** Í Berlín er aragrúi af frábærum veitingastöðum. Einn af mínum uppáhalds í heiminum er ítalski staðurinn Vappiano sem er við það sem kallast Sony-center. Ekki skemmir fyrir að á næsta götuhorni er hægt að fá sér ekta ítalskan ís í eftirrétt. Annar veitingastaður sem mjög gaman er að fara á og þá sérstaklega fyrir fólk sem vill prófa eitthvað nýtt er Unsicht-bar. Maturinn fannst mér ekki upp á tíu en upplifunin er það klárlega því allir sem vinna þarna eru blindir. Maður er leiddur inn á staðinn þar sem allt er svart og maður sér ekkert á meðan setið er til borðs, hvorki matinn né sessunautinn.



**Afþreying** Fyrir mér eru fáar borgir sem hafa upp á jafn mikið að bjóða og Berlín. Borgin er stútfull af sögu og ég mæli með að fólk gefi sér góðan tíma til að upplifa sem mest af henni. Allir sem koma til Berlínar vilja og verða að sjá leifar Berlínarmúrsins sem ég persónulega hafði ímyndað mér miklu stærri og massívari. Einnig er mjög gaman að skoða grafhýsin og ég mæli með að allir geri sér ferð niður að hinu sögulega Brandenburgar-hliði. Þar er gaman að rölta um með einn cappuccino frá Starbucks, sem er að finna á hverju götuhorni. Þar sem að ég er mikil íþróttamanneskja mæli ég líka með því að kíkja á leik með Degi Sigurðssyni og félögum í Füchse Berlin handboltaliðinu. Gott að detta í eina bradwurst í hálfleik ef fólk þorir. Samgöngur innan Berlínar eru mjög þægilegar en ég mæli þó með því að fólk leigi sér hjól og hjóli um. Þannig sér það miklu meira en ella. Sjálf labbaði ég líka mikið um og fannst það yndislegt.



**VEL HEPPNAÐ KVÖLD** Jón Haukur Baldursson, einn af eigendum Epic, ásamt Mími Nordquist.



**HRESSIR KAPPAR** Hinrik Marinósson og Rafn Ingi Rafnsson voru ánægðir á að líta.



**GÓÐIR GESTIR** Linda Björk Ragnarsdóttir og Arndís Halldórsdóttir fögnuðu tilkomu Epic.



**BARNALÁN** Stefán Eiríks Stefánsson mætti ásamt sonum sínum. Í fangi Stefáns er Nikulás Flosi og í tröppunum standa Friðrik Trausti og Snorri Þór.

# Epísk opnun

Verslunin Epic opnaði við Laugaveg 56 á fimmtudag. Í versluninni fást meðal annars föt frá Volcom og mætti fjöldi fólks til að fagna áfanganum með eigendum verslunarinnar.



**BROSMILDAR STÚLKUR** Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Svala Rúnarsdóttir, Helga Ólafsdóttir og Margrét Guðvarðardóttir voru á meðal gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**COLDPLAY** Hljómsveitin Coldplay gaf út Mylo Xyloto í fyrra.

## Semur lög á nýja plötu

Enska hljómsveitin Coldplay er byrjuð að undirbúa sína næstu plötu. Hún mun fylgja eftir Mylo Xyloto sem kom út í fyrra.

„Ég hef verið að semja ný lög og ég er rosalega spenntur fyrir framtíð hljómsveitarinnar,“ sagði söngvarinn Chris Martin.

Orðrómur var uppi um að Coldplay ætlaði í þriggja ára frí en Martin vísaði honum til föðurhúsanna. „Ég er mjög heppinn að geta gert það sem ég geri og ég hef engan áhuga á að hætta því. Þessi þriggja ára hugmynd kom upp eftir að ég sagði á tónleikum í Ástralíu að við kæmum ekki þangað að spila næstu þrjú árin. Það er satt því þannig eru tónleikaferðir um heiminn.“



**MEÐ BLÓMVÖND** Katie Holmes í lok sýningarinnar Dead Account á Broadway. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gekk vel á Broadway

Nýtt leikrit Katie Holmes, Dead Account, var frumsýnt fyrir skömmu á Broadway við góðar undirtektir. Foreldrar hennar, Martin og Kathleen, fylgdust með henni úr áhorfendasalnum. Það er af sem áður var þegar hún lék síðast á Broadway árið 2008. Þá sat Tom Cruise, fyrrverandi eiginmaður hennar, á fremsta bekk og hvatti sína konu áfram.

Holmes sagðist nýlega vera mjög ánægð með hlutverkið í Dead Account. Hún leikur Lornu, systur svikahrapps sem snýr óvænt heim til sín með fullar hendur fjár. „Loksins get ég öskrað,“ sagði hún hress. „Það sem ég hrífst sérstaklega af í fari persónunnar minnar er hversu sterk hún er undir niðri. Ég er ánægð með hennar gildismat.“

Meðal gesta á frumsýningunni var leikkonan Brooke Shields.

# Ásgeir, Moses og Retro með sex tilnefningar

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna voru kynntar í Hörpunni í gær. Þrír fengu flest atkvæði.

Ásgeir Trausti, Moses Hightower og Retro Stefson fengu flestar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna, eða sex hver. Tilkynnt var um tilnefningarnar í Hörpu í gær.

Allir flytjendurnir eru tilnefndir fyrir plötu ársins, sem lagahöfundur ársins, söngvari ársins, fyrir lag ársins og upptökustjórn ársins. Næstur á eftir þeim kemur Jónas Sigurðsson með fjórar tilnefningar og þar á eftir Sigur Rós og Valdimar með þrjár hvor.

Í djass- og blúsflokki er Skúli Sverrison með flestar tilnefningar, eða fjórar. Í flokki sígildrar- og samtímatónlistar eru þau Anna Þorvaldsdóttir, Áskell Másson, Daníel Bjarnason, Hugi Guðmundsson og Þórður Magnússon öll tilnefnd sem tónhöfundar ársins og fyrir tónverk ársins.

Í ár er tekin upp sú nýbreytni að tilnefna og verðlauna upptökustjóra ársins. Þar eru tilnefndir Alex Somers & Sigur Rós, Christopher Tarnow, Georg Magnússon, Guðmundur Kristinn Jónsson, Magnús Árni Öder Kristinsson og Styrmir Hauksson & Hermigervill. Tilnefningar í flokkunum Bjartasta vonin, Plötuumslag ársins og Tónlistarmyndband ársins verða birtar eftir áramótin.

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í 19. sinn í Silfurbergi í Hörpu í febrúar á næsta ári.



**SEX TILNEFNINGAR** Unnsteinn Manuel Stefánsson og félagar í Retro Stefson fengu sex tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








# Kynþokkafyllsti plötusnúður heims á Íslandi

Juicy M spilar í Playboy-partíi Úrillu Górillunnar en hún hefur meðal annars unnið með Backstreet Boys.

„DJ Juicy M er ótrúleg blanda af einstakri tónlist, hæfileikum og fegurð. Hún er besti kvenkyns plötusnúðurinn í dag, með kynþokkafulla takta og heillandi rödd," er sagt á heimasíðu plötusnúðarins Juicy M sem er væntanleg hingað til lands í desember.

Juicy M hefur hlotið verðlaun fyrir færni sína við græjurnar, auk þess sem hún hefur verið valin í hóp kynþokkafyllstu kvenkyns plötusnúða heims, meðal annars af heimasíðunni Simply Top 10.

Hún leggur mikið upp úr útliti og framkomu þegar hún stígur á stokk og oftar en ekki skartar hún efnislitlum fötum. Juicy M hóf ferilinn árið 2006. Hún hefur spilað á yfir 200 stöðum í meira en 30 löndum síðan þá og nú bætist Ísland á listann því hún spilar í Playboy-partíi Agent.is á Úrillu Górillunni þann 14. desember næstkomandi. Hún hefur unnið með fjölda þekkra listamanna og má þar meðal annars nefna Backstreet Boys og ungstirnið Willow Smith.

- trs



**PLAYBOY-PARTÍ** Juicy M leggur mikið upp úr útliti og framkomu við græjurnar.

# Létt stemning hjá Ragga Bjarna

TÓNLIST ★★★☆☆

**Raggi Bjarna**
Dúettar
SENA

Dúettar er gerð eftir vel þekktri formúlu. Heldri söngvari fær til liðs við sig yngri (fyrirleitt) raddir til að gera nýjar útgáfur af vel þekktum lögum. Ray Charles gerði svona plötu og Frank Sinatra. Og nú er röðin komin að Ragga Bjarna. Á Dúettum syngja með honum þau Jón Jónsson, Eivör, Björn Jörundur, Svavar Knútur, Sigga Beinteins, Magni, Sigríður Thorlacius, Sveppi, Helgi Björns og Lay Low. Það var Raggi sjálfur sem valdi lögin, en á plötunni eru átta slagarar, flestir frá níunda áratugnum og tvö ný lög.




Það er létt og skemmtileg stemning yfir þessari plötu eins og gjarnan fylgir Ragga Bjarna. Lagavalið spilar þar stórt hlutverk, en á meðal laganna eru Froðan (Geiri Sæm), Can't Walk Away (Herbert), Á puttanum og Fjólublátt ljós við barinn (Þorgeir Ástvalds), Ég er ekki alki (Bjartmar) og Betri bíla, yngri konur (Rúnar Júl). Ekki beint þyngstu eða dramatískustu lögin í íslenskri poppsögu. Útsetningarnar hæfa verkefninu vel, léttpoppaðar og skreyttar snyrtilegum blástursshljóðfæraleik. Söngvararnir skila sínu allir vel, ekki síst Raggi sjálfur.

Auk plötunnar sjálfrar fylgir kvikmynd Árna Sveinssonar, Með hangandi hendi, með á DVD. Frábær mynd sem dregur upp skemmtilega mynd af Ragga. Ekki slæmur kaupbætir það!

Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg plata og frábær kvikmynd í kaupbæti.



















# RISA

## ÚTIVISTAR-, SKÓ- & FATA

# MARKAÐUR




Að Kauptúni 3, Garðabæ
-beint á móti IKEA

**Opið alla daga frá 12-18**

www.facebook.com/risamarkadur

...fylgstu með okkur á facebook, þar finnur þú myndir af nýjum vörum og spennandi TILBOÐUM

*Jólainnkaupin byrja hér!*

Meðal annars vörur frá...

Duffy shoes | NORTH ROCK | hummel Character since 1923

## Íslendingar til Nijmegen

Adam Örn Arnarson úr Breiðabliki og Daði Bergsson Þróttari hafa gengið til liðs við NEC Nijmegen. Tvímenningarnir skrifuðu undir tveggja og hálfs árs samning við hollenska félagið í dag.

Fótbolti.net greinir frá þessu en leikmennirnir fóru fyrr á árinu á reynslu til hollenska félagsins og stóðu sig vel.

Íslensku félögin samþykktu tilboð í kappana fyrr í mánuðinum og því átti aðeins eftir að ganga frá samningum við leikmennina sjálfa.

Adam og Daði, sem báðir eru fæddir árið 1995, hafa leikið saman með yngri landsliðum Íslands. Hjá Nijmegen hitta þeir fyrir Guðlaug Victor Pálsson sem hefur staðið sig vel með liðinu undanfarnar vikur.

## Hommar eru velkomnir



Gareth Southgate, fyrrum landsliðsmaður Englands, telur að leikmenn myndu bjóða samkynhneigða knattspyrnumenn velkomna í búningsklefann.

Southgate tjáði sig í kjölfar þess að Anders Lindegaard, markvörður Manchester United, lýsti því yfir að samkynhneigðir þyrftu á fyrirmynd í knattspyrnuheiminum að halda.

Þrátt fyrir að stór nöfn íþróttamanna af hvoru kyni hafi komið út úr skápnum undanfarin ár er Justin Fashanu eini þekkti knattspyrnumaðurinn sem opinberað hefur samkynhneigð sína.

22 ár eru liðin síðan Fashanu kom út úr skápnum en opinberun hans vakti mikla athygli. Sorglegur endir var á sögu framherjans sem framdi sjálfsmorð nokkrum árum síðar.

„Það þarf einhvern nógu hugrakkan til að vera opinn og einlægur," segir Southgate um þann samkynhneigða karlmann sem gæti stigið stórt skref í heimi atvinnuknattspyrnumanna með því að koma út úr skápnum.

„Leikmenn blanda geði við önnur þjóðerni, kynþætti og trúarbrögð þannig að ég sé enga ástæðu fyrir því að samkynhneigð ætti að vera vandamál í búningsklefanum," segir Southgate.



**MARKAÞURRÐ** Torres gengur illa að skora mörk. NORDICPHOTOS/GETTY

## Telur sig geta lagað Torres

Breski spretthlauparinn og fyrrum Ólympíumeistarinn Darren Campbell telur sig geta hjálpað Fernando Torres. Frammistaða Spánverjans með Chelsea undanfarin tvö ár hefur valdið töluverðum vonbrigðum.

Torres hefur ekki skorað mark í ensku úrvalsdeildinni í tæpar ellefu klukkustundir núna en margir vonast eftir því að Rafa Benitez, stjóri liðsins, geti kveikt neistann hjá landa sínum líkt og hann gerði hjá Liverpool á sínum tíma.

Campbell, sem aðstoðaði Torres undir lok tímabilsins 2010-2011, segist þurfa tvær vikur til þess að koma Torres í sitt gamla góða form.

„Ég gæti klárlega lagað hann. Það þarf ekki að taka langan tíma því strákarnir eru nú þegar í frábæru formi. Því þarf ekki að vinna í grunninum heldur er hægt að einbeita sér að hraðanum," segir Campbell.

Campbell segir að Spánverjinn hafi verið óskufljótur. Hann þurfi hins vegar að finna sprengikraftinn á nýjan leik og lyftingar, í takt við spretthlaupsæfingar, geti hjálpað honum við leitina.

„Þess vegna lyfta spretthlauparar lóðum. Til þess að auka sprengikraftinn og hraðann," segir Campbell sem segir lykilatriði að vera afslappaður þegar reynt sé að hlaupa hratt.

„Sjáið bara Gareth Bale. Hann er óskufljótur en er fullkomlega afslappaður og engin spenna í líkama hans."

Fernando Torres og félagar í Chelsea sækja West Ham heim í Lundúnaslag á dag.

# Leið strax eins og ég væri heima hjá mér

Jón Daði Böðvarsson hefur sagt skilið við Selfoss og heldur í víking þar sem hann mun spila með Viking í Noregi. Það var félagið sem hann vildi fara til enda segir hann sér hafa liðið vel hjá félaginu um leið og hann kom þangað.

**FÓTBOLTI** Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson verður næsti atvinnumaður Íslands í knattspyrnu. Þessi efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar karla síðasta sumar er búinn að semja við norska úrvalsdeildarfélagið Viking til þriggja ára.

„Ég er búinn að samþykkja samninginn og fer svo út til Noregs á fimmtudaginn í læknisskoðun. Ég skrifa svo undir samning í kjölfarið," sagði Jón Daði kátur er Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

Jón Daði fór til reynslu til Viking og fleiri félaga eftir að tímabilinu lauk hér heima og þessi tvítugi strákur var mjög hrifinn af því sem hann sá hjá félaginu.

**Fullkominn staður til að byrja**

„Það eru frábærar aðstæður þarna og virkilega flottur klúbbur. Mér leið eiginlega strax eins og ég væri heima hjá mér þarna. Þetta er líka fullkominn staður til þess að hefja atvinnumannaferilinn. Ég hef alltaf stefnt að því að komast út í atvinnumennsku og nú er draumurinn að verða að veruleika," sagði Jón Daði en hann hittir fyrir landsliðsmanninn Indriða Sigurðsson hjá Viking.

„Það er flott að hafa Indriða þarna. Hann er algjör fagmaður. Það er gott að hafa Íslending á svæðinu og hann á örugglega eftir að hjálpa mér mikið. Hann gerði það er ég fór út um daginn."

Jón Daði er klár á því að hann sé að velja rétta félagið og að hann muni fá að spila mikið hjá nýja félaginu.

„Þeir eru mjög ánægðir með mig og hafa mikla trú á mér. Þjálfarinn segist vera spenntur fyrir mér. Þetta verður aldrei auðvelt en ég hugsa að þetta muni ganga vel. Ég er til í að leggja mikið á mig."

**Hafnaði Start**

Eins og áður segir höfðu fleiri félög samband og Jón Daði fékk til að mynda tilboð frá Start sem þeir Matthías Vilhjálmsson og Guðmundur Kristjánsson leika með.

„Start bauð mér samning sem ég hafnaði. Það var svo áhugi frá fleiri félögum en ég var ekki kominn með nein tilboð frá þeim. Það var líka þannig að ég þegar ég kom til Viking hugsaði ég frá fyrsta degi að þarna vildi ég vera. Ég er því eðlilega mjög ánægður með að hafa komist að þar. Þetta er stökk en ég tel mig vera tilbúinn í slaginn. Vonandi hef ég rétt fyrir mér."

Þó svo Jón Daði komi frá litlum stað eins og Selfossi segir hann að það sé ýmislegt sameiginlegt með heimabænum og nýja staðnum.

„Þetta er auðvitað miklu stærri bær en það er allt mjög þétt og allir þekkjast vel þarna. Það er því örugglega svipuð stemning þarna og á Selfossi. Ég kann því vel."

Jón Daði fer ekki einn út því kærastan hans fer með honum. Leikmaðurinn er mjög ánægður með það.

„Hún mun elda ofan í mig. Ég er hræðilegur kokkur og það er því gott að hún kemur með," sagði Jón Daði léttur og hló við.

henry@frettabladid.is



**Í VIKING** Jón Daði heldur út á fimmtudaginn að skrifa undir samning við Viking. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Magnaðar þrjár vikur

Jón Daði Böðvarsson var með 4 mörk og 2 stoðsendingar í fjórum leikjum Selfoss frá 12. ágúst til 2. september en liðið náði í 10 af 12 stigum í boði á þessum þremur vikum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4:2 sigur á Fram | 2 mörk | 1 stoðs. | ML |
| 4:0 sigur á Grindavík | 1 mark | 1 stoðs. | ML |
| 1:1 jafntefli við Breiðablik | | | |
| 1:0 sigur á KR | 1 mark | | ML |

*ML= Maður leiksins hjá Fréttablaðinu*

**2012**
22 leikir, 7 mörk, 4 stoðsendingar, fiskaði víti. kom að tólf mörkum.




# Æfa með einu besta félagi heims

Hilmar Örn Jónsson varð þrefaldur Íslandsmeistari í skylmingum.

**SKYLMINGAR** Íslandsmeistaramótið í skylmingum með höggsverði fór fram um síðustu helgi. Hilmar Örn Jónsson, átján ára FH-ingur, reyndist sigursælasti keppandinn í karlaflokki annað árið í röð en hann bar sigur úr býtum í öllum þeim flokkum sem hann tók þátt í – opnum flokki, U-21 og liðakeppni. Guðrún Jóhannsdóttir, SFR, bar sigur úr býtum í kvennaflokki eftir að hafa lagt Þorbjörgu Ágústsdóttur að velli í úrslitum. Þorbjörg náði reyndar bronsi í opnum flokki og náði þar bestum árangri kvenna.

Hilmar Örn vann alla sömu flokka í fyrra, sem og U-18 ára karla, en hann er ekki lengur gjaldgengur í hann. Í opnum flokki hafði hann betur gegn liðsfélaga sínum úr FH, Gunnari Agli Ágústssyni. Það reyndist þó ekki erfiðasta viðureign hans um helgina.

„Ég lenti í meiri vandræðum í úrslitunum í U-21. Þar var ég undir gegn Guðjóni Ragnari [Brynjarssyni, FH] en náði að snúa bardaganum mér í vil rétt í lokin. Þá fór hann að gefa eftir og nýtti ég mér það," sagði Hilmar Örn í samtali við Fréttablaðið.

Hilmar Örn er nú staddur í Þýskalandi þar sem hann er að undirbúa sig fyrir heimsbikarmót unglinga sem fer fram þar í landi um helgina. Gunnhildur Garðarsdóttir, SFR, er með í för en hún bar sigur úr býtum í U-21 flokki kvenna um helgina.

„Markmiðið er að ná lengra á alþjóðamælikvarða og stóra takmarkið er að komast á Ólympíuleikana í Brasilíu árið 2016," segir Hilmar Örn. „Ég keppti á heimsbikarmóti í Úkraínu fyrir hálfum mánuði og gekk það vel. Nú ætla ég að gera enn betur, en fram að móti fáum við að æfa með félagi í Dormagen sem er eitt besta skylmingafélag heims. Það er frábært tækifæri fyrir okkur."

Hilmar Örn færði sig nýverið upp um aldursflokk í alþjóðlegum keppnum, úr U-18 í U-21. Hann segir því erfitt að meta nú hvar hann standi meðal jafningja í heiminum. „Ég náði 27. sæti á HM U-18 á sínum tíma sem var mjög gott. Ég stefni þó enn hærra og vonandi verður það hægt nú þegar ég fæ oftar að fara út og keppa. Ef ég fæ fjárhagslegan stuðning þá vil ég ná sem lengst."

- esá



**HILMAR ÖRN JÓNSSON**
Varð þrefaldur Íslandsmeistari.







GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN

# LÆKKAÐ VERÐ Á JÓLAVÖRUM

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50







## JÓLAGLEÐI Í BYKO BREIDD

**Töfrar**
Einar Mikael töframaður sýnir töfrabrögð og áritar DVD diskinn sinn, Hókus Pókus, í Breidd kl. 13 og á Granda kl. 15.30 á laugardag.



**Lifandi tónlist**
Sjonni og Vigga skemmta með lifandi tónlist í Kaffihorninu í Breidd kl. 12-13 á sunnudag.



**Föndur í BYKO Breidd**
Er ekki kominn tími til að föndra með börnunum fyrir jólin? Frábær leiðbeinandi í föndurhorninu í BYKO Breidd á laugardag og sunnudag kl. 12-16.



**Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag**
Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 16.



## OPNUNARTÍMI UM HELGINA

| | | Breidd | Grandi | Akureyri | Selfoss |
|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur | 1. des. | 10-19 | 10-18 | 10-18 | 10-18 |
| Sunnudagur | 2. des. | 11-18 | 11-17 | 12-16 | 12-16 |

Sjá nánar á byko.is

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

## Sendi allar stjörnurnar sínar heim

**KÖRFUBOLTI** Gregg Popovich, þjálfari San Antonio Spurs í NBA-deildinni, fer sínar eigin leiðir en fékk sterk viðbrögð frá körfuboltaheiminum eftir að hann sendi fjóra af fimm stigahæstu leikmönnum liðsins heim til Texas fyrir stórleikinn á móti Miami Heat í fyrrinótt.

Spurs hefur verið á sex leikja útivallartúr á Austurströndinni og Popovich sagði sína leikmenn vera þreytta. Leikurinn í Miami var ellefti útileikur liðsins í mánuðinum.

Tim Duncan, Tony Parker, Manu Ginobili og Danny Green fengu allir frí en óþreytt Miami-lið vann leikinn 105-100. Spurs var líka án þeirra Stephen Jackson og Kawhi Leonard sem eru meiddir og því var liðið aðeins með níu menn í búning.

David Stern sagði fyrir leikinn að þetta væri óásættanleg ákvörðun og að félagið fengi harða refsingu. Hann bað körfuboltaáhugamenn einnig afsökunar.

- óój



**STÆRSTA STJARNAN Í NBA-DEILDINNI** Lebron James átti einstakt ár með Miami Heat og bandaríska landsliðinu og er langvinsælasti körfuboltamaður heims í dag. NORDICPHOTOS/AFP

# LeBron James er kóngurinn í NBA

Jeremy Lin bólan sprungin ef marka sölu á keppnistreyjum NBA-leikmanna frá apríl fram til dagsins í dag. LeBron James selur nú mest.

**➜ Vinsælustu liðin í NBA-deildinni:**

1. New York Knicks
2. Miami Heat
3. Los Angels Lakers
4. Chicago Bulls
5. Boston Celtics
6. Oklahoma City Thunder
7. Brooklyn Nets
8. Los Angeles Clippers
9. San Antonio Spurs
10. Dallas Mavericks

**➜ Fimmtán vinsælustu NBA treyjurnar**

1. LeBron James, Miami Heat #6
2. Kevin Durant, Oklahoma #35
3. Kobe Bryant, LA Lakers #24
4. Carmelo Anthony, New York #7
5. Derrick Rose, Chicago Bulls #1
6. Rajon Rondo, Boston #9
7. Dwayne Wade, Miami Heat #3
8. Blake Griffin, LA Clippers #32
9. Dwight Howard, LA Lakers #12
10. Chris Paul, LA Clippers #3
11. Deron Williams, Brooklyn Nets #8
12. Russell Westbrook, Oklahoma #0
13. Steve Nash, LA Lakers #10
14. Paul Pierce, Boston #34
15. Dirk Nowitzki, Dallas #41

**KÖRFUBOLTI** LeBron James, leikmaður meistaraliðs Miami Heat, er vinsælasti leikmaður NBA-deildarinnar ef marka má sölutölur á keppnistreyjum frá því í apríl á þessu ári fram til dagsins í dag. James var í fjórða sæti á þessum lista í apríl en vinsældir hans hafa aukist eftir að Miami Heat tryggði sér meistaratitilinn í vor. Þá var James lykilmaður í bandaríska landsliðinu sem tryggði sér gullverðlaunin á Ólympíuleikunum í London. James var ennfremur kosinn besti leikmaður NBA-deildarinnar síðasta vor, í þriðja sinn á síðustu fjórum leiktíðum .

New York Knicks er „heitasta“ liðið á listanum en keppnistreyjur liðsins hafa ekki verið í efsta sæti sölulistans frá árinu 2004.

Þetta er í fyrsta sinn sem Russel Westbrook hjá Oklahoma City Thunder kemst á listann yfir söluhæstu keppnistreyjurnar. Rajon Rondo og Chris Paul fara báðir upp um fjögur sæti og Lakers er eina liðið sem á þrjá leikmenn á topp-15 listanum.

Derrick Rose var í efsta sæti listans í apríl. Athygli vekur að vinsældir Jeremy Lin hafa minnkað gríðarlega eftir að hann fór til Houston. Keppnistreyja Lins var í 2. sæti á þessum lista í apríl þegar hann var leikmaður NY Knicks en hann er ekki á topp-15 listanum í dag.

- seth



# Nýttu tækifærið

## Kauptu nýlegan bíl fyrir 15. des. á sérstöku verði

## Settu gamla bílinn uppí sem útborgun. Hagstæð fjármögnun.

*Dæmi um úrvalið sem er í boði*



Tilboðsverð
3.090.000 kr.

**Ford Mondeo Trend árg. 2011**
2,0 dísil, sjálfskiptur
OET04. Ekinn 59.000 km.
Verð áður 3.390.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.



Tilboðsverð
3.990.000 kr

**Ford Kuga Trend AWD árg. 2011**
2,0 dísil, sjálfskiptur
JFG24. Ekinn 53.000 km.
Verð áður 4.470.000 kr.
Afsláttur 480.000 kr.



Tilboðsverð
2.190.000 kr.

**Ford Focus Trend árg. 2011**
1,6 bensín, beinskiptur
ZUB23. Ekinn 58.000 km.
Verð áður 2.450.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.



Tilboðsverð
1.750.000 kr.

**Ford Fiesta Trend árg. 2011**
1,4 bensín, sjálfskiptur
AHX63. Ekinn 61.000 km.
Verð áður 1.970.000 kr.
Afsláttur 220.000 kr.



Gott verð
2.690.000 kr.

**Mazda 3 Advance árg. 2012**
1,6 bensín, beinskiptur
RLX15. Ekinn 24.000 km.



Tilboðsverð
1.890.000 kr.

**Citroën C3 SX árg. 2011**
1,6 dísil, beinskiptur
EZE75. Ekinn 50.000 km.
Verð áður 2.080.000 kr.
Afsláttur 190.000 kr.

Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu.
**Opið í dag 12-16**

*Skoðaðu fleiri dæmi á*
***notadir.brimborg.is***

**3 sýningarsvæði Brimborgar Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri**
Sími 515 7000 I notadir.brimborg.is

Thrifty
*Bílaleiga*

# Björgólfur Takefusa Valur fimmta Reykjavíkurfélagið hans á ferlinum

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa gekk í gær frá tveggja ára samningi við Valsmenn og mun spila með liðinu í Pepsi-deildinni næsta sumar. Valur er fimmta Reykjavíkurfélag Björgólfs á ferlinum og enn fremur fjórða félagið sem hann spilar með í Pepsi-deildinni á síðustu fjórum sumrum.

Björgólfur er á 32. aldursári og hefur skorað 83 mörk í 168 leikjum í efstu deild. Hann er aðeins einn af ellefu mönnum sem hafa brotið 80 marka múrinn og vantar fjögur mörk til þess að komast upp fyrir Hörð Magnússon og þar með upp í sjötta sætið.

„Ég er ótrúlega ánægður að þetta skyldi ganga eftir. Að sama skapi er erfitt að fara úr Víkinni. Eftir að ég hitti mennina í kringum klúbbinn og Magga Gylfa þá varð ég alltaf spenntari fyrir verkefninu. Ég held að það séu mjög skemmtilegir tímar fram undan hjá Val,“ sagði Björgólfur við Hjört Hjartarson í útvarpsþættinum Boltanum á X-inu 977 í gær þar sem kom fyrst fram að hann væri á leiðinni á Hlíðarenda.

Björgólfur hefur verið samningsbundinn Víkingum undanfarin tvö ár en liðið féll úr deildinni 2011 og Björgólfur var í láni hjá Fylki í sumar. - óój






# Litli bróðir í Madríd minnir á sig

Atlético heimsækir Real í slagnum um Madrídarborg í kvöld. Diego Simeone hefur náð frábærum árangri á innan við ári sem stjóri Atlético en þrettán ár eru síðan Atlético lagði Real að velli. Nú er lag en Atlético er aldrei þessu vant aðalkeppinautur Barcelona í toppbaráttunni.

**FÓTBOLTI** Atlético situr í öðru sæti deildarinnar en þremur stigum munar á liðinu og Barcelona sem vermir toppsætið. Real Madrid situr átta stigum á eftir grannliðinu og ellefu á eftir Börsungum. Möguleikinn á að liðið verji Spánarmeistaratitil sinn er lítill sem enginn.

Atlético hefur ekki unnið deildina síðan tímabilið 1995-1996. Þá voru nítján ár frá síðasta meistaratitli félagsins. Sama tímabil vann liðið spænska konungsbikarinn sem síðan hefur dvalið í verðlaunaskápum annarra félaga. Tímabilið sigursæla stjórnaði argentínskur miðjumaður ferðinni hjá Atlético. Leikmaðurinn, Diego Simeone, er í dag knattspyrnustjóri félagsins og nýtur hann skiljanlega mikilla vinsælda hjá stuðningsmönnum félagsins. Síðan þá hefur Atlético ekki hafnað fyrir ofan Real í deildinni.

### Falcao gegn Ronaldo

Allra athygli verður á markavélum liðanna, Cristiano Ronaldo hjá Real, sem þarfnast ekki frekari kynningar, og Radamel Falcao hjá Atlético. Óhætt er að fullyrða að Falcao sé stærsti bitinn á leikmannamarkaðnum í dag sem spilar ekki með einu „stóru félaganna“ í Evrópu. Síðan Kólumbíumaðurinn gekk í raðir portúgalska félagsins Porto frá River Plate í Argentínu árið 2009 hafa netmöskvar um alla Evrópu fengið að finna fyrir spyrnum og sköllum framherjans.

„Tígurinn“ skoraði tæpt mark að meðaltali í leik með sigursælu liði Porto tímabilin tvö í Portúgal. Síðasti leikurinn var úrslitaleikur Evrópudeildarinnar vorið 2011 þar sem Falcao skoraði eina mark leiksins. Markið var hans átjánda í sextán leikjum keppninnar. Með réttu mætti krýna Kólumbíumanninn „konung Evrópudeildarinnar“ því hann skoraði tvö marka Atlético Madrid í úrslitaleiknum í vor þegar félagið tók bikarinn í sína vörslu. 24 mörk á fyrsta tímabili í spænsku deildinni féllu í skuggann af Lionel Messi og Ronaldo sem einokuðu forsíður spænsku blaðanna.

### Chelsea-leikurinn

Þegar liðsmenn Chelsea gengu til búningsherbergja með skottið á milli lappanna í Ofurbikarnum í haust var aðeins eitt nafn á vörum sparkspekinga. Falcao hafði skorað þrennu í fyrri hálfleik gegn sjálfum Evrópumeisturunum og úrslitin ráðin.

„Draumur sonar míns er að spila með Real Madrid,“ sagði faðir Falcao í viðtali við kólumbíska útvarpsstöð sem vakti mikla athygli. Ólíklegt má telja að af vistaskiptunum verði enda heiðursmannasamkomulag milli félaganna.

Þó má fastlega reikna með því að Falcao söðli um fyrr en síðar. Í samningi Falcao kemur fram að Kólumbíumaðurinn megi yfirgefa félagið berist tilboð upp á 60 milljónir evra eða tæpa tíu milljarða króna. Það er helmingi hærri upphæð en Atlético keypti kappann á sumarið 2011.

Chelsea er talinn líklegur áfangastaður Falcao en liðið gæti boðið fyrrum leikmann Atlético, Fernando Torres, í skiptum. Ólíklegt er að áhugi liðanna minnki eftir leikinn í kvöld enda líkurnar meiri en minni að Falcao verði á skotskónum.

kolbeinntumi@365.is



## Þrettán ár frá síðasta sigri Atlético

Sé Diego Simeone ekki þegar kominn í guðatölu hjá stuðningsmönnum liðsins verður hann það takist liðinu að leggja stóra bróður á Santiago Bernabéu-leikvanginum í Madríd í kvöld. Atlético hefur ekki lagt Real að velli í þrettán ár. Þá unnu hinir rauðu og hvítu 3-1 sigur á Bernabéu. Síðan þá hefur Real unnið átján leiki en fimm sinnum hafa liðin skilið jöfn. Bið undirokaðra stuðningsmanna Atlético eftir sigri er því orðin löng og erfið.

Til marks um hve langt er síðan skoraði Jimmy Floyd Hasselbaink tvö af mörkum gestanna en Hollendingurinn átti síðar eftir að mynda banvænt framlínupar með Eiði Smára Guðjohnsen hjá Chelsea. Iker Casillas, sem hafði ekki spilað með aðalliði Real á þessum tíma, sat á bekknum. Síðan hefur spænski markvörðurinn staðið vaktina 645 sinnum með Real og 143 sinnum fyrir land og þjóð.

### Staðan eftir 13 leiki

1. Barcelona 37 stig
2. Atlético 34 stig
3. Real Madrid 26 stig

### Markahæstu menn

1. Lionel Messi 19 mörk
2. Cristiano Ronaldo 12 mörk
3. Radamel Falcao 11 mörk

# Væru í slæmum málum án Van Persie og Suarez

Opta-tölfræðiþjónustan hefur tekið saman merkilega tölfræði um gengi Manchester United og Liverpool

**FÓTBOLTI** Manchester United er á toppnum í ensku úrvalsdeildinni og það getað þeir þakkað gjafmildi erkifjenda þeirra í Arsenal sem voru tilbúnir að selja þeim Robin van Persie í haust. Mikilvægi Robin van Persie fyrir United og mikilvægi Luis Suarez fyrir Liverpool kemur vel fram í samantekt Opta-tölfræðiþjónustu ensku úrvalsdeildarinnar. Luis Suarez er markahæsti leikmaður deildarinnar með 10 mörk en Van Persie hefur skorað einu marki minna.

Robin van Persie skoraði sigurmark Manchester United á móti West Ham í fyrrakvöld en það var þriðja sigurmark hans í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Hollendingurinn hefur einnig lagt upp eitt sigurmark fyrir Chicharito. Van Persie hefur alls skorað í sjö af 9 sigurleikjum United-liðsins.

Luis Suarez hefur ekki skorað í síðustu tveimur leikjum Liverpool-liðsins og liðið fékk aðeins eitt stig út úr þeim. Suarez hefur skorað fimm mörk í þremur sigurleikjum liðsins og Liverpool-liðið hefur náð í stig í öllum sjö leikjunum þar sem hann hefur verið meðal markaskorara. Liverpool hefur jafnframt aðeins náð að skora 5 mörk í fyrstu 14 umferðunum þar sem Suarez hefur ekki átt beinan þátt í markinu. -óój

## EF MÖRK OG STOÐSENDINGAR VÆRU STROKUÐ ÚT HJÁ ...



### ... Luis Suarez

Liverpool væri í 19. og næstsíðasta sæti deildarinnar með 6 stig eða sex stigum frá öruggu sæti. Liverpool er eins og er í 12. sæti deildarinnar með 16 stig eftir 14 leiki. Luis Suarez hefur skorað 10 mörk og gefið 2 stoðsendingar í þessum 14 leikjum.



### ... Robin van Persie

Manchester United væri í 13. sæti deildarinnar með 16 stig eða 16 stigum á eftir nágrönnum sínum í Manchester City. United er eins og er í efsta sæti deildarinnar með 33 stig eftir 14 leiki. Robin van Persie hefur skorað 9 mörk og gefið 4 stoðsendingar í þessum 14 leikjum.

## Leikir helgarinnar

**LAUGARDAGUR**

**12.45**
West Ham - Chelsea
*S2 Sport & HD*

**15.00**
Man. City - Everton
*S2 Sport & HD*
Liverpool - South.
*S2 Sport3*
Fulham - Tottenham
*S2 Sport4*
Arsenal - Swansea
*S2 Sport5*
West Brom - Stoke
*S2 Sport6*

**17.30**
Reading - Man. Utd.
*S2 Sport & HD*

**SUNNUDAGUR**

**16.00**
Norwich - Sunderl.
*S2 Sport & HD*




**I AM** A GAME CHANGER



FX

**I AM THE NIKON D600.** Ég er heill heimur nýrra möguleika. Með 24 megapixla og heilramma FX myndflögu sem áður var aðeins ætluð í myndavélar fyrir fagmenn, fanga ég minnstu smáatriði með HDR tækni og fullri HD kvikmyndatöku. Ég er atvinnumyndavél fyrir alla. **nikon.is**

*At the heart of the image*

Nikon

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR



### Steve Buscemi

„Ég bjóst aldrei við að ég gæti leikið í bíómyndum því það væri fyrir alvarlegri leikara."

*Buscemi hefur heldur betur sannað að hann getur vel tekið leikinn alvarlega og tekið fyrir alvarleg hlutverk. Að minnsta kosti er lítið um léttleika og spaug í Nucky Thompson, sem hann leikur í þáttunum Boardwalk Empire sem eru sýndir á Stöð 2 í kvöld klukkan 22.15.*

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 19.50**

**Sjálfstætt Fólk**

Gestur Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki á sunnudagskvöld verður Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins. Styrmir hefur um áratugaskeið haft beinan aðgang að stjórnmálamönnum á Íslandi og setið þúsundir funda í lokuðum bakherbergjum þar sem framtíð okkar var ákveðin. Í þættinum fylgjumst við með skini og skúrum í lífi Styrmis en kona hans hefur í áratugi þurft að glíma við geðveiki og mikla sálræna erfiðleika. Þeir Steingrímur og Jón Ársæll fylgjast líka með Styrmi í Borgarfirði þar sem hann var í sveit sem drengur og varð afskaplega elskur að kúm sem hann dýrkar meira en allar aðrar skepnur.



## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **07.25** Leynifélagið **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Girni, grúsk og gloríur **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Ástand - fyrri hluti **14.00** Víðsjá **15.00** Orð um bækur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Bachsveitin í Skálholti **17.25** Kveikjan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Bókaþing **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Íslendingasögur **20.30** Okkar á milli **21.10** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.40 Ævintýri Merlíns** *(4:13) (e)*
**11.25 Dans dans dans** *(e)*
**12.00 Hvað veistu? - Ótímabær kynþroski og ávaxtaflugur** *(e)*
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Djöflaeyjan** *(15:30) (e)*
**14.30 Varasamir vegir – Perú** *(3:3) (e)*
**15.30 Íslensku björgunarsveitirnar** *(3:4) (e)*
**16.15 Af hverju fátækt? – Velkomin í heiminn** *(e)*
**17.10 Tíu mínútna sögur – Dýrðardagur** *(e)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal** *(Jul i Svingen)*
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Hið ljúfa líf – Jól** *(1:4) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Downton Abbey** *(3:8) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur sem gerist upp úr fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar.
**21.10 Íslensku björgunarsveitirnar** *(4:4) (Náttúruhamfarir)* Þáttaröð um björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar og störf þeirra undanfarin fimm ár.
**22.00 Sunnudagsbíó - Hausaveiðarar** *(Hodejegerne)* Norsk spennumynd frá 2011 byggð á sögu eftir Jo Nesbø um ráðningarfulltrúa sem fæst við listaverkaþjófnað í frístundum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Silfur Egils** *(e)*
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.15 Joe's Palace**
**12.10 Make It Happen**
**13.40 Jack Frost**
**15.20 Joe's Palace**
**17.15 Make It Happen**
**18.45 Jack Frost**
**20.30 Cyrus**
**22.00 Pride and Glory**
**00.10 Severance**
**01.45 Cyrus**
**03.20 Pride and Glory**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**09.20 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(2:24)* Skoppa og Skrítla opna nýjan glugga í nýju jóladagatali Stöðvar 2
**09.25 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 The X-Factor** *(21:27)*
**14.35 Dallas** *(8:10)*
**15.25 Týnda kynslóðin** *(13:24)*
**15.55 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**16.35 MasterChef Ísland** *(2:9)*
**17.25 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.
**18.15 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(1:24)*
**18.20 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(2:24)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Um land allt**
**19.25 Frasier** *(11:24)*
**19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
**20.30 The Mentalist** *(2:22)* Fimmta þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**21.20 Homeland** *(9:12)* Önnur þáttaröð þessarra mögnuðu spennuþátta þar sem við fylgdumst við með Carrie Matheson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar, sem fékk upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandaríska stríðsfangann Brody á sitt band. Ekki var þó allt sem sýndist í fyrstu, á meðan Brody virðist leika tveimur skjöldum, ágerast andleg veikindi Carrie.
**22.15 Boardwalk Empire** *(4:12)* Þriðja þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.
**23.15 60 mínútur**
**00.05 The Daily Show: Global Edition** *(38:41)*
**00.30 Fairly Legal** *(13:13)*
**01.15 The Newsroom** *(8:10)*
**02.15 The Crimson Petal and the White** *(1:2)*
**03.50 The Crimson Petal and the White** *(2:2)*
**05.25 The Mentalist** *(2:22)*
**06.10 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.25 Tvöfaldur skolli** Golfíþróttin skoðuð frá ýmsum sjónarhornum.
**09.00 Nedbank Golf Challenge 2012** BEINT frá golfmóti þar sem 12 af bestu kylfingum heims er boðið til leiks. Mótið er haldið í Suður-Afríku og meðal keppenda í ár eru Martin Kaymer, Francesco Molinari, Louis Oosthuizen, Justin Rose og Lee Westwood.
**14.30 Spænski boltinn: Barcelona - Ath. Bilbao**
**16.10 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Kiel - Atl. Madrid** BEINT
**17.50 Montpellier - Flensburg** BEINT
**19.30 Nedbank Golf Challenge 2012**
**01.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Atl. Madrid**
**02.40 24/7 Pacquiao - Marquez** Þættir um hnefaleikakappana Manny Pacquiao og Juan Manuel Marquez.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.05 WBA - Stoke**
**10.45 West Ham - Chelsea**
**12.25 Reading - Man. Utd.**
**14.05 Liverpool - Southampton**
**15.45 Norwich - Sunderland** BEINT
**18.00 Sunnudagsmessan**
**19.15 Man. City - Everton**
**20.55 Sunnudagsmessan**
**22.10 Norwich - Sunderland**
**23.50 Sunnudagsmessan**
**01.05 Fulham - Tottenham**
**02.45 Sunnudagsmessan**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Xiaolin Showdown**
**08.45 Tricky TV** *(5:23) (6:23)*
**09.30 Villingarnir**
**09.55 Ævintýri Tinna**
**10.45 Brunabílarnir**
**11.10 Dóra könnuður**
**12.00 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar: barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** *(21:22)* Lísa Simpson þarf enn og aftur að berjast gegn fáfræði samborgara sinna. Nú eru það Flanders og séra Lovejoy sem fá það í gegn að hætt verði að kenna þróunarkenninguna í Springfield-skólanum. Í staðinn er í einu og öllu stuðst við bókstaf Biblíunnar um tilurð heimsins.
**17.20 Íslenski listinn**
**17.45 Sjáðu**
**18.10 Game Tíví**
**18.35 American Dad** *(15:19)* Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**19.00 Friends** *(23:24)* Það er komið að því að Chandler og Monica gangi í það heilaga en málin flækjast þegar Chandler virðist ætla að guggna á öllu saman. Joey er hins vegar í allt öðrum hugleiðingum þar sem hann fær tækifæri til að leika í kvikmynd. Gestaleikari þáttarins er enginn annar en Gary Oldman.
**19.25 The Simpsons** *(16:23)*
**19.50 The Cleveland Show** *(15:21)* Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy.
**20.15 Suburgatory** *(16:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.40 Privileged** *(15:18)* Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
**21.25 Game Tíví**
**21.50 American Dad** *(15:19)*
**22.15 The Cleveland Show** *(15:21)*
**22.40 Suburgatory** *(16:22)*
**23.05 Privileged** *(15:18)*
**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** *(78:175)*
**19.00 Ellen** *(51:170)*
**19.45 Viltu vinna milljón?**
**20.30 Cold Case** *(8:23)*
**22.10 Viltu vinna milljón?**
**22.55 Cold Case** *(8:23)*
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.35 Rachael Ray** *(e)*
**11.40 Dr. Phil** *(e)*
**13.00 The Bachelor** *(3:12) (e)*
**14.30 A Gifted Man** *(14:16) (e)*
**15.20 Living Daylights** *(e)*
**17.30 30 Rock** *(15:22) (e)*
**17.55 House** *(11:23) (e)*
**18.45 Last Resort** *(2:13) (e)*
**19.35 Survivor** *(5:15)* Einn vinsælasti þáttur SkjásEins frá upphafi snýr nú aftur. Að þessu sinni verða keppendur að þrauka á Samóa eyjum, allt þar til einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.20 Top Gear** *(4:4)* Brot af því besta frá liðnu ári úr Top Gear þáttunum með þeim félögum Jeremy, Richard og James.
**21.15 Law & Order: Special Victims Unit** *(16:24)* Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York borg.
**22.00 Dexter** *(6:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. LaGuerta vonast til að ný sönnunargögn séu komin fram í morðmálinu sem gamall elshugi hennar var sakaður um.
**23.00 Bedlam** *(6:6)* Hrollvekjandi bresk þáttaröð um íbúa fjölbýlishúss sem eitt sinn hýsti geðsjúka. Nýr íbúi flytur í húsið og er sá eini sem sér hina illu anda.
**23.50 Sönn íslensk sakamál** *(5:8) (e)*
**00.20 House of Lies** *(7:12) (e)*
**00.45 In Plain Sight** *(10:13) (e)*
**01.30 Bedlam** *(6:6) (e)*
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** World Challenge **2012 (3:4) 11.45** Golfing World **12.35** World Challenge **2012 (3:4) 17.35** Ollie´s Ryder Cup **(1:1) 18.00** World Challenge **2012 (4:4) 23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**11.00** Sunnud. með Geir Haarde **12.00** Hrafnaþing **13.00** Sunnud. með Geir Haarde **14.00** Hrafnaþing **15.00** Sunnud. með Geir Haarde **16.00** Hrafnaþing **17.00** Sunnud. með Geir Haarde **18.00** Sigmundur Davíð **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Vínsmakkarinn **20.00** Hrafnaþing **21.00** Sunnud. með Geir Haarde **22.00** Hrafnaþing **23.00** Sunnud. með Geir Haarde **00.00** Heilsuþáttur Jóhönnu

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun







PIPAR\TBWA - SÍA - 123232

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR



## Stöð 2 Sport kl. 18.50
### Spænski boltinn

Það verður spænsk fótboltaveisla á Stöð 2 Sport í kvöld. Fjörið hefst klukkan 18.50 með beinni útsendingu frá leik Barcelona og Athletic Bilbao. Strax að þeim leik loknum, eða klukkan 20.55, verður skipt yfir til Madrid þar sem nágrannarnir í Real Madrid og Atletico Madrid mætast. Þetta er einn stærsti leikur ársins í evrópskum fótbolta.

## Í KVÖLD



### Rocky V

**SKJÁR 1 KL. 00.35** Fimmta myndin um Rocky. Sylvester Stallone skrifar og leikstýrir, auk þess að fara sem áður með hlutverk hnefaleikakappans sem í þessari mynd lendir aftur í peningavandræðum. Hann byrjar að þjálfa á nýjan leik og tekur að sér ungan mann sem ekki skortir hæfileikana en eitthvað vantar upp á tryggðina þar á bæ.

Rotten Tomatoes 27% IMDb 4,8



### One Day

**RÚV KL. 21.30** Emma og Dexter eyða síðustu nóttinni í háskólanum, 15. júlí 1988, saman og mynda þar grunninn að náinni vináttu. Í myndinni er litið yfir hvar þau eru stödd í lífinu á þeim sama degi, 15. júlí, ár hvert og hvernig samband þeirra þróast í gegnum árin. Anne Hathaway fer með hlutverk Emmu.

Rotten Tomatoes 36% IMDb 6,8



### The Good Night

**STÖÐ 2 KL. 22.50** Grínmynd með stjörnunum Gwyneth Paltrow, Danny DeVito, Penelope Cruz og Martin Freeman í aðalhlutverkum. Freeman leikur Gary Sheller, fyrrum poppstjörnu sem nú vinnur við að skrifa auglýsingastef. Ósáttur við hlutskipti sitt í lífinu á hann í mikilli tilvistarkreppu sem hefur töluverð áhrif á ástarlífið.

Rotten Tomatoes 31% IMDb 5,8

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperla: Björn á Keldum **08.00** Morgunfréttir **08.05** Norðurslóð **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Matur er fyrir öllu **15.30** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Albúmið Lög unga fólksins með Hrekkjusvínum **17.35** Íslendingasögur **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Laugardagskvöld með Svavari Gests **20.00** Prússland - Ris og fall járnríkis **21.00** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**11.00 Á tali við Hemma Gunn** *(Sigurður Sigurjónsson) (e)*
**11.50 Útsvar** *(Reykjanesbær - Mosfellsbær) (e)*
**12.55 Landinn** *(e)*
**13.25 Kiljan** *(e)*
**14.15 Íþróttaannáll 2012** *(e)*
**14.50 Íslandsmótið í handbolta** *(Afturelding - Akureyri)* Bein útsending frá leik í bikarkeppninni í handbolta.
**16.45 Alþjóðlega Reykjavíkurrallið**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.39 Jól í Snædal** *(Jul i Svingen)*
**18.04 Vöfflujarta** *(1:7) (Vaffelhjarte)*
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** *(4:13) (The Adventures of Merlin IV)* Breskur myndaflokkur um æskuævintýri galdrakarlsins fræga.
**20.30 Dans dans dans** Upprifjunarþáttur um keppnina til þessa.
**21.20 Hraðfréttir** *(e).*
**21.30 Sjáumst að ári** *(One Day)*
**23.20 Fangaeyjan** *(Shutter Island)* Myndin gerist um miðja síðustu öld og segir frá lögreglumanni sem leitar að konu sem flýði úr fangelsi fyrir geðsjúka glæpamenn. Leikstjóri er Martin Scorsese og meðal leikenda eru Leonardo DiCaprio, Emily Mortimer, Ben Kingsley, og Patricia Clarkson. Bandarísk spennumynd frá 2010. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40 All About Steve**
**12.20 Ævintýraeyja Ibba**
**13.40 School of Life**
**15.30 All About Steve**
**17.10 Ævintýraeyja Ibba**
**18.30 School of Life**
**20.20 Dodgeball: A True Underdog Story**
**22.00 Crank: High Voltage**
**23.40 Big Stan**
**01.30 Dodgeball: A True Underdog Story**
**03.05 Crank: High Voltage**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 Glee** *(5:22)*
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 The X-Factor** *(20:27)*
**15.05 Neyðarlínan**
**15.35 Sjálfstætt fólk**
**16.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi um allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.
**16.55 Íslenski listinn**
**17.20 Game Tíví**
**17.50 Sjáðu**
**18.20 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(1:24)* Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga í nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2. Lúsí og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Mjög líklega kíkir jólasveinninn inn um gluggann og tónlistin spilar stórt hlutverk í þáttunum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.56 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**19.13 Lottó**
**19.23 Veður**
**19.30 Jack Frost** Hugljúf mynd fyrir alla fjölskylduna. Jack Frost er söngvari að atvinnu og vegna vinnu sinnar er hann mikið á ferðinni og hefur því lítinn tíma til að sinna syni sínum, Charlie. Þegar Jack Frost deyr í bílslysi er Charlie eðlilega niðurbrotinn en þá grípa örlögin í taumana með eftirminnilegum hætti.
**21.15 Taken From Me: The Tiffany Rubin Story** Byggt á sannri sögu konu sem berst fyrir að fá son sinn aftur, eftir að barnsfaðir hennar stingur af með hann til Suður Kóreu.
**22.50 The Good Night**
**00.25 Valkyrie** Mögnuð stórmynd með Tom Cruise, Tom Wilkinson og Bill Nighy í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um tilræði við Hitler árið 1944 og var hugmyndin að kenna SS um morðið og virkja herinn í yfirtöku á landinu og semja um frið við bandamenn. Planið gekk undir nafninu Valkyrie.
**02.25 Tron: Legacy**
**04.30 Rambo**
**06.00 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT — *besta sætið*

**09.05 Þýski handb.: Magdeburg - Fuchse Berlin**
**10.30 Blanda** Flottur þáttur þar sem veitt verður í Blöndu.
**11.00 Nedbank Golf Challenge 2012** BEINT frá golfmóti þar sem 12 af bestu kylfingum heims er boðið til leiks. Mótið er haldið í Suður-Afríku og meðal keppenda í ár eru Martin Kaymer, Francesco Molinari, Louis Oosthuizen, Justin Rose og Lee Westwood.
**14.30 Spænsku mörkin**
**15.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**15.30 Þýski handb. RN Löwen - Kiel**
**16.50 Being Liverpool** Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**17.35 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá Arnold Classic mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio.
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spænski boltinn: Barcelona - Ath. Bilbao** BEINT
**20.55 Spænski boltinn: Real Madrid - Atl. Madrid** BEINT
**23.00 Nedbank Golf Challenge 2012**

## STÖÐ 2 SPORT 2 — *enski boltinn*

**07.45 Man. Utd. - West Ham**
**09.25 Tottenham - Liverpool**
**11.05 Premier League Review Show**
**12.00 Premier League Preview Show**
**12.30 West Ham - Chelsea** BEINT
**14.45 Man. City - Everton** BEINT
**17.15 Reading - Man. Utd.** BEINT
**19.30 Liverpool - Southampton**
**21.10 Fulham - Tottenham**
**22.50 Arsenal - Swansea**
**00.30 WBA - Stoke**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Xiaolin Showdown**
**08.45 Tricky TV** *(3:23) (4:23)*
**09.30 Villingarnir**
**09.55 Ævintýri Tinna**
**10.45 Brunabílarnir**
**11.10 Dóra könnuður.**
**12.00 Doddi litli og Eyrnastór.**
**12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.00 Stöð 2 Krakkar: barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** *(20:22)* Marge fær hreinsunaræði og þarf að búa til sérlega sterka blöndu til að ná síðasta drullublettinum á Simpsons-heimilinu.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 The Cougar** *(2:8)* Skemmtilegur raunveruleikaþáttur frá þeim sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem er í aðalhlutverkinu.
**18.35 Sjáðu**
**19.00 Friends** *(22:24)* Monica fer yfir gestalistann fyrir brúðkaupið og kemst að því að Chandler hefur ekki boðið „föður“ sínum. Hún ákveður að reyna að koma á sáttum milli þeirra. Rachel lendir í brjáluðum eltingarleik við lögregluna og Joey reynir að sanna karlmennsku sína fyrir Phoebe. Gestaleikari þáttarins er engin önnur en Kathleen Turner sem fer með hlutverk „föður“ Chandlers.
**19.25 The Simpsons** *(15:23)*
**19.50 Hart of Dixie** *(12:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**20.35 Gossip Girl** *(7:13)* Líf fordekruðu unglinganna á Manhattan ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum.
**21.15 The Couger** *(2:8)*
**22.00 Hart of Dixie** *(12:22)*
**22.40 Gossip Girl** *(7:13)*
**23.20 The Couger** *(2:8)*
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(77:175)*
**19.00 Ellen** *(50:170)*
**19.45 Tekinn**
**20.15 Næturvaktin**
**20.45 Réttur** *(2:6)*
**21.35 NCIS** *(8:24)*
**22.20 Tekinn**
**22.50 Næturvaktin**
**23.20 Réttur** *(2:6)*
**00.05 NCIS** *(8:24)*
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.50 Rachael Ray** *(e)*
**11.15 Dr. Phil** *(e)*
**13.15 Kitchen Nightmares** *(7:17) (e)*
**14.05 Top Chef** *(1:15) (e)*
**14.50 Parks & Recreation** *(5:22) (e)*
**15.15 Happy Endings** *(5:22) (e)*
**15.40 The Good Wife** *(3:22) (e)*
**16.30 The Voice** *(12:15) (e)*
**19.00 Minute To Win It** *(e)*
**19.45 The Bachelor** *(3:12)* Rómantísk þáttaröð um piparsvein sem er í leit að hinni einu sönnu ást.
**21.15 A Gifted Man** *(14:16)* Athyglisverður þáttur um líf skurðlæknis sem umbreytist þegar konan hans fyrrverandi deyr langt fyrir aldur fram og andi hennar leitar á hann.
**22.00 Ringer** *(14:22)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna.
**22.45 Touching The Void** Leikin heimildamynd sem unnið hefur til fjölda verðlauna. Árið 1985 lögðu ungir Bretar upp í einn frægasta fjallaleiðangur síðari tíma. Þeir ætluðu sér að verða fyrstir manna til að klífa þverhnípta vesturhlið hins 7000 metra háa Siula Grande í Andesfjöllunum í Perú. Bönnuð börnum.
**00.35 Rocky V**
**02.20 Secret Diary of a Call Girl** *(7:8) (e)*
**02.45 Excused** *(e)*
**03.10 Ringer** *(14:22) (e)*
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.40** Monty's Ryder Cup Memories **08.30** World Challenge **2012** (**2:4**) **11.30** The Sport of Golf (**1:1**) **12.30** Ryder Cup Official Film **1999** **14**.05 World Challenge **2012** (**2:4**) **17.05** The Open Championship Official Film **2010** **18**.00 World Challenge **2012** (**3:4**) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**17.00** Randver **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Sigmundur Davíð **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Vínsmakkarinn **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR • DÍSELLA • JÓHANN F. VALDIMARSSON • ÞÓRA EINARSDÓTTIR • GARÐAR THÓR CORTES
KLASSÍSKUR ARMUR STÓRHLJÓMSVEITAR FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE
STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÓPERUKÓRINN • STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON • ÚTSETNINGAR: GÍSLI MAGNA

# FROSTRÓSIR 2012 Klassík

*Þökkum frábærar viðtökur*

## *Höfum bætt við einstökum miðnæturtónleikum*

*við upphaf jólafría*



Ljósmynd: Gassi.is Grafísk hönnun: Bjarni - nothing.is



*Sérstakur gestur*
KRISTINN SIGMUNDSSON

## *Eldborgarsal Hörpu*

21. des. kl. 20:00 **ÖRFÁ SÆTI LAUS**
21. des. kl. 23:00 **MIÐNÆTURTÓNL.**

**Miðasala á Harpa.is, midi.is, í s. 528 5050 og í miðasölu Hörpu**

*Fögnum byrjun jólahátíðar á einstökum miðnæturtónleikum í Hörpu við upphaf jólafría, föstudagskvöldið 21. desember.*

frostrosir.is/klassik

LEXUS

## 350 ÞÚSUND Á EINU ÁRI

**Sigur Rós** lauk tónleikaferð sinni um heiminn með tónleikum í Kúala Lúmpúr í Malasíu á sunnudaginn. Alls spilaði sveitin á 38 tónleikum í Norður-Ameríku, Japan, Evrópu, Ástralíu, Taívan, Singapúr og Malasíu. Bæði spilaði Sigur Rós á eigin tónleikum og á tónlistarhátíðum. Samanlagt spilaði sveitin fyrir rúmlega 350 þúsund manns á árinu. Jónsi og félagar taka svo þráðinn upp aftur á næsta ári og þegar er búið að tilkynna um tónleika í Evrópu, Ameríku og í Japan langt fram á næsta sumar. **- fb**





„Það skiptir engu máli hvað við gerum sem svart fólk, það verður alltaf svona. Hvert smáatriði í mínu lífi snýst um kynþátt.“

**LEIKARINN JAMIE FOXX** ræddi um hlutverk sitt í kvikmyndinni Django Unchained. Myndin er nýjasta kvikmynd leikstjórans Quentins Tarantino.

## NOSTALGÍSKT RAUTT NEF

Lag dags rauða nefsins í ár, Öll í kór eftir FM Belfast, byrjaði að hljóma í vikunni eins og Fréttablaðið greindi frá. Margir gestasöngvarar koma við sögu í laginu, þar á meðal **Diddú** sem eyddi löngum stundum í hljóðverinu Hljóðrita á áttunda áratugnum en hafði ekki stigið þar inn fæti síðan 1983. Mun nostalgían hafa heltekið söngkonuna við upptökurnar. Af öðrum gestasöngvurum má nefna diskó-dúettinn Þú og Ég, Helgu Möller og Jóhann Helgason, sem syngja einmitt hlutann „Þú og ég“ í laginu. **- kg**



## SIGTRYGGUR TIL MOSKVU

**Sigtryggur Baldursson,** framkvæmdastjóri Útón, heldur fyrirlestur í Moskvu í dag um útflutning á íslenskri tónlist. Fyrirlesturinn er hluti af hátíðinni Scandinavian Waves þar sem hljómsveitir frá öllum Norðurlöndunum spila, þar á meðal hin íslenska múm. Útlendingar eru margir hverjir gáttaðir á góðum árangri íslenskrar tónlistar úti í heimi og ætlar Sigtryggur að leiða þá í allan sannleikann um formúluna á bak við þetta allt saman. **- fb**









# Átök og tilfinningar við æfingar á jólasýningunni Makbeð

Framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins segir enga bölvun hvíla á uppfærslunni.

„Það er þannig með þetta leikrit að það er rosalega blóðugt. Það fjallar um svik, morð og dauða og þegar menn eru að takast á við það þá fara menn í tilfinningarnar,“ segir Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að kastast hafi í kekki milli leikstjóra Makbeðs, Ástralans Benedicts Andrews, og aðalleikarans Björns Thors. Þeir hafi rifist heiftarlega og hurðum hafi verið skellt.

Ari vildi ekki staðfesta þetta við Fréttablaðið en segir eðlilegt í öllum leikritum að menn takist á við æfingarnar. „Ég tel það ekki til tíðinda þó að það renni blóð í mönnum á æfingum. Bæði aðalleikarinn og leikstjórinn hafa lýst yfir ánægju hvor með annan. Bæði í gær [fimmtudag] og í fyrradag [miðvikudag] kemur leikstjórinn til mín og segist vera óskaplega ánægður og glaður með sinn aðalleikara í sýningunni.“

Aðeins um fjórar vikur eru í frumsýningu þessarar jólasýningar Þjóðleikhússins og því er mikið undir hjá bæði leikurunum og leikstjóranum. Andrews er afar virtur í sínu fagi og hefur leikstýrt sýningum í þekktum leikhúsum bæði í Ástralíu og Evrópu. Síðasta jólasýning hans í Þjóðleikhúsinu, Lér konungur, rakaði einmitt til sín sex Grímuverðlaunum.

Macbeth er þekkt fyrir þá meintu bölvun sem hvílir á leikritinu og þeim sem setja það upp í hvert sinn. Sem dæmi um þá miklu ógæfu sem virðist tengjast því má nefna að árið 1942 lék John Gielgud Makbeð í enskri uppfærslu þess. Þrír leikarar létust á sýningartímanum og leikmyndahönnuðurinn framdi sjálfsvíg.

Aðspurður segist Ari ekki kannast við neina bölvun tengda uppfærslu Þjóðleikhússins en til að storka ekki örlögunum bætir hann við tölunum 7, 9, 13. Þvert á móti lofar hann „rosalegri“ sýningu þar sem listræn útfærslan og umfangið verður í hæsta gæðaflokki.

**freyr@frettabladid.is**



**BLÓÐIÐ RENNUR Í MÖNNUM** Ari Matthíasson segir eðlilegt að blóðið renni í mönnum á æfingum. Benedict Andrews leikstýrir Makbeð og með aðalhlutverkið fer Björn Thors.

**„Ég tel það ekki til tíðinda þó að það renni blóð í mönnum á æfingum.“**

*Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins.*



### Leikritið sem ekki má nefna

Hjátrúin segir að ef menn nefna nafn leikritsins, Makbeð, eiga þeir að yfirgefa herbergið, loka hurðinni, segja dónalegt orð eða hrækja á gólfið, banka svo á hurðina og óska eftir því að koma aftur inn í herbergið.

# Skotinn í framtíðarsýn Jóns

Gunnar Hilmarsson fatahönnuður er tekinn við sem yfirhönnuður fatamerkisins E-label. Honum til halds og trausts eru hönnuðirnir Harpa Einarsdóttir, Ýr Þrastardóttir og Una Kristjánsdóttir.

„Ég tók við merkinu í sumar. Jón Ólafsson, vatnsbóndi og eigandi E-label, er með ákveðna framtíðarsýn fyrir merkið sem ég varð mjög skotinn í og þess vegna langaði mig að taka þátt í þessu verkefni. Hans hugmynd er að gera þetta að gróðrarstöð fyrir unga hönnuði sem vantar ráðgjöf eða aðstoð. En stærsta verkefnið er auðvitað að byggja upp E-label og Evalín merkin hér heima og erlendis,“ segir Gunnar.

Hönnun E-label einkenndist áður af svörtum bómullarflíkum en nú hefur orðið breyting þar á. Gunnar og hönnunarteymi hans hafa gert töluverðar breytingar á línunni, sem er einnig stærri og fjölbreyttari en fyrr.

„Línan var nokkuð einhæf og fötin voru aðallega svört og úr bómull. Við höfum gert töluverðar breytingar á línunni en erum trú grunnhugmyndinni að baki merkinu, sem er fágað rokk og ról.“

Að sögn Gunnars geta íslenskir hönnuðir verið svolítið spéhræddir varðandi sína hönnun og því er lítið um að hönnuðir vinni að verkefnum saman. Þetta á þó ekki við um E-label-teymið. „Það er gaman að vinna þetta með öðrum hönnuðum, það myndast ákveðin stemning og orka við samvinnuna. Ég stýri verkefninu og ber ábyrgð á því en í raun skiptum við þessu í fjóra hluta. Hver og einn fær ákveðið magn af stílum til að hanna og svo er þeim skilað til mín. Ég fer svo yfir teikningarnar og sé til þess að litavalið, sniðin og hlutföllin passi saman. Í raun gerir hver hönnuður „míní-línu“ innan línunnar.“

Fyrsta línan er þegar komin í verslun E-label á Laugavegi og í Topshop. **- sm**



**GOTT TEYMI** Gunnar Hilmarsson hefur tekið við sem yfirhönnuður E-label. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# 20% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM NÆSTU DAGA



**KAK 1281 Tungusófi í leðri 649.000,-, nú 519.200,-**
**Litir: svart og kastaníubrúnt**
**Stærð: 282 x103 x173 cm**



KAK 1365 3+1+1 í leðri 633.800,- nú 507.040,-
Litir: Svart og grátt
Stærðir: 3ja sæta sófi 205 x 91 cm Stóll 95 x 91 cm



KAK 1365 Tungusófi í leðri 489.000,- nú 391.200,-
Litir: Svart, hvítt, grátt og brúnt
Stærð: 295 x 91 x 163 cm



KAK 1523 tungusófi í leðri 449.000,- nú 359.200,-
Stærð; 267 x 95/165 cm
Litir; svart og brúnt



KAK 025 Sófasett í leðri 3+1+1 1.265.000,- nú 1.012.000,-
Stærð; 3ja sæta 230 x 95 cm, stóll 83 x 95 cm
Litir; brúnt, hvítt og ljóst



tommy m buster leðursófi
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt
Verð; 4ra 841.000,- nú 672.800,-, 3,5 sæta 749.000,- nú 599.200,-.



KAK 1378 Sófasett í áklæði 3+1+1, 425.000,- nú 340.000,-
Litir: ljósgrátt og brúnt
Stærð:3ja sæta 228 x 95 cm, stóll 88 x 95 cm

# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Síminn
Jólablað Símans fylgir
Fréttablaðinu í dag
Einnig á jol.siminn.is


## FIMM SPURNINGAR



**Bjarni Haukur Þórsson**
Aldur: 41 árs leikari og leikstjóri.
Maki: Já takk. Eða sashimi.
Börn: Á einn son. Skuldlaust.

**Er Ísland ekki nógu stórt fyrir þig?**
Ísland er stærsta minnsta land í heimi. Hér eru allir stórir. Og vita allt best. 320 þúsund snillingar. Miðdepill heimsins er hér!

**Verður Hellisbúinn eða Afinn fyrsta verkið sem verður sett upp þegar þú verður ráðinn borgarleikhússtjóri í Ósló?**
Klárlega. Í samstarfi við Lizu Minnelli mun ég setja upp Hellisbúann sem hádramatískan fimm tíma söngleik og Afinn verður settur upp sem dansverk fyrir óbó og sjö karldansara.

**Ætlarðu næst að semja leikritið How to become Norwegian?**
Uh, já. Og Arne Treholt fer með aðalhlutverkið.

**Eru Norðmenn leiðinlegasta þjóð heims?**
Sko langt í frá. Ég hef mikið verið í Noregi og oft hlegið þar. Einu sinni hló ég í heila mínútu í Noregi. Og það var Norðmaður sem sagði eitthvað fyndið. Ef maður hlær í heila mínútu í einhverju landi eða borg getur það ekki verið leiðinlegt. Það eru reglurnar.

**Á Facebook má finna nokkuð fjölmennan hóp sem krefst þess að þættirnir um Báru Mahrens komi aftur á skjáinn. Muntu verða við þeirri ósk?**
Frábær spurning. Og tímabær. Reyndar er nýbúið að skrifa undir samning við Skjáinn um 150 nýja þætti. Eina skilyrðið sem þau settu var að Logi Bergmann færi með hlutverk Báru. Frekar fúlt. Svona fyrir mig persónulega, enda hefði ég sem „listamaður“ viljað þróa Báru áfram. En ég samþykkti það að lokum. Með trega …


Jólaskeiðin 2012
Íslensk hönnun
Síðan 1946



Guðlaugur A Magnússon
Skólavörðustíg 10
101 Reykjavík
s. 562 5222
www.gam.is





**EIVOR KVIST púði 2.990,-**
B55×L55cm. Marglitt



2.990,-
**DUKTIG dúkkurúm**
B36×L52, H30cm. Fura



**IKEA 365+ skaftpottur m/loki 2.890,-**
2l, Ø20, H10cm. Ryðfrítt stál



**MULA vagn m/kubbum 1.490,-/25 í setti**
B27×L33, H6cm. Marglitt

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Gleðilegar jólagjafir frá þér til þinna



**KVILL rammi 895,-**
B13×H18cm. Hvítt



**ÅRSTID borðlampi 3.790,-**
H56cm
Nikkelhúðað/hvítt



**PYSSLA** leikföng. Marglitt
Perlur **1.290,-**
Perluform **395,-/4 í setti**



**LEKPLATS leikjamotta 2.990,-**
B133×L140cm
Marglitt





**SKYN skálar 1.190,-/2 í pk.**
Ø7, H5cm. Hvítt



1.990,-
**GOTTIS skál á fæti**
Gler. Ø18, H15cm. Rautt
*Einnig til glært*



**MULA þroskaleikfang 495,-**
H34cm. Marglitt



**LEKKAMRAT brúða 1.990,-**
H46cm. Ýmsar tegundir



4.990,-
**POÄNG barnahægindastóll**
B47×D60, H68cm. Sæti H25cm. Birki/ólitað



**VILSHULT** mynd
B140×H100cm **6.990,-**

**MARGARETA inniskór 1.990-**
S/M og L/XL
Hvítt



2.690,-
**ARV BRÖLLUP kökudiskur á fæti m/loki 2.690,-**
Ø29, H22cm. Glært gler

**VEITINGASTAÐURINN**



995,-
Steiktur kalkúnn, sósa, fylling, maísbaunir, rauðkál og brúnaðar kartöflur

**Dagskrá helgarinnar kl. 13-17**
- *Ókeypis myndataka með jólasveininum.*
- *Kristján Ingi blómaskreytir sýnir aðventukransagerð - kynntu þér aðventukransaleikinn.*
- *Jólaglögg fyrir byrjendur og lengra komna.*
- *Við setjum saman og skreytum piparkökuhús, búum til góðgæti úr marsipani, bökum smákökur og skreytum piparkökur.*
- *Tónlistaratriði í anddyri laugardag og sunnudag kl. 16 og 17:30.*

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**